ALLT UTAN 101 ER HILLBILLÍ-KÁNTRÍ

Hugleikur Dagsson og Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir fara í Ikea

VIÐTAL 56

PIPARSVEINN Í PÓLITÍKINNI

VIÐTAL 26

TILBOÐ DAGSINS

8 GB iPod Nano

32.989 kr.

Fullt verð 39.989

MAX RAFTÆKI

FRÉTTABLAÐIÐ

HELGARÚTGÁFA

ÞITT

12. desember 2009 — 294. tölublað — 9. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000

JÓLASVEINAR 64

Karlarnir koma til byggða

MENNING

Bestu bækur áratugarins

TÓNLIST 52

Semur tónlist við Hollywood-kvikmynd

ÞRJÚ SÉRBLÖÐ Í DAG

FRÁ SENEGAL Páll hefur ferðast víða um Afríku til að mynda fyrir bókina. Sjá má sýnishorn af myndunum í Fréttablaðinu í dag.

MYND/PÁLL STEFÁNSSON

Afríkufótbolti í íslenskri bók:

Roman Abramóvitsj kemur að útgáfunni

MENNING Roman Abramóvitsj, eigandi fótboltaliðsins Chelsea og einn ríkasti maður Englands, kemur að útgáfu ljósmyndabókarinnar Africa, Future of Football eða Afríka, framtíð fótboltans eftir Pál Stefánsson ljósmyndara. Bókin kemur út í mars, örfáum mánuðum áður en heimsmeistarakeppnin í fótbolta hefst í Suður-Afríku.

„Aðstoðarmaður Abramóvitsj sá myndir sem teknar höfðu verið fyrir bókina og sýndi honum þær. Hann féll fyrir þeim og í framhaldinu var gengið frá þátttöku hans í útgáfu bókarinnar," segir Páll.

Formála bókarinnar rita þeir Didier Drogba frá Fílabeinsströndinni og Michael Essien frá Gana sem báðir eru leikmenn Chelsea og skærustu stjörnur fótboltans frá Afríku. „Ég er nýbúinn að sjá þá spila landsleiki á heimavelli sem var upplifun, þeir eru dáðir og dýrkaðir," segir Páll, sem hefur farið í á annan tug ferða víða um Afríku til að mynda fyrir bókina.

„Fótboltamenn eru stjörnurnar í Afríku, fótbolti er spilaður alls staðar og það er mikill uppgangur í honum." Í bókinni eru myndir af fótboltaiðkun víða í Afríku og fá lesendur Fréttablaðsins að sjá sýnishorn í blaði dagsins. - sbt / sjá síðu 34

Meta rétt ríkisins til að sækja hrunsbætur

Verið er að meta hvort ríkið geti sótt skaðabætur til þeirra sem ollu því fjárhagsskaða í aðdraganda hrunsins. Icesave, ástarbréf og fleira liggur til grundvallar.

STJÓRNSÝSLA Hafin er vinna á vegum fjármálaráðuneytisins við að meta hvort unnt sé að hefja og reka skaðabótamál á hendur þeim sem sýna má fram á að hafi valdið ríkinu og almenningi fjárhagslegu tjóni með athöfnum sínum í aðdraganda bankahrunsins. Nær athugunin jafnt til lögaðila sem einstaklinga og er óháð rannsóknum sérstaks saksóknara á refsiverðri háttsemi í aðdraganda hrunsins.

Fjórir lögfræðingar úr fjórum ráðuneytum eru í sérstökum starfshópi vegna verksins og njóta aðstoðar sjálfstætt starfandi sérfræðinga.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins verða ýmsir gjörningar skoðaðir sem leitt hafa til fjárhagslegra skuldbindinga ríkissjóðs. Má þar nefna Icesave-reikninga Landsbankans, ýmsa aðra gjörninga viðskiptabankanna og ástarbréfin svokölluðu. Ástarbéf eru skuldabréf sem Seðlabankinn tók sem veð fyrir lánum til fjármálafyrirtækja.

Ljóst má vera að ríkinu verður ekki bætt allt það tjón sem það varð fyrir við hrunið en viðmælandi Fréttablaðsins úr stjórnsýslunni benti á að ýmsir ættu enn margvíslegar eignir og hefðu áfram ávaxtað sitt pund. Komi til málsóknar yrði fyrst farið fram á kyrrsetningu á eigna viðkomandi lögaðila eða einstaklings. - þþs

Skýrsla Ríkisendurskoðunar:

Bankar léku sér

FJÁRMÁL Ríkisendurskoðun kallar aðferðir íslensku bankanna við að afla sér lausafjár fyrir fallið fyrir ári síðan „leik". - shá / sjá síðu 4

MAGNAÐ helgartilboð

Allt að 20-50% afsláttur.

Verið hjartanlega velkomin.

Jólabúðin þín

byggtogbúið KRINGLUNNI

SPURNING DAGSINS

Úlfar, er þetta nám ekki bara tóm froða?

„Nei, fróðleikurinn flæðir um barinn.“

Í bjórskóla Ölgerðarinnar fræðast nemendur um bjór, eðli hans og eiginlega. Úlfar Linnet er yfirkennari í skólanum.

Félagsmálanefnd breytir frumvarpi um breytingar á fæðingarorlofi:

Fallið frá frestun mánaðar af orlofi

FÉLAGSMÁL Ákvæði um frestun eins mánaðar af fæðingarorlofi þar til eftir þrjú ár í frumvarpi félagsmálaráðherra um breytingar á lögum um fæðingarorlof verður breytt í félagsmálanefnd, að sögn Sigríðar Ingibjargar Ingadóttur, formanns félagsmálanefndar Alþingis.

Nefndin fundaði í gærmorgun og fundar í dag en stefnt er á að vinnu við frumvarpið verði lokið á mánudagskvöld. Að sögn Sigríðar Ingibjargar er verið að skoða leiðir til að mæta niðurskurði upp á 1.200 milljónir en hún vildi ekki tjá sig um það frekar hverjar þær væru.

Þær leiðir sem hafa verið nefndar eru lækkun hámarksgreiðslna í 300 þúsund og eða lækkun hlutfalls greiðslna úr 80 prósent launa í 75 prósent.

Tvisvar á þessu ári hefur hámarksgreiðsla úr fæðingarorlofssjóði verið lækkuð, 1. janúar úr 520 þúsundum í 400 þúsund og 1. júní í 350 þúsund. Samkvæmt núverandi reglum fá mæður og feður þrjá mánuði hvort í fæðingarorlof og eru þrír mánuðir sameiginlegir, fæðingarorlof ber að taka fyrir 18 mánaða aldurs barns og mun vera ríkur vilji innan nefndarinnar til að halda því kerfi. - sbt

Í HREIÐRINU Fjöldi hagsmunahópa mótmælti fyrirhugaðri breytingu á fæðingarorlofslöggjöfinni. FRÉTTABLAÐIÐ / VALLI

Fangi á Litla-Hrauni:

Fíkniefni í sjónvarpsflakkara

DÓMSMÁL Fangi á Litla-Hrauni hefur verið ákærður af lögreglustjóranum á Selfossi fyrir að reyna að smygla fíkniefnum í sjónvarpsflakkara inn í fangelsið.

Maðurinn, sem er á þrítugsaldri, gerði tilraun til að smygla inn í fangelsið tæplega nítján grömmum af amfetamíni, 1,5 grömmum af maríjúana og 29 e-töflum í flakkaranum. Hann hafði útvegað sér tækið og ætlaði að fá efnin send á nafni samfanga síns 11. mars síðastliðinn. Fangaverðir á Litla-Hrauni fundu fíkniefnin við leit daginn eftir. Fanginn neitaði sök við þingfestingu málsins. - jss

SAMKOMULAGI FAGNAÐ Bogdan Kilch varnarmálaráðherra Póllands og Ellen Tauscher, aðstoðarutanríkisráðherra Bandaríkjanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Pólland og Bandaríkin:

Semja um herlið til Póllands

PÓLLAND, AP Fulltrúar Bandaríkjanna og Póllands hafa undirritað samkomulag um að Bandaríkin sendi bæði herlið og herbúnað til Póllands.

Samkomulagið er forsenda þess að Bandaríkin sendi bandarísk flugskeyti til Póllands og að hugsanlega geti Bandaríkin komið sér upp eldflaugavarnarbúnaði í Póllandi.

Pólverjar eru margir hverjir tortryggnir gagnvart Rússlandi og fagna því þessum hernaðartengslum við Bandaríkin. Samningaviðræður hafa staðið í fimmtán mánuði. - gb

Metið stóð ekki lengi:

Fréttablaðið stækkar enn

FJÖLMIÐLAR Fréttablaðið í dag er 160 blaðsíður, sextán síðum stærra en blaðið sem kom út um síðustu helgi og var þá stærsta blað sem komið hafði út í útgáfusögu blaðsins.

Almenni hluti blaðsins í dag er 104 blaðsíður. Þá fylgir blaðinu tólf síðna menningarblað, tólf síðna atvinnublað, tuttugu síðna blað um vín og veislur og sérblaðið Allt er tólf blaðsíður.

Meintir kaupendur vændis yfirheyrðir

Nokkrir meintir kaupendur að vændisþjónustu á vegum Catalinu Mikue Ncogo hafa verið yfirheyrðir hjá lögreglu að undanförnu. Þeir greiddu að lágmarki tuttugu þúsund krónur fyrir hverja heimsókn. Catalina situr áfram inni.

DÓMSMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur að undanförnu yfirheyrt nokkra meinta kaupendur vændisþjónustu á vegum Catalinu Mikue Ncogo. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins mun vera um allnokkurn hóp að ræða. Kaupendur greiddu að lágmarki tuttugu þúsund fyrir þjónstuna í hvert skipti, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins.

Við húsleit sem gerð var á heimili Catalinu gerði lögregla upptækar tölvur og gögn, sem ætla má að geymi ýmsar upplýsingar um starfsemi hennar hér.

Gæsluvarðhald var í gær framlengt yfir Catalinu til 22. desember í Héraðsdómi Reykjaness. Samstarfskona hennar var hins vegar látin laus í fyrradag. Ekki var talin ástæða til að setja fram kröfu um áframhaldandi gæslu yfir henni, þar sem ekki væru þvílíkir rannsóknarhagsmunir í húfi.

Catalina og samstarfskona hennar, sem er um tvítugt, voru handteknar fimmtudaginn 3. desember. Tveimur dögum áður hafði Catalina verið dæmd í tveggja og hálfs árs fangelsi fyrir hórmang og fíkniefnasmygl, með því að hafa skipulagt og staðið að innflutningi á 400 grömmum af kókaíni til landsins frá Hollandi. Hún áfrýjaði dómnum til Hæstaréttar.

Samhliða handtöku kvennanna tveggja var gerð húsleit á tveimur stöðum. Á öðrum þeirra fannst lítilræði af fíkniefnum. Að auki voru ýmis gögn haldlögð eins og fyrr sagði.

Að minnsta kosti þrjár konur til viðbótar hafa komið við sögu í málinu. Þær eru taldar hafa lagt stund á vændi. Þær eru allar á fertugsaldri og af erlendu bergi brotnar.

Í DÓMSAL Catalina Mikue Ncogo í dómsal í gær, ásamt túlki. Héraðsdómur úrskurðaði hana í áframhaldandi gæsluvarðhald til 22. desember. Rannsókn málsins miðar vel, að sögn lögreglu, en henni er hvergi nærri lokið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Mál einnar þeirrar er jafnframt rannsakað sem mansalsmál. Lögregla tók skýrslu af konunum en tvær þeirra munu nú vera farnar úr landi. Þá hafði lögregla fyrir nokkru tekið skýrslu af konu, sem kom hingað til lands til að stunda vændi á vegum samstarfskonu Catalinu og lýsti hún bágum aðstæðum.

Í tengslum við rannsóknina á athæfi Catalinu og samstarfskonu hennar lokaði lögreglan fyrir vændisstarfsemi í húsi í miðborginni. Það hafði sérstaklega verið tekið á leigu fyrir starfsemina.

Lögregla hóf rannsókn á ætluðu mansali og milligöngu um vændi á grundvelli ítrekaðra upplýsinga um að Catalina og samstarfskona hennar hafi flutt stúlkur til landsins, geri þær út til vændis og taki hluta hagnaðarins af þeim. Þá kemur fram að Catalina hafi frá því í október tekið virkan þátt í skipulagningu vændisstarfseminnar, haft milligöngu um hana og haft viðurværi sitt af vændi annarra. jss@frettabladid.is

VÍSITALAN UM ÁRAMÓT

Félag	Verðmæti nú í kr.
Össur	63,3 ma
Marel	46,0 ma
Føroya Banki	32,0 ma
Atlantic Petroleum	10,8 ma
Bakkavör Group	3,3 ma
Atlantic Airways	3,7 ma

Færeyingar fljúga á markað:

Flugfélög hafa skipti í vísitölu

VIÐSKIPTI Færeyska flugfélagið Atlantic Airways tekur sæti Icelandair Group í OMXI6-hlutabréfavísitölu Kauphallarinnar um áramótin. Sex veltumestu fyrirtæki á hlutabréfamarkaði í Kauphöllinni mynda vísitöluna.

Nú eru fjögur íslensk fyrirtæki í vísitölunni. Þau verða hins vegar þrjú um áramótin og verða þar þá jafn mörg íslensk og færeysk.

Byrjað var að taka saman OMXI6-vísitöluna um síðustu áramót og tók hún við af OMXI15-vísitölunni. - jab

Benedikt páfi:

Hneykslaður á írsku kirkjunni

PÁFAGARÐUR, AP Benedikt 16. páfi ætlar að skrifa kaþólsku kirkjunni á Írlandi bréf þar sem hann mun lýsa því hvernig bregðast eigi við upplýsingum um að sumir írskir prestar hafi áratugum saman níðst á börnum og biskupar kirkjunnar á Írlandi hafi hylmt yfir.

BENEDIKT PÁFI

Páfinn tók í gær á móti leiðtogum kirkjunnar á Írlandi. Að loknum fundinum sendi Páfagarður frá sér yfirlýsingu þar sem segir að páfinn sé, rétt eins og margir Írar, fullur hneykslunar og reiði vegna málsins. - gb

Borgarráð samþykkir nýjar reglur um fatlað skólafólk:

Fatlaðir nemar borgi í strætó

STJÓRNMÁL Reykjavíkurborg hefur ákveðið að fatlaðir nemendur fái ekki lengur frítt í strætó.

Í greinargerð sem lögð var fyrir velferðarráð borgarinnar og síðar borgarráð segir að undanfarna tvo vetur hafi fötluðum framhalds- og háskólanemum staðið til boða að fá ókeypis í strætó eins og ófötluðum. „Í kjölfar þeirra breytinga að ófatlaðir framhalds- og háskólanemar þurfa nú að greiða fyrir nemakort í strætó veturinn 2009-2010, þykir ástæða til að skoða hvort ekki er eðlilegt að fatlaðir framhalds- og háskólanemar greiði fyrir þjónustuna,“ segir í greinargerðinni.

Gert er ráð fyrir því að fatlaðir nemar sem einnig nýta Ferðaþjónustu fatlaðra geti valið úr tveimur möguleikum varðandi greiðslu fyrir strætóferðir. Annars vegar að þeir greiði sjötíu krónur fyrir hverja ferð með strætó. Áætlað er að þetta gæti skilað tæplega 1,5 milljónum króna á ári.

Hinn möguleikinn er sá að fatlaðir nemar kaupi sérstök nemakort sem til eru í tveimur útfærslum. Þar er um að ræða haustkort á 8.000 krónur og vetrarkort sem kostar fimmtán þúsund krónur. „Ef miðað er við að fimmtíu nemendur nýti sér ofangreint tilboð og kaupi vetrarkort má áætla að heildarinnkoma verði allt að 750 þúsund krónur,“ segir í tillögunni sem borgarráð samþykkti á fimmtudag. - gar

JÓRUNN FRÍMANNSDÓTTIR Formaður Velferðarráðs þar sem samþykkt var að byrja aftur að innheimta gjald af fötluðu skólafólki fyrir ferðir með strætisvögnum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

JÓNSSON & LE'MACKS • JL.IS • SÍA

Kringlan

Opið til kl. 22 öll kvöld til jóla!

Jólaskemmtun fyrir káta krakka í Kringlunni í dag

Dagskrá á Blómatorgi

13:00 Skoppa og Skrítla og jólasveinar

14:00 Söngvaseiður

15:00 Nylon og jólasveinar

16:00 Óliver Tvist

17:00 Lalli töframaður

Nýtt kortatímabil

Sími 517 9000 | www.kringlan.is

Komdu í heimsókn

GENGIÐ 11.12.2009

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	123,86	124,46
Sterlingspund	201,83	202,81
Evra	182,77	183,79
Dönsk króna	24,556	24,700
Norsk króna	21,621	21,749
Sænsk króna	17,509	17,611
Japanskt jen	1,3919	1,4001
SDR	196,98	198,16

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
235,5121
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

„Kristallinn“ laut í lægra haldi í samkeppni um nafnið á tónlistarhúsinu:

Tónlistarhúsið heitir Harpa

MENNING Tónlistar- og ráðstefnuhúsið við Hafnarbakkann hefur fengið nafnið Harpa. Þetta var gert opinbert við hátíðlega athöfn í húsinu síðdegis í gær.

Efnt var til samkeppni um nafn á húsið í febrúar í fyrra og bárust alls 4.166 tillögur. Þar af stungu 54 upp á nafninu Hörpu.

Sérstök valnefnd fór yfir tillögurnar og raðaði í fimm sæti þeim tillögum sem best þóttu henta húsinu. Krafa var um að nafnið væri íslenskt, en jafnframt að hægt væri að bera það fram á flestum tungumálum.

Listinn með útvöldu nöfnunum fimm var síðan sendur á fulltrúa eigenda hússins, Katrínu Jakobsdóttur menntamálaráðherra og Hönnu Birnu Kristjánsdóttur borgarstjóra, sem tóku endanlega ákvörðun um nafngiftina.

Ekki verður gert opinbert hvaða nöfn urðu efst á blaði, en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var það nafnið Kristallinn sem háði harðasta baráttu við sigurnafnið.

Ekki stendur til að merkja húsið með nafni að utan.

Í tilefni nafngiftarinnar spilaði Stórsveit Samúels Jóns Samúelssonar fyrir gesti auk þess sem boðið var upp á kakó og kleinur.

- sh

HARPA SKÍRÐ Það var Harpa Karen Antonsdóttir, tíu ára tónlistarnemi í Reykjavík, sem gaf húsinu nafnið í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hvassviðri á Kjalarnesi:

Strætisvagn lenti utan vegar

LÖGREGLUMÁL Engan sakaði þegar strætisvagn lenti utan vegar í miklu hvassviðri á Kjalarnesi í gærmorgun. Vagninn var á leið frá Akranesi þegar atvikið varð.

Kona sem ók strætisvagninum er sögð hafa brugðist hárrétt við þegar hún reyndi ekki að streitast á móti snarpri vindhviðu heldur stýrði bílnum út af veginum. Vagninn stöðvaðist í mýri tugum metra frá veginum og var annar bíll sendur til að sækja ökumanninn og sex farþega sem í bílnum voru.

Unnið var að því í gær að losa strætisvagninn, sem er ekki talinn mjög mikið skemmdur. - þeb

Hæstiréttur:

Þrír árásarmenn dæmdir

DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur sakfellt þrjá menn fyrir líkamsárás og staðfest þar með dóm héraðsdóms. Þeir veittust sameiginlega harkalega að manni á Selfossi og slógu hann ítrekað í höfuð og andlit þannig að hann féll í jörðina þar sem þeir börðu og spörkuðu í hann, meðal annars í höfuð hans. Fórnarlambið nefbrotnaði og hlaut ýmis meiðsli.

Sá er mest hafði sig í frammi við árásina var dæmdur í átta mánaða fangelsi, annar í fjögurra mánaða skilorðsbundið fangelsi og hinn þriðji í þriggja mánaða skilorðsbundið fangelsi. Árásarmennirnir skulu greiða fórnarlambinu 814.831 krónu í skaðabætur. - jss

DÓMSTÓLAR

Skallaði mann í andlitið

Rúmlega þrítugur karlmaður hefur verið ákærður fyrir að ráðast á annan mann og skalla hann í andlitið. Fórnarlambið hlaut nokkra áverka og gerir skaðabótakröfu að upphæð ríflega 205 þúsund krónur.

LEIÐRÉTTINGAR

Í frétt um leikskólamál í gær komu fram rangar tölur um fyrirhugaða hagræðingu á leikskólasviði. Hið rétta er að hagrætt verður á sviðinu um 4,1% og 1,85% á leikskólunum sjálfum.

Rangt var farið með föðurnafn Guðrúnar Erlendsdóttur, fyrrverandi hæstaréttardómara, í frétt í blaðinu í gær.

Ranghermt var í frétt á fimmtudag að ekki væru lengur framleiddar möppur í Múlalundi. Framleiðslan er í fullum gangi og stendur sem hæst um þessar mundir.

Seðlabankinn brást of seint við lánaleik

Ríkisendurskoðun kallar aðferðir föllnu bankanna við að afla sér lausafjár „leik“. Gjaldþrot Seðlabankans kostaði þjóðarbúið 345 milljarða. Draga hefði mátt úr tjóninu ef bankinn hefði gert viðeigandi ráðstafanir í tíma.

FJÁRMÁL Draga hefði mátt úr því tjóni sem Seðlabankinn (SÍ) og ríkissjóður urðu fyrir við fall bankanna í október ef Seðlabankinn hefði brugðist fyrr við vafasömum aðferðum bankanna við að afla sér lausafjár. Tap bankans nam 75 milljörðum en ríkissjóður yfirtók 270 milljarða til viðbótar. Langtímaskuldbindingar ríkissjóðs tvöfölduðust á árinu 2008, sem skýrist að stórum hluta af yfirtöku á veðlánum Seðlabankans.

Þetta kemur fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 2008. Þar segir að þegar hafi verið afskrifaðir 175 milljarðar og af þeim 270 milljörðum sem ríkið yfirtók séu trygg veð á bak við 51 milljarð. Tapið í heild gæti numið 400 milljörðum þegar upp er staðið.

Þetta gríðarlega tap kom til vegna ótryggðra veðlána bankans til fjármálafyrirtækja. Fyrir liggur að hinir föllnu bankar öfluðu sér lausafjár meðal annars með því að taka lán hjá minni fjármálafyrirtækjum sem aftur fengu lán hjá Seðlabankanum gegn ótryggðum bréfum: Tapið er til komið vegna þessara viðskipta eða „leiks“ fjármálafyrirtækjanna eins og það er kallað í skýrslunni.

Sveinn Arason ríkisendurskoðandi skýrir þetta orðalag með þeim hætti að eftir því sem harðnaði á dalnum hjá stóru bönkunum þrem byrjuðu þeir að leita sífellt meira eftir fyrirgreiðslu hjá SÍ um lausafé. Bankinn lánaði þeim á meðan þeir gátu lagt fram veð. „Bankarnir gáfu út svokölluð bankabréf, aðrir kalla þetta ástarbréf, til að nota sem veð við lántöku hjá minni fjármálastofnunum. Þessar stofnanir fengu svo lán frá SÍ með bankabréfin sem veð. Þetta er þessi leikur sem við köllum svo. Við erum að ýja að því að menn hafi ekki gætt sín sem skyldi.“ Sveinn segir að grundvallarspurningin sé af hverju reglunum hafi ekki verið breytt fyrr eftir að SÍ vissi að farið var framhjá hefðbundnum leiðum til öflunar lausafjár.

Settar voru skorður við þessari leið bankanna í ágúst þegar Seðlabankinn herti kröfur sínar um veðtryggingar. Í skýrslunni kemur einnig fram að þegar reglurnar voru hertar mátti finna þess dæmi að á bak við meirihluta eða jafnvel öll lán til vissra fjármálafyrirtækja voru ótryggð bréf.

svavar@frettabladid.is

YFIRSTJÓRN SEÐLABANKANS Í HRUNINU Bankastjórar Seðlabankans Ingimundur Friðriksson, Eiríkur Guðnason og Davíð Oddsson ásamt yfirhagfræðingi bankans Arnóri Sighvatssyni, sem nú er aðstoðarseðlabankastjóri. Ríkisendurskoðun telur ýmsum spurningum ósvarað um stjórnsýslu bankans og vísar þeim til Rannsóknarnefndar Alþingis.
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

> Við erum að ýja að því að menn hafi ekki gætt sín sem skyldi.
>
> **SVEINN ARASON**
> RÍKISENDURSKOÐANDI

JÖRUNDARSTÍGUR Söguslóðir hundadagskonungs verða við hann kenndar.

Heiðra hundadagakonung:

Jörundarstígur samþykktur

MENNINGARMÁL Göngustígurinn milli Skólabrúar og Austurstrætis á hér eftir að heita Jörundarstígur.

„Er tillagan gerð með vísan til þess að í ár eru 200 ár liðin frá valdatöku danska ævintýramannsins Jörgens Jörgenssonar á Íslandi og nú er hafin endurbygging Austurstrætis 22 í upprunalegri mynd,“ segir í greinargerð sem lögð var fyrir borgarráð. Stjórnarsetur Jörgens Jörgenssonar var áður í húsinu sem varð Austurstræti 22. „Þykir nafnanefnd löngu tímabært að Íslendingar minnist Jörgens Jörgenssonar með öðru en spéi og skopi og noti nafn hans sér frekar til framdráttar í menningartengdri ferðaþjónustu.“ - gar

Keyrt um höfuðborgina:

Jólalest Coca-Cola fer af stað

FÓLK Jólalest Coca-Cola mun keyra um höfuðborgarsvæðið í dag.

Jólalestin samanstendur af fimm trukkum sem eru hlaðnir rúmlega tveggja kílómetra löngum ljósaseríum og hljóðkerfi. Lestin mun aka um svæðið og spila jólalög frá klukkan fjögur í dag og fram til klukkan átta í kvöld. Komið verður víða við á höfuðborgarsvæðinu. Lestin verður á ferð um bæði Laugaveg og Smáralind á milli klukkan 17 og 18 í dag. - þeb

SJÁLFSÆVISAGA SÍBROTAMANNS

Einstæð frásögn úr afkimum samfélagsins.
– Sigurður G. Tómasson, útvarpsmaður

Bók sem hlýtur að vekja áhuga allra.
– Einar Már Guðmundsson, rithöfundur

SKRUDDA
Eyjarslóð 9 – 101 Reykjavík
s. 552 8866 – skrudda@skrudda.is
www.skrudda.is

VEÐURSPÁ

Elísabet Margeirsdóttir
Veður-fréttamaður

ÓVENJU HLÝTT UM ALLT LAND
Regnhlífin mun koma að góðum notum í dag því það verður talsverð rigning sunnan og vestanlands og yfirleitt fremur hægur vindur að minnsta kosti fyrri partinn. Veðrið á morgun verður upplagt fyrir hvers kyns útivist eða miðbæjarrölt.



HEIMURINN

Alicante	18°
Basel	4°
Berlín	2°
Billund	3°
Eindhoven	7°
Frankfurt	3°
Friedrichshafen	-1°
Gautaborg	2°
Kaupmannahöfn	2°
Las Palmas	23°
London	7°
Mallorca	15°
New York	5°
Orlando	25°
Ósló	3°
París	5°
San Francisco	12°
Stokkhólmur	2°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

STÓRA TAX FREE HELGIN

JÓLAGJAFIR OG JÓLATRÉ

smáraftæki - búsáhöld - leikföng - föndur - fatnaður

Örbylgjuofn
20 ltr, 800W
1840909
9.590 11.995

Pizzaofn
1000W, snúnings-platti, 4 stillingar
1840935
15.990 19.995

Brauðvél
Unold, 750 - 1000 gr
1841103

SÉRTILBOÐ UM HELGINA
12.590 19.990

Dömu úlpa
st. XS
5869782-7
9.990 12.990

Nýjar vörur í búsáhalda-deild

Hnífasett
6 stk
2000829
5.499 6.990

Pottur
18 sm
2000765
2.399 2.999

Vöfflujárn
Unold, 1200W
1841101
4.790 5.990

BLACK & DECKER

Handryksuga
NV2400N
1805248
5.980 7.479

KYNNINGAR VERÐ
verð frá
14.995

Sódavatnsvél
Litir: rautt, svart, hvítt, silfur og stál
1841204

Kubbar
5857645
639 799

Eldhússett
5857624
1.599 1.999

Jólaföndur
4301219
239 299

Gönguskór
5863097-107
7.990 9.990

blómaval

HÚSASMIÐJAN

Gæða útisería verð frá **4.490** 5.990

Jólastjarna **799**

Með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Gildir meðan birgðir endast.
Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.

KJÖRKASSINN

Ættu alþingismenn að fá frí milli jóla og nýárs?

JÁ	21,3%
NEI	78,7%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ætlar þú að þrífa allt hátt og lágt fyrir jólin?

Segðu skoðun þína á visir.is

Tæplega þrítug kona lagði fram kæru til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu:

Kærði leigubílstjóra fyrir nauðgun

LÖGREGLUMÁL Tæplega þrítug kona hefur kært leigubílstjóra á höfuðborgarsvæðinu fyrir nauðgun.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins var konan stödd í gleðskap í Reykjavík aðfaranótt 23. nóvember. Þá tók hún leigubíl úr miðborginni og heim til sín á höfuðborgarsvæðinu. Ekki er ljóst með hverjum hætti atburðarás var eftir að hún tók bílinn, en svo virðist sem hún hafi vaknað við það á heimili sínu að bílstjórinn var að hafa við hana samfarir. Hún leitaði nokkru síðar á neyðarmóttöku þolenda nauðgunar á Landspítalanum í Fossvogi.

Hinn 3. desember lagði konan svo fram kæru hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Málið er í fullri rannsókn að sögn Björgvins Björgvinssonar, yfirmanns ofbeldisbrotadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Hann vill ekki tjá sig um efnisatriði málsins að öðru leyti en því að rætt hafi verið við forsvarsmenn leigubifreiðastöðva á höfuðborgarsvæðinu, svo og nokkra einstaklinga, vegna málsins.

Leigubílstjórar sem Fréttablaðið ræddi við í gær lýstu miklum áhyggjum af því að mál af þessum toga væri komið upp. Nauðsynlegt væri að það upplýstist sem allra fyrst. - jss

NAUÐSYNLEGT Leigubílstjórar sem Fréttablaðið ræddi við í gær undirstrikuðu nauðsyn þess að málið upplýstist sem allra fyrst.

Skilorð og skaðabætur:

Réðst á systur og misþyrmdi

DÓMSMÁL Tæplega fertugur karlmaður hefur verið dæmdur í þrjátíu daga fangelsi, skilorðsbundið, og til greiðslu 200 þúsunda króna í skaðabætur vegna harkalegrar árásar á systur sína.

Maðurinn réðst á systurina á heimili hennar. Hann tók hana meðal annars kverkataki, skellti henni utan í vegg og sló hana nokkrum sinnum. Þá færði hann hana með valdi inn á baðherbergi, setti hana ofan í baðkar og sprautaði vatni yfir hana. Hún reyndi að komast upp úr karinu, en hann henti henni aftur ofan í það. Systirin hlaut tvo skurði á höfuðið, auk fleiri áverka. - jss

Umboðsmenn fá um 50 ný mál á mánuði

Umboðsmenn viðskiptavina viðskiptabankanna hafa fjallað um á sjötta hundrað mála á undanförnu ári. Í einu tilviki hefur ekki verið tekið nægilegt tillit til athugasemda að mati umboðsmanns. Málið leyst á fundi með bankastjóra.

VIÐSKIPTI Umboðsmenn viðskiptavina hjá viðskiptabönkunum þremur fá samtals um fimmtíu mál á mánuði að meðaltali til úrlausnar þar sem viðskiptavinur bankans gerir athugasemdir eða óskar eftir upplýsingum vegna afgreiðslu bankans á málum viðkomandi.

Þetta kemur fram í svörum um starfsemi umboðsmannanna í kjölfar fyrirspurna Fréttablaðsins.

„Krafan um jafnræði er sterk og það virðist sem mönnum þyki bærilegra að sætta sig við erfiða niðurstöðu ef þeir hafa vissu um að hún sé í takt við það sem aðrir fá," segir Brynhildur Georgsdóttir, umboðsmaður viðskiptavina Arion banka.

Hún segir viðskiptavini yfirleitt óska staðfestingar á því að unnið sé í samræmi við viðurkennt verklag og að niðurstaða sé í samræmi við það sem aðrir eigi kost á.

„Verkefnin eru mjög ólík, það eru lánamál einstaklinga og fyrirtækja, fjárvarsla og innlán, greiðslumiðlun, kvartanir um starfsemina af ýmsu tagi og fleira," segir Eggert Sverrisson, umboðsmaður viðskiptavina hjá Landsbankanum. Sumir kvarti yfir þjónustu starfsmanna, fit-kostnaði, þjónustukostnaði, upplýsingagjöf og fleiru.

Umboðsmönnum bankanna þriggja hafa borist samtals 560 mál á síðastliðnu ári. Málin voru 211 hjá Íslandsbanka frá 1. október í fyrra, og 57 í Arion banka, áður Kaupþingi, á síðustu tólf mánuðum. Málin voru 292 hjá Landsbankanum frá 1. febrúar þegar umboðsmaður bankans tók til starfa.

Aðeins í einu tilviki hefur að mati umboðsmannanna ekki verið tekið nægilegt tillit til athugasemda þeirra. Umboðsmaður hjá Landsbankanum þurfti að eigin sögn í einu tilviki að skjóta „alvarlegum ágreiningi" við stjórnendur bankans til bankastjóra. Eftir fund bankastjóra með stjórnendum var málinu lokið með viðunandi hætti að mati umboðsmanns.

Í öðrum tilvikum þar sem umboðsmenn hafa gert athugasemdir sem átt hafa við rök að styðjast, til dæmis um brot á verklagsreglum, hefur verið brugðist við athugasemdunum með viðeigandi hætti, að mati umboðsmannanna.

brjann@frettabladid.is

NÝJUNG Geir H. Haarde og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, þáverandi forsætis- og utanríkisráðherrar, kynntu aðgerðir til að bæta rekstrarumhverfi fyrirtækja í desember í fyrra. Ein af þeim var tilurð umboðsmanna viðskiptavina í bönkunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

GÆTA HAGSMUNA VIÐSKIPTAVINANNA

Fyrir rúmu ári kynnti ríkisstjórnin aðgerðir í tólf liðum til að bæta rekstrarumhverfi fyrirtækja. Einn liður í því var að sjá til þess að óháður umboðsmaður viðskiptavina starfaði í hverjum banka til að gæta hagsmuna þeirra.

Umboðsmaður viðskiptavina var þegar starfandi hjá Íslandsbanka, en starf hans var útvíkkað við þetta tilefni. Umboðsmenn Landsbankans og Kaupþings tóku til starfa fljótlega eftir yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í byrjun desember í fyrra.

Umboðsmönnum viðskiptavina er ætlað að skoða mál sem þeim berast af hlutleysi og sjá til þess að umkvartanir viðskiptavina fái rétta úrlausn. Þeirra starf felst í að gæta þess að viðskiptavinum, einstaklingum og fyrirtækjum sé ekki mismunað, og að bankinn fari eftir öllum verklagsreglum af fagmennsku.

Nýjar tölur Vinnumálastofnunar um þróun atvinnumála:

Atvinnuleysi í nóvember 8 prósent

EFNAHAGSMÁL Skráð atvinnuleysi í nóvember var 8 prósent, eða að meðaltali 13.357 manns, samkvæmt nýjum tölum Vinnumálastofnunar. Atvinnuleysi jókst að meðaltali um 5,3 prósent frá því í október, eða um 675 manns.

„Á sama tíma á árinu 2008 var atvinnuleysi 3,3 prósent, eða 5.445 manns," segir í tilkynningu stofnunarinnar.

Í lok nóvember voru 15.017 án atvinnu, en voru 14.369 í lok október. „Þeir sem voru atvinnulausir að fullu voru hins vegar 12.141, af þeim voru 2.226 í einhvers konar úrræðum á vegum Vinnumálastofnunar, auk þess sem mikill fjöldi fer í viðtöl hjá ráðgjöfum stofnunarinnar og á kynningarfundi," segir í skýrslu Vinnumálastofnunar. Mest var atvinnuleysið á Suðurnesjum, 13 prósent, en minnst á Vestfjörðum, 2,8 prósent. „Atvinnuleysi eykst um 6,3 prósent meðal karla en um 3,8 prósent meðal kvenna." Í Hagsjá, efnahagsvefriti Landsbankans, kemur fram að sé mánaðarlegt atvinnuleysi eins og Vinnumálastofnun skráir það leiðrétt fyrir árstíðabundnum þáttum komi í ljós að það lækkar lítillega frá síðasta mánuði. Sama gerðist í október. „Venjulega hefur skráð atvinnuleysi verið í hámarki í upphafi hvers árs sem skýrir hluta ástæðunnar að baki lækkun á árstíðaleiðréttri tölu," segir þar. - óká

Á FUNDI Árni Páll Árnason félagsmálaráðherra og Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar, á fundi fyrr á árinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Jólasprengja

40% afsláttur

af öllu jólaskrauti og seríum

OPIÐ
TIL 22:00
ÖLL KVÖLD
til jóla

Jólin vaxtalaus
fyrsta afborgun í mars
Jólalán Hagkaups

Gildir aðeins 12. og 13. desember

50 ára HAGKAUP
fyrir Íslendinga í 50 ár

VEISTU SVARIÐ?



1. *Hver var valin kona ársins af tímaritinu Nýju lífi?*
2. *Hvaða litlu karlar fagna nú 30 ára afmæli sínu á Íslandi?*
3. *Hvað heitir Íslendingurinn sem skrifaði undir samning við Liverpool í vikunni?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 102

Rúmlega 69 prósent vilja að forseti Íslands synji Icesave-lögum staðfestingar samkvæmt könnun MMR:

Rúmlega 33 þúsund skora á forsetann

EFNAHAGSMÁL Rúmlega 33 þúsund Íslendingar höfðu í gær skráð nöfn sín á áskorun til forseta Íslands um að synja Icesave-lögum staðfestingar á vef Indefence-hópsins.

Fjöldi þeirra sem undirritað hafa áskorun Indefence-hópsins er fyrir nokkru kominn yfir fjölda þeirra sem skoruðu á forsetann að synja fjölmiðlalögum ríkisstjórnarinnar staðfestingar sumarið 2004. Þá skoruðu 31.752 Íslendingar á forsetann, sem í kjölfarið synjaði lögunum staðfestingar með tilvísun í gjá milli þingvilja og þjóðarvilja í málinu.

Jóhannes Þ. Skúlason, meðlimur Indefence, segist mjög ánægður með þann mikla fjölda sem skrifað hafi undir áskorunina. Þó verði að taka tillit til þess að eftir sé að keyra listann saman við þjóðskrá. Það verði ekki gert fyrr en Alþingi hafi afgreitt Icesave-frumvarpið.

Ef marka má stikkprufur sem gerðar hafa verið eru fáar undirskriftir rangar, og yfirgnæfandi meirihluti er frá fólki á kosningaaldri, segir Jóhannes. Augljóslega röngum undirskriftum sé eytt út daglega.

Samkvæmt nýrri könnun MMR fyrir Viðskiptablaðið vilja 69,2 prósent þeirra sem taka afstöðu að forsetinn synji lögunum staðfestingar og vísi þeim til þjóðaratkvæðagreiðslu. Alls vilja 30,8 prósent að hann staðfesti lögin.



Svarendur í könnuninni voru 924 á aldrinum 18 til 67 ára, valdir af handahófi úr hópi álitsgjafa MMR. **- bj**

VINNINGSTILLAGAN Verði tillagan að veruleika, eins og borgaryfirvöld stefna að, er ljóst að ásýnd Gömlu hafnarinnar mun breytast töluvert.

Skotarnir unnu enn eina samkeppnina

Skoska arkitektastofan Graeme Massie vann hönnunarsamkeppni um skipulag Gömlu hafnarinnar og Örfiriseyjar. Stofan vann einnig keppni um Vatnsmýri og miðbæ Akureyrar. Vinningstillagan gerir ráð fyrir sundlaug á Ægisgarði.

SKIPULAGSMÁL Sundlaug verður í miðri innhöfninni, á Ægisgarði, ef ráðist verður í framkvæmdir eftir verðlaunatillögu um skipulag Gömlu hafnarinnar og Örfiriseyjar. Skosk arkitektastofa, Graeme Massie, bar sigur úr býtum í keppninni og fékk í sinn hlut 7,5 milljónir króna.

Athygli vekur að arkitektastofan er sú sama og sigraði hugmyndasamkeppni um skipulag Vatnsmýrarinnar og um skipulag miðbæjarins á Akureyri.

Tvær tillögur deildu öðru og þriðja sætinu, annars vegar frá arkitektastofunni SK arkitektum. ehf.

Vinningstillagan gerir einnig ráð fyrir að göng undir hafnarmynnið tengi miðbæinn og höfnina, þjónustuhúsi fyrir ferðafólk og hóteli á nýjum stað í miðbænum, austan Tónlistar- og ráðstefnuhússins og að byggður verði viðlegukantur fyrir skemmtiferðaskip. Slippurinn og olíubirgðastöðin í Örfirisey verði á sínum stað.

Bæði var keppt í flokki hönnuða og fagfólks, sem þeir skosku unnu, og eins í opnum flokki þar sem engin skilyrði voru sett fyrir þátttöku. Í þeim flokki fengu nokkrar hugmyndir verðlaun, meðal annars hugmynd um að skreyta olíutankana í Örfirisey með grafflistaverkum, setja á fót fisk- og kjötmarkað undir þaki á Miðbakka og að koma upp leikvelli með sjóræningjaskipi.

Allar tillögurnar verða til sýnis í Víkinni sjóminjasafni á Grandagarði til 20. desember.

stigur@frettabladid.is

Höskuld Þórhallsson undrar ekki að Guðrún og Pétur vildu ekki veita lögfræðiálit:

Icesave ætlaður alltof skammur tími

STJÓRNMÁL „Það kemur ekki á óvart að þau skuli ekki hafa fengist til verksins. Það mun enginn fást til að vinna svo mikilvægt og flókið lögfræðiálit á þeim stutta tíma sem meirihlutinn hefur ákveðið.“

Þetta segir Höskuldur Þórhallsson, þingmaður Framsóknarflokksins, um höfnun Guðrúnar Erlendsdóttur og Péturs Kr. Hafstein, fyrrverandi hæstaréttardómara, á málaleitan Alþingis um að leggja mat á hvort Icesave-frumvarpið standist stjórnarskrá.

Höskuldur segir Framsóknarflokkinn hafa viljað fá þau til verksins þar sem þau hafi ekki tjáð sig opinberlega um álitaefnið. Þeir sem það hafi gert séu vanhæfir.

HÖSKULDUR ÞÓRHALLSSON

Framsóknarmenn vilja að stofnunin Center for European Studies í Brussel leggi mat á sum af efnahagslegum álitamálum Icesave-málsins. Forstöðumaður hennar er Daniel Gros, fulltrúi flokksins í bankaráði Seðlabankans. Gros varaði við samþykkt Icesave í Morgunblaðinu í gær. Spurður hvort þetta samrýmdist kröfu framsóknarmanna um hæfi segir Höskuldur það ekki snúast um persónur heldur stofnanir. „Við treystum þessari stofnun, eins og við treystum hagfræðistofnun og lagastofnun Háskólans, þó starfsmenn þeirra hafi tjáð sig,“ segir hann.

Höskuldur ætlun meirihlutans að taka Icesave-málið út úr nefnd um miðja næstu viku. Það sé óraunhæft og þar með brot á samkomulagi meiri- og minnihlutans um vandaða málsmeðferð. Útilokað sé að ljúka málinu fyrir áramót nema fólki verði gefinn sanngjarn frestur til að ljúka þeim álitum sem þurfa að liggja fyrir.

- bþs

MILLENNIUM ÞRÍLEIKURINN EFTIR **STIEG LARSSON** OG **TÝNDA TÁKNIÐ** EFTIR **DAN BROWN.**

URRRRANDI SPENNA

Þriðja og síðasta bókin í heimsfrægri Millennium-trílógíu Stiegs Larsson er komin út hjá Bjarti.
Sem og langþráð spennusaga eftir frægasta höfund í heimi, höfund Da Vinci lykilsins.

„Gríðarlega vel skrifaðir og flottir krimmar.“
– Páll Baldvin Baldvinsson, Kiljan janúar 2009

DYNAMO REYKJAVIK

„Maður gæti grátið!“
– Þórarinn Þórarinsson, DV.
Grátið yfir því að bækur Stiegs urðu aðeins þrjár.

„Maður gæti bara hágrátið!“
– Kolbrún Bergþórsdóttir, Kiljan október 2009. Af sömu ástæðu.

1. SÆTI METSÖLULISTA NEW YORK TIMES Í 7 VIKUR!



Það er bara einn Dan Brown

BJARTUR

Ísraelsþing vill þjóðaratkvæðagreiðslu um afsal Austur-Jerúsalem:

Torveldar gerð samkomulags

ÍSRAEL, AP Ísraelsþing hefur til meðferðar frumvarp að lögum um að bera þurfi undir þjóðaratkvæðagreiðslu friðarsamkomulag við Palestínumenn, ef það felur í sér að Ísraelar gefi eftir yfirráð sín í austurhluta Jerúsalemborgar eða á Gólanhæðum.

Verði frumvarpið að lögum bindur það hendur ísraelskra stjórnvalda til að gera samkomulag við Palestínumenn. Frumvarpið var samþykkt í fyrstu umferð, en enn þarf þingið að fjalla tvisvar um þetta frumvarp.

Á þriðjudag sendu utanríkisráðherrar Evrópusambandsins frá sér yfirlýsingu, þar sem ítrekuð er sú afstaða sambandsins að ekki verði fallist á að Ísraelar innlimi austurhluta Jerúsalems, sem hertekinn var í stríðinu 1967.

Utanríkisráðherrarnir hvetja þess í stað Ísrael og Palestínumenn til að deila með sér Jerúsalem, sem gæti þá orðið höfuðborg bæði Ísraels og væntanlegs Palestínuríkis.

Ísraelska utanríkisráðuneytið brást harðlega við þessari yfirlýsingu, og sagði hana ekki líklega til að auðvelda friðarviðræður.

Palestínustjórn aftur á móti hefur tilkynnt að hún muni sniðganga allar vörur, sem framleiddar eru á ísraelskum landtökusvæðum á Vesturbakkanum. - gb

JERÚSALEM Evrópusambandið vill að Jerúsalem verði höfuðborg tveggja ríkja. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Meirihluti barna gengur í skólann

Tæp 90 prósent barna í Grafarvogi og á Kjalarnesi ganga í skólann samkvæmt könnun. Hverfisráð kynnti græna samgöngustefnu fyrir foreldrum í haust.

SAMGÖNGUMÁL Tæplega níutíu prósent grunnskólabarna í Grafarvogi og á Kjalarnesi fara fótgangandi í skóla. Þetta kemur fram í könnun um ferðavenjur Reykvíkinga, sem umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkurborgar lét Capacent Gallup gera fyrir sig í nóvember. Hlutfallið er rúmum tuttugu prósentum hærra þar en í öðrum hverfum borgarinnar, en hverfisráð Grafarvogs hefur tekið upp græna samgöngustefnu.

Sams konar könnun var gerð fyrir borgina í fyrra. „Þar kom fram að í sumum hverfum hefur skapast hálfgerður vítahringur. Foreldrar þora eiginlega ekki annað en að keyra börnin sín í skólann af því að þeir eru hreinlega hræddir um að þau verði fyrir bíl," segir Dofri Hermannsson, varaborgarfulltrúi Samfylkingarinnar. Hann lagði til í umhverfis- og samgönguráði borgarinnar eftir könnunina í nóvember í fyrra að mótuð yrði slík stefna fyrir borgina í samvinnu við hverfin. Það náði ekki fram að ganga strax, en var samþykkt á fundi ráðsins síðastliðinn þriðjudag.

Dofri sat einnig í hverfisráði Grafarvogs og var málið tekið upp þar í millitíðinni og einróma samþykkt. „Mér var falið að stjórna vinnunni og það skapaðist gríðarleg stemning fyrir þessu í hverfinu." Stefnan fólst bæði í því að hvetja foreldra til að ganga með börnum sínum í skólann, og hvetja þá til að sameinast um að keyra börnin, til að minnka umferð. Stefnan var kynnt fyrir foreldrum og börnum í haust.

GENGIÐ Í SKÓLANN Langflest börn í Grafarvogi og á Kjalarnesi gengu í skólann í nóvember. Hlutfallið er töluvert lægra í öðrum hverfum, og lægst er það í Miðborg og Hlíðum. MYND/TEITUR

Tillagan um græna samgöngustefnu var einróma samþykkt í umhverfis- og samgönguráði síðastliðinn þriðjudag. „Það þýðir að nú mun umhverfis- og samgöngusvið muni bjóða öllum hverfisráðum borgarinnar aðstoð við gerð samgöngustefnu," segir Dofri. „Ég á von á að hverfisráðin taki því tilboði fagnandi. Það vilja allir draga úr umferð í hverfunum."

thorunn@frettabladid.is

vodafone

Kláraðu pakkann hjá okkur

Flottir símar í jólapakkana

Kynntu þér frábær símatilboð hjá Vodafone.

Ókeypis myndataka með froskinum okkar í Smáralind í dag frá kl. 13 – 16. Flott í jólakortið.

2 miðar á Bjarnfreðarson*

*meðan birgðir endast

Nokia 2330

0 kr. útborgun

1.500 kr. á mánuði í 12 mánuði og
1.000 kr. inneign á mánuði fylgir
Staðgreitt: 13.900 kr.

Essasú bolir

790 kr.

Frábær hugmynd fyrir jólasveininn.*

*meðan birgðir endast

Froska jólapappír og spjöld fylgja tilboðum

Fíton/SÍA

Fíton/SÍA

Hefur þú áhuga á að starfa í forystu VR?

Samkvæmt 20. gr. laga VR auglýsir kjörstjórn eftir framboðum í stjórn og trúnaðarráð félagsins. Um er að ræða 7 sæti í stjórn og 82 í trúnaðarráði.

Áhugasamir geta gefið kost á sér með því að senda inn skriflegt erindi til kjörstjórnar á skrifstofu VR.
Skrifleg meðmæli 10 félagsmanna þarf vegna framboðs til setu í stjórn. Framboð til setu í trúnaðarráði er hægt að senda rafrænt á **kjorstjorn@vr.is**.

Framboðsfrestur er til kl. 12:00 þann 31. desember 2009.

Nánari upplýsingar og leiðbeiningar eru á vef VR www.vr.is.
Þá er hægt að leita frekari upplýsinga hjá kjörstjórn VR með því að hafa samband við skrifstofu félagsins.

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

Virðing
Réttlæti

VR

FRÁBÆR JÓLATILBOÐ HJÁ SÍMANUM

Glæsilegir 3G símar

HUAWEI U1251

Ódýrasti 3G síminn með öllu sem þú þarft. Styður m.a. 3G langdrægt kerfi. Ódýr og nettur sími.

Símalán-útborgun:

0 kr.

Eftirstöðvum dreift á allt að 12 mánuði.*

1.000 kr. inneign á mán. í 12 mán. fylgir.

Staðgreitt:12.000 kr.

SONY ERICSSON JALOU

Handhægur og nettur stelpusími, demantslaga með sérstakri filmu sem gerir skjáinn að spegli.

Símalán-útborgun:

0 kr.

Eftirstöðvum dreift á allt að 12 mánuði.*

1.000 kr. inneign á mán. í 12 mán. fylgir.

Staðgreitt: 39.900 kr.

Það er **Síminn**

800 7000 • siminn.is

* Ef greitt er með kreditkorti er hægt að dreifa eftirstöðvunum vaxtalaust á allt að 12 mánuði. Greiðslugjald er 250 kr./mán.

ENNEMM / SÍA / NM40205

Verbúðir við Grandagarð

Tækifæri til athafna í Örfirisey

Faxaflóahafnir sf. auglýsa hér með til leigu tiltekin rými í verbúðum við Grandagarð í Reykjavík.

Í skipulagi svæðisins er gert ráð fyrir verslun og þjónustu á lóðum verbúðanna og Faxaflóahafnir sf. gera ráð fyrir því að í leigurýmunum verði starfsemi sem dragi að fólk og stuðli að fjölbreyttu mannlífi við Gömlu höfnina.

Örfirisey var í eina tíð þekkt aðsetur kaupmanna og hefur á seinni árum eflst mjög á nýjan leik sem vettvangur verslunar, viðskipta og þjónustu. Þarna er líka og verður miðstöð blómlegs sjávarútvegs í höfuðborginni og merkilega menningarstarfsemi er þar líka að finna.

Húsnæðið verður leigt í því ástandi sem það er. Leigjendum er ætlað að annast innréttingu húsnæðisins að fengnu samþykki Faxaflóahafna sf. og viðeigandi yfirvalda. Væntanlegir leigusamningar verða án tímamarka en með gagnkvæmum sex mánaða uppsagnarfresti.

Leigugjald verður 550 krónur +vsk. fyrir hvern fermetra á mánuði.

Rýmið sem leigt verður út:

Grandagarður 13: 35 fermetrar.
Grandagarður 15: 139 fermetrar.
Grandagarður 17: 69 fermetrar.
Grandagarður 19: 104 fermetrar.
Grandagarður 21: 104 fermetrar.
Grandagarður 25: 104 fermetrar.
Grandagarður 29: 104 fermetrar.
Grandagarður 35: 104 fermetrar.

Umsóknum skal skilað til hafnarstjóra Faxaflóahafna sf. fyrir mánudaginn 11. janúar 2010 og skal þar jafnframt gerð skilmerkileg grein fyrir fyrirhugaðri starfsemi eða rekstri í viðkomandi verbúðarrými.

Nánari upplýsingar veitir Helgi Laxdal, forstöðumaður rekstrardeildar Faxaflóahafna, í síma 525 8900.

Faxaflóahafnir sf
Associated Icelandic Ports

ATHYGLI

Málþing fyrir alla er áhuga hafa á málefnum nýs Landspítala-háskólasjúkrahúss:

Ekki einhugur um staðsetninguna

HEILBRIGÐISMÁL „Þetta málþing er hugsað fyrir alla sem hafa áhuga á að átta sig á málum sem tengjast væntanlegu háskólasjúkrahúsi, staðsetningu og byggingu," segir Gestur Ólafsson, einn aðstandenda málþingsins, Nýr Landspítali – hvar, hvernig og fyrir hverja.

Gestur segir að mikil viðbrögð sem hann og Árni Gunnarsson, stjórnarmaður í framkvæmdanefnd um byggingu nýs Landspítala - háskólasjúkrahúss, hafi fengið við aðsendri grein í Morgunblaðinu hafi sannfært þá um að þörfin fyrir málþing væri til staðar. Í greininni er meðal annars bent á að ódýrara væri að reisa nýtt sjúkrahús austar í borginni en á reitnum sem nú er um rætt, við Hringbrautina. Gestur gagnrýnir að ljúka eigi hönnun hússins áður en lokið hefur verið við skipulag svæðisins og bendir á að alls ekki ríki einhugur um staðsetningu sjúkrahússins.

Á málþinginu taka til máls einstaklingar frá ýmsum geirum sem tengjast byggingu þess. Má þar nefna Sigurð Guðmundsson, forseta Heilbrigðisvísindasviðs HÍ, sem ræða mun fyrir hvern og hverja spítalinn er, Sigríði Kristjánsdóttur skipulagsfræðing sem ræða mun staðsetningu nýja spítalans og Magnús Skúlason, formann Íbúasamtaka miðborgarinnar, sem

LANDSPÍTALINN VIÐ HRINGBRAUT Staðsetning nýrrar byggingar verður til umræðu á málþingi á morgun.

mun ræða samspilið við nágrenni spítalans. Málþingið hefst klukkan 10 á laugardag og því lýkur klukkan 15. Það er haldið í húsi Íslenskrar erfðagreiningar. Aðgangur er ókeypis. **- sbt**

STÆKKUNIN Kosið var um það vorið 2007 hvort álverið í Straumsvík fengi að stækka athafnasvæði sitt austur fyrir núverandi Reykjanesbraut eins og sést á þessari mynd, þar sem stækkun álversins hefur verið bætt inn á hægra megin. MYND/ARKÍS

Bíða svara frá Alcan fyrir álverskosningu

Bæjarstjórinn í Hafnarfirði segir álverið í Straumsvík þurfa að svara ýmsum spurningum formlega áður en efnt verði til nýrrar íbúakosningar um stækkun álversins. Upplýsingafulltrúi Alcan átti hins vegar ekki von á fleiri spurningum.

STJÓRNSÝSLA Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri í Hafnarfirði, segir að þrátt fyrir að nægum fjölda undirskrifta hafi verið safnað sé ekki hægt að efna til nýrrar íbúakosningar um stækkun álversins í Straumsvík vafningalaust.

„Þetta er ekki ákvörðun sem er bara á milli bæjarins og íbúanna heldur er þetta mál sem snýr að skipulagi þriðja aðila – sem er fyrirtækið Rio Tinto. Næsta skrefið er að taka upp viðræður við álverið um skipulagið," segir Lúðvík.

Eins og kunnugt er felldu Hafnfirðingar naumlega í íbúakosningu deiliskipulagstillögu sem fól í sér stækkun álversins. Stuðningsmenn stækkunar söfnuðu undirskriftum til að fá kosninguna endurtekna og fyrir liggur undirskriftalisti sem uppfyllir viðmið þar að lútandi í samþykktum bæjarins. En Lúðvík segir að áður ný kosning geti farið fram þurfi að fá á hreint hvernig álverið vilji haga skipulagsmálunum. Skipulagsstjóri bæjarins hafi þegar rætt við fulltrúa álversins.

ÓLAFUR TEITUR GUÐNASON

LÚÐVÍK GEIRSSON

„Hann gerði okkur grein fyrir því í bæjarráði um daginn og í framhaldi af því var honum falið að ganga frá formlegum spurningum sem snúa að þessu máli þannig að þá komi formleg og efnisleg svör við þessum atriðum sem liggja þá fyrir til grundvallar þegar næstu ákvarðanir verða teknar um væntanlega kosningu og tímasetningu á henni. Það þarf að liggja fyrir alveg á hreinu á hvaða forsendum það er lagt fyrir og kynnt sem íbúarnir eiga þá að kjósa um," segir bæjarstjórinn.

Ólafur Teitur Guðnason, upplýsingafulltrúi Alcan á Íslandi, segist hins vegar telja að varðandi íbúakosninguna sé boltinn meira hjá bænum en álverinu. Í raun hafi álverið enn ekki fengið formlegt svar við ósk sinni um breytinguna á deiliskipulaginu sem kosið var um vorið 2007.

„Við hittumst og fórum yfir stöðuna með skipulagsfulltrúanum og það eru engar frekari spurningar frá þeim, held ég. Við sögðum við þá eins og við höfum sagt við alla að við getum í sjálfu sér ekki svarað því hér og nú hvort að af þessu geti orðið. Verkefnið er engu að síður spennandi. Ein af forsendunum fyrir því að taka það aftur til alvarlegrar skoðunar er að það liggi þá fyrir að það sé einhver möguleiki," segir upplýsingafulltrúi Alcan. **gar@frettabladid.is**

Ein gjöf sem hentar öllum

Gjafakort Landsbankans er greiðslukort sem býður uppá að gefandinn ákveði upphæðina og viðtakandinn velji gjöfina. Þú færð gjafakortið í næsta útibúi Landsbankans.

GJAFAKORT | landsbankinn.is | 410 4000

Landsbankinn

NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-0280. ENNEMM / SÍA / NM38691

Alþýðusamband Íslands:

Styrkti aðstoð Rauða krossins

FÉLAGSMÁL Alþýðusamband Íslands afhenti á dögunum jólaaðstoð Rauða krossins hálfa milljón króna í styrk.

Það var Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, sem afhenti Kristjáni Sturlusyni, framkvæmdastjóra Rauða krossins, styrkinn. Jólaúthlutun Rauða krossins fer fram í samstarfi við Mæðrastyrksnefnd, Hjálparstarf kirkjunnar og fleiri aðila. Úthlutun fer fram um allt land og meðal þess sem er úthlutað er matur og fatnaður. **- þeb**

LÖGREGLUFRÉTT

Skemmdarverk unnin á húsi

Rauðu lakki var skvett á hús Steingríms Wernerssonar í Fossvogi aðfaranótt föstudags. Í pósti þar sem tilkynnt er um verkið er tekið fram að á næstunni eigi að gera slíkt hið sama við hús Bjarna Benediktssonar og Karls Wernerssonar.

HEITT KAKÓ

Heitt kakó og piparkökur alla vikuna!

STEIKJARSTAUR OG STÚFUR

verða í jólatrjáaskóginum
laugardag kl. 16.00
og sunnudag kl. 15.00

20% AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM JÓLATRJÁM!

Fullt gróðurhús af ferskum trjám

- Nordmannsþinur
- Rauðgreni
- Blágreni
- Fura
- Nobilis-tré

Það er í lagi þótt rigni, snjói, eða blási

Þú velur jólatréð þitt undir þaki í Garðheimum!

TILBOÐ

Hyasintu-skreytingar
verð frá **995kr**

10 tulipanar
1.495kr

Berjagreinar
80 cm
595kr

TILBOÐ

40 LJÓSA ÚTISERÍUR ALLIR LITIR **1280kr**

80 LJÓSA ÚTISERÍUR ALLIR LITIR **1750kr**

20% AFSLÁTTUR

ENDAST ÁR EFTIR ÁR

AMERÍSKU JÓLATRÉN
fjölbreytt úrval – allir verðflokkar

Kertaúrvalið er í Garðheimum

20% AFSLÁTTUR

Leiðisljós
gengur fyrir rafhlöðum

Litir: blár hvítur og rauður

TILBOÐ

Tilbúnar leiðisgreinar
verð frá **1.750kr**

20% AFSLÁTTUR

Leiðiskerti

skoðið nýju vefverslunina okkar gardheimar.is

GARÐHEIMAR
10 ára!

OPIÐ TIL KL.
22:00
TIL JÓLA

JÓLA

JÓLAMYND
Krakkar, þið fáið ókeypis mynd af ykkur með jólasveininum í Vetrargarðinum frá kl. 15-17 í boði HP.

ENNEMM / SÍA / NM40043

Sigga Beinteins
Hátíðartónleikar í Vetrargarðinum kl. 17

Opið til kl. 22 alla daga fram að jólum!

FÖGNUÐUR
Í SMÁRALIND

Töfrandi hátíðartónleikar

Sigga Beinteins syngur lög af nýjum jóladisk sínum í Vetrargarðinum á laugardag **kl. 17**.

Skemmtu þér með okkur – í Smáralind!

Jólaævintýri í Smáralind

Örn Árnason, Helga Möller, Helga Braga, Edda Björgvins, Steinn Ármann o.fl. í hinu sívinsæla Jólaævintýri, **kl. 14** í Vetrargarðinum á laugardag og sunnudag.

Ókeypis skemmtun – fyrir alla fjölskylduna!

Dagskráin 12. desember

Kl. 13.45 Lalli töframaður sýnir listir sínar í Vetrargarðinum

Kl. 14.00 Jólaævintýri í Vetrargarðinum með landsliði íslenskra leikara

Kl. 16.00 Geir Ólafs kemur öllum í jólastuð

Kl. 17.00 Hátíðartónleikar Siggu Beinteins í Vetrargarðinum

Kl. 18.00 Coca Cola lestin við Vetrargarðinn

Kl. 18.10 Í tilefni af útgáfu barnabókarinnar **Skýjað með kjötbollum á köflum** kemur Sveppi og töfrar fram RISA nammirigningu inni í Vetrargarðinum

Smáralind

Gæðavörur

SÆLL - kostar þetta pottasett ekki 300,000 ?

Hnífasett á verði sem ekki stingur gat á veskið !

Fullorðin ávaxtapressa

Komdu í verslun okkar og skoðaðu vöruúrvalið
Verðið kemur þér á óvart !!

Rainbow

Bjóðum nokkrar Rainbow á 186,000
Eða gömul Rainbow upp í nýja tilboð 155,000
Eigum einnig notaðar yfirfarnar rainbow
með ábyrgð verð 80.000 tilboð 58.000
meðan byrgðir endast

Verð kr. 265.000

Hrein fjárfesting ehf
Dalbraut 3 105 Reykjavík - Sími 567 7773 - kvöld og helgar 893 6337
www.rainbow.is

Jólamarkaður Fjarðar
í Hafnarfirði

BABY born

BABY born kastali

Súpertilboð:
Áður: 44.900
Nú 16.900

LEGO

Gott úrval af Lego

35% afsláttur

BRATZ

Bratz dúkkur frá 1.500

Úrval af Bratz dúkkum og fylgihlutum

Frábært úrval af spilum og púsluspilum

Diego Mega Blocks

50% afsláttur:
Áður: 5.990
Nú 2.980

DVD myndir

1.195

Jólamarkaðurinn er á
II. hæð í verslunarmiðstöðinni
Sími 565-2592

FJÖRÐUR
- miðbæ Hafnarfjarðar

Jólavörur, gjafavörur, jólakort og margt fleira

Lögreglan stöðvaði kannabisræktun á þrem stöðum:

Tók 5 kíló af kannabis og 320 plöntur í blóma

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu lagði hald á samtals fimm kíló af kannabisefnum og 320 kannabisplöntur í vikunni. Í fyrradag stöðvaði lögregla kannabisræktun í iðnaðarhúsnæði í Hafnarfirði. Við húsleit þar var lagt hald á 2,4 kíló af maríjúana, 2,5 kíló af muldum laufum til hassolíugerðar og 210 kannabisplöntur. Um svokallaða vatnsræktun var að ræða en plönturnar voru flestar mjög stórar og í fullum blóma.

Áður höfðu fundist rúmlega 100 grömm af maríjúana í íbúð í austurborg Reykjavíkur. Þessi tvö mál tengjast. Karlmaður á fimmtugsaldri, sem var handtekinn á síðarnefnda staðnum, hefur játað aðild að þeim báðum. Fyrr í vikunni stöðvaði lögreglan kannabisræktun í tveimur íbúðum í sama húsi í vesturbæ Reykjavíkur. Þar fundust 110 kannabisplöntur og voru þær á lokastigi ræktunar. Grunur leikur á að sami aðili sé ábyrgur fyrir ræktun kannabisplantnanna í báðum íbúðunum en rannsókn málsins er ekki lokið.

Sem fyrr minnir lögreglan á fíkniefnasímann 800-5005. **- jss**

LÖGREGLAN Á bak við tæplega 180 umsóknir um störf í lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu standa 120 lögreglumenn. Sumir sækja um fleiri en eina stöðu af um fjörutíu sem auglýstar hafa verið.

Nær 200 umsóknir um fjörutíu störf

Um 180 umsóknir bárust í fjörutíu stöður sem lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu auglýsti nýlega lausar til umsóknar. Á bak við þessar umsóknir eru 120 manns, því sumir sóttu um fleiri en eina stöðu.

LÖGREGLUMÁL Um 180 umsóknir bárust um fjörutíu stöður sem nýlega voru auglýstar lausar til umsóknar hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Á bak við þessar umsóknir eru 120 umsækjendur, því nokkrir sóttu um fleiri en eina stöðu.

Að sögn Stefáns Eiríkssonar, lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins, eru nú rúmlega þrjátíu af þeim stöðum sem auglýstar voru lausar til umsóknar, setnar. Menn í þeim hafa verið í tímabundnum ráðningum eða setningum. Að auki er um að ræða sjö til átta stöður til viðbótar. Samtals gera þetta 39 til fjörutíu stöður.

„Það er enginn að fela eitt né neitt í þessum efnum," segir Stefán, spurður um hvort verið sé að auglýsa stöður sem þegar séu mannaðar, eins og þær séu nýjar, eins og látið er að liggja á vefsíðu Landssambands lögreglumanna. „En það sem við stóðum jafnvel frammi fyrir var það að láta þetta fólk, sem var með tímabundna ráðningu hjá okkur, fara. Við sáum mögulega fram á að endar myndu ekki ná saman. En þær hagræðingaraðgerðir sem við höfum gripið til hafa gert það að verkum að við getum tryggt þessar stöður áfram á næsta ári, sem ekki leit út fyrir um tíma, og meira að segja bætt líka í hópinn til viðbótar."

Að meginstofni til eru breytingar á skipulagi og vaktkerfi að skila lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu umræddri hagræðingu, að sögn Stefáns, auk annarra breytinga sem greint hefur verið frá í fréttum.

„Þessar breytingar skila okkur 150 milljónum upp í þær 225 milljónir sem við þurfum að hagræða um á næsta ári. Langþyngst vega þó vaktkerfisbreytingarnar í þessari hagræðingu og opna fyrir þennan möguleika að halda fólki í störfum. Þetta undirstrikar nauðsyn þess að gera þessar breytingar. Þær eru faglega skynsamlegar og skila fjárhagslegri hagræðingu sem okkur er lífsnauðsynleg."

Stefán segir einnig spila inn í þetta dæmi að einhverjir lögreglumenn hætti á næsta ári sökum aldurs og af öðrum ástæðum. Gert sé ráð fyrir því í áætlunum að ekki verði ráðið í stað þeirra. Fremur verði yfirmannastöður mannaðar innan úr liðinu. **jss@frettabladid.is**

www.lapulsa.is
Ég veit hvað fólkið vill!
Íslendingar borða SS pylsur
La Pulsa

Eldsvoði í Borgarnesi:

Kona og barn sluppu úr eldi

LÖGREGLUMÁL Kona brenndist á höndum í eldsvoða í fjölbýlishúsi í Borgarnesi á fimmtudagskvöld.

Eldur kom upp í íbúð konunnar en hún komst ásamt barni sínu út úr íbúðinni áður en slökkvilið kom á staðinn. Öllum íbúum hússins var gert að yfirgefa það og var opnuð neyðarmóttaka á vegum Rauða Kross Íslands í grunnskóla Borgarness á meðan slökkvistarfið stóð yfir.

Vel tókst að ráða niðurlögum eldsins en íbúðin er mikið skemmd. Þá komst reykur inn í nærliggjandi íbúðir og þurfti því að reykræsta allt húsið.

- þeb

Tvenn hjálparsamtök styrkt:

Þörfin brýn um þessar mundir

SAMFÉLAGSMÁL Kortafyrirtækið Valitor styrkti í gær Hjálparstarf kirkjunnar og Mæðrastyrksnefnd um samtals þrjár milljónir króna.

Í tilkynningu frá Valitor segir að með þessu vilji fyrirtækið styrkja það góða og öfluga starf sem fram fari hjá báðum þessum samtökum. Hjálparstarf beggja hafi lengi gegnt mikilvægu hlutverki í íslensku samfélagi, en þörfin fyrir aðstoð þeirra sé sérstaklega brýn um þessar mundir.

Hvor hjálparsamtök fengu 1,5 milljónir króna í styrk frá fyrirtækinu.

- bj

NILFISK
Ryksugur
Hrein snilld!

FÓNIX
- fyrsta flokks. Stór orð sem reynslan réttlætir.
Hátúni 6a ▪ 105 Reykjavík
Sími 552 4420 ▪ www.fonix.is

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

Edge hornsófi
kr. 298.900
Lagersöluverð
kr. 238.900

Stærð: 200x280 cm

LAGERSALA
Seljum eingöngu beint af lager okkar sem er aðeins opinn um helgar.
Lítil yfirbygging = betra verð

Flinga
vegghilla
20x160
kr. 22.800
Lagersöluverð
kr. 16.990

[Ný sending]

Nótt 200x140 cm
Rúmfatageymsla í sökkli
Litir: Svart - Hvítt

SUPREME DELUXE
SVEFNSÓFI
kr. 220.900
Lagersöluverð
kr. 177.700

Dagur 200x98 cm

OPIÐ
UM HELGINA
LAUG. 12 - 16
SUNN. 13 - 16

LÍNAN
Akralind 9
201 Kópavogur
Sími 553 7100
www.linan.is

fyrir Sólin

ATARNA

SIEMENS

Heimilistæki, stór og smá, ljós og símar í miklu úrvali.

Líttu inn og gerðu góð kaup. Við tökum vel á móti þér.

Sjáið jólatilboðin á www.sminor.is

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

MERKJA OUTLET

KORPUTORGI

TAX-FREE DAGAR
ALLAR VÖRUR VERSLUNARINNAR ÁN VSK!*
FRÁ LAUGARDEGI TIL SUNNUDAGS!

FÓTBOLTABÚNINGARNIR KOMNIR AFTUR

STÆRSTA OUTLET LANDSINS!
*Gildir ekki af DVD-diskum og hlaupahjólum. Rikissjóður fær virðisaukaskatt af öllum seldum vörum. Afsláttur inn er alfarið á kostnað MerkjaOutlet.

Jóhann Ólafsson & Co

SPARAÐU með OSRAM SPARPERUM.

• 80% orkusparnaður
• Umhverfisvænar
• 6-20x lengri líftími
• Fjölbreytt úrval

SJÁÐU HEIMINN Í NÝJU LJÓSI OSRAM

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

Loftslagsráðstefnan í Kaupmannahöfn

Loftslagsmálin allsráðandi á leiðtogafundi Evrópusambandsins í Brussel:

Þróunarríkin fá fjárstuðning

Leiðtogar hinna 27 aðildarríkja Evrópusambandsins komu sér í gær saman um að verja 2,4 milljónum evra á ári næstu þrjú ár til að hjálpa þróunarríkjum að taka þátt í baráttunni gegn hlýnun jarðar. Þessi upphæð samsvarar um 450 milljónum króna á ári.

Leiðtogarnir áttu í nokkrum erfiðleikum með að ná samstöðu um þetta framlag á tveggja daga fundi sínum í Brussel. Fátækari ríkin í austanverðri álfunni voru treg til þátttöku, en auðugri ríkin vestan megin lögðu mikla áherslu á að Evrópusambandið verði í forystu í baráttunni gegn losun gróðurhúsalofttegunda.

Bretar, Frakkar og Þjóðverjar féllust á að greiða mest í þennan sjóð, samtals nærri 1,9 milljónir evra á ári.

Evrópusambandið hafði fyrir fundinn heitið því að draga fyrir árið 2020 úr losun gróðurhúsalofttegunda um 20 prósent frá því sem var árið 1990, en býðst nú til að auka það upp í 30 prósent ef önnur helstu mengunarríki heims gera slíkt hið sama á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn. Leiðtogafundurinn í vikunni er sá fyrsti frá því Lissabonsáttmáli Evrópusambandsins tók gildi um síðustu mánaðamót.

- gb

MERKEL OG ASHTON Angela Merkel Þýskalandskanslari og Catherine Ashton, utanríkisfulltrúi Evrópusambandsins, á leiðtogafundinum í Brussel. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

FANGABÚR Lögreglan hefur komið upp búrum þar sem handteknum verður komið fyrir, en hún hefur mikinn viðbúnað í kjölfar loftslagsráðstefnunnar. Fyrri viku ráðstefnunnar er að ljúka. NORDICPHOTOS/AFP

Fjörutíu handteknir í Kaupmannahöfn

Um 200 manns mótmæltu á götum Kaupmannahafnar í gær og voru 40 handteknir. Búist er við gríðarlega fjölmennum mótmælum í dag og er lögreglan með mikinn viðbúnað. Bandaríkin og Kína deila um kostnað við loftslagsmál.

Um tvö hundruð mótmælendur voru á götum miðborgar Kaupmannahafnar í gær þar sem forstjórar stórfyrirtækja funduðu um loftslagsmál. Fundur þeirra var ekki á opinberri dagskrá loftslagsráðstefnunnar en tengdur henni, líkt og fjöldi annarra. Mótmælendur börðu bumbur og hrópuðu að forstjórunum.

Lögreglan hafði mikinn viðbúnað eins og hún reyndar hefur haft alla vikuna. Fjörutíu mótmælendur voru handteknir. Engar fregnir höfðu borist af ofbeldisverkum, en Henrik Moeller Nielsen, talsmaður lögreglunnar, sagði að fólkið hefði verið handtekið til að fyrirbyggja ofbeldi. Lögreglan í Kaupmannahöfn hefur fengið auknar heimildir til handtöku í tengslum við ráðstefnuna. Þá hefur hún komið fyrir búrum í Valby, úthverfi Kaupmannahafnar, þar sem koma má fyrir 346 föngum.

Fjöldi viðburða hefur verið í tengslum við ráðstefnuna, bæði á vegum skipuleggjenda og almennings. Fólk hefur nýtt sér athyglina til ýmissa mótmæla, bæði tengdum loftslagsmálum og öðrum, svo sem herferð í Afganistan. Mótmælin hafa gengið átakalaust fyrir sig hingað til.

Í dag er boðað til svokallaðs alþjóðadags aðgerða og er búist við allt að 60 þúsund manns í göngu sem leggur upp frá Kristjánsborg klukkan 13, að staðartíma. Gengið verður að Bella Center, þar sem ráðstefnan fer fram. Yfirvöld eru við öllu búin, en gangan á að vera friðsöm. Á morgun er boðað til annarrar göngu, sem líklega verður fámennari, en ekki er eins víst að hún verði friðsöm.

Allt er enn í járnum á ráðstefnunni sjálfri og deila Bandaríkjamenn og Kínverjar ákaft um hvernig fylgst verður með útblæstri gróðurhúsalofttegunda í mismunandi löndum. Nokkuð er deilt um kostnað, en nefnt hefur verið að langtímakostnaður við að verja þróunarríki fyrir áhrifum hlýnunar jarðar geti hlaupið á 100 milljörðum evra árlega, um 18.300 milljörðum íslenskra króna að núvirði.

kolbeinn@frettabladid.is

Drögum að samkomulagi loftslagsráðstefnunnar í Kaupmannahöfn dreift í gær:

Tillögur um mikinn samdrátt

Ríki heims verða helst að hætta alveg losun gróðurhúsalofttegunda, eða að minnsta kosti að minnka losunina um helming fyrir árið 2050, samkvæmt drögum að samkomulagstexta sem dreift var á loftslagsráðstefnunni í Kaupmannahöfn í gær.

Samkvæmt drögunum verða auðugri ríki veraldar að taka á sig mun meiri samdrátt, um 25 til 40 prósent fyrir árið 2020 frá því sem losunin var árið 1990. Verði niðurstaða ráðstefnunnar á þessum nótum er gengið töluvert lengra en ríki heims hafa til þessa gefið fyrirheit um. Þó tók Evrópusambandið í gær af skarið og hét því að draga úr losun um þrjátíu prósent fyrir árið 2020, en þó því aðeins að önnur auðug ríki gerðu slíkt hið sama.

Engar ákveðnar tölur eru þó nefndar í drögunum um skiptingu kostnaðar milli ríkjanna, sem er eitt helsta deilumál ráðstefnunnar. Samkomulagið, sem vonir standa til að verði að veruleika áður en ráðstefnunni lýkur í næstu viku, hefur verið í smíðum í tvö ár. Í drögunum, sem eru sex blaðsíður, eru saman komin meginatriði þeirra tillagna sem verið hafa í umræðunni.

- gb

BJÖRGUNARHRINGUR Claudia Roth, leiðtogi þýskra Græningja, og Jakob Norhoj frá Sósíalíska þjóðarflokknum í Danmörku, setja björgunarhring utan um jarðarlíkan fyrir utan danska þjóðþingið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þegar um er að ræða þitt eigið fjárhagslegt öryggi á efri árum verður eitt sífellt mikilvægara! Að lífeyristryggingin sé 100% örugg til þess að þú getir notið eftirlaunaaldursins – óháð því hvaða aldri þú nærð.

Þetta öryggi hefur Versicherungskammer Bayern boðið viðskiptavinum sínum í 125 ár. Versicherungskammer Bayern er meðlimur í sambandi fjármálafyrirtækja þýsku sparisjóðanna sem 50 milljónir ánægðra viðskiptavina trúa fyrir fjármunum sínum.

Nánari upplýsingar um 100% örugga lífeyristryggingu er að finna á **www.sparnadur.is** eða þú hringir einfaldlega í einn af okkar vottuðu ráðgjöfum.

Við hlökkum til að heyra í þér í síma 577-2025 en einnig geturðu sent okkur tölvupóst á sparnadur@sparnadur.is.

SPARNAÐUR
www.sparnadur.is

Bayern Líf.

VERSICHERUNGS
KAMMER
BAYERN
Finanzgruppe

Holtasmári 1 Kópavogur | Kaupvangsstræti 1 Akureyri | Sími: 577 2025 | sparnadur@sparnadur.is www.sparnadur.is

skoðun

greinar@frettabladid.is

Greiða verður úr fortíðinni til að takast á við framtíðina.

Nauðsynleg úrvinnsla

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Í þessari viku féllu fyrstu dómarnir sem tengjast aðdraganda og orsökum bankahrunsins beint. Tveir fyrrum bankamenn, sjóðsstjóri peningamarkaðssjóðs og skuldabréfamiðlari, voru dæmdir fyrir alvarlega markaðsmisnotkun. Brot mannanna fólst í því að leggja ítrekað fram óeðlilega há tilboð í hlutabréf í því skyni að halda uppi verði þeirra og styrkja með því stöðu peningamarkaðssjóðs banka síns sem átti verulega fjármuni í þessum hlutabréfum. Dómurinn er líkast til sá fyrsti af allmörgum sem á eftir munu koma og markar því tímamót.

Til muna stærra mál, og að sönnu tímamót einnig, eru upplýsingar sem fram koma í skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings ársins 2008. Þar kemur fram að með skjótari viðbrögðum Seðlabanka við aðferðum bankanna til að afla lausafjár hefði mátt draga úr tjóni Seðlabankans og ríkissjóðs við fall bankanna. „Leikurinn“ sem svo er kallaður í skýrslunni fólst í því að stóru bankarnir þrír tóku lán hjá minni fjármálafyrirtækjum til að styrkja lausafjárstöðu sína en minni fjármálafyrirtæki fengu aftur lán hjá Seðlabankanum gegn ótryggum bréfum. Í ágúst 2008 voru kröfur Seðlabankans um veðtryggingar hertar en eftir stendur spurningin um það hvers vegna það gerðist ekki fyrr eða um leið og Seðlabankinn vissi að bankarnir fóru á svig við hefðbundnar leiðir til að afla lausafjár.

Tap Seðlabankans mun nema 75 milljörðum króna og ríkissjóður Íslands yfirtók 270 milljarða króna til viðbótar. Langtímaskuldbindingar ríkissjóðs tvöfölduðust á árinu 2008 sem skýrist að verulegu leyti af yfirtöku á veðlánum Seðlabankans. Þegar hafa verið afskrifaðir 175 milljarðar en trygg veð eru talin vera fyrir liðlega 50 milljörðum króna af þeim 270 sem ríkið yfirtók. Tapið í heild gæti þannig numið 400 milljörðum króna.

Fyrra málið er smátt í sniðum miðað við hið síðara. Engu að síður eru bæði málin birtingarmynd þess sem fór úrskeiðis í aðdraganda hrunsins; siðferðisbrestur, skortur á regluverki og eftirliti. Allt þetta blés upp bóluna sem að lokum sprakk.

Horfast verður í augu við þann dapra veruleika að bróðurpartur fjárhagslegs tjóns íslenska ríkisins mun lenda á herðum almennings með beinum og óbeinum hætti um ókomin ár og áratugi. Hitt má ekki útiloka að einhverja fjármuni verði hægt að sækja upp í skuldbindingar ríkisins.

Því verður fróðlegt að fylgjast með þeirri vinnu sem hafin er á vegum fjármálaráðuneytisins við að meta hvort hægt sé að reka skaðabótamál á hendur þeim sem sýnt þykir að hafi valdið ríkinu og almenningi fjárhagslegu tjóni með aðgerðum sínum eða aðgerðaleysi í aðdraganda bankahrunsins. Lán Seðlabankans gegn ótryggum veðum eru meðal þess sem skoðað verður en einnig Icesave-reikningarnir til dæmis.

Víst er að slík uppgjör skipta þjóðina verulegu máli í úrvinnslu þeirra atburða sem áttu sér stað í aðdraganda hrunsins. Sú úrvinnsla er mikilvæg og beinlínis nauðsynlegur liður í því uppbyggingarstarfi sem fram undan er í íslensku samfélagi.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **ABSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

Hriflupólitík eða málefnapólitík?

Í Guðsgjafaþulu segir frá því að Íslandsbersa þótti unun að því að hlusta á öndvegismenn íslenskrar endurreisnar ræða um samskipti við ríkisstjórnina, svipað og menn tala um smalatíkina sína. Á þessari öld hefur pólitískum skylmingum svipað mjög til þeirrar tíðar í stjórnmálasögu síðustu aldar sem öðru fremur var kennd við bæinn Hriflu í Bárðardal. Síðustu vikur hefur persónulegt hnútukast hinnar gömlu Hriflungatíðar færst mjög í aukana.

ÞORSTEINN PÁLSSON

Með vissum hætti má segja að það sé eins og að fara gegn straumnum að leggja gott orð til ríkisstjórnarinnar. Sannleikurinn er þó sá að sumar ákvarðanir hennar bera bæði vott um skynsemi og ábyrgð þó að verulega skorti á í öðrum tilvikum.

Það bar til að mynda vott um ábyrgð þegar ríkisstjórnin ákvað að byggja á samstarfsáætluninnni við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn sem fyrri ríkisstjórn hafði gert. Eitt mikilvægasta viðfangsefnið sem sú áætlun mælir fyrir um er að ná jöfnuði í ríkisfjármálum. Niðurskurðaráformin í fjárlagafrumvarpinu eru í samræmi við markmiðin. Afgreiðsla fjárlaganna mun síðan sýna hversu raunhæf framkvæmdin er. Þar byrja vandamálin.

Umræður um útgjaldahlið fjárlagafrumvarpsins benda til þess að verulega skorti á að aðhaldsáformin séu nægjanlega markviss. Í allt of litlum mæli búa þar að baki ákvarðanir um skipulagsbreytingar og nýjar skilgreiningar á þjónustustigi. Hringlandinn varðandi sparnað í fæðingarorlofsútgjöldum leiddi í ljós að einstaka ráðherrar virðast halda að aðhaldsaðgerðirnar séu tímabundnar og ári fyrir kosningar verði unnt að auka útgjöldin á ný eins og ekkert hafi í skorist.

Veruleikinn er hins vegar sá að hér er um varanlegt ástand að ræða. Þjónusta ríkisins verður ekki bætt á ný fyrr en hagvöxtur eykst. Ríkisstjórnin þarf því með meira sannfærandi hætti en fram til þessa að sýna fram á að aðhaldsáformin muni standa.

Stríð eða friður?

Deila má um hlutföllin milli niðurskurðar og nýrrar tekjuöflunar. Það er hins vegar rétt mat hjá ríkisstjórninni að ekki er unnt að komast hjá tekjuöflunaraðgerðum. Aðferðin sem ríkisstjórnin hefur valið til þess að auka tekjurnar er á hinn bóginn bæði vanhugsuð og illa undirbúin.

Þegar skattkerfisbreytingin var ákveðin vorið 1987 náðist um hana breið samstaða bæði á Alþingi og meðal samtaka launafólks og atvinnulífs. Það skattkerfi sem þá var hannað þjónaði að því leyti betur norrænum velferðarsjónarmiðum en skattkerfi hinna Norðurlandaríkjanna að það leysti mun stærri hóp lágtekjufólks með öllu frá skattgreiðslum til ríkisins.

Auðvelt hefði verið að auka skatttekjur og verja þá lægstlaunuðu með tiltölulega einföldum breytingum á þessu kerfi. Þess í stað á að eyðileggja kerfið og taka hér upp flókið og ógagnsætt skattkerfi. Fyrrverandi ríkisskattstjóri hefur réttilega bent á að undirbúningstími til slíkra grundvallarbreytinga sé ónógur. Hann hefur enn fremur leitt rök að því að flóknara og ógagnsærra kerfi leiði til meiri skattundanskota og kalli þar af leiðandi á meiri skattahækkanir á heiðarlegt fólk í framhaldinu.

Er ekki skynsamlegt að hugsa málið betur? Enginn tími mun gefast til almennrar pólitískrar umræðu um þá kerfiskúvendingu sem áformuð er. Annar stjórnarandstöðuflokkanna hefur teflt fram ábyrgum hugmyndum sem leyst geta þann bráða vanda sem ríkissjóður stendur andspænis að því er tekur til tekjuöflunar.

Hvers vegna tekur ríkisstjórnin ekki tilboði um samstarf á Alþingi um slíka lausn? Á nýju ári má svo dýpka það samstarf og leiða í ljós hvort ekki er unnt að ná breiðri samstöðu um framtíðarskipan skattkerfisins í landinu í stað þess stríðs sem í uppsiglingu er.

Almenningur skilur stöðu þjóðarbúsins á þann veg að aldrei hafi verið meiri þörf á samstöðu en nú. Hvers vegna má ekki lyfta bæði umræðum og vinnulagi upp á hærra plan? Hörð persónuleg og ómálefnaleg átök Hriflustjórnmálanna leiddu á þeirri tíð til lengri kreppu á Íslandi en annars staðar. Er þörf á að endurtaka þau mistök?

Hreyfiafl hagvaxtar

Kreppunni 1967 var mætt með stóriðju, inngöngu Íslands í EFTA og útfærslu landhelginnar. Með markvissri alhliða sókn af því tagi fékkst viðspyrna sem leiddi til skjótra umskipta. Því miður átti talsverður hluti hagvaxtarins næsta áratug rætur að rekja til þess að við kusum að halda áfram þeirri rányrkju sem útlendingar höfðu áður stundað.

Sú óvarfærni kom okkur í koll síðar. Hana má því ekki endurtaka. Sannleikurinn er sá að sjávarútvegurinn verður ekki uppspretta hagvaxtar á komandi árum þó að hann sé á ný orðinn undirstaða í þjóðarbúskapnum. Því fremur er þörf á framtíðarsýn og hreyfiafli til að sækja megi fram, bæta samkeppnishæfni og auka hagvöxt.

Við blasa tækifæri í orkunýtingu og möguleikar á að tengjast alþjóðlegri samvinnu sem fært getur atvinnufyrirtækjunum og launafólki samkeppnishæfa mynt og styrkt nýsköpun. Hvorki ríkisstjórnin né stjórnarandstaðan hefur sýnt markvissa og heildstæða forystu á þessu sviði. Er ekki þörf á að leita víðtækari samstöðu þar um? Tilraun í þá veru er líklegri til að lyfta Íslandi en endurlífgun þess anda er spratt úr móum Hriflustjórnmálanna.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **RÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
MENNING: Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
ÍÞRÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

Virðisaukaskatt á fólksflutninga

UMRÆÐAN
Jón Halldór Guðmundsson skrifar um skatta

JÓN HALLDÓR GUÐMUNDSSON

Þegar lög nr. 50/1988 um virðisaukaskatt voru lögfest á Alþingi Íslendinga var þeim ætlað að leysa af hólmi lög um söluskatt sem höfðu verið í gildi síðan 1960. Í athugasemdum með lögunum voru ein rökin fyrir upptöku á virðisaukaskatti í stað þágildandi söluskattslaga að uppsöfnun á söluskatti átti sér stað sem raskaði með ófyrirsjáanlegum hætti samkeppnisstöðu einstakra atvinnugreina. Með tilkomu virðisaukaskattskerfisins átti virðisaukaskattur að eyða sjálfkrafa flestum göllum söluskattskerfisins. Virðisaukaskatturinn átti að vera hlutlaus gagnvart atvinnulífinu og einstökum greinum þess. Tilkoma hans átti hvorki að ívilna né íþyngja einstökum greinum atvinnulífsins.

Frá því að virðisaukaskatturinn var lögfestur hafa fólksflutningar verið undanþegnir. Þeir sem stunda fólksflutninga njóta því ekki þeirra tilætluðu kosta sem virðisaukaskatturinn átti að hafa á atvinnulífið, þ.e. að hann safnist ekki upp. Fólksflutningafyrirtæki (rútufyrirtæki) kaupa mikið magn af eldsneyti, olíum og öðrum aðföngum; allt ber þetta virðisaukaskatt sem safnast upp hjá fyrirtækjunum. Þó er að finna undanþágu frá þessu í reglugerð nr. 686/2005, um tímabundna endurgreiðslu 2/3 hluta virðisaukaskatts vegna kaupa eða leigu hópferðabifreiða. Geta fyrirtæki sem hafa leyfi til fólksflutninga í atvinnuskyni sótt um endurgreiðslu að uppfylltum ákveðnum skilyrðum en þau eru að viðkomandi hópbifreið verður að vera nýskráð á tilteknu tímabili ásamt því að uppfylla EURO-mengunarstaðal Evrópusambandsins. Hefur þetta leitt til þess að meðalaldur fólksflutningabifreiða Íslendinga hefur lækkað umtalsvert.

Á 116. löggjafarþingi 1992 var lögð fram þingsályktunartillaga þess efnis að taka upp nýtt skattþrep sem og fækka þeim undanþágum sem voru í gildi. Þetta nýja skattþrep átti að bera 14% virðisaukaskatt og átti að leggjast meðal annars á ferðaþjónustu, þ.e. hótelgistingu og fólksflutninga að frátöldum leiguakstri fólksbifreiða. Rökin fyrir því að gera fólksflutninga skattskylda voru meðal annars að fólksflutningar væru skattlagðir víða í OECD-ríkjunum. Þetta átti að koma til framkvæmda 1. janúar 1994 en einhverra hluta vegna var horfið frá því að þetta tæki gildi vegna fólksflutninga.

Mikið er um undirboð í greininni og geta fyrirtæki skýlt sér á bak við það að ekki er greiddur virðisaukaskattur af þeirri þjónustu sem þeir bjóða upp á og því er lítið sem ekkert eftirlit með starfsemi þessara fyrirtækja. Er slíkt athæfi til þess eins að verða sér úti um skyndihagnað og eru mýmörg dæmi þess að þeir sem stundi slíkt undirboð stundi líka kennitöluflakk. Endar þetta óhjákvæmilega með því að þjóðfélagið þarf að blæða fyrir þessa gjörninga.

Í greinargerð með lögunum segir að með innheimtu á virðisaukaskatti felist ákveðið sjálfvirkt öryggi þar sem greiddur skattur komi til frádráttar innheimtum skatti hjá öllum öðrum en endanlegum neytanda. Með þessu myndi undandráttur minnka þar sem sá sem dregur veltu undan virðisaukaskatti kemst ekki hjá því að greiða skatt sjálfur af aðföngum sínum.

Með því að leggja virðisaukaskatt á fólksflutninga er komið í veg fyrir þá uppsöfnun sem á sér stað ásamt því að eftirlit með þessari starfsemi myndi aukast til muna. Væru fólksflutningar settir í lægra skattþrepið eins og lagt var upp með í þingsályktunartillögunni, þ.e. 7%, þyrftu fyrirtækin ekki að hækka gjaldskrá sína þar sem sá innskattur sem hlýst af kaupum á aðföngum gengi upp í innheimtan útskatt.

Höfundur er viðskiptalögfræðingur og með MA-gráðu í skattarétti.

Óheppileg nafngift

UMRÆÐAN
Lúðvík Kaaber skrifar um Arion-banka

Nafn Arion-banka er óheppilegt (nema áfram skuli haldið á sömu braut). Að vísu er nafnið gríska. Það kann að benda til þess að um véli klassískt menntaðir heiðursmenn, er þjóni virðulegu, vel stæðu fólki sem auðgast hefur skammlaust og stendur á gömlum merg – à la Danske Bank og fleiri. En grennra má skoða.

Arion er sagður hafa verið ljóðasöngvari á 7. öld fyrir Krist, og eiga heiðurinn af að hafa fyrstur sungið lof Díonýsusar, goðs hömluleysis, nautna og fýsna. Kunna þau tengsl að hafa átt vel við íslenzka banka til skamms tíma, en eru óheppileg ef nú skal breyta um kúrs. Að vísu var Arion sennilega aðeins þjóðsagnapersóna, en goðið sem hann á að hafa lofað var í hávegum haft meðal svallara, bósa og drósa í orgíum síðari alda þar til ráðamenn, trúaðir á Guð, lögðu slíkt af. Eins fór um Hrunadansinn norður hér þar til ráðamenn, trúaðir á Mammon, tóku hann upp aftur.

En nú er þeim dansi lokið og tímabært að taka upp ný nöfn. Ráð er að velja þau vel, sérstaklega þó ef renta á að fylgja. Eins og fallinn banki hafði Arion vit á að syngja líka lof Appollóns, goðs hófsemi og skynsemi, og hlaut raunar velvild hans fyrir, alla vega um skeið. En ekki breytir það því, að eftirlætisgoðmagn Aríons, Díonýsus, er andstæða þess sem hófsamlegt er og skynsamlegt, þótt vissulega sé gaman á meðan gleðin stendur. Ef nöfn skulu tekin úr grískum fornfræðum er betra fyrir banka að kenna sig til Hómers eða Pindars, eða þá Saffóar, ef annað teldist karlremba og varða við stjórnarskrá. Sókratesarbanki? Xanþippubanki? En fiska má líka ágæt nöfn á fleiri miðum.

Grísk fornmenning er einn helzti grundvöllur evrópskar menningar. Vonandi kemur að því að við Íslendingar gerum okkur grein fyrir rótum okkar og hvar við stöndum í veröldinni. Ef okkur auðnast að ná áttum gæti menningararfur okkar jafnvel aftur farið að teljast til almennrar menntunar.

Höfundur er lögfræðingur.

19. desember – 14 nátta jólaferð
2. janúar – 13 nætur
15. janúar – 12 nætur
Frá kr. 69.900*
Frá kr. 129.900 – með „öllu inniföldu“
Beint morgunflug með Icelandair
Kanarí
HOTEL DUNAS MIRADOR
Ótrúlegt sértilboð!
Kr. 149.990 – með „öllu inniföldu“
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í herbergi á Hotel Dunas Mirador *** í 14 nætur með “öllu inniföldu”. Verð m.v. 2 í herbergi með „öllu inniföldu” kr. 187.900. Aukalega fyrir einbýli kr. 29.000. Sértilboð 19. des.
Kr. 109.900
Las Camelias
Netverð á mann, m.v. 2-3 í íbúð á Las Camelias í 14 nætur. Sértilboð 19. des.
2. janúar
Kr. 129.900
– með „öllu inniföldu”
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í herbergi á Hotel Dunas Mirador í 13 nætur með „öllu inniföldu”. Verð m.v. 2 í herb. kr. 149.900. Aukalega fyrir einbýli kr. 16.000. Sértilboð 2. janúar.
15. janúar
Kr. 139.900
– með „öllu inniföldu”
Netverð á mann, m.v. 2-3 í íbúð á Jardin Atlantico í 12 nætur með „öllu inniföldu”. Aukalega fyrir einbýli kr. 40.000. Sértilboð 15. janúar.
Sértilboð Las Camelias – aðeins örfáar íbúðir
Nú bjóðum við síðustu sætin í sólina á Kanaríeyjum um jólin og í janúar á ótrúlegu tilboði. Í boði er m.a. frábært sértilboð með „öllu inniföldu” á Hotel Dunas Mirador Maspalomas, sem er gott hótel í Sonnenland í Maspalomas sem er frábær kostur fyrir bæði pör og barnafjölskyldur. Einnig bjóðum við „stökktu” tilboð, þar sem þú bókar flugsæti og gistingu og færð að vita 4 dögum fyrir brottför hvar þú gistir. Jafnframt bjóðum við örfáar íbúðir á Las Camelias á frábærum kjörum. Fleiri sértilboð einnig í boði. Ath. mjög takmarkaður fjöldi sæta í boði. Verð getur hækkað án fyrirvara!

* Netverð á mann. Flugsæti báðar leiðir með sköttum. Sértilboð 19. des.
Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.
ENNEMM / SÍA • NMA0226
Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001 • Akureyri sími: 461 1099 • www.heimsferdir.is

ÓDÝRT OG GOTT

40% afsláttur

1979 kr. kg

Danskt ungnauta innralæri

verð áður ~~3298~~

30% afsláttur

1989 kr. kg

Sambands hangilæri úrbeinað

verð áður ~~2848~~

40% afsláttur

898 kr. kg

Krónu hamborgar-hryggur

verð áður ~~1498~~

2 lítrar

149 kr. stk.

Happy shopper gos

2,6 kíló

3998 kr. stk.

Dönsk herragarðsönd 2,6 kg

2,3 kíló

699 kr. ks.

Klementínur litlar

20% afsláttur

1898 kr. kg

SS bláberjalæri hálfúrbeinað

1698 kr. kg

Argentínu kalkúna-fylling

1 lítri

99 kr. stk.

Líf safi 3 tegundir

Nýbakað!

199 kr. stk.

Jólabrauð

598 kr. stk.

Gríms humarsúpa sælkerans

KRÓNAN

Ný kynslóð lágvöruverðsverslana

Opnunartímar í Krónunni:

Krónan Höfða
virka daga 11-19
lau 10-19 sun 11-19

Krónan Lindum
alla daga 10-20

Krónan Granda
alla daga 10-19

Krónan Breiðholti
virka daga 11-21
lau. 11-21 sun.12-21

Krónan Árbæ
virka daga 11-21
helgar 10-21

Krónan
alla dag

KRÓNAN í jólaskapi!

Jólaleikur Krónunnar

20 Alvöru vinningar!

Geymdu strimilinn!
Lukkunúmerið er á honum.

20 lukkunúmer dregin út til jóla!

Hver að verðmæti 100.000

Heildarverðmæti vinninga er 2.000.000 kr.
Það eina sem þú þarft að gera er að versla í Krónunni, lukkunúmerið þitt er á kassastrimlinum.

Vinningur:

Allir vinningarnir tuttugu innihalda eftirfarandi:

- Flugbjörgunarsveitin ● „Trausti“ heimilispakki 18.000 kr.
- Vífilfell ● hálfsárs birgðir af 0,5 l gosi 31.000 kr.
- Skjár 1 ● hálfsárs áskrift 13.200 kr.
- KRÓNAN ● gjafabréf 30.000 kr.
- Atlantsolía ● bensínúttekt 8.000 kr.
- KEA ● hangikjötslæri úrbeinað 6.000 kr.
- Mackintosh ● sælgæti 2,4 kg 3.100 kr.

KEA Hangilæri

Lífsheild - Traust - Hæfni
FBS
Flugbjörgunarsveitin Reykjavík

Skjár 1 Áskrift í 6 mánuði

KRÓNAN 30.000 kr gjafabréf

Mackintosh sælgæti 2,4 kg

Coca-Cola hálfs árs birgðir af gosi

AO Atlantsolía bensín úttekt 8.000 kr

Dregið út:
13. des. 5 vinningar
20. des. 5 vinningar
23. des. 10 vinningar

Vinningar verða birtir á heimasíðu Krónunnar www.kronan.is

Allir sem versla í Krónunni eiga möguleika á að vinna!

Mosfellsbæ
ga 10-20

Krónan Reykjavíkurvegi
virka daga 11-21
helgar 10-21

Krónan Hvaleyrarbraut
alla daga 11-21

Krónan Akranesi
alla daga 10-19

Krónan Reyðarfirði
mán-fim 11-18
fös 11-19
lau. 11-17 sun.12-16

Krónan Vestmannaeyjum
virka daga 11-19
lau 11-18 sun 11-16

Krónan Selfossi
virka daga 10-20
helgar 10-19

kirsuber


coffee

OMEGA
Veggsamstæður
á tilboði:
79.900,-
Verð áður 104.500,-
mál: b.208 cm; h.190 cm

Hirzlan
Smiðsbúð 6 210 Garðabæ Sími 564 5040
www.hirzlan.is

Veröldin vill samning sem heldur

UMRÆÐAN
Sólveig Anna Jónsdóttir skrifar um loftslagsráðstefnuna í Kaupmannahöfn

Í dag, 12. desember, klukkan 17.30, mun Íslandsdeild Attac-samtakanna, í samvinnu við Náttúruverndarsamtök Íslands og netsamfélagið Avaaz.org, standa fyrir kertaljósavöku á Lækjartorgi, í Reykjavík. Tilefnið er loftlagsráðstefna Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn þar sem þjóðarleiðtogar heimsins munu freista þess að komast að samkomulagi um aðgerðir til að stemma stigu við loftslagsbreytingum af mannavöldum.

Sams konar kertaljósavökur hafa verið skipulagðar um allan heim, og hafa félagasamtök og einstaklingar í meira en 130 löndum hlýtt kallinu. Krafa okkar er skýr: Sanngjarnt, metnaðarfullt, lagalega bindandi samkomulag verður að nást, veröldin krefst samnings sem heldur!

Rannsóknir vísindamanna sýna með óyggjandi hætti að styrkur gróðurhúsalofttegunda í andrúmslofti jarðar hefur aukist frá upphafi iðnbyltingarinnar á átjándu öld, en þó sérstaklega á undanförnum áratugum. Orsök aukningarinnar eru athafnir okkar mannanna, brennsla olíu og kola. Vísindafólk er á einu máli um að aukinn styrkur gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu leiði til hlýnunar jarðar. Af síðustu fjórtán árum hafa enda ellefu verið hin heitustu síðan mælingar hófust.

Haldi styrkur gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu áfram að aukast án þess að nokkuð sé að gert mun það leiða til stórkostlegra breytinga á loftslagi jarðarinnar, bráðnunar jökla og íshellu heimskautanna og þar með hækkunar sjávarborðs, og áfturkræfra breytinga á vistkerfi jarðarinnar.

SÓLVEIG ANNA JÓNSDÓTTIR

Fátækustu systkin okkar á suðurhveli jarðar, sem þola skort og búa við erfið skilyrði, eru í mikilli hættu. Vistkerfi margra þróunarlanda eru nú þegar mjög brothætt. Í Sahelbeltinu, þar sem Sahara-eyðimörkin hefur verið að færa sig stöðugt sunnar, geta jafnvel tiltölulega smávægilegar loftslagsbreytingar þýtt uppskerubrest, þurrka og uppblástur. Í löndum Suðaustur-Asíu hafa loftslagsbreytingar síðustu ára leitt til stóraukinnar tíðni hitabeltisstorma sem hafa eyðilagt uppskeru og vatnsból, og á kóraleyjum Indlandshafs getur mjög lítil hækkun sjávarborðs þýtt að heilu eyjarnar fara á kaf.

Fátækustu systkin okkar á suðurhveli jarðar, sem þola skort og búa við erfið skilyrði, eru í mikilli hættu. Vistkerfi margra þróunarlanda eru nú þegar mjög brothætt.

Þessi lönd skortir fé til þess að grípa til aðgerða sem gætu unnið gegn afleiðingum loftslagbreytinga. Það dylst engum að Vesturlönd bera meginábyrgð á aukningu gróðurhúsalofttegunda í andrúmslofti jarðar, og það getur varla dulist nokkurri manneskju að íbúum hinna ríku Vesturlanda ber því siðferðileg skylda að koma fátækustu löndum jarðar til hjálpar.

Baráttufólk og sérfræðingar í loftslagsmálum fullyrða að raunverulegur samningur um samdrátt í útstreymi gróðurhúsalofttegunda verði að innihalda eftirfarandi atriði:

a) Sanngirni – Tryggja verður 200 milljarða Bandaríkjadollara til að fjármagna aðgerðir í fátækum ríkjum til að takast á við afleiðingar loftslagsbreytinga.

b) Metnað – Stefnt verði að því að útblástur koltvísýrings nái hámarki eigi síðar en árið 2015 og að styrkur hans í andrúmsloftinu verði þegar fram í sækir ekki meiri en 350 ppm (er nú 384 ppm).

c) Lagalega bindandi – Samningur verður að binda ríki heims að þjóðarrétti.

Okkur hefur verið falið að varðveita hið einstaka kraftaverk sem sköpunarverkið er fyrir komandi kynslóðir, og okkur ber skylda að axla þá ábyrgð af ánægju og dugnaði, því afkomendur okkar eiga sama rétt á ávöxtum jarðarinnar og við.

Sjáumst á Lækjartorgi.

Höfundur skrifar fyrir hönd Íslandsdeildar Attac.

Yfirborðskenndur málflutningur

UMRÆÐAN
Ólafur Elíasson, Jóhannes Þ. Skúlason og Ragnar F. Ólafsson skrifa um Icesave

Í leiðara Fréttablaðsins hinn 12.09.2009 stillir Jón Sigurðsson Icesave-málinu þannig upp að annaðhvort sé gengið að ýtrustu kröfum Breta og Hollendinga eða öll okkar viðskipti við Evrópuþjóðir séu sett í uppnám og þá þurfi að leita nýrra markaða fyrir framleiðsluvörur Íslendinga.

Þær forsendur sem Jón gefur sér eru afar hæpnar og vilja undirritaðir gera við þær alvarlegar athugasemdir. Eru Íslendingar ekki búnir, með lögum um ríkisábyrgð vegna Icesave frá því í sumar, að skuldbinda sig til að greiða bætur vegna innstæðutryggginganna? Var þetta ekki gert þrátt fyrir að enginn dómur hafi fallið í málinu og Íslendingar telji sig ekki lagalega skuldbundna til að greiða upphæðina? Hefur ekki fjármálaráðherra Hollands sjálfur viðurkennt að galli hafi verið í innlánstryggingakerfi ESB og það hafi ekki verið hannað til að ráða við heildarhrun bankakerfis eins og átti sér stað á Íslandi? Á hvaða forsendum ætla Bretar og Hollendingar þá að ná fram samstöðu um viðskiptaþvinganir gagnvart Íslandi? Af því að ekki hafi verið gengið að þeirra ýtrustu kröfum, sem þeir vildu þó ekki láta dómstóla fjalla um? Það er einfaldlega óhugsandi að Evrópusambandið myndi beita viðskiptaþvingunum gegn Íslandi á þessum forsendum. En þess má geta að ESB hefur ekki einu sinni beitt viðskiptaþvingunum gegn Serbíu, þrátt fyrir að ríkisstjórn þar hafi staðið á bak við skelfilegar þjóðernishreinsanir. Sú hræðsla við að standa vörð um hagsmuni þjóðarinnar, sem okkur birtist í málflutningi Jóns Sigurðssonar, er okkur algerlega óskiljanleg.

ÓLAFUR ELÍASSON

JÓHANNES Þ. SKÚLASON

RAGNAR F. ÓLAFSSON

Erlendar skuldir í röngum samanburði

Jón fjallar í leiðara sínum um skuldastöðu þjóðarinnar og ríkisins á afar yfirborðskenndan hátt. Það er fráleitt að bera saman heildar erlenda skuldastöðu Íslands við Bretland og Holland. Munar hefði verið fyrir Jón að bera saman stöðu Íslands við lönd með litla eigin gjaldmiðla og lítil bankakerfi eins og Ísland er nú. Öll slík lönd eru með skuldahlutfall undir 130%, sé miðað við heildarskuldir í erlendri mynt sem hlutfall af vergri landsframleiðslu. Það er nokkuð langt undir 310% skuldahlutfallinu sem IMF hefur áætlað fyrir Ísland. Jón kýs að líta fram hjá þessu og ber þess í stað saman epli og appelsínur.

Nettóskuldir – alvarleg áhætta

Jón dregur einnig úr alvarleika stöðunnar með því að beina athygli lesenda að nettóskuldastöðu þjóðarinnar. Þetta er sama brella og útrásarvíkingarnir notuðu. Rétt fyrir hrun voru allir bankarnir og eignarhaldsfyrirtækin skráð með afar hátt eigið fé. Síðan hrundu eignirnar í verði en skuldirnar stóðu eftir. Það er gríðarleg áhætta fyrir Íslendinga að vera með hátt skuldahlutfall þrátt fyrir háa eignastöðu. Afleiðingarnar annars eignafalls gætu orðið mun verri en við fallið fyrir ári síðan, því í þetta sinn er öll íslenska þjóðin veðsett upp fyrir haus.

Í leiðara sínum fullyrðir Jón að hagtölur sýni að þjóðin ráði við greiðslurnar vegna Icesave. Hvað hefur hann fyrir sér í þessu? Álit Seðlabankans, sem Hagfræðistofnun Háskóla Íslands hefur gagnrýnt harðlega, m.a. fyrir skort á raunhæfum forsendum? Málsmetandi hagfræðingar, s.s. Jón Daníelsson og Gunnar Tómasson, telja íslensku þjóðina alls ekki geta staðið undir þessum greiðslum og hafa rökstutt það ítarlega. Engin þeirra áætlana sem gefnar hafa verið út gera ráð fyrir því að Íslendingar geti haldið lífsgæðum á svipuðu róli og nágrannaþjóðir okkar. Allar gera ráð fyrir svo miklum samdrætti í innflutningi að gera má ráð fyrir að langvarandi skömmtun á gjaldeyri þurfi að koma til. Hættan er sú að þessi mikla takmörkun á innflutningi leiði til fólksflótta. Auk þessa má benda á að enginn hefur hingað til sýnt fram á að Íslendingar geti á næstu árum bæði staðið undir Icesave-greiðslum og leyst krónubréfavandann.

Hættum að tala um Icesave sem sjálfsagða skuld

Niðurstaðan er einföld. Fyrirvarar Alþingis í sumar fólu í sér leið til að borga Icesave-kröfuna að teknu tilliti til upphæðar hennar, stærðar íslenska hagkerfisins og fordæmalausra aðstæðna hérlendis vegna hrunsins. Fyrirvararnir fólu í sér vilja Íslands til að taka á sig byrðar þrátt fyrir galla í lagaumhverfi Evrópu, en þó þannig að það leiddi ekki til greiðsluþrots. Fyrirvararnir höfðu þann skýra tilgang að færa Icesave-samningana nær hinum svonefndu Brussel viðmiðum. Hægur vandi er að sannfæra Breta og Hollendinga um þessar staðreyndir, séu þeir ekki nú þegar sannfærðir. Fyrsta skrefið er að byrja að kynna málstað Íslands meðal erlendra ráðamanna og almennings. Í þeim málflutningi þarf að hætta að tala um Icesave sem sjálfsagða skuld og kynna hana frekar sem framlag Íslands til lausnar á vanda innstæðueigenda og innstæðutryggingakerfis Evrópusambandsins. Sé málstaður okkar þannig kynntur af röggsemi er engin hætta á því að Evrópusambandið setji viðskiptahömlur á Íslendinga. Sérstaklega yrði það þó sterkt gagnvart Evrópusambandinu ef þjóðin kysi það í þjóðaratkvæðagreiðslu að taka á sig Icesave-skuldbindingarnar gagnvart Hollendingum og Bretum á grundvelli þeirra sjálfsögðu fyrirvara sem Alþingi Íslendinga sameinaðist um í sumar.

Ólafur Elíasson er tónlistarmaður. Jóhannes Þ. Skúlason er grunnskólakennari. Ragnar F. Ólafsson er félagssálfræðingur.

Verbúðir við Geirsgötu

Tækifæri til athafna í hjarta Reykjavíkur

Faxaflóahafnir sf. auglýsa hér með til leigu tiltekin rými í verbúðum við Geirsgötu í Reykjavík.

Í skipulagi er gert ráð fyrir verslun og þjónustu á lóðum verbúðanna og Faxaflóahafnir sf. gera ráð fyrir því að í leigurýmunum verði starfsemi sem dragi að fólk og stuðli að fjölbreyttu mannlífi við Suðurbugt.

Þetta er athafnasvæði í hjarta Reykjavíkur, örskotslengd frá miðborginni; meðal annars viðleguhöfn smábáta og áfangastaður tugþúsunda ferðamanna á leið í og úr hvalaskoðun á Faxaflóa.

Húsnæðið verður leigt í því ástandi sem það er. Leigjendum er ætlað að annast innréttingu húsnæðisins að fengnu samþykki Faxaflóahafna sf. og viðeigandi yfirvalda. Væntanlegir leigusamningar verða án tímamarka en með gagnkvæmum sex mánaða uppsagnarfresti.

Leigugjald verður 510 krónur +vsk. fyrir hvern fermetra á mánuði.

Rýmið sem leigt verður út við Geirsgötu:

	hæð	ferm.
Verbúð nr. 1	báðar hæðir	191
Verbúð nr. 2	báðar hæðir	191
Verbúð nr. 3	efri hæð	83
Verbúð nr. 6	jarðhæð	54
Verbúð nr. 7	jarðhæð	108

Umsóknum skal skilað til hafnarstjóra Faxaflóahafna sf. fyrir mánudaginn 11. janúar 2010 og skal þar jafnframt gerð skilmerkileg grein fyrir fyrirhugaðri starfsemi eða rekstri í viðkomandi verbúðarrými.

Nánari upplýsingar veitir Helgi Laxdal, forstöðumaður rekstrardeildar Faxaflóahafna, í síma 525 8900.

Faxaflóahafnir sf
Associated Icelandic Ports

ATHYGLI

„EINSTÖK ÁNÆGJA“

Sagan er umfram allt bráðskemmtileg og afbragðsgóð heimild um horfinn tíma ... saga með spriklandi lífi ...

– Ágúst Borgþór Sverrisson, Pressan.is

Frásögn Ólafs er öll einkar viðfelldin og skemmtileg aflestrar. Hann á auðvelt með að sjá spaugilegar hliðar mannlífsins, tekur flestu með hæfilegri alvöru og gerir ekki síður grín að sjálfum sér en öðrum. ... Þetta er vel skrifuð bók og læsileg og ekki að efa að margir munu hafa af henni gott gaman.

– Jón Þ. Þór, DV

Ólafur er leiftrandi höfundur þegar hann er bestur. ... Það er heiður himinn yfir frásögninni allri, væntumþykja og ekkert væl.

– Páll B. Baldvinsson, Fréttabl. 6. nóv.

Það eru þarna dásamlegar lýsingar á því hvernig konur líta karlmenn sem næstum því ómögulega en sem samt þarf að umbera og taka sérstökum tökum. Og líka á frelsi barna, hvað börnin voru frjáls í leikjum sínum út um allt en ekki á einhverju lokuðu, vernduðu svæði. … Það er einstök ánægja að lesa þessa bók. Stórfín!

– Kolbrún Bergþórsdóttir, Kiljunni



Saga Birnu Óladóttur og Dagbjarts Einarssonar útgerðarmanns í Grindavík.

Opinská og heiðarleg ævisaga þar sem ekkert er dregið undan.

Saga dugmikils fólks sem með áræðni og vinnusemi byggði upp öflugt fyrirtæki og getur með stolti litið yfir farinn veg.

Það liggur í loftinu er í senn ævisaga hjónanna Birnu Óladóttur frá Grímsey og Dagbjarts Einarssonar frá Grindavík og að hluta saga byggðarlaganna sem fóstraði þau. Höfundurinn, Jónas Jónasson, vefur þessa tvo þræði saman af snilld. ... Það er augljóst að Jónas Jónasson hefur fengið hjónin til að segja nánast allt um líf sitt og ástir.

– Reynir Traustason, DV

SKRUDDA
Eyjarslóð 9 – 101 Reykjavík
s. 552 8866 – skrudda@skrudda.is
www.skrudda.is

Piparsveinn í pólitíkinni

Það hefur alltaf farið talsvert fyrir **Þráni Bertelssyni** í samfélaginu. Landsmenn þekkja myndirnar hans og bækurnar og lásu beinskeytta samfélagsgagnrýni hans í Fréttablaðinu. Nú er Þráinn á þingi. *Björn Þór Sigbjörnsson* spjallaði við hann um þingstörfin, listina og fleira.



ANDSTYGILEGIR TÍMAR Þráinn, sem varð 65 ára fyrir fáeinum dögum, kveðst aldrei hafa lifað leiðinlegri og andstyggilegri tíma en frá svona 2004 til 2007 þegar allt gekk út á peninga . FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Byrjum í pólitíkinni, hvernig er í vinnunni?

„Áhugavert er fyrsta orðið sem kemur upp í hugann. Stundum er gaman og stundum ekki, svona eins og gengur í lífinu. Þarna er umferðarmiðstöð valdsins og stundum hægt að hafa einhver áhrif en það er líka hægt að sökkva sér niður í þunglyndi yfir því hvað völd eins þingmanns eru lítil. Sérstaklega þingmanns sem ekki tilheyrir ríkisstjórnarflokki.“

Þráinn fylgdist vel með pólitíkinni áður en hann settist á þing. Hann segir að eftir að þangað var komið hafi hann fengið staðfestingu á því sem hann taldi sig vita; að ágreiningur milli stjórnmálaflokka væri mjög djúpstæður og að þeir væru fastir í gömlum hjólförum. „Öðrum þræði voru það vonbrigði. Og eins að upplifa það að vald þingmanna er ósköp takmarkað. Það getur verið erfitt að geta ekki framfylgt vilja fólks og látið óskir rætast. En á hinn bóginn er það prýðilegt því ég held að ástandið í landinu væri enn þá skelfilegra ef vald einstakra þingmanna væri miklu meira en það er.“

Stoðar lítið að leggjast í rúmið

Við víkjum að ástandinu. Þráinn þekkir marga og heyrir í mörgum og er í ágætri aðstöðu til að meta sálarástand þjóðarinnar. „Ég held að það sé ágætt. Þetta er harðger þjóð sem hefur lifað lengi við erfiðar aðstæður og þekkir bæði mikinn afla og aflabrest. Í sjálfu sér held ég að þjóðin sé ekki í sálrænni hættu út af kreppunni eða hruninu, sem nú er innan gæsalappa hjá Morgunblaðinu. Þetta hrun var efnahagslegt. Miklum peningum var stolið, glatað eða sóað en þetta voru ekki náttúruhamfarir, það fórust ekki byggðarlög, það hrundu engin hús, opinberar byggingar standa, stjórnkerfið virkar, menningararfurinn er óskemmdur, menntunin er enn til staðar og auðlindirnar óskaddaðar.

> „… mín reynsla er sú að þegar maður mætir erfiðleikum stoðar lítið að leggjast í rúmið og hrópa að það sé kominn heimsendir. Þá er kominn tími til að leggja sig meira fram …

Þegar maður lítur á ástandið úr ákveðinni fjarlægð eru þetta tímabundnir erfiðleikar sem ég geri ekki lítið úr en mín reynsla er sú að þegar maður mætir erfiðleikum stoðar lítið að leggjast í rúmið og hrópa að það sé kominn heimsendir. Þá er kominn tími til að leggja sig meira fram en endranær og reyna að byggja upp aftur það sem hefur verið brotið niður, og reyna kannski að gera það örlítið betur.“

Fjarlægðumst sjálf okkur

Þráinn telur að þjóðin geti lært af hruninu og er í aðra röndina feginn því að andrúmsloft það og lifnaður sem kennd eru við árið 2007 sé baki. „Ég held að þessi kreppa geti fært okkur merkilega lexíu ef við viljum leggja við eyrun og læra. Við vorum ekki á góðri leið. Ég er búinn að lifa nokkuð lengi og hef aldrei lifað leiðinlegri og andstyggilegri tíma en frá svona 2004 til 2007. Allt gekk út á peninga. Maður komst ekki á milli húsa án þess að heyra hagfræðilegar útlistanir eða fréttir af viðskiptagöldrum. Það var eins og peningar væru inntak mannlífsins. Ég held að við höfum verið komin býsna langt frá sjálfum okkur og ég vona að þetta dugi til að kenna okkur að þó að peningar séu ein af nauðsynjum lífsins gengur lífið ekki út á þá. Öðru nær. Það eru önnur verðmæti og merkilegri.“

Leiðinlegt fremur en erfitt

Aftur á þing. Aðstæður Þráins eru aðrar en eftir kosningarnar í apríl. Í stað þess að sitja í fjögurra manna þingflokki Borgarahreyfingarinnar er hann einn á báti og Borgarahreyfingin án þingmanns. Hann segir þá stöðu bæði góða og slæma. „Ég held að það sé útilokað að svara því hvor sé hamingjusamari, einyrki í búskap eða maður sem starfar á samyrkjubúi. Tækifærin eru mismunandi og leikreglurnar ólíkar. Ég er einfari í eðli mínu svo að prívat og persónulega líður mér alls ekki illa. En burtséð frá því er Alþingi skemmtilegur vinnustaður að því leyti að megnið af því fólki sem þar vinnur er afskaplega notalegt, hlýlegt og jafnvel skemmtilegt,“ segir Þráinn og á þar bæði við starfsfólk og þingmenn.

Þráinn sagði sig úr þingflokknum eftir frægt bréf Margrétar Tryggvadóttur þingflokksformanns þar sem hún lýsti áhyggjum af heilsufari hans. Hann segir þá tíma hafa verið óskemmtilega fremur en erfiða. „Ég er vanur því að takast á við alls konar vandræði og vandamál enda ekki fæddur með silfurskeið í munni. Ég hef alltaf þurft að hafa fyrir hlutunum svo mér fannst þetta í raun og veru ekki erfitt, en að sjálfsögðu ekki skemmtilegt. Það er ekki gaman þegar upp kemur djúpur ágreiningur og að verða fyrir atvinnurógi, þess óska ég engum manni.“

Ýmsar þreifingar

Hann segir að þó að hann sé ekki þingmaður Borgarahreyfingarinnar starfi hann eftir sem áður samkvæmt stefnuskrá hennar, þeirri sömu og hann barðist fyrir í aðdraganda kosninga. Svo verði áfram. En hefur hvarflað að honum, í ljósi þess að hin þrjú sem kjörin voru á þing fyrir Borgahreyfinguna eru horfin á braut, að ganga á ný í Borgarahreyfinguna og gerast þingmaður hennar? „Sko. Eitt af því sem ég hef lært á þessum stutta tíma er að það eru margvíslegar þreifingar í gangi. Ég held góðu sambandi við marga af félögum mínum í Borgarahreyfingunni og útiloka ekki að nánara samstarf geti tekist með okkur einhvern tíma í framtíðinni. En ég verð þess líka var að fleiri stjórnmálaflokkar myndu taka vel á móti mér. Ég útiloka ekkert en er ekki á leið í langvarandi samband. Í augnablikinu er ég bara piparsveinn í pólitík og lifi mínu piparsveinalífi.“

Ríkisstjórnin taki á sig rögg

Þráinn vill engu svara um hvort hann sé á leið í Samfylkinguna eins og stundum heyrist en óneitanlega renndi atkvæði hans í Icesave-málinu stoðum undir slíkar kenningar. Hann vísar til samviskunnar; hann styðji ríkisstjórnina þegar honum þyki ástæða til og ekki þegar svo ber undir. „Ég er ekki í formlegu sambandi né samstarfi við stjórnina og svo mikið er víst að ef ég á að halda áfram að styðja hana þegar hún þarf á stuðningi að halda og hennar eigin flokksmenn hlaupast undan merkjum þá verður stjórnin að taka á sig rögg og gera núna loksins það sem hún átti að byrja á að gera, að slá skjaldborg um fólkið í landinu.

Flestar aðgerðir stjórnarinnar hafa verið í sambandi við fjármálalífið og efnahagslífið og það er kannski eðlilegt. Þar varð hrunið og þar eru rústirnar. Hundruð og jafnvel þúsundir milljarða króna af skuldum óráðsíumanna hafa verið afskrifaðar með einum eða öðrum hætti og nú er óhjákvæmilegt að stjórnin snúi sér að þeim vanda sem snýr að einstaklingum og fjölskyldum,“ segir Þráinn og rifjar upp baráttumál Borgarahreyfingarinnar um að færa beri höfuðstól verðtryggðra húsnæðislána til þess sem hann var í byrjun síðasta árs auk þess sem

FRAMHALD Á SÍÐU 28

Líka með jólamyndum

Tilbúið til inntöku




FRAMHALD AF SÍÐU 26

afnema þurfi vísitölutrygginguna, sem sé að drepa almenning í landinu. „Þetta tvennt þarf stjórnin að gera til að geta látið sig dreyma um að hún hafi minn stuðning.“

Vænisjúkur Sjálfstæðisflokkur

Skömmu eftir kosningar upphófst talsverð umræða um þá staðreynd að Þráinn fær heiðurslaun listamanna sem Alþingi ákveður. Nema þau 150 þúsund krónum á mánuði. Tæplega þrjátíu listamenn úr flestum listgreinum fá slík heiðurslaun. Krafist var að Þráinn afsalaði sér laununum enda væri hann kominn í fasta vinnu á Alþingi. Þráinn reiddist þegar sú umræða stóð og velkist ekki í vafa um hvaðan hún spratt. „Ég reiddist því að Sjálfstæðisflokkurinn skyldi reyna að gera mig tortryggilegan fyrir þá sök að hafa unnið til viðurkenningar fyrir að hafa tekið þátt í að leggja grundvöll að íslenskri kvikmyndagerð. Sjálfstæðisflokkurinn, heill stjórnmálaflokkur, barðist gegn því á sínum tíma að einstaklingur, ég, sem fulltrúi íslenskrar kvikmyndagerðar fengi heiðurslaun, af slíkri hörku að engum heiðurslaunum var úthlutað árum saman.

Mér finnst það ömurlegt að þessi flokkur sem um síðir þurfti að beygja sig fyrir meirihluta á Alþingi og taka þátt í að veita mér þessi heiðurslaun skyldi ekki geta sætt sig við þann ósigur sinn heldur grípa fyrsta tækifæri sem gafst til að rjúka upp með gjammi og reyna að bíta í hælana á mér. En hatur Sjálfstæðisflokksins á meintum vinstrimönnum úr menningarlífinu virðist ekki eiga sér nein takmörk. Því hafa því miður fleiri en ég fengið að kynnast. Þótt ég hafi skömm á yfirgangi og vænisýki Sjálfstæðisflokksins er ekki þar með sagt að ég fyrirlíti alla sjálfstæðismenn. Þar, eins og annars staðar, er fullt af góðu fólki sem ég veit reyndar ekki á hvaða ferðalagi er. En Icesave-plágan er ekki eina plágan sem þessi flokkur hefur leitt yfir fólkið í þessu landi. Icesave er bara hluti af þeim byrðum sem þjóðin þarf að rogast með í boði þessa undarlega flokks.“

Íhaldssamur, hægrisinnaður einfari

Þetta var dágóður reiðilestur. Af hverju er þér svona illa við Sjálfstæðisflokkinn? „Það er mjög góð spurning. Ég er einfari, íhaldssamur, fremur hægrisinnaður og hef lifað af eigin atvinnurekstri eiginlega alla ævi mína. Ég ætti eiginlega að vera í Sjálfstæðisflokknum öfugt við þá hugmyndafræðinga sem boða einstaklingsframtakið en hafa alla tíð haft framfærslu sína frá ríkinu, sem Sjálfstæðisflokkurinn virðist líta á sem verndaðan vinnustað fyrir skjólstæðinga sína sem ekki geta plumað sig á frjálsum markaði. Ég á enga samleið með þeim sem ekki praktísera sjálfir það sem þeir prédika. Og meira er ekki um það að segja af minni hálfu,“ segir Þráinn og skilgreinir í framhaldinu stjórnmálamanninn sjálfan sig. „Mín samkennd er með fólki en ekki flokkum. Með meðbræðrum mínum og samferðamönnum á þessu undarlega stutta ferðalagi okkar um veröldina. Og þó að ég sé einfari og leggi mikið upp úr því að einstaklingsframtakið fái notið sín lít ég fyrst og fremst á mig sem húmanista sem fylgir mannúðarstefnu. Eins og það er mikilvægt að þeir sem eru sterkir eða hæfileikaríkir fái að breiða út vængina er jafn mikilvægt að skjól sé fyrir alla hina sem ekki hafa þessa hæfileika, getu, dug eða þor og þurfa á hjálp og öryggi að halda.“

> Ég ætti eiginlega að vera í Sjálfstæðisflokknum öfugt við þá hugmyndafræðinga sem boða einstaklingsframtakið en hafa alla tíð haft framfærslu sína frá ríkinu.

Pælt í hamingjunni

Við víkjum að menningunni sem er jú alltumlykjandi þar sem við sitjum á kaffihúsinu í Eymundsson í Austurstræti. Síðasta áratug hafa komið út fimm bækur eftir Þráin; þrjár skáldsögur og tvær sjálfsævisögur. Þetta árið er ekkert nýtt eftir hann á borðum bókabúðanna. „Nei, og það þykir mér hundleiðinlegt af því að mér finnst gaman að taka þátt í því sem kallað er bókaflóð eða jólavertíð. Ég fylgist alltaf nokkuð vel með því sem kemur út, eftir því sem hægt er að fylgjast með öllu því sem gerist í flóði, og sterkust er upplifunin ef maður sjálfur er þátttakandi. Þá er mest gaman. Það er jólalegt. Ég gæti haldið jól án þess að hafa jólatré en jól án bóka gæti ég ekki hugsað mér.“

Það stóð reyndar til um tíma að út kæmi bók en það fór á annan veg. „Ég hafði verið að vinna að pínulitlu kveri sem ég ætlaði að klára þegar ég fengi frí eftir Icesave-maníuna í sumar en þá fékk ég flensu og síðan lungnabólgu upp úr henni og þegar sumarfríið var búið var engin bók tilbúin. Ég missti því af þessum jólum að þessu leyti.“

Bókin sú var hvorki skáldsaga né æviminningar. Róið var á önnur mið og sjálf lífshamingjan tekin til skoðunar. „Þetta voru mínar persónulegu vangaveltur um í hverju hamingjan er fólgin. Yfirferð og samantekt á ýmsu sem sagt hefur verið og hugsað um hamingjuna svona um það bil síðustu 2.500 árin. Ég velti hamingjunni óvenjumikið fyrir mér þegar ég var að byrja á þinginu og fannst að þessar hugleiðingar – ekki mínar heldur þær sem ég tók saman – gætu átt erindi við þjóð sem er ekki eins rík af peningum og hún hélt að hún væri en er vonandi miklu ríkari af hamingju en hún gerir sér grein fyrir.“

Óvíst er hvort hamingjubókin komi út á næsta ári en Þráinn vonast í öllu falli til að taka þátt í fleiri jólavertíðum. Hann segist hafa til þess einbeittan brotavilja.

Er hamingja í pólitík?

Í hamingjupælingunum í vor og sumar renndi Þráinn yfir pólitíska sviðið og velti fyrir sér hvort stjórnmálavafstur væri yfirleitt lukkulegur starfsferill. Hann komst að því að svo væri ekki og er feginn að hafa ekki valið sér pólitíkina sem aðalstarf í lífinu. „Mér blöskrar eiginlega þegar ég lít á þá sem með einum eða öðrum hætti hafa staðið uppi sem sigurvegarar í pólitík því ekki er að sjá að þar fari hamingjusamir menn að loknum starfsferli. Ég nefni engin nöfn en þetta á ekki bara við um Ísland því ekki batnar ástandið þegar pólitík í öðrum löndum er skoðuð.

Ég hugsa reyndar að ég hefði aldrei getað gert stjórnmál að aðalstarfi vegna þess að ég er svo ófullkominn að ég þarf að sjá einhvern árangur verka minna. Í stjórnmálum getur það verið erfitt og þess vegna held ég að þessi borðaklippinga- og hornsteinamanía brjótist út í stjórnmálamönnum. Þeir klippa á borða eins og þeir hafi lagt vegina eða grafið göngin sjálfir og leggja hornsteina eins og þeir hafi sjálfir reist byggingarnar. Þetta stafar af ósköp eðlilegri leit að því að sjá áþreifanlegan árangur verka sinna.“

Meira líf og lestur góðra bóka

Þráinn hefur skrifað og þýtt á annan tug bóka og kvikmyndirnar eru sjö, auk sjónvarpsþáttaraðarinnar Sigla himinfley. Við vitum að hann er ekki hættur að skrifa en ætli hann hafi leikstýrt sinni síðustu kvikmynd? „Það vona ég ekki. Þvert á móti vona ég, þótt það sé leiðinlegt að búa til kvikmyndir – sem þó er sælan sjálf miðað við að hlusta á málþóf á þingi – að ég endist til að gera eina eða tvær myndir þegar þingferlinum lýkur.“

Hann segir að leikarinn Gísli Örn Garðarsson Vesturportsmaður, sem Þráinn segir bæði skemmtilegan mann og „hæfileikabúnt“, hafi einhverra hluta vegna fengið þá þráhyggju að gera þurfi nýja Lífs-mynd með Þór og Danna. „Ég held að það væri hægt að gera margt vitlausara en það. Ég veit ekki hvaða líf það yrði, sumir vilja sjá viðskiptalíf eða heilbrigt líf eða eitthvað svoleiðis en það skiptir ekki öllu. Þegar ég hef áttað mig á hvar þessir tveir lukkuriddarar eru staddir í lífinu, hvernig þeir hafa mótast og hvaða afstöðu þeir hafa á öðru aldursskeiði, 25 árum síðar, þá kemur handritið, og grínið, af sjálfu sér. Það eru karakterarnir sjálfir og hvernig þeir bregðast við aðstæðum, sýsl þeirra, vonir og draumar sem gefa myndunum slagkraft, ekki umhverfið.“

Við klárum úr kaffibollunum. Þráinn veit ekki, frekar en aðrir, hvernig þingstörfin verða næstu daga en hvað sem þeim líður koma jól. En hann veit hvað hann ætlar að lesa yfir hátíðirnar. „Einn hápunktur jólahátíðarinnar er að leggjast fyrir á jólanótt og byrja að lesa og ég er löngu búinn að ákveða hvað það verður. Ég ætla að lesa bókina hans Óskars Guðmundssonar um Snorra Sturluson og þá merkilegu tíma sem hann lifði og svo eina af perlum heimsbókmenntanna, Ummyndanir eftir Publius Ovidius Naso sem Kristján Árnason hefur þýtt af fágaðri snilld. Mér þótti djöfullegt að lesa Ovidius í menntaskóla en nú hlakka ég óskaplega til. Nú hef ég vonandi nægan þroska.“

FÓR EFTIR SANNFÆRINGU SINNI Í ICESAVE

Í vikunni var atkvæðagreiðsla um Icesave í þinginu. Þráinn, einn stjórnarandstæðinga, greiddi atkvæði með málinu. Hann beitti einfaldri aðferð til að komast að niðurstöðu í málinu. „Ég kann ekki aðra leið til að starfa þarna og hef ekki annan áttavita að fara eftir en mína sannfæringu,“ segir hann.

Sömu aðferð beitti hann þegar málið var til meðferðar í fyrra sinnið. „Þá tók það mig ekki langan tíma að átta mig á að þetta væri ekki góður samningur heldur bæri hann öll einkenni nauðungarsamninga. Ég vildi kasta honum burt og láta um leið boð út ganga um að Íslendingar áttuðu sig á vandamálinu og vildu finna lausn á því þótt þjóðin sem slík bæri ekki á því ábyrgð. Auðvitað vildi ég helst af öllu að Icesave-málið væri ekki til og þessi bannsett bankafífl og markaðstalíbanar hefðu ekki komið okkur í þessi vandræði. En þetta er bara staðreynd sem hverfur ekki þótt maður stingi höfðinu í sandinn.“

Þráni varð ekki að vilja sínum því þingið hóf að smíða fyrirvara við samningana við Breta og Hollendinga. „Ég vildi berjast, kynna málstað Íslendinga fyrir samfélagi þjóðanna og fá Frakka eða Þjóðverja til að taka að sér að miðla málum. En í staðinn lét þingið loka sig inni í allt sumar til að búa til fyrirvara sem einhverjir héldu að Bretar og Hollendingar myndu gleypa athugasemdalaust. Það hvarflaði aldrei að mér að þeir myndu gera það, mér fannst augljóst að við fengjum þessa fyrirvara meira og minna í hausinn aftur.“

Þingið sat því af sér tækifærið til að halda málstað Íslands á lofti, að mati Þráins. Nú hafi verið samþykkt að leysa málið og verði horfið frá því fái þjóðin á sig þann stimpil að ekki sé hægt að tala við hana og þaðan af síður gera við hana samninga. „Tækifærið til að fara í stríð út af þessu máli var í sumar. Það tækifæri er hlaupið frá okkur,“ segir Þráinn og sendir málglöðum stjórnarandstæðingum tóninn. „Okkar bíða aðkallandi verkefni og það er fullkomið ábyrgðarleysi að hanga yfir þessu þrátefli endalaust. Í skáktafli er það svo að jafntefli verður þegar sömu leikjunum hefur verið leikið ákveðið oft. Því miður er það ekki svoleiðis á þingi. Við aðra umræðu má segja sömu hlutina í ótakmarkaðan fjölda skipta. Sumir þingmenn notuðu þetta frelsi til að segja sömu hlutina 240 sinnum eða oftar.“

Þráinn kveðst enga aðra raunhæfa lausn hafa séð á vandamálinu en að samþykkja. Við séum þá meira og minna í friði næstu sjö árin, eins og hann orðar það. „Á þeim tíma getur margt gerst. Það getur vel verið að það verði þvílík gróska í þjóðarbúskapnum að við getum staðið í skilum með þetta skakkafallalaust. Það getur líka vel verið að þegar líður að því að við þurfum að fara að greiða sjáum við á því tormerki. En þá verður vonandi heilsan betri á Alþingi og meiri samstaða um að halda fram málstað Íslands en nú er raunin.“

A4

20% afsláttur af öllum barnabókum um helgina.

RÚMFATA LAGERINN

HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

ADELENA sængurverasett

Töff, röndótt sængurverasett úr 100% þéttri bómull.
Stærð: 140x200 cm (sæng), 50x70 (koddi)
Verð: **1.690 kr.**

the PIER

Tölvuborð með 30% afslætti.

Tölvuborð með skúffum og hillu fyrir lyklaborð.
Verð áður: **22.900 kr.**
Verð nú: **16.030 kr.**

Tölvuborð með hillu fyrir lyklaborð.
Verð áður: **16.900 kr.**
Verð nú: **11.830 kr.**

TOYS R US

Prime-8

50% afsláttur
Verð áður: **15.999 kr.**
Verð nú: **7.999 kr.**

Komdu og sjáðu!

Bakarameistarinn

Jólahlaðborð
Heitt súkkulaði með rjóma, úrval af smákökunum okkar, hvít og brún lagterta, ensk jólakaka og lýðveldiskaka.
590 kr.

30 ára heilsuhúsið

15% afsláttur af hinum geysivinsælu ítölsku **PANETTONE** kökum.
Ómissandi á aðventunni.

LYFJA

- Lifið heil

20% afsláttur af völdum jólagjafakössum laugardag og sunnudag.

Íssel

Barnaís í brauðformi,
149 kr. alla helgina.

Verkfæralagerinn

LOFTPRESSA Pow 551, 210 l/mín., 24 l/kút, 1500W, 8 bör.
Jólatilboð **19.995 kr.**

SLÍPIROKKUR
Pow 204, 115 mm, 500W.
Jólatilboð **2.995 kr.**

Food station

Lambalæri með meðlæti og kaffi
1.290 kr.
alla helgina.

WINK Hársnyrtistofa

Twizzt

skart og fylgihl

RIKKI CHAN

BÓNUS*

Umboðssalan

...markaður fyrir notað og nýtt

Ný borð frá **Bohemia** af ýmsum stærðum og gerðum á tilboði.

Sveppi og Villi skemmta börnunum, sunnudaginn 13. des. kl. 14.00.
Kórar syngja og jólasveinar verða á vappi alla helgina.

Þú kemst í jólaskap á Smáratorgi

Opið til kl. 18.00 um helgina
Opið til kl. 19.00 virka daga

Jólin koma á Smáratorgi

SMÁRATORG

*Sjá afgreiðslutíma Bónus á bonus.is

PIPAR \ TBWA • SÍA • 92354

VILDARKORTHAFAR VISA OG ICELANDAIR

ÞREFALDIR

ENNEMM / SIA / NM40278

Viltu taka þátt
í léttum leik á
www.valitor.is?
Þú gætir unnið
100.000 Vildarpunkta
eða gjafakörfu!

VALITOR

VILDARPUNKTAR TIL JÓLA

Nú erum við komin í jólaskap

Dagana 12.-24. desember færðu þrefalda veltutengda Vildarpunkta hjá söluaðilum VALITOR þegar þú notar Vildarkort VISA og Icelandair.

VISA Vildarkort

JÓHANN ÁGÚST SIGURÐSSON Skimun er að mati Jóhanns Ágústs Sigurðssonar, yfirlæknis Þróunarstofu heilsugæslunnar, vandmeðfarin forvarnaleið, einkum þegar kemur að krabbameini, þar sem almennt séð sé ekki nógu mikið vitað um hegðun krabbameinsfrumna. Sumar þeirra hafi engar skaðlegar afleiðingar, jafnvel þó að þær séu illkynja, því líkaminn ráði sjálfur við þær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Skapar heilbrigðiskerfið sjúkleika?

Miklar vonir hafa verið bundnar við að hópskimun hjá einkennalausu fólki fyrir sjúkdómum muni bjarga fjölmörgum frá ótímabærum dauða. Nú fer þó þeim fjölgandi innan heilbrigðiskerfisins sem spyrja hvort skimunin valdi í heild meiri skaða en gagni. **Jóhann Ágúst Sigurðsson** læknir tilheyrir þeim hópi. *Hólmfríður Helga Sigurðardóttir* leitaði útskýringa hjá honum.

Jóhann Ágúst Sigurðsson yfirlæknir Þróunarstofu heilsugæslunnar ritaði grein desemberhefti Læknablaðsins með titlinum „Hugleiðingarnar varðandi siðferðileg álitamál“. Þar koma fram viðhorf um forvarnastarf í læknisfræði sem sjaldan heyrast en gefa tilefni til frekari skoðunar, enda snertir starfið alla landsmenn.

Í flestum vestrænum ríkjum er markvisst skimað fyrir krabbameini í brjóstum kvenna og í sumum löndum einnig fyrir krabbameini í blöðruhálskirtli hjá körlum. Skimanirnar upplifa margir sem öryggisnet og telja heilsu sinni betur borgið með þeim. Jóhann bendir hins vegar á að það þurfi að endurmeta skimunaraðferðir og annað forvarnastarf. Hann er ekki einn þessarar skoðunar en að undanförnu hafa sömu raddir gerst háværari í löndunum í kringum okkur. „Það hafa verið að koma út greinar í virtum tímaritunum um að nú verði að gera eitthvað róttækt varðandi krabbameinsleitina í brjóstum kvenna og blöðruhálskirtlinum. Við erum ekki enn komin með nógu góðar aðferðir til að finna þá sem eru í raunverulegri hættu.“

Sjúkdómsvaldandi forvarnir?

Einhugur ríkir um margar tegundir forvarna, svo sem flestar bólusetningar, og forvarnir í sambandi við heilsuvernd barna. Annað sem áður var talið til forvarnastarfs hefur með tímans rás sýnt sig vera úrelda læknisfræði og oft byggða á ófullnægjandi rökum. Hormónameðferð gegn tíðahvörfum er dæmi um slíkt. Fyrir um tíu árum tók yfirgnæfandi meirihluti kvenna hormón við tíðahvörfum samkvæmt læknisráði, segir Jóhann. „Þarna er klassískt dæmi þar sem læknisfræðin ætlaði sér að bjarga konum frá því að tapa æskuljómanum, fá beinþynningu og tryggja þeim betra líf. Búin var til ímynduð kona sem var notuð sem söluvara. Svona ættu konur að vera eftir fimmtugt og fullyrt að þær myndu missa allan sjarma ef þær fengju ekki ákveðin hormón. Af flestum var þetta gert í góðri trú, en eftir á að hyggja má ætla að aðalhvatinn hafi verið sá að geta selt hormónalyfið.“

Mörgum var þó ljóst að það vantaði grunnrannsóknir til að sanna ágæti hormónameðferðarinnar, en allnokkur andstaða virtist á þeim tíma vera innan fagstétta og vísindaheimsins um að gera slíkar rannsóknir. Loks tókst konunum sjálfum að hrinda umfangsmikilli rannsókn í framkvæmd um gagnsemi meðferðarinnar. Í dag taka mun færri konur inn lyf vegna tíðahvarfa, enda kom í ljós að hormónameðferðin olli í heild meiri skaða en gagni. Krabbamein í brjóstum jókst og hjarta- og æðasjúkdómar líka, þótt hormónarnir hafi verið verndandi gagnvart öðrum þáttum, svo sem beinþynningu.

Mörgum fórnað fyrir fáa

Skimun vegna blöðruhálskrabbameins er varhugaverð á einkennalausum mönnum að mati Jóhanns. „Víða um heim var búið að sannfæra miðaldra karla og fjölmarga í læknastétt um að skimun fyrir krabbameini í blöðruhálskirtli með því að mæla svonefnt PSA-efni í blóði væri af hinu góða. En menn hafa hins vegar vitað það í tíu til fimmtán ár að sennilega gerir sú skimun meiri skaða en gagn,“ segir Jóhann. Hann nefnir dæmi úr rannsókn frá 2003: „Ef um tíu þúsund karlar fimmtíu ára og eldri fara í skimun fyrir blöðruhálskrabba með PSA-mælingu munu 4.200 þeirra greinast með krabbameinsfrumur og væntanlega fara í meðferð vegna þess. Til dæmis með því að blöðruhálskirtillinn er tekinn, sem getur valdið þvagleka og getuleysi. Af þessum hóp munu 150 af þeim sem greindust með krabbamein í skimuninni deyja af þessum völdum en einnig aðrir 150 sem fengu neikvæða niðurstöðu í skimunarprófinu. Niðurstöðurnar eru þær að í miklum meirihluta tilfella myndi krabbameinið ekki valda þeim sem hafa það skaða á lífsleiðinni. Í þessu tilfelli er verið að meðhöndla allt of stóran hóp og skaða líf margra þeirra til frambúðar. Til þess að bjarga fáum erum við að fórna mörgum,“ segir Jóhann.

Skipulögð skimun fyrir blöðruhálskrabbameini hefur aldrei verið tekin upp hér á landi og áhuginn fer nú minnkandi víðast hvar erlendis. Jóhann tekur fram að hér séum við að tala um einkennalausa en allt öðru máli gegni um þá sem eru með einkenni eða vandamál frá þvagfærum, enda er þá ekki um skimun að ræða heldur greiningarferli.

Margt á huldu um krabbamein

Skimun er að mati Jóhanns vandmeðfarin forvarnaleið, einkum þegar kemur að krabbameini, þar sem almennt séð sé ekki nógu mikið vitað um hegðun krabbameinsfrumna. Sumar þeirra hafi engar skaðlegar afleiðingar, jafnvel þó að þær séu illkynja, því líkaminn ráði sjálfur við þær. Nýlega birtust meðal annars álit fræði-

VILLANDI UMRÆÐA UM HJARTA- OG ÆÐASJÚKDÓMA KVENNA

Jóhann telur forvarnir vegna hjarta- og æðasjúkdóma líka á nokkrum villigötum, rétt eins og með krabbameinið. „Ef farið væri nákvæmlega eftir skilmerkjum klínískra leiðbeininga lækna myndu um 90 prósent Norðmanna falla í þann áhættuhóp að hafa of hátt kólesteról eða of háan blóðþrýsting og þar með í flokk „sjúkra“. Samkvæmt þeim þyrfti allt þetta fólk að vera undir læknishendi. Það passar ekki, þar eð Norðmenn og aðrir Norðurlandabúar eru meðal langlífustu þjóða heims. Vandamálið er að kerfið síar ekki út þá sem eru í mestri áhættu, heldur skilgreinir flesta sem sjúka. Læknisfræðin þarf að endurnýja sína aðferðafræði við að sortera út þá sem þarfnast mestrar aðstoðar eða eftirlits og þurfa mest á forvörnunum að halda.“

Í forvarnastarfsemi innan heilbrigðisgeirans eru oft gríðarlegir fjárhagslegir og faglegir hagsmunir. Það veldur því að mati Jóhanns að allt of fáir vilji skoða þessi mál með gagnrýnu hugarfari. Hann setur spurningarmerki við átaksverkefni á borð við GoRed, en undir því var til að mynda Landspítalinn baðaður rauðu ljósi í febrúar, til að minna konur á hjarta- og æðasjúkdóma. „Lýsingin á húsinu gaf strax til kynna að þarna væri öflugur styrktaraðili að baki. Maður verður að spyrja sig hvaðan peningarnir koma. Margt í þessu átaksverkefni var gott. Þarna voru konur minntar á að forðast reykingar, hreyfa sig meira, gæta að mataræðinu og svo framvegis. En þarna kom líka fram áróður sem var beinlínis villandi. Af hverju segja GoRed-samtökin að hjartasjúkdómar séu jafnalgengir hjá körlum og hjá konum? Það á alla vega ekki við hér á landi nema þú takir aldursbilið til hundrað ára, sem ekkert vit er í. Konur fá hjartasjúkdóma eins og karlar en þeir koma tíu til fimmtán árum seinna. Það er vafasamt að segja við konur á aldrinum 40 eða 50 ára að þær eigi að fara til læknis í áhættumat vegna hjartasjúkdóma. Það eru um 20 þúsund konur á þessum aldri og það þyrfti mörg ársverk lækna til að sinna þessum þætti eingöngu. Mestur hluti forvarna hjá þessum hópi getur verið á þeirra ábyrgð án íhlutunar heilbrigðiskerfisins.“

manna í JAMA og The Lancet, sem eru einna virtustu fræðirit innan læknisfræðinnar, um að nú væri tími til kominn að endurmeta stöðuna og aðferðafræðina við skimun fyrir krabbameini í brjóstum og blöðruhálskirtli.

„Þar má meðal annars nefna að áætlað er að í um 10 til 30 prósentum tilvika sé um ofgreiningu á brjóstakrabbameini að ræða," segir hann. „Það þýðir að fjöldi kvenna er greindur með brjóstakrabbamein og þær eru meðhöndlaðar sem slíkar en hefðu í raun ekki þurft á meðferð að halda, því þær myndu ekki veikjast og deyja af því. Vandinn er auðvitað sá að við vitum ekki hverjar þær eru. Okkur vantar enn aðferð til að finna þær réttu, það er að segja þá einstaklinga sem eru með „hættulegt krabbamein"."

Þá nefnir Jóhann nýlega umfangsmikla rannsókn Cochrane-samtakanna á ristilkrabbameini sem gefi til kynna að engin breyting sé á heildardánartíðni hjá þeim hóp sem er skimaður, miðað við þann hóp sem fór ekki í skimun. „Það er búið að fylgja eftir 320 þúsund manns í átta til átján ár með kembileit fyrir ristilkrabbameini. Og þeim hefur ekki tekist að lækka heildardánartíðnina. Það gæti bent til þess að enda þótt það takist að fækka ristilkrabbameinstilfellunum deyr fólkið af öðru í staðinn. Það hefur þá mögulega verið komin veila í líkamann og þá gefur bara næsta líffæri sig. Þessar tölur eiga þó bara við um heildina, en erfitt er að meta árangur í einstaka tilvikum. En ef árangurinn er ekki áberandi góður vaknar spurning hvort peningunum væri betur varið í eitthvað annað."

Hann gengur ekki svo langt að segja að allar skimanir séu fullkomlega tilgangslausar. Hins vegar séu leiðir færar sem eru tölurvert ódýrari og skila betri árangri. Margt geti farið fram á lýðheilsugrundvelli og óþarfi sé að beina öllu þessu fólki í skimanir.

Minni forsjárhyggju

Mörgum þykja hugmyndir Jóhanns róttækar. Hann vill þó ekki hætta skimunum með öllu. Hann vill hins vegar að upplýsingar um aukaverkanir og vankanta eða skaðlegar afleiðingar skimunar séu vel kynntar fyrir fólki áður en það þiggur að taka þátt. „Það er því miður enn þá allt of algengt að skipuleggjendur skimana segi „komdu, við skulum hjálpa þér. En ef þú kemur ekki þá er það á þína ábyrgð ef þú deyrð!" Ekki er þá minnst einu orði á vankanta hjálpseminnar. Ég vil losna við þessa forsjárhyggju og koma okkur yfir á annað stig. Við verðum að gefa meiri upplýsingar um kosti og galla og segja frá því að við vitum ekki allt um stóru staðreyndirnar í málinu. Ég vil skerpa áherslurnar á að fá fólkið með okkur og auka þátt einstaklinganna í að taka ákvarðanirnar. Ef við náum að auka þátttöku sem byggist á upplýstu vali en ekki á forsjárhyggju tökum við þetta „power of goodness" út úr dæminu."

Þá þykir Jóhanni ástæða til að skerpa á siðfræðinni innan heilbrigðisgeirans. Heilsa sé orðin að söluvöru og heilbrigðiskerfið að iðnaði. Spurning sé hvenær unnið sé í þágu fjárfesta og hvenær áhersla sé á sjúklingana. „Það vilja allir halda heilsunni. Ef þú getur sannfært einhvern um að þú ætlir að gera honum gott ertu búinn að gulltryggja ákveðinn markað. En ég held að kreppan hafi kennt okkur að við verðum að vera krítískari en við höfum verið. Tilhneigingin hefur verið sú að menn vilja forðast gagnrýnina og í versta falli einangra gagnrýnisraddirnar, sem hafa verið illa séðar í heilbrigðiskerfinu eins og annars staðar. En mér finnst satt að segja að nú sé að verða breyting þar á."

Arion banki býður nú *viðskiptavinum* með erlend og innlend íbúðalán lausnir sem lækka *höfuðstól* lána og létta greiðslubyrði.

Hafðu samband
sími 444 7000 * arionbanki.is

Skoðaðu hvaða leið gæti hentað þér á **arionbanki.is**. Nánari upplýsingar fást hjá þjónusturáðgjöfum í útibúum Arion banka eða í síma **444 7000**.

Arion banki

ÍSLENSKA SIA.IS ARI 48409 12/09

Afríka er hættuleg

Páll Stefánsson ljósmyndari var á leið til Dakar, höfuðborgar Senegal, þegar hann varð vitni að knattspyrnuleik íbúa í ónefndu þorpi í ægifögru sólarlagi. Myndin af leiknum lifði með honum og hugmynd varð til að bók um Afríku fótboltans; Afríku þar sem knattspyrna er samnefnari. Bókin er væntanleg í mars en lesendur Fréttablaðsins sjá hér sýnishorn úr verkinu.

Afríka hefur töfra, en það er fyrst og fremst fólkið sem byggir þessi álfu sem heillar; gladværð þess og æðruleysi, litadýrðin og fegurðin. Er Afríka hættuleg? Já, svo sannarlega, hún er ólæknandi sjúkdómur. Maður verður að fara þangað aftur og aftur," segir Páll, sem hefur farið til álfunnar margoft, þar af í á annan tug ferða til að mynda fyrir bókina Afríka, framtíð fótboltans sem gefin verður út í mars.

Bókin verður gefin út á ensku og er ætluð alþjóðamarkaði. Hún kemur út nokkrum mánuðum áður en heimsmeistarakeppnin hefst í Suður-Afríku, sú fyrsta sem haldin er í álfunni. Það er því vel viðeigandi að tvær skærustu fótboltastjörnur álfunnar, þeir Didier Drogba og Michael Essien, leikmenn Chelsea, skrifa formála bókarinnar en eigandi enska félagsins, Roman Abramóvitsj, kemur að útgáfu hennar. Þeir Halldór Lárusson og Kristján B. Jónasson unnu að bókinni með Páli.

Tæp þrjú ár eru síðan hugmyndin að bókinni kviknaði. „Ég hafði verið í bænum Janjanbureh eða Georgetown við Gambíufljót að mynda steinhringi Senegambíu, minjar frá þriðju öld fyrir Krist sem eru á heimsminjaskrá UNESCO. Þaðan var ferðinni heitið til eyjarinnar Gorée, miðstöðvar þrælaverslunar á sínum tíma. Hún liggur undan ströndum Dakar, höfuðborgar Senegal. Á leiðinni þangað sá ég í húminu út um bílgluggann það fallegasta sólarlag sem ég hef séð. Rauða jörð, rauðan himin og í rauðu rykinu glitti í útlínur af þorpi þar sem allt þorpið háði knattspyrnuleik í síðustu geislum sólarinnar. Gleðin, hláturinn, leikurinn, allt var svo fullkomið. Þetta var hin sanna Afríka, ekki sú Afríka sem við heyrum svo mikið af í fréttum, hungursneyðir, endalausar styrjaldir og manndráp.

Undir morgun var ég kominn til Dakar sem er skemmtileg nútímaleg borg, sannkölluð höfuðborg Vestur-Afríku. Á koddanum hlustaði ég á nútímann; umferðargný, hlátur og köll. Þá kveikti þessi mynd sem ég sá fyrr um kvöldið hugmynd að bók um Afríku eins og hún er, þar sem knattspyrna er samnefnari. Afríka er fótbolti. Svona næstum því."

Þess má geta að lokum að allar myndirnar eru teknar á Hasselblad 6x6 filmuvél sem Páli fannst henta verkinu best.

TANSANÍA Masajar í fullum skrúða í fótbolta á strönd eyjunnar Sansibar við Tansaníu.



BÚRKÍNA-FASÓ Ungur stuðningsmaður Liverpool á æfingu í höfuðborginni Ouagadougou.

EÞÍÓPÍA Stelpur spila líka fótbolta í Afríku en myndin er tekin á æfingu stúlknaliðs í Addis Ababa höfuðborg landsins.

FRAMHALD Á SÍÐU 36

JÓLATILBOÐ DORMA

OPIÐ TIL KL 22 ALLA DAGA TIL JÓLA

INTERBED HEILSURÚM

80x200 cm	77.900 *kr.*
90x200 cm	79.900 *kr.*
100x200 cm	84.900 *kr.*
120x200 cm	95.000 *kr.*
140x200 cm	102.500 *kr.*
160x200 cm	149.000 *kr.*
180x200 cm	159.000 *kr.*

PANNA STILLANLEGT

2x80x200 cm 379.000 *kr.*

2x90x200 cm 399.000 *kr.*

Innifalið í verði:
Dýna, stillanlegur botn og lappir
Dýnuhlífar og lök fylgja

DORMA
– býður góða nótt

OPIÐ
Virka daga frá kl. 10-22
Lau frá kl. 10-17
Sun frá kl. 13-17

www.dorma.is

Holtagörðum 2. hæð • Sími 512 6800 • www.dorma.is • dorma@dorma.is

EGYPTALAND Fótboltaleikur á tilkomumiklum stað, við Giza-píramídana fyrir utan Kaíró.

FÍLABEINSSTRÖNDIN Þessi drengur er frá bænum Oumé, fæðingarbæ Salomons Kalou leikmanns Chelsea, og skartar stoltur Chelsea-treyju.

SENEGAL Í Saint-Louis í Norður-Senegal varð þessi kappi, sem er klæddur í landsliðsbúning Senegala, á vegi Páls.



EÞÍÓPÍA Drengur við skólavegg í Omo-dalnum í Suður-Eþíópíu, að sjálfsögðu er fótboltinn með í för.



FÍLABEINSSTRÖNDIN Hluti af 45 þúsund áhorfendum á Houphouet-Boigny fótboltavellinum í stærstu borg Fílabeinsstrandarinnar, Abidjan.

FÓTBOLTI ÚR ÞVÍ SEM TIL FELLUR



„Þeir eru margs konar boltarnir sem notaðir eru í Afríku," segir Páll sem hefur séð bolta af ýmsu tagi á ferðum sínum um álfuna. „Ég get nefnt hér plastpoka fullan af sandi, gamla sokka í hnút eða hrágúmmí beint úr trjánum.

En þó eru venjulegir plastboltar algengastir þó oftar en ekki sé allur vindur úr þeim." Páli er minnisstætt atvik í skóla Essiens í Gana. „ Þar spiluðu þrjátíu til fjörutíu krakkar af kappi, með rifnum, handónýtum bolta. Gleðin og kappið var samt alveg ósvikið. Og allir Chelsea-aðdáendur auðvitað."

Fótboltavellirnir eru alls staðar þar sem finna má opin svæði og kapparnir eru klæddir eftir efnum og aðstæðum:

„Margir eru berfættir en nokkrum sinnum hef ég séð knattspyrnukappa í einum skó og hinn skórinn þá lánaður félaga í liðinu. Einnig hef ég séð markmenn sem nota sandala sem olnbogahlíf svo dæmi séu tekin."

JÓLA DESERTINN

OPIÐ
TIL 22:00
ÖLL KVÖLD
til jóla

Jói FEL
Ostakaka
með appelsínusúkkulaði
fyrir 6-8 manns
Kælivara 4°C
Framleitt fyrir Hagkaup

Jói Fel ostakaka
Við viljum vera viss um að hátíðar-maturinn þinn verði óaðfinnanlegur. Þess vegna höfum við látið framleiða í samvinnu við Jóa Fel himneska ostaköku sem er tilvalinn desert yfir hátíðarnar. Einungis er notað úrvals hráefni í ostakökuna og er útkoman hreint út sagt frábær!

Debic Créme Brûlée
Créme brûlé eins auðvelt og það gerist. Créme brûlé er hrist í umbúðunum í 20 sek. og síðan sett í pott og á helluna. Látið suðuna koma upp og setjið innihaldið í litlar skálar, hyljið og geymið í 25 mín. við stofuhita. Síðan eru skálarnar settar í kæli í 1-2 klst. Eftir þann tíma er hrásykur settur yfir og hann brenndur. Úr verður frábært brûlé eins og þekkist á veitingastöðum.

24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

50 ára HAGKAUP
fyrir Íslendinga í 50 ár

Jólin koma

ÚRVAL FALLEGRAR GJAFAVÖRU Á GÓÐU VERÐI

Þú finnur jólagjöfi

CASIO

KEMUR STERKT INN ..!!

Stafrænar myndavélar sem rokið hafa upp vinsældarlista heimsins enda stórskemmtilegar, fallegar, fjölhæfar og vandaðar vélar.

KYNNIÐ YKKUR NÁNAR Á:
www.exilim.eu/euro

CASIO EX-H10
12,1 milljón pixlar · 10x aðdráttarlinsa (24-240mm) · Stór 3" Super Clear LCD skjár · EXILIM Engine 4.0 · 38 myndstillingar · Auto Bestshot · Hristivörn · Dynamic Photo function · Face Detection · Videoupptaka með hljóði · 16:9 Háskerpu upplausn · YouTube™ Capture Mode · Rafhlöðu ending 1000 myndir · 35.7MB innbyggt minni · Styður SD og SDHC minniskort · Hleðslutæki og hleðslurafhlaða fylgir

TILBOÐSVERÐ: 54.900 kr.
– FULLT VERÐ: 59.900 kr.

CASIO EX-Z2
12.1 milljón pixlar · 3x aðdráttarlinsa (35,5-106,5mm) · Stór 6,9cm (2,7") LCD skjár · EXILIM Engine 2.0 · 23 myndstillingar · Bestshot / Face Detection · Videoupptaka með hljóði · YouTube™ Capture Mode · 17.9 MB Innbyggt minni · Styður SD og SDHC minniskort · Hleðslutæki og hleðslurafhlaða fylgir · Fæst í fjórum litum: Blá, svört, bleik og fjólublá.

Verð: 29.900 kr.

CASIO EX-Z280
12,1 milljón pixlar · 4x aðdráttarlinsa (26-104mm) · Stór 6,9 cm (2,7") LCD skjár · EXILIM Engine 4.0 · 39 myndstillingar · Auto Bestshot · Hristivörn · Advanced Auto Framing · Dynamic Photo function · Face Detection · Videoupptaka með hljóði YouTube™ Capture Mode · 35.7MB innbyggt minni · Hleðslutæki og hleðslurafhlaða fylgir

TILBOÐSVERÐ: 33.900 kr.
– FULLT VERÐ: 36.900 kr.

CELESTRON

Kosin „**Vara ársins**" á alþjóðlegu ári stjörnuskoðunar 2009

ÚRVAL VANDAÐRA STJÖRNUSJÓNAUKA

Heillandi heimur opnast þér!

Verð frá 14.900.-

Verbatim

VERBATIM 47530

Háskerpu sjónvarpsflakkari með 500 GB hörðum disk Geymir og spilar allar týpur af margmiðlunarskrám.

TILBOÐSVERÐ kr. 29.900,-

LISTAVERÐ: 34.900,-

SHARP

LC-32DH57

FRÁBÆRT 32" LCD-SJÓNVARP
Upplausn: 1366x768 WXGA(16:9) · Stafr. DVB-T móttakari · Skerpa: 10000:1 · Birta: 450 cd/m2 · Svartími: 6 ms · Inngangar: 3 x HDMI, 2 x SCART, VGA/Component (D-Sub), AV/S-Video

Verð kr. 149.900.-

SAMSUNG

EC-ES55

KLASSA MYNDAVÉL
10. milljón pixlar · 2,5"skjár · 3x Optical Zoom DIS (Digital Image Stabilization) · Face detection (allar andlitsmyndir verða eðlilegri)

Verð kr. 24.900.-

OLYMPUS

FE-26

GÆÐA MYNDAVÉL FRÁ OLYMPUS
12 milljón pixlar · 3x aðráttarlinsa (36-108 mm) Stór 6,4cm (2,5") LCD skjár · 16 handhægar tökustillingar · Videoupptaka með hljóði
Litir: Blá, bleik og svört

Verð kr. 19.900,-

Nintendo Wii

Wii -LEIKJATÖLVAN FRÁ *Nintendo*
HEFUR SLEGIÐ ÖLL SÖLUMET
Ný upplifun! Skórkostleg skemmtun fyrir alla aldurshópa! Magnað leikjaúrval!

Verð kr. 54.900,-

Nintendo DS-LEIKJATÖLVA

VÍÐFRÆG & VINSÆL
Ein allra vinsælasta leikjatölva heims.
Ótrúlega öflug. Frábært leikjasafn fyrir leikglaða á öllum aldri.

Verð kr. 29.900,-

SCOTT

SDM22

FERÐATÆKI m/geislaspilara
· CD-R/RW, MP3/WMA-CD, Audio CD
· FM útvarp · USB tengi

Verð kr. 9.900,-

SCOTT

SWM7CS

FERÐATÆKI m/geislaspilara og kassettutæki
· CD-R/RW, MP3/WMA-CD, Audio CD
· FM útvarp · Kassettutæki · Höfuðtólstengi

Verð kr. 11.900,-

SHARP

XL-DH320NH

HLJÓMTÆKJASAMSTÆÐA
Geislaspilari-Útvarp og iPod vagga
Magnari: 2x50 W RMS · Spilar MP3, CD-R/RW
USB inng. · 6 tónjafnarastillingar · X-BASS kerfi

TILBOÐSVERÐ kr. 49.900,-

Skullcandy

LOWRIDER

FLOTT HÖFUÐTÓL
Verð kr. 8.450,-

40" LED SJÓNVARP
GLÆNÝTT OG ÖRÞUNNT TÆKI (30 mm)
úr „Sjöttu seríunni"
Nýtt!! Háskerpu sjónvarpsmóttakari
Nýtt!! LED skjátækni – örþunnt og eyðir minna rafmagni
Upplausn: 1920 x 1080 · 100 Hz Motion Plus–mýkri hreyfing og enginn draugur
Contrast: Mega Contrast / ***Verð: 399.900 kr. – 40"***

37"/ 40"/ 46" LCD SJÓNVARP
Nýtt!! Háskerpu sjónvarpsmóttakari
Nýtt!! Internet@TV – hægt að skoða veðrið og lesa fréttir o.m.fl.
Upplausn: 1920 x 1080 · 100 Hz Motion Plus–mýkri hreyfing og enginn draugur
/ Verð: 269.900 kr. – 37" / Verð: 299.900 kr. – 40"
/ Verð: 399.900 kr. – 46"

32"/ 40" HVÍTT LCD SJÓNVARP
Nýtt!! Háskerpu sjónvarpsmóttakari
DNIe+ stafræn myndleiðrétting · Upplausn: 1920 x 1080
Contrast: High Contrast / ***Verð: 189.900 kr. – 32"***
/ Verð: 269.900 kr. – 40"

32" LCD SJÓNVARP
Nýtt!! Háskerpu sjónvarpsmóttakari
DNIe+ stafræn myndleiðrétting · Upplausn: 1366 x 768
Contrast: High Contrast / ***Verð: 139.900 kr. – 32"***

ÚRVALIÐ ER Í SÍÐUMÚLA 9

Ný hágæða sjónvörp frá SAMSUNG.
Glæsileg hönnun og fullkomin myndgæði.

BT VERSLUN Í SMÁRALIND

GLEÐIGJAFAR FRÁ SAMSUNG

ORMSSON **LÁGMÚLA 8** SÍMI 530 2800
ORMSSON **SÍÐUMÚLA 9** SÍMI 530 2800
ORMSSON **SMÁRALIND** SÍMI 530 2900
ORMSSON **KEFLAVÍK** SÍMI 421 1535
ORMSSON **MODEL-AKRANESI** SÍMI 431 3333
ORMSSON **ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI** SÍMI 456 4751
ORMSSON **AKUREYRI** SÍMI 461 5000
ORMSSON **HÚSAVÍK** SÍMI 464 1515

GÆÐAVÖRUR Á GÓÐU VERÐI

na Í ORMSSON

FYRIR FJÖLSKYLDUNA OG HEIMILIÐ

Tefal

JAMIE OLIVER PROFESSIONAL SERIES

POTTAR OG PÖNNUR
sem slegið hafa í gegn um allan heim!

Tefal

POTTAR OG PÖNNUR *frá Tefal*

Pottþétt gæði - enda líklega mest seldu pottar og pönnur landsins um árabil.

Tefal

LÍKA FYRIR SPANHELLUR

PÖNNUKÖKUPANNAN FRÁ *frá Tefal*

Náðu meistaratöktum í pönnukökugerð um hátíðarnar. Þú býrð að því alla ævi!

Verð kr. 6.950,-

FLAME LEIRPOTTARNIR FRÁ *Emile Henry*

Alltaf glæsilegir og spennandi á matarborðinu. Frönsk leirvara.
Frönsk matarmenning. Betra bragð og meira næringargildi.

brabantia solid company

FALLEG BRAUÐBOX & FÖTUR Í MIKLU ÚRVALI

Hönnun á heimsmælikvarða

Tefal

MIKIÐ ÚRVAL STRAUJÁRNA *frá Tefal*

„Það er unun að strauja með Tefal!“

Verð frá kr. 11.900,-

AEG

SÍGILDAR KAFFIVÉLAR Í ÚRVALI

BLANDARAR Í ÚRVALI

Breyta öllu í eldhúsinu!

OBH NORDICA

NUDDTEPPI

Komdu og prófaðu!

NUDDTEPPI Á STÓLINN

Örvandi og endurnýjandi
– og um leið slakandi

Verð kr. 49.900.-

Þarft þú ekki að hreinsa ofninn fyrir jólin?

Við fullyrðum:
„COLLO er heimsins besti ofnahreinsir“

FÆST Í ORMSSON VERSLUNUM UM LAND ALLT

brabantia solid company

STRAUBORÐ FRÁ *frá Brabantia*

Falleg og vel hönnuð strauborð.

Verð kr. 14.900,-

OBH NORDICA

Skemmtileg og flott tæki í öll alvöru eldhús.

HNÍFABRÝNI
frá Nordica
Verð kr. 15.900,-

ELDHÚSVOG
frá Nordica
Verð kr. 9.995,-

BRAUÐRISTAR
frá Nordica
Verð kr. 7.490,-

SAMLOKUGRILL
frá Nordica
Verð kr. 6.990,-

HITAKÖNNUR
frá Nordica
Verð kr. 9.990,-

AEG

CE 4200

TILBOÐSVERÐ kr. 17.900,-

(LISTAVERÐ 22.900,-)

2000 WÖTT

DRAUMARYKSUGURNAR ERU FRÁ **AEG** – *Þær gerast ekki betri!*

LAVAMAT 52840

AEG ÞVOTTAVÉL

1200 snúningar
Taumagn: 6 kg
Þvottahæfni: A
Orkuflokkur: A+
Notendahandbók á íslensku
ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ

LISTAVERÐ: 144.900,-

TILBOÐSVERÐ: kr. 109.900,-

ÞÚ SPARAR 35.000,- kr.

LAVAMAT 62840

AEG ÞVOTTAVÉL

1200 snúninga · 6 kg af þvotti.
Öll hugsanleg þvottakerfi
ásamt sérstöku sparnaðarkerfi
Íslenskar leiðbeiningar

AEG ÞURRKARI

Barkalaus · Tekur 6 kg.
Fjöldi kerfa · Mjög hljóðlátur
Íslenskar leiðbeiningar

LISTAVERÐ: 244.800,-

TILBOÐSVERÐ kr. 214.900,-

ÞÚ SPARAR 29.900,- kr.

LAVATHERM T55460

NÝJA PARIÐ

ORMSSON

ORMSSON **VÍK-EGILSSTÖÐUM** SÍMI 471 2038

ORMSSON **PAN-NESKAUPSTAÐ** SÍMI 477 1900

ORMSSON **ÁRVIRKINN-SELFOSSI** SÍMI 480 1160

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

Hve mörg gjaldþrot og hneyksli þarf til þess að ríkið geri ráðstafanir?

Venjulegt fólk víða um Evrópu sem rís upp gegn spillingunni og þagnarsamsæri er umfjöllunarefni bókarinnar **Hversdagshetjur** eftir Evu Joly og Maríu Malagardis. Bókin kom út í Frakklandi í vor en kemur út í næstu viku í íslenskri þýðingu Friðriks Rafnssonar. *Fréttablaðið* birtir hér úr lokakafla bókarinnar þar sem Eva Joly, ráðgjafi sérstaks saksóknara, hefur orðið.

HVERJIR SKIPTA MÁLI? „Stuðningsaðilar Baracks Obama hafa allan hag af því að gagnsæi verði áfram sem minnst. Í bókinni sem hann gaf út þegar kosningabaráttan stóð sem hæst er meðal annars þennan undarlega kafla að finna: „Ég eyddi sífellt meiri tíma með fólki sem skiptir máli – fyrirtækjaráðgjöfum og bankamönnum sem höndla með fjárfestingar, fasteignaverðbréfasölum og fjármálaspekúlöntum."

NORDIC PHOTOS AFP

BAKHJARLARNIR „Barack Obama, forseti Bandaríkjanna, er einn þeirra öldungadeildarþingmanna sem skrifuðu Tax Haven Abuse Act, lagafrumvarp þar sem þeir lýsa beinlínis yfir stríði gegn skattaparadísum. En ég geri mér engar grillur um það. Þeir aðilar sem lögðu hæstu upphæðirnar í kosningasjóði hans þegar hann var í forsetaframboði heita Goldman Sachs, USB, JPMorgan Chase og Citigroup, allt gríðarstórir bankar."

NORDICPHOTOS/AFP

ANDSTÆÐINGUR SJÁLFSTÆÐS RÉTTARKERFIS „Hvernig er hægt að sætta sig við ríkisstjórn sem stoppar af viðkvæmar rannsóknir eins og þá sem verið var að vinna um British Aerospace í Bretlandi eða ríkisstjórn sem ætlar að leggja niður rannsóknardómara (og þar með sjálfstæði réttarkerfisins) rétt eins og reyndin er í Frakklandi."

Ég er mjög hrifin af þeirri hugmynd að dómskerfið sé eins og sverð sem ristir sundur blæju þess sem sýnist og geri okkur kleift að horfast loks í augu við veruleikann. Hver er hann, veruleiki fyrirtækis sem þykist ætla að flytja banana inn frá Jersey? Póstkassi, sýndarfyrirtæki sem veldur því að Dóminíska lýðveldið verður af skatttekjum. Meira að segja hæstiréttur Noregs hafnar því að fordæma sýndargjörning sem þennan. Ef móðurfélagið fer í mál við ímynduð dótturfyrirtæki þykjast dómararnir líta svo á að þar sé um raunverulega starfsemi að ræða. Heimsviðskiptin hafa þrifist á þessu kerfi sem virðir lagaumhverfið en brýtur gegn sjálfum kjarna lýðræðis og fullveldis.

Sá stormur sem nú er í aðsigi, sú reiði sem nú kraumar alls staðar undir, er bein afleiðing þessara gríðarlegu svika. Sögur Johns Christensen, Helenar Garlick, Raffaeles Del Giudice, Maríu Nicolaevu, Dragos Kos, Marks Pieth eða Daniels Lebègue, hversdagshetja þessarar bókar, eru líka sögur af eldskírn sem geta orðið öðrum hvatning. Rétt eins og þau gera milljónir borgara sér daglega grein fyrir því óréttlæti sem felst í fjármálamisferli, skattsvikum, spillingu valdhafa. Þeim fjölgar stöðugt sem vilja ekki búa í slíkum heimi. Nú er kóngurinn nakinn.

Hvað ætli þurfi mörg gjaldþrot og hneyksli til að fá ríkin til að gera einhverjar ráðstafanir? Barack Obama, forseti Bandaríkjanna, er einn þeirra öldungadeildarþingmanna sem skrifuðu Tax Haven Abuse Act, lagafrumvarp þar sem þeir lýsa beinlínis yfir stríði gegn skattaparadísum. En ég geri mér engar grillur um það. Þeir aðilar sem lögðu hæstu upphæðirnar í kosningasjóði hans þegar hann var í forsetaframboði heita Goldman Sachs, USB, JPMorgan Chase og Citigroup, allt gríðarstórir bankar.

Obama ætti að passa sig á fjármálaspekúlöntum

Stuðningsaðilar Baracks Obama hafa allan hag af því að gagnsæi verði áfram sem minnst. Í bókinni sem hann gaf út þegar kosningabaráttan stóð sem hæst er meðal annars þennan undarlega kafla að finna: „Ég eyddi sífellt meiri tíma með fólki sem skiptir máli – fyrirtækjaráðgjöfum og bankamönnum sem höndla með fjárfestingar, fasteignaverðbréfasölum og fjármálaspekúlöntum. Þetta voru yfirleitt gáfaðir og áhugaverðir menn sem voru með allt sitt á hreinu, afslappaðir í þeim viðskiptum sem þeir stunduðu og ætluðust ekki til að fá neitt fyrir það fé sem þeir létu af hendi rakna, nema ef vera skyldi ofurlítinn áhuga á þeim skoðunum sem þeir höfðu fram að færa."

Þessi glansmynd af „fjármálaspekúlöntum" er ekki beinlínis til þess fallin að auka manni bjartsýni. Enda eru fjármálamennirnir sjálfir undirrót allra þessara hörmunga. Hagsmunagæslan Fire (Finance, Insurance and Real-Estate) eyddi fyrir nokkrum árum 200 milljónum dollara til þess að fá öldungadeild Bandaríkjaþings til að fella úr gildi Glass-Steagall Act, lög sem sett voru árið 1933 og bönnuðu bönkum að taka skortstöðu og braska með innlánsfé. Afleiðing þess blasir við öllum sem vilja sjá það, bandarískir bankar fara nú á hausinn hver á fætur öðrum. Annar hagsmunaaðili, Mortgage Bankers Association, eyddi tugum milljóna dollara til að auðvelda samsetningu annars flokks fasteignalána (e. subprime), áhættulánanna sem ollu kreppunni. „Fjármálaspekúlantarnir" gæta nú hagsmuna sem hinn nýi forseti Bandaríkjanna ætti að vara sig á.

Banna þarf skattaparadísir í Evrópu

Eina leiðin til að komast út úr þessari óreiðu og snúa þróuninni við felst í því að beita verulegum pólitískum þrýstingi. Við þurfum að koma á fót yfirþjóðlegum dómstóli í Evrópu og banna skattaparadísir í heimsálfunni okkar með því að þrýsta á að evrópskir bankar og fyrirtæki sniðgangi þær alfarið, berjast af hörku gegn hvítflibbaglæpum og byggja upp Evrópu þar sem hægt er að setja sig upp á móti spillingu án þess að þurfa að vera umkringdur lífvörðum. Útópía? Þegar Jaruzelski hershöfðingi hrifsaði völdin í Póllandi árið 1982, hver hefði þá látið sér detta í hug að Berlínarmúrinn ætti eftir að falla? Hver hefði látið sér detta í hug, þegar Martin Luther King var myrtur, að þeldökkur maður ætti seinna eftir að verða forseti Bandaríkjanna?

Ég hef á lífsleiðinni hitt fjölmarga forstjóra fyrirtækja, stundum við aðstæður sem voru þeim afar erfiðar. Það kann að koma á óvart, en ég dáist mjög að mörgum þessara karla og kvenna. Rétt eins og hagfræðingurinn Schumpeter staðhæfði fyrir margt löngu, er það ekki hagnaðurinn sem drífur þau fyrst og fremst áfram. Þau eru líka, rétt eins og við öll, knúin áfram af „órökréttum ástæðum": ánægjunni af því að reyna á sig, sigurvilja sem líkist einna helst vilja íþróttamannsins, óttanum við dauðann, ánægjunni af því að stofna fyrirtækið sitt og sjá það stækka og dafna, forvitni og dugnaði.

Spilling andstæða hins sanna athafnamanns

Að sögn Schumpeters eru spilling og hvítflibbaglæpir algerar andstæður hins sanna athafnamanns. Þeir snarhækka fjármagnstekjur og grafa undan fyrirtækjunum. Þeir sem fara að stunda glæpsamlega starfsemi ætla sér að krækja sér í auðfengið fé, en fórna líka eigin frelsi, sem íþyngir þeim, fá þess í stað að ganga að tengslaneti, undirheimum og feluleikjum sem er auðveldara að fást við vegna þess að þar er ábyrgð einstaklingsins dreifðari. Hvern ætli langi að búa í sveitunum í grennd við Napolí, milli tveggja ruslahauga? Í Slóveníu eða Búlgaríu þar sem valdhafar kæra sig kollótta um lög og reglu? Hver getur afsakað þau auðæfi sem afrísku forsetarnir hafa sölsað undir sig? Hvernig er hægt að sætta sig við ríkisstjórn sem stoppar af viðkvæmar rannsóknir eins og þá sem verið var að vinna um British Aerospace í Bretlandi eða ríkisstjórn sem ætlar að leggja niður rannsóknardómara (og þar með sjálfstæði réttarkerfisins) rétt eins og reyndin er í Frakklandi?

Valdajafnvægið á eftir að færast til suðurs og austurs. Fyrir þrjátíu árum var hlutdeild Kína og Indlands í heimsviðskiptunum aðeins eitt eða tvö prósent. Hlutdeild hvors ríkis um sig er nú komin upp í sjö til níu prósent. Samtals gætu þau verið komin upp í 40% um miðja þessa öld. Það verður erfitt fyrir Vesturlönd að vanda um fyrir þeim í málefnum varðandi lýðræði, dómsmál og umhverfismál þegar Vesturlöndin hafa sjálf stundað rányrkju og græðgi árum saman.

Við þurfum að byrja á því að gera hreint fyrir okkar eigin dyrum. Traust er forsenda þess að Evrópa okkar geti komist áfram. Evrópa segir ekki öðrum fyrir verkum; hún byggir sig upp með samræmdum aðgerðum sem framkvæmdar eru hver á fætur annarri. Hún þarf á sönnunum að halda."

Eva Joly 2009.

➜ KONURNAR Á BAK VIÐ BÓKINA

EVA JOLY Hefur síðustu ár beint sjónum að svikum tengdum þróunarhjálp.

Eva Joly er ráðgjafi sérstaks saksóknara í tengslum við rannsókn á bankahruninu hér á landi og varð almennt þekkt hér á landi í tengslum við þá ráðningu. Hún er lögfræðimenntuð, fædd í Noregi en menntuð í Frakklandi. Þar vakti hún mikla athygli í starfi sínu sem yfirrannsóknardómari í París en í því starfi var hún lykilmaður í að rekja eitt stærsta spillingarmál sem upp hefur komið í Frakklandi, þar sem olíufélagið Elf Aquitaine var grunað um misferli. Þetta mál leiddi til dóma yfir fjölda háttsettra embættis- og stjórnmálamanna. Síðustu árin hefur athygli hennar beinst að skattaskjólum og svikum tengdum þróunarhjálp en hún er sannfærð um að fé sem hverfi úr þróunarhjálp endi í skattaskjólum, eins og á eyjunni Tortola. Eva Joly er einnig þingmaður Evrópuþingsins.

MARIA MALAGARDIS Sjálfstætt starfandi blaðamaður og rithöfundur í Frakklandi.

María Malagardis er sjálfstætt starfandi blaðamaður og rithöfundur frá Frakklandi. María hefur skrifað í franska dagblaðið Libération og var fréttaritari fyrir bresku fréttaveituna BBC í Suður-Afríku í fjögur ár. Hún skrifar enn reglulega í Libération, auk tímarita eins og Femme Actuelle, Géo og Challenges.

Bókin „Hversdagshetjur" kom út í apríl 2009 hjá Editions Les Arenes. Bókin er rituð í félagi við Evu Joly og fjallar um fólk sem berst gegn spillingu í Evrópu.

Ísland í aldanna rás – 18. öldin

Glæsilegt stórvirki

Fullt verð: 18.990 kr.

TILBOÐ*

11.390 kr.

Ný bók í geysivinsælli ritröð um sögu Íslands. Fróðlegt, skemmtilegt og alþýðlegt rit fyrir alla fjölskylduna.

Aðalhöfundur: Bjarki Bjarnason

* Tilboðið gildir til og með 13.12.09

eymundsson.is

Eymundsson

Bóksali frá 1872

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

SMIÐJAN OG FJÓSBAÐSTOFAN Talið er að húsin séu að grunni til frá því löngu fyrir Skaftárelda. Skógasafn sá að hluta til um endursmíðina.

Máttarviðir úr strandi

Híbýli fyrri alda hafa verið endurbyggð að Hnausum í Meðallandi en ábúandinn **Vilhjálmur Eyjólfsson** býr í yngra húsi. Strandgóss skipar þar sinn sess sem innanstokksmunir eins og *Gunnþóra Gunnarsdóttir* og *Gunnar V. Andrésson* komust að.

Vaskurinn og kranarnir í eldhúsinu á Hnausum eru af hvalfangaranum Polar Quest sem strandaði á Meðallandsfjöru í Vestur-Skaftafellssýslu 1957 og Vilhjálmur segir máttarviði eystri hluta íbúðarhússins úr honum líka. „Ströndin voru visst atriði í lífinu hér og ég var alinn upp við þau," segir hann. „Sandurinn er svo lágur á Meðallandsfjöru að sjómenn sáu hann ekki fyrir brimgarðinum. Sumir komu hingað tvisvar sem strandmenn og einn þrisvar." Stundum grunar hann að þeir hafi viljandi stímt í land, svo sem Bretarnir sem voru á leið á línuveiðar við Grænland á ryðguðum dalli og strönduðu á besta stað í blíðskaparveðri um hábjartan dag. „Sjö þeirra voru hér í mánuð að reyna að ná skipinu út. Það hafðist ekki og þeir urðu kátir karlarnir þegar það sökk," rifjar hann upp.

Vilhjálmur er fæddur og uppalinn á Hnausum en stundaði ýmsa vinnu í Reykjavík á tímabili og menntaði sig um sjötugt sem leiðsögumaður. Hann hefur búið einn frá 1982 og hætti búskap 1987. Nú er hann 86 ára og ern utan hvað sjónin er að þverra. Bjargar hann sér þó sjálfur, enda þekkir hann allt í umhverfi sínu. Veit til dæmis nákvæmlega hversu mikið hann þarf að beygja sig undir dyrastaf til að komast upp í fjósbaðstofuna. Þar sest hann niður. „Gamla fólkið sem þoldi ekki kuldann í bænum svaf hér og innan við þverbitann voru einkum sjúkrarúm," segir hann. „Það kann að vera einhver vottur af reimleika í útnorðurshorninu og þar undir er moðbásinn. Hann þótti góður samkomustaður í gamla daga," segir Vilhjálmur kíminn. „Hluti íslensku þjóðarinnar er kominn úr moðbásnum."

VILHJÁLMUR MEÐ PRESTSSTOFUNA Í BAKSÝN Hún var endurgerð að tilhlutan Byggðasafnsins á Skógum en hana lét séra Jón Jónsson byggja árið 1804.

Í STOFU SÉRA JÓNS sem var sonur Helgu Steingrímsdóttur, systur eldprestsins.

ÍBÚÐARHÚSIÐ Máttarviðir þess eru að hluta til úr ströndum.

STRANDGÓSS Stofuborðið er úr Eiríki rauða sem strandaði 1924. Bekkinn rak á fjöru á stríðsárunum.

FJÓSBAÐSTOFAN hefur sjálfsagt verið í þessu formi í hátt í þúsund ár," segir Vilhjálmur.

SMIÐJAN Geymir marga góða gripi, meðal annars fýsibelg sem blásið er í með því að toga í spotta.

NÓATÚN

Við gerum meira fyrir þig

ÓDÝRT

ÚR KJÖTBORÐI – BESTIR Í KJÖTI – ÚR KJÖTBORÐI

LAMBALÆRI

1258 KR./KG

Nóatún bestir í kjöti

ÚR KJÖTBORÐI – BESTIR Í KJÖTI – ÚR KJÖTBORÐI

Nóatúns hamborgarhryggurinn

Afhverju að velja Nóatúns hamborgarhrygg?

- Einungis eru notaðir sérvaldir holdamiklir og vel snyrtir svínahryggir.
- Hægt að fá hamborgarhrygginn sagaðan niður eftir óskum hvers og eins. Við aðstoðum við að áætla magn af kjöti miðað við gestafjölda.

TILVALIN JÓLAGJÖF

NÓA KONFEKT KASSI NR. 14

1399 KR./KS.

COKE Í GLERI, 6 PK.

549 KR./PK.

NÝTT Í NÓATÚNI

JÓLAOSTUR VILLISVEPPA

259 KR./STK.

GOTT MILLI MÁLA!

KLEMENTÍNUR Í NETI, 1 KG

379 KR./PK.

ÓMISSANDI UM JÓLIN

AFTER EIGHT 200 G

299 KR./PK.

FYRIR SÆLKERANA!

ANTON BERG KONFEKT

20% afsláttur

ORA JÓLASÍLDIN 2009

678 KR./STK.

DGF RIFSBERJAHLAUP

499 KR./STK.

NÓATÚN

www.noatun.is

Laxarós á kartöflu

Reyktur lax verður mjög oft fyrir valinu hjá mér þegar ég bý til forrétti. Það eru endalausir möguleikar við að bera fram reyktan lax og galdra með einföldum hætti fram góða veislu. Á jólahátíðinni finnst mér ómissandi að bjóða upp á forrétti með reyktum laxi og þá er gaman að bera hann fallega fram eins og í þessum rétti. Laxarósin er mjög ljúffeng og afar einfalt að útbúa og er hún gjarnan á borðum hjá mér um jólin. Þetta er flottur forréttur við hvaða tilefni sem er.

1 stór kartafla
salt
sítrónusafi
1 dós sýrður rjómi eða 2 dl grísk jógúrt
2 skalottlaukar, smátt saxaðir
2 tsk. wasabi
japanskt piparrótarmauk eða 1 tsk. fersk piparrót
200 g reyktur lax
4 tsk. silungahrogn
dill, til skrauts

Sneiðið kartöflurnar í um 1 sm þykkar sneiðar og sjóðið í 10-15 mínútur. Takið þær síðan úr pottinum og látið kólna. Saltið kartöflurnar og penslið með sítrónusafa. Hrærið saman sýrðan rjóma, skalottlauk og piparrótarmauk. Skerið laxinn í sneiðar og skiptið á fjórar kartöflusneiðar. Skiptið síðan piparrótarsósunni á sneiðarnar og 1 tsk. af hrognum ofan á hverja og eina. Skreytið með fersku dilli.

MYNDIR/MAGNÚS HJÖRLEIFSSON

ELDAMENNSKA ER EKKI SEINLEG „Það er ekki endilega fljótlegast að kaupa tilbúinn mat," segir Rósa Guðbjartsdóttir, sem mælir með því að ungt fólk spreyti sig í eldamennskunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hvatning til að elda góðan mat

Draumur **Rósu Guðbjartsdóttur** um að gefa út matreiðslubók rættist á dögunum þegar bókin hennar Eldað af lífi og sál kom út. Hún sagði *Sigríði Björgu Tómasdóttir* að einfaldur og hollur matur væri í uppáhaldi hjá henni.

Ég hafði gengið með það í maganum í nokkur ár að gefa mína eigin matreiðslubók út," segir Rósa Guðbjartsdóttir, matgæðingur og matarskríbent í Gestgjafanum til margra ára. Matur hefur lengi verið aðaláhugamál Rósu. „Ég veit ekkert skemmtilegra en að elda góðan mat, prófa hráefni og setja það saman á nýjan hátt.," segir Rósa, sem starfar sem bæjarfulltrúi í Hafnarfirði. Margir muna eftir Rósu frá árunum sem fréttamanni á Stöð tvö eða framkvæmdastjóri Krabbameinsfélagsins. Nú er hún formaður stjórnar Krabbameinsfélagsins og sinnir ýmsum sjálfboðaliðastörfum fyrir það.

Heima við er Rósu oft að finna í eldhúsinu þar sem hún sinnir áhugamálinu sínu, matreiðslu. Fjölskyldan er stór og hún kann að meta matreiðslu Rósu. „Ég vil hafa mat einfaldan og fljótlegan, er ekki endilega hrifin af því að marinera í marga daga," segir Rósa, sem hugsar bókina sína öðrum þræði sem hvatningu til fólks sem miklar eldamennsku fyrir sér.

„Það er ekki alltaf fljótlegast að kaupa tilbúið. Það þarf ekki að taka nema tíu til fimmtán mínútur að búa til nýjan mat og þegar maður eldar matinn sjálfur veit maður hvað er í honum." Rósa leggur áherslu á mat úr hráefni sem vel er þekkt hér og mikið notað hér á landi, fiski, kjúklingi og lambakjöti. Fyrir utan forrétti, aðalrétti og eftirrétti eru kaflar um rétti í grillveisluna, bakstur og brauðrétti og barnaafmæli.

Hér á síðunni er hins vegar að finna uppskriftir úr bókinni að réttum í hátíðlegri kantinum sem eru við hæfi á þessum árstíma. „Laxarósina hef ég boðið upp á við ýmis tækifæri, meðal annars á jólunum, lambakjöt með fetaosti og rósmarín er hátíðlegur réttur og súkkulaðifreistingin hefur slegið í gegn hjá minni fjölskyldu."

Lambakjöt fyllt með fetaosti og rósmarín

Góð lambasteik er sannkallaður veislumatur og með fyllingu verður kjötið sérlega meyrt og bragðgott. Fyrir 4-6.

2 lambainnanlæri
4-5 msk. rautt pestó
3-4 greinar ferskt rósmarín
4-5 msk. fetaostur
klettasalat, spínat eða annað grænt salat
salt og grófmalaður pipar

Berjið lambainnanlærin með buffhamri þar til stykkin eru orðin nokkuð jafn þykkir og stórir ferningar. Smyrjið pestói yfir stykkin báðum megin og látið marinerast í a.m.k. hálftíma, gjarnan í sólarhring.

Saxið rósmarínnálarnar og sáldrið yfir kjötsneiðarnar. Skiptið fetaostinum jafnt á kjötstykkin og setjið smávegis af grænu salati með ostinum. Rúllið kjötstykkjunum upp og lokið þeim með tannstöngli. Leggið upprúlluð fyllt kjötstykkin í eldfast mót, sáldrið söxuðu rósmaríni yfir og saltið og piprið. Grillið í 220 gráðum heitum ofni í um 10 mínútur. Lækkið hitann þá niður í 175 gráður og bakið áfram í um 25 mínútur til viðbótar. Slökkvið á ofninum og látið kjötið vera þar í nokkrar mínútur áður en það er tekið út og borið fram.

Berið fram með sætum kartöflum en þær eru að mínu mati algjörlega ómissandi sem meðlæti um hátíðarnar. Hér fylgir ein „hátíðleg" tillaga að matreiðslu þeirra.

Sætar kartöflur með pekanhnetum

3-4 sætar kartöflur, ca 1 kg
70 g smjör, brætt
1 msk. púðursykur
1 tsk. kanill
handfylli pekanhnetur, saxaðar

Skrælið sætu kartöflurnar, skerið í bita og sjóðið í léttsöltu vatni í 10-15 mínútur. Blandið saman bræddu smjöri, púðursykri og kanil. Hellið vatninu af kartöflunum og stappið þær gróflega saman. Hrærið smjörblöndunni saman við. Setjið í eldfast mót og stráið pekanhnetunum yfir. Bakið í 10-15 mínútur við 200 gráður.

Einnig er hægt að bera stöppuna fram beint, þ.e. án þess að baka hana í ofninum, en við baksturinn verður yfirborðið stökkara en ella.

Súkkulaðifreisting

Ljúffengur eftirréttur fullkomnar góða máltíð og þá verður súkkulaði freistandi sem aldrei fyrr. Fátt jafnast á við gott súkkulaði og eru áhrif þess á líðan og lund alkunn. Hvað sem því líður njótum við bara góðs eftirréttar og föllum fyrir freistingunum þegar það á við, eins og um jólin. Sannir sælkerar kætast og súkkulaðiunnendur hreinlega falla í stafi.

3 dl rjómi
250 g suðusúkkulaði
3 eggjarauður
1/3 tsk. salt
2 msk. smjör
1 msk. kaffilíkjör eða 1 tsk. vanilludropar

Hitið rjómann í potti við vægan hita. Takið af hitanum og hrærið súkkulaðið saman við þar til það bráðnar. Hrærið vel.

Hrærið eggjarauðurnar og saltið vel saman. Bætið ca. 1 dl af súkkulaðiblöndunni varlega saman við eggjarauðurnar. Hellið síðan blöndunni í pottinn og hrærið mjög vel. Hrærið svo smjörinu og líkjörnum eða vanilludropum saman við. Hellið í lítlar skálar eða bolla og kælið í ísskáp í amk 2 tíma.

Stundum set ég nokkur ber, t.d. rifsber, bláber eða skorin jarðarber, í botninn á skálunum áður en súkkulaðiblöndunni er hellt yfir. Þá koma berin á óvart í lok súkkulaðifreistingarinnar.

Allt að gerast í Eymundsson

Austurstræti

LAUGARDAGURINN 12. DES.

15:30 Ellen Kristjánsdóttir syngur nokkur lög af nýjum diski sínum, Draumey.

16:00–17:00 Fjallabræður árita og syngja lög af nýútkomnum geisladiski - stærsta áritun Íslandsögunnar!

Skólavörðustígur

LAUGARDAGURINN 12. DES.

12:00–12:30 Jólalestur fyrir börnin.

14:00–16:00 Hugleikur Dagsson tölusetur og áritar bók sína, 1001 OKKUR.

16:00 Ellen Kristjánsdóttir syngur nokkur lög af nýjum geisladiski sínum, Draumey.

Smáralind

LAUGARDAGURINN 12. DES.

14:00–15:00 Fjallabræður árita og syngja lög af nýútkomnum geisladiski sínum - stærsta áritun Íslandsögunnar!

Suður-Kringla

LAUGARDAGURINN 12. DES.

13:00–13:30 Jólalestur fyrir börnin

14:00–15:00 Þorgrímur Þráinsson áritar nýja bók sína, Núll, núll 9, og spjallar við gesti og gangandi.

14:00–20:00 Spilakynning - Vikings, Heilaspuni og Spurt að leikslokum.
14:00 Vikings spilið
16:00 Heilaspuni
20:00 Spurt að leikslokum



Suður-Kringla

SUNNUDAGURINN 13. DES.

15:00 Gillz kynnir og áritar nýútkomna bók sína, Mannasiðir.

Smáralind

SUNNUDAGURINN 13. DES.

15:00–16:00 Brian Pilkington kynnir Jólasveinana 13 og verður til spjalls og ráðagerða.

16:30–17:30 Gillz kynnir og áritar nýútkomna bók sína, Mannasiðir.

JÓNSSON & LE'MACKS • ÍLIS • SÍA

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

1698 KR.KG

HOLTA FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR

498 KR.KG

HOLTA BLANDAÐIR KJÚKLINGABITAR

698 KR.STK

STEIKTUR HEILL MATFUGLS KJÚKLINGUR
TILBÚINN- ÞARF AÐEINS AÐ HITA !

1598 KR.KG

BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR

259 KR.KG

HOLTA FERSKIR KJÚKLINGAVÆNGIR

539 KR.KG

BÓNUS FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR

SS BIRKIREYKT ÚRBEINAÐ LAMBAHANGIKJÖT 30% AFSLÁTTUR

NORÐLENSKA FJALLAHANGIKJÖTIÐ Á FRÁBÆRU VERÐI Í BÓNUS

1664 KR.KG

SS ÚRB. HANGIFRAMPARTUR
MERKT VERÐ 2378 KR.KG. ***30% AFSLÁTTUR***

2239 KR.KG

SS ÚRB. HANGILÆRI
MERKT VERÐ 3198 KR.KG. ***30% AFSLÁTTUR***

1887 KR.KG

ÚRB. HANGILÆRI

1320 KR.KG

ÚRB. HANGIFRAMPARTUR

159 KR.FL

BÓNUS APPELSÍN 2 LTR.

1598 KR.KG

1598 KR.KG

N.F ÍSLENSKUR LAX REYKTUR OG GRAFINN

298 KR. 900g

BÓNUS FORSOÐNAR ÍSLENSKAR KARTÖFLUR 900G

98 KR.STK

MYLLU HEIMILISBRAUÐ 385G 98 KR.

989 KR.PK

KRISTJÁNS LAUFABRAUÐ ÓSTEIKT 20 STK

298 KR.STK

ÍSLENSK ÚTIKERTI JÁRNADÓS TVÆR TEG.

139 KR.KG

SÉRVALDAR ÍSLENSKAR KARTÖFLUR Í LAUSU GULLAUGA OG RAUÐAR

BÓNUS BÝÐUR BETUR

VISA

VERÐTILBOÐIN GILDA FRÁ LAUGARDEGI - SUNNUDAGS

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

FROSIÐ LAMBAKJÖT
SLÁTRUN 2009

1138 KR.KG

KS FROSIÐ LAMBALÆRI 1. FLOKKUR

1398 KR.KG

KS FROSINN LAMBAHRYGGUR 1. FLOKKUR

2998 KR.KG

KS FROSIÐ LAMBAFILLET

TÍU SÖLUHÆSTU JÓLABÆKURNAR Í BÓNUS

1. SVÖRTU LOFT *ARNALDUR INDRIÐASON*
2. VIGDÍS, *KONA VERÐUR FORSETI*
3. STÓRSKEMMTILEGA STELPUBÓKIN
4. SÖKNUÐUR, *VILHJÁLMUR VILHJÁLMSSON*
5. ÚTKALL *ÓTTAR SVEINSSON*
6. HORFÐU Á MIG *YRSA SIGURÐARDÓTTIR*
7. LOFTKASTALINN SEM HRUNDI
8. KARLSVAGNINN *KRISTÍN MARJA BALDURSD.*
9. HJARTSLÁTTUR *SÉRA HJÁLMAR JÓNSSON*
10. EF VÆRI ÉG SÖNGVARI

398 KR.STK

GRÍMS PLOKKFISKUR
TILBÚINN- ÞARF AÐEINS AÐ HITA !

998 KR. 1 KG.

NF GRÆNMETISBUFF 1 KG.
TILBÚIN- ÞARF AÐEINS AÐ HITA !

2498 KR.KS

NÓA KONFEKT 1 KG.

1298 KR.STK

KJARNA STEIKINGARFEITI 2,5 KG
ÞESSI GAMLA GÓÐA.

498 KR.STK

KÚTTER JÓLASÍLD 540G

789 KR. 2.3 KG

ROBIN KLEMENTÍNUR 2,3 KG 789 KR.
HINAR EINU SÖNNU JÓLAKLEMENTÍNUR

1398 KR.

MACKINTOSH 900g

129 KR.DS

EGILS JÓLAÖL 500ML

139 KR.DS

EGILS MALT OG APPELSÍN 500ML

Coke kippur 6 fl. x 2 ltr.
Venjulegt-Light-Zero og
4dósir Víking jólaöl í kaupbæti.
Verðmæti kaupauka ca 460 kr.
SAMTALS: 14 LTR.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

VISA

VERÐTILBOÐIN GILDA FRÁ LAUGARDEGI - SUNNUDAGS



DR. ADOLF RATZKA hefur sjálfur hannað tæki sem örvar lungnastarfsemi hans og er honum í raun lífsnauðsyn.

Allir eiga rétt á forystu í eigin lífi

Adolf Ratzka lamaðist sautján ára gamall í kjölfar veikinda. Hann var duglegur námsmaður og stundaði íþróttir. Umskiptin voru því gífurleg. ***Guðrún Guðlaugsdóttir*** blaðamaður ræddi við þennan baráttumann og eldhuga.

Adolf Ratzka er meðal helstu frumkvöðla þess lífsstíls fatlaðra sem hann kýs að kalla sjálfstætt líf (e. Independent Living). Hann var staddur hér á landi vegna fyrirlestrar sem hann hélt á ráðstefnu Öryrkjabandalags Íslands, félags- og tryggingamálaráðuneytis og FFA (Fræðsla fyrir fatlaða og aðstandendur) á alþjóðadegi fatlaðra 3. desember.

Adolf Ratzka fæddist árið 1943 í Karlovy Vary í Tékkóslóvakíu sem þá hét Karlsbad og var þýskt land. Faðir hans féll í stríðinu en móðir hans flúði með hann og eldri systur hans til Bæjaralands þar sem hann ólst upp, gekk í skóla og stundaði íþróttir.

Sautján ára fékk Adolf lömunarveiki og lamaðist fyrir lífstíð. Hann notar hjólastól og á erfitt með öndun þar sem þindin er lítt starfhæf. Þess vegna notar hann loftdælu með slöngu sem hann bregður í munn sér öðru hvoru í samtalinu til að örva lungnastarfsemina. Hann hannaði tækið sjálfur. „Ég nota slönguna líka stundum til þess að leggja áherslu á orð mín – og jafnvel slá á fingur þeirra sem mér mislíkar verulega við," segir Adolf, brosir og bætir svo við öllu alvarlegri: Ég væri löngu dáinn úr lungnabólgu ef ekki væri fyrir þennan útbúnað."

Adolf hefur þó fyrst og fremst áhuga á að ræða um kenningar sínar og fræði um sjálfstætt líf fatlaðra. En hvernig eru þær og hvar komst hann í kynni við þær?

Grundvöllur kenninga Adolfs

„Grundvöllurinn er mín eigin reynsla. Í fimm ár eftir að ég lamaðist var ég nánast í stofufangelsi á sjúkrahúsi í Bæjaralandi og réði litlu sem engu um líf mitt." Þetta líkaði svo skapstórum og greindum manni sem Adolf stórilla. Hann fékk kennslu í grísku, latínu og stærðfræði á sjúkrahúsinu; önnur fög las hann upp á eigin spýtur. Á þessum tíma, upp úr 1960, gátu engir háskólar í Þýskalandi tekið á móti fötluðum nemendum. Lyftur skorti, dyr voru þröngar og þröskuldar hindruðu umferð hjólastóla. Háskólinn í Berkeley í Kaliforníu var einn fimm háskóla í Bandaríkjunum sem buðu upp á aðstöðu sem hentaði fötluðum. Þangað fór Adolf 22 ára gamall með styrk frá þýska ríkinu. „Ég fékk íbúð á stúdentagarði og fór að svipast um eftir sjálfshjálparhópum fyrir fatlaða sem Bandaríkjamenn eru duglegir að mynda. Ég var kominn til að læra og gat ekki eytt öllum mínum tíma í að sinna daglegum þörfum. Það hefði þá tekið allan minn tíma." Það var þá sem hann réði fyrst til sín aðstoðarfólk og greiddi því kaup af því fé sem hann fékk frá þýska ríkinu.

Adolf lærði hagfræði og fór árið 1973 til Svíþjóðar að afla sér efnis í doktorsritgerð. Ekki vill hann tala um ritgerðina, segir hana óskylda þessu máli, fjalla um eignarhald ríkis og bæja á jarðeignum. Auk hagfræðimenntunar hefur hann félags- og sálfræðimenntun.

Hann ílentist í Svíþjóð og kvæntist þar þýskri konu. Þau eiga fimmtán ára dóttur. Hann leggur áherslu á að þau hjónin mætist á jafnréttisgrundvelli.

„Í Svíþjóð mætti mér sænskt velferðarkerfi sem í grundvallaratriðum var jákvætt gagnvart hugmyndum mínum um sjálfstætt líf." Þetta var honum mikið gleðiefni, manni sem á unglingsárum hafði verið sviptur eðlilegu frumkvæði og sjálfsákvörðunarrétti. Hann hafði sjaldnast getað gert neinar áætlanir, hann var öðrum háður í þeim mæli að það var varla hægt.

Ofverndun fatlaðra óheppileg

„Í mörgum félagsmálakerfum er tilhneiging til að ofvernda skjólstæðinga og svipta þá með því sjálfræði. Þetta gera foreldrar einnig og aðrir aðstandendur. Í hjónabandinu hef ég lagt áherslu á að bæði ég og konan mín eigum okkur sjálfstætt líf og að við séum ekki háð hvort öðru. Við skiptum með okkur heimilisverkum eins og tíðkast á öðrum heimilum en ég verð að fá aðstoðarmenn til þess að geta gegnt mínum skyldum."

Adolf hefur að jafnaði fimm til átta aðstoðarmenn sem hann getur hringt til, eftir því hvers eðlis fyrirætlanir hans eru. Hingað til Íslands fylgdi honum aðstoðarmaðurinn Mads, tónlistarmaður sem hefur verið honum til aðstoðar í þrettán ár. Aðstoðarmenn Adolfs eru helst úr listageiranum, tónlistarmenn, myndlistarmenn og blaðamenn sem hafa sveigjanlegan tíma og þurfa á aukatekjum að halda. „Ég auglýsi sjálfur eftir aðstoðarmönnum en í upphafi gekk þessi aðferð brösuglega því ég þurfti sjálfur að læra að stjórna." Fram kemur í máli Adolfs að honum er ekkert sérstaklega gefið um aðstoðarfólk úr heilbrigðisstéttum þar sem honum finnst það hafa tilhneigingu til þess að þykjast þekkja betur þarfir hins fatlaða en hinn fatlaði sjálfur. „Í þessu getur beinlínis verið hætta fólgin fyrir sjálfstæði hins fatlaða," segir hann.

Fyrst eftir að Adolf kom til Svíþjóðar bjó hann í hverfi þar sem fimmtán prósent íbúða voru ætluð fötluðum. Þar var einnig þjónustumiðstöð þeim ætluð. Þetta hentaði honum ekki nema í meðallagi vel. „Einu sinni bauð ég til dæmis heim fólki og tilkynnti að ég þyrfti aðstoð við eldamennskuna. Þá reyndist þjónustumiðstöðin hafa aðra forgangsröðun. Einhver hafði þurft að fara á spítala svo að eldamennskan varð að bíða. Fólk þurfti að deila með sér hjálpinni. Utan frá séð var þjónustumiðstöðin heimilisleg en í raun var um stofnun að ræða.

Þarna er komið að kjarnanum. Fatlaðir verða að geta gert áætlanir fram í tímann eins og aðrir. Þeir eiga drauma eins og aðrir, hafa þarfir og vilja gera áætlanir, bæði varðandi starfsframa og einkalíf. Þetta er að töluverðum hluta kæft niður á stofnunum."

Íslenska velferðarkerfið virðist Adolf í grundvallaratriðum líkt því sænska og það sé vel. Á frumstigi sé þó að fólk fái fé til þess að kaupa sér aðstoð sem henti því þannig að það hafi forystu í eigin lífi í stað þess að þiggja aðstoð frá stofnunum.

Fatlaðir velja sjálfir

Sjálfsákvörðunarréttur hins fatlaða er kjarni hugsjóna þessa baráttumanns. Hann veitir forstöðu stofnuninni Independent Living, sem vinnur að þessum markmiðum og kynnir þessar aðferðir til að fatlaðir geti notið lífsins eins og kostur er, átt sér starfsframa og eignast fjölskyldu. „Ég hef séð stórkostleg dæmi um umbreytingu í lífi fatlaðra eftir að þeir hafa fengið tækifæri til að ráðstafa tíma sínum og kröftum sjálfir. Þá eru persónulegir aðstoðarmenn „hendur og fætur" hins fatlaða og reynsla mín er sú að best sé að sem flestir séu í tengslaneti hins fatlaða sem hann geti þá leitað til." Í tengslaneti Adolfs sjálfs eru auk annarra læknar og verkfræðingar sem hanna hjálpartæki. Þetta telur hann að myndi reynast vel hér. Adolf telur að um 500 Íslendingar þurfi á svona þjónustu að halda en um sextán þúsund af níu milljónum Svía þurfa þessa þjónustu.

En hvað með sambýlin svokölluðu? „Jú, þau hafa verið við lýði en gegna oft ekki því hlutverki að fatlað fólk geti beitt sér. Meirihluti tíma hins fatlaða fer í að sinna fáum daglegum þörfum og minna ráðrúm er þá til starfs á öðrum vettvangi."

Adolf leggur sérstaka áherslu á mikilvægi þess að fatlaðir fái þjálfun í að stjórna, svo þeir geti nýtt sér aðstoðina sem þeir kaupa á sem skilvirkastan hátt. „Hinn fatlaði verður að fela öðrum ýmis verkefni sem heilbrigður maður getur sinnt fyrirhafnarlaust. Það krefst þjálfunar í stjórnun."

„Fordómar eru eitt af því sem fatlaðir þurfa að kljást við. Oft er fatlað fólk ekki talið geta nýtt sér menntun og ekki starfað svo neinu nemi á almennum vinnumarkaði. Hinn fatlaði þarf því að berjast fyrir áheyrn umhverfisins og leita sjálfur leiða til að sigrast á erfiðleikum sem fötlunin skapar. Mikil þekking á málefnum fatlaðra hefur safnast upp á síðari árum og ég tel það lykil að aukinni samfélagslegri þátttöku."

Kenningar Adolfs og hugsjónir um sjálfstætt líf eru þýðingarmikill liður í því að þetta markmið náist. „Þær frelsa fatlaða frá því að vera í eins konar stofufangelsi, sem er raunin með líf margra fatlaðra nú. Svo þarf þetta fyrirkomulag ekki að vera samfélaginu dýrara en hið stofnanamiðaða en það eykur lífsgæði fatlaðs fólks til muna."

HVAÐ ER NPA?

Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA) er þegar einstaklingur í þörf fyrir mikla aðstoð ræður sitt aðstoðarfólk sjálfur og stýrir því hvar, hvenær og hvernig aðstoðin er veitt. NPA gerir fötluðum kleift að njóta frelsis í daglegu lífi bæði heima fyrir og úti í samfélaginu.

Helgartilboð

allt að *40%* afsl. af nýjum bókum

IÐA

Elfa er komin frá Bandaríkjunum og verður með okkur í Listasal IÐU milli 16 og 18 í dag. Komið og fagnið með okkur útgáfu ævisögunnar Elfa Gísla og hinar sögurnar. Ljúfir tónar og léttar veitingar.

fullt verð 5.990,-
tilboðsverð 4.990,-

fullt verð 5.480,-
tilboðsverð 4.455,-

fullt verð 5.990,-
tilboðsverð 4.860,-

fullt verð 4.990.-
tilboðsverð 3.990,-

fullt verð 5.690,-
tilboðsverð 3.995,-

fullt verð 5.490,-
tilboðsverð 4.115,-

fullt verð 5.980,-
tilboðsverð 3.590,-

fullt verð 6.990,-
tilboðsverð 4.990,-

fullt verð 5.690,-
tilboðsverð 3.995,-

fullt verð 5.290,-
tilboðsverð 4.290,-

fullt verð 5.280,-
tilboðsverð 4.280,-



fullt verð 7.990,-
tilboðsverð 5.990,-

Lækjargata 2a 101 R. sími 511-5001 opið alla daga 9.00 - 22.00

Eftirminnileg sumur í sveit

„Ég er í mér ansi mikill sveitamaður,“ segir **Einar Benediktsson**, fyrrverandi sendiherra, í æviminningum sínum Að skilja heiminn, sem Bókafélagið Ugla gefur út núna fyrir jólin. Hér verður gripið niður í fyrsta kafla bókarinnar þar sem segir meðal annars frá dvöl Einars á Ferjubakka í Borgarfirði en þar var hann sex sumur í sveit.

Það kemur upp í minningunum að mér var gefið lamb sem borgun fyrir vinnuna eitt sumarið og undan henni kom síðar lamb sem var lagt inn. Ég man það vel að Ragnar á Ferjubakka kom til okkar á Hringbraut, en hann var á leið í vertíðarsjómennsku í Sandgerði. Hann rétti mér 50 króna seðil sem var það sem hafði fallið til af lambinu frá Kaupfélaginu í Borgarnesi. Kindin mín, hin fegursta skepna í haga, var með svartan blett á hálsi og því auðþekkt. Hún fór úr mæðiveikinni sem gerði landbúnaðinum hinar skelfilegustu búsifjar. En þetta var hraust fé og kátir rekstrarmenn sem komu fénu á fjall þegar það var rekið upp Borgarhreppinn og inn á afréttinn við Langavatn.

Öllu meira sport var að koma trippunum á fjall. Við rákum þau inn Langadal og svo áfram þangað til að sást rjúka úr bæjunum í Hörðadal en komum aftur að Ferjubakka eftir nær sólarhrings reiðtúr og þá var gott að vera marghesta með góða eða frábæra reiðhesta. Ég lagði mikið upp úr reiðtygjunum mínum og var í reiðbuxum saumuðum af klæðskerunum Árna og Bjarna á horni Ingólfsstrætis og Bankastrætis.

Heyskapurinn á Ferjubakka er mér afar minnisstæður. Slátturinn hófst í júní með að hirða töðuna af túninu sem að hluta til var í brekku sem ekki var véltæk og var þá gengið vasklega fram með orfi og ljá. Allir voru með hrífu í að snúa á flekkjunum. Úthey kom af flæðiengjum fyrir neðan Ferjubakkajarðirnar og svo úr miklu meiri fjarlægð úr Flóanum sem svo var kallaður en þaðan blöstu við handan Hópsins og Norðurár jarðirnar Svignaskarð og Stafholt og aðrar jarðir í Bæjarsveit. Þennan heyfeng varð að reiða heim í hlöðurnar og voru 10–12 hestar í lestunum en við krakkarnir aðstoðuðum við að leysa úr sátunum og dreifa úr í hlöðu. Ég hafði þann starfa að færa mat og kaffi á engjarnar, ríðandi með töskuhest. Traktorar höfðu ekki haldið innreið sína í sveitirnar og það var mikill annatími við að heyja. Ótíð lagðist þungt á fólk og virtist krakkanum svo sem kaffisopinn og neftóbakið væri því helst til hugarléttis.

/... /

VIÐ HÖLL DROTTNINGAR Einar og eiginkona hans, Elsa Pétursdóttir, eftir afhendingu trúnaðarbréfs hjá Elísabetu II Englandsdrottningu 1982.

FJÓRIR ÆTTLIÐIR VIÐ SKÍRN EINARS Faðirinn Már Benediktsson, Margrét Zoëga langamma og Valgerður Benediktsson amma.

RIÐIÐ ÚT Einar á hestbaki með vini sínum.

Baróninn sem var vinur afa

Í ágætri bók Þórarins Eldjárns, Baróninn, er fjallað um þann mikla merkismann, baróninn á Hvítárvöllum, Charles Gauldrée de Boilleau. Áhugi minn á baróninum var frá æskuárum, þegar Valgerður amma mín var að semja endurminningar sínar um Einar [skáld Benediktsson, mann sinn] og ég sat oft hjá henni á Sólvallagötu. Þá var frásögnin af ferð þeirra Einars til barónsins með skipinu Hvítá mikið uppáhalds umræðuefni okkar. Það var Andrés Fjeldsted sem seldi baróninum Hvítárvelli og keypti þá Ferjubakkajörðina sem hér kemur við sögu og byggði upp myndarlega. Hann vildi að Guðmundur [Magnússon] tæki við af sér á Ferjubakka en með fylgdi sumarmaðurinn Jón Jónsson, veiðimaður, sem kemur við sögu hjá Þórarni.

Var Jón öll mín sumur í sveitinni og sá um laxalagnir í Hvítárfirðinum og silungsnet á Höfðanum svokallaða þarna fyrir neðan Ferjubakka. Okkur Jóni samdi sérlega vel og var ég mikið með honum í veiðiskapnum í ánni.

Hann átti hníf, hinn mesta kjörgrip, merktan „Hvítárvellir“, sem baróninn gaf honum og er mynd af einum slíkum í bók Þórarins. Ég vissi semsagt sem krakki að þessi ævintýralegi franski barón og afi minn höfðu verið vinir. Jón hafði siglt með þau Einar á því ágæta gufuskipi Hvítá í morgundýrð sumarsólarinnar, eins og amma lýsir ferð þeirra til Hvítárvalla þegar Einar tók að yrkja kvæðabálkinn Haugaeld.

Þegar hér er komið sögu í lífi Jóns var ekki farið á móti þungum straumi Hvítár með gufuskipi eða eins og Einar segir í kvæðinu: „Straumurinn harðnar – og heitar er kynt“. Nú þurfti að hafa stráknn mig með undir árum! En það sem ég heyrði um baróninn í æsku auðkenndist af virðingu fyrir þessum sérkennilega manni, sem vildi Íslendingum ekki annað en það besta og lagði sjálfur allt undir. Þessu nær Þórarinn vel sem og þeirri tragedíu sem líf hans var. Einar og þessi franski barón höfðu sömu skoðanir um uppbyggingu atvinnuvega sem samtíðin hafnaði og það fór með þá báða.

Bretar með alvæpni alls staðar

Annars var það nú ekki sveitin sem varð aðalatriðið í tilverunni heldur sú gríðarlega breyting sem varð á öllu lífi fólks með komu Bretanna og Bandaríkjamanna seinna. En hvað um okkur krakkana? Á Hringbrautinni vöknuðum við öll eldsnemma að morgni í maí 1940 við flugvéladyn og ys og þys. Við Gunni vinur minn Axels vorum nú ekki lengi að koma okkur niður í miðbæ og þar voru alveg ótrúlegir hlutir að ske.

Breskir hermenn með alvæpni, sem voru hvarvetna, brostu bara að okkur strákunum. Þeir þustu um á bílum og allt gekk þetta á óskiljanlegum fyrirskipunum. Hvað skyldu þeir ætla að gera næst, t.d. í Miðbæjarskólanum sem Gunni var í og hafði á því skiljanlegan áhuga. Og þá var það höfnin, drottinn góður. Þar var allt á öðrum endanum og svo var ytri höfnin full af herskipum. Frá þeim kom flugbátur sem flaug yfir með óskaplegum drunum sem við höfðum aldrei fyrr heyrt. En svo þurfti að hlaupa heim og fá nánari útskýringar. Gott að þessi illi þýskari í Túngötunni, konsúll eða hvað hann var, skyldi hafa verið handsamaður af Bretunum. Ætli þeir drepi bara ekki svoleiðis fólk? Ja, nóg er nú komið af byssunum, maður. Það seytlaði inn hjá manni að þetta líf okkar í hinni ofurkyrrlátu Reykjavík væri gerbreytt. Og ekki bara í Reykjavík, heldur setti hernámið líka mark sitt á lífið í Borgarfirðinum, því það var allt krökkt af breskum og seinna bandarískum hermönnum í Borgarnesi. Þeir voru með virki í Þjóðólfsholti fyrir ofan Síkisbrýrnar og alltaf á ferðinni. Ég man líka vel eftir því að fólki var mjög létt við það að það skyldu vera Bretar en ekki Þjóðverjar sem gengu hér á land.

> Breskir hermenn með alvæpni, sem voru hvarvetna, brostu bara að okkur strákunum. Þeir þustu um á bílum og allt gekk þetta á óskiljanlegum fyrirskipunum

Faðir minn var svo sem fyrr greinir reyndar tengdur breska hernum með sérstökum hætti. Hann átti þó ekki marga vini í hópi þeirra sem voru hér í herþjónustu. Ég man þó eftir liðsforingja sem hét Peter, sem kom heim og mun hafa fallið á vígstöðvunum í Frakklandi seinna. Ása vinnukona eignaðist kærasta úr norska hernum er Birgir hét og urðum við fínir vinir. Þau giftust og fóru til Skotlands. Síðan voru það tveir breskir skipherrar sem voru hér á tundurduflaslæðurum, sem ég man að sátu hjá okkur tvisvar sinnum á jólum. Þeir notuðu togara til að slæða flóann og einhver fleiri hafsvæði hér í grenndinni. Áhöfnin hafði aðsetur hér í Reykjavík. Ég var einhvern tíma að ræða við Tom frænda minn um föður hans Örn, föðurbróður minn. Þá sagði Tom við mig: „After all he was a Brit.“ Það sama átti líka við um Má föður minn. Hann var á vissan hátt Englendingur sem talaði íslensku. Hann var ekki nema þriggja eða fjögurra ára gamall þegar hann fór utan og rúmlega tvítugur þegar hann flutti aftur til Íslands. Og þó að hann talaði algjörlega lýtalausa íslensku átti hann alla sína ævi úti.

/ ... /

Lærðu ensku í stríðinu

Einu sinni stóð ég með pabba snemma á sunnudagsmorgni á svölunum á Hringbraut og Skerjafjörðurinn blasti við í góðu veðri. Þá kemur flugvél yfir fjörðinn og um leið hófst skothríð á hana úr virkjum Bretanna og reykjarbólstrar koma. Fyrst sáust bólstrarnir og síðan heyrðust hvellirnir og þá skildi ég að þetta var þýsk flugvél. Ég fékk máttleysi í hnjáliðina, alveg nýtt fyrirbæri. Svo komu loftvarnamerkin.

Eitt af því sem óhjákvæmilega fylgdi hernáminu var aukin kunnátta ungu kynslóðarinnar í ensku. Við strákarnir gerðum okkur fljótlega ljóst að við værum ekki menn með mönnum nema við gætum tjáð okkur á þeirri tungu. Þar hjálpaði líka til að við fengum kennslu í ensku í Landakotsskóla en pabbi var byrjaður að veita mér tilsögn. Hann var að kenna mér nöfnin á húsgögnunum eitt sinn og mér finnst ég geta heyrt hann segja „chair“ með sínum fína King´s English framburði. Þá man ég eftir lestri hans fyrir mig á kvæðinu If eftir Kipling eftir að ég var farinn að komast upp á lagið með enskuna. Manni fannst hann tala fallegri ensku en þulirnir í BBC.

En ég hafði líka frábæran enskukennara í Gagnfræðaskólanum sem var magister Björn Bjarnason frá Steinnesi, heimilisvinur foreldra minna, og bekkjarbróðir mömmu frá Akureyri sem hann kallaði ávallt frú Sigríði. Hann bauð mér dús heima en sagði að við yrðum að þérast í bekknum. Hann varð líka heimilisvinur hjá okkur Elsu og við áttum margar góðar stundir með honum. Svo hertu bandarísku bíómyndirnar, sem voru sýndar í kvikmyndahúsunum, heldur betur á enskunáminu.

Millifyrirsagnir eru blaðsins.

1.899 kr.

~~2.299 kr.~~
Baggalútur
Sólskinið í Dakota

1.879 kr.

~~2.699 kr.~~
Lay Low
Flatey CD+DVD

1.699 kr.

~~1.999 kr.~~
Fjallabræður
Fjallabræður

3.999 kr.

~~4.799 kr.~~
Tómas R. Einarsson
Reykjavík Havana (4CD)

Innlendir tónar og hreyfimyndir á tilboði

15-30% afsláttur

Mikið úrval af nýrri tónlist og frábærum kvikmyndum

2.099 kr.

~~2.499 kr.~~
Hjaltalín
Terminal

1.999 kr.

~~2.699 kr.~~
Eivör
Live

2.399 kr.

~~2.899 kr.~~
Ragnheiður Gröndal
Tregagás

1.999 kr.

~~2.499 kr.~~
Guðrún Gunnars
Cornelis Vreeswijk

2.499 kr.

~~2.999 kr.~~
Reykjavík Rotterdam

3.699 kr.

~~4.399 kr.~~
Karl Berndsen
Andlit

1.999 kr.

~~2.599 kr.~~
Klaufabárðar 2

1.999 kr.

~~2.599 kr.~~
Klaufabárðar 1

1.999 kr.

~~2.499 kr.~~
Víkingur Heiðar Ólafsson
Debut

Tilboð gildir til og með 13.12.09

JÓNSSON & LE'MACKS • JL.IS • SÍA

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872

KOMINN MEÐ HOLLYWOOD-TILBOÐ Tónskáldið Ólafur Arnalds mun hafa nóg fyrir stafni á nýju ári. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Langaði alltaf að gera epíska tónlist

Ólafur Arnalds er tuttugu og þriggja ára gamall tónlistarmaður og tónskáld sem gefur nú út sína þriðju plötu, Found Songs. Hann missti af rappsenunni í Mosfellsbænum en þess í stað gerði hann epíska tónlist fyrir þungarokksbönd, túraði með Sigur Rós og fékk mikla umfjöllun á alþjóðavettvangi. ***Anna Margrét Björnsson*** hitti hann yfir kaffibolla og ræddi um gamaldags tónlist, dauða geisladisksins og allt þar á milli.

Fékkstu klassískt tónlistaruppeldi og hlustaðir á Bach í öll mál?

Nei, alls ekki. Ég lærði á trommur og tók mörg stig á þeim. Ég spilaði svo aðallega í bílskúrum í hinum og þessum pönkböndum. Ég var reyndar píndur til að spila á píanó þegar ég var lítill. Var í tímum í þrjá mánuði og hætti af því að mér fannst það ömurlegt. Ég var með Þóri Georg Jónssyni í þungarokkshljómsveitinni Fighting Shit og spilaði með honum á plötunni My Summer as a Salvation Soldier. Auk þess að vera með honum í hundrað litlum hliðarverkefnum sem fóru aldrei neitt.

Þetta er þá dularfull þróun út í klassíkina?

Þetta var engin þróun. Þetta bara gerðist svona einn, tveir og þrír. Þegar ég var unglingur hlustaði ég mjög mikið á kvikmyndatónlist. Ég byrjaði eitthvað að dútla við slíkt sjálfur í tölvunni svona þrettán eða fjórtán ára gamall. Þetta var mjög lélegt. (Hlátur) Nei, þetta var reyndar ekkert lélegt en ég gæti ekki hlustað á þetta í dag. Mér finnst þetta dálítið hallærislegt. En þetta fékk nokkra athygli erlendis frá og í kjölfarið var ég beðinn um að gera inngangs- og lokastef fyrir lög hjá þungarokkshljómsveit sem heitir Heaven Shall Burn. Þeir eru risastórir úti. Ég gerði eitthvað voðalega epískt fyrir þá og eftir þetta kom lítið útgáfufyrirtæki, Progression, og spurði hvort ég vildi ekki búa til svona plötu.

> Málið er bara að ekki allir krakkar nenna að spila tvö hundruð ára gamla tónlist.

Engin rappsena í Mosó

Þú kláraðir aldrei píanóið, en þú spilar samt á ótal hljóðfæri?

Já, ég næ yfirleitt að fikra mig áfram á öllu sem ég kemst í. Ég skil hljóðfæri. Þannig er það bara. Það er kannski frekar einhver tækniatriði sem vefjast fyrir mér, eins og á fiðluna, ég er hrikalegur þar. En það er ekki endilega vegna skorts á skilningi.

Þú ert úr Mosfellsbænum. Er Mosó ekki vagga rappsins?

Úff, ég var aldrei í þeim pakka. Það var svona ákveðinn kúltúr á tímabili þegar ég var í áttunda og níunda bekk. Þó var þetta aldrei meira en nokkrir gaurar, Dóri DNA og fleiri. Þeir voru reyndar frábærir í minningunni en þetta rappæði stóð yfir í svona eitt ár. Það er engin rappsena í Mosó. Hinsvegar er Sundlaugin, upptökustúdíó Sigur Rósar í Mosfellsbænum.

Þú varst nú einmitt að túra með Sigur Rós í fyrra, og vinnur mikið í því að útsetja fyrir annað fólk?

Já, ég er mikið að útsetja strengi fyrir aðra. Ég útsetti til dæmis strengi á nýju plötunni með Bloodgroup. Svo er ég að vinna með Barða Jóhannsyni núna, eða réttara sagt, hann er að vinna með mér, að minni tónlist fyrir næstu plötuna mína sem kemur út í mars. Found Songs kom út erlendis í ágúst og var að koma út hér heima núna. Platan með Barða hefur verið í vinnslu í eitt og hálft ár. Við erum á lokahnykknum með þessa plötu og hún er vonandi væntanleg í mars.

Found Songs kom fyrst út erlendis, hvað er eiginlega að gerast hjá þér þarna úti?

Ég veit það ekki. Ég virðist hafa mun stærri áheyrendahóp þar, sem er kannski eðlilegt því að allir litlir jaðarhópar verða miklu stærri í löndum með meiri fólksfjölda. Mér finnst oft erfitt að gera eitthvað hérna á Íslandi vegna þess að hér eru allt aðrar markaðsáherslur. Það sem ég er í rauninni að gera með tónlistinni minni er að reyna að opna þennan klassíska heim fyrir fólki.

Tónlistin hjálpar fólki í gegnum erfiðleika

En hvernig fólk hlustar á tónlistina þína?

Það er mjög breiður hópur. Erlendis er það kannski hópurinn sem hlustar á Sigur Rós og múm. Ég vil ekki einskorðast í annaðhvort klassík eða poppi heldur færa þessa hópa nær hvor öðrum. Ég er til dæmis að fá tölvupósta frá fólki sem segir mér að mamma þeirra og pabbi hafi pínt það til að spila á fiðlu í mörg ár en það hafi aldrei langað að spila þessa tónlist sem var á nótunum fyrir framan það. Nú segir þetta fólk: ég vil spila þína tónlist. Ég vil fara með nóturnar að henni til kennarans míns og segja, ég vil spila þetta og halda áfram að læra á fiðlu. Málið er bara að ekki allir krakkar nenna að spila tvö hundruð ára gamla tónlist. Það eru ekkert allir sem skilja þessa „klassísku klassísku“ tónlist. Mikið af þessu er mjög erfitt og líka nútímaklassíkin sem er tormelt. Fáir skilja hana nema þeir sem eru að semja hana. Þegar ég kom á sjónarsviðið var enginn að gera svona tónlist fyrir utan Jóhann Jóhannsson og Bretann Max Richter. Þannig að það má kannski segja að við þrír séum í raun upphafsmenn að ákveðinni stefnu. Fyrst þegar ég kom inn í þetta var mér líkt við Jóa og Max, og nú er fólk farið að líkja nýgræðingum á senunni við okkur þrjá saman. Og það er mjög skemmtilegt.

Kallar tónlistin þín fram sterkar tilfinningar hjá fólki?

Já, tónlistin er þess eðlis að hún á það til að framkalla ýmsar tilfinningar hjá fólki og margir segja reyndar að hún hafi hjálpað þeim í gegnum erfiðleika. Eitt það minnisstæðasta er reyndar frekar löng en falleg saga. Það var tölvupóstur sem ég fékk frá aðdáanda eftir tónleika í Svíþjóð. Hún var með bi-polar sjúkdóm og ári fyrr hafði hún reynt að enda líf sitt með einhverjum pillum en endaði þess í stað á sjúkrahúsi í marga mánuði. Þar leið henni enn verr og fór í raun bara versnandi. Einhvern daginn kom vinur hennar með ipod handa henni. Hún fann nafnið mitt inni á honum og ákvað að hlusta, og sagði að tónlistin mín hefði gert henni kleift að finna fegurðina í lífinu á ný. Eftir þennan dag byrjaði henni að batna, bæði líkamlega og andlega. Með mína tónlist alltaf í bakgrunninum. Þetta fannst mér rosa fallegt. Eitthvað sem fullvissar mann um það að maður sé á réttri braut í lífinu.

Eru ekki kvikmyndatónlistartilboðin að streyma inn?

Jú, en ég er búinn að segja nei við einhverju. Fyrsta kvikmyndin mín mun skipta miklu máli um hvernig framvinda mála verður frá mér. Það yrði að vera eitthvað ógeðslega flott sem ég hef geðveikan áhuga á. Ekki einhver ömurleg mynd sem eyðileggur allt. Heldur mynd sem passar vel við tónlistina mína og myndi hefja hana á hærra plan.

ERLENDIR DÓMAR UM FOUND SONGS

„Vel heppnuð kammer „glitch" dásemd."
(4/5) UNCUT

„Besta pínóplatan árið 2009. Endurhvarf til kjarnans."
DE:BUG (DE)

„Er þetta popp eða er þetta klassík? Hvort sem það er þá er þetta eintóm fegurð."
(5/6) Tonspion (DE)

„ Fallegasta og mest hrífandi sköpun hans hingað til."
(8/10) Drowned In Sound

„Tónlistin hans virðist stundum vera einum of fullkomin."
(9/10) Soundmag (DE)

„Það er óvenjulegt að nútímatónskald skapi svala klassíska tónlist, en Ólafur Arnalds gerir það með einfaldri fágun. Með Found Songs hefur Arnalds skapað tímalaust listaverk."
FensePost (US)

„Þetta er sannkallað stórvirki og á skilið viðurkenningu sem slíkt."
(4.6/5) The Milk Factory

desember 2009
menning
[SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM MENNINGU OG LISTIR]

Ritdómar:
Villi Vill, Ragnar í Smára, Oddný Eir og nýjar íslenskar myndabækur fyrir börn
SÍÐUR 8, 9, 10.

Tröllaslagur og steinbörn:
Viðtal við Steinar Berg
SÍÐA 4

FORHEIMSKUNARLAND SPÁMANNSINS

Síðara bindið af skáldfræðisögu ***Péturs Gunnarssonar*** um Þórberg Þórðarson kom út fyrir nokkrum dögum en þar rekur Pétur ævi sérvitrings úr Suðursveit frá miðjum fjórða áratug til hins síðasta og gerir síðan upp orðstírinn, erindið og hugsjónirnar. Pétur greinir Þórberg sem spámann og mannvin: hér er birtur þriðji kafli verksins. Meistarinn er á alþjóðaþingi esperantó-manna sem vilja smíða nýtt alheimsmál. Það er sumar í Stokkhólmi.

Úr för til landsins fyrirheitna kemur Þórbergur með Gullfossi þann 13. október 1934. Og líður ekki á löngu áður en hann er farinn að halda fyrirlestra um lífið í sósíalismanum: 23. október í Iðnó, 25. október í Hafnarfirði, 28. október í Nýja bíó og svo koll af kolli, Siglufirði, Akureyri, Dalvík, Ísafirði …

Rauða hættan kemur út í ágústmánuði 1935 á kostnað Sovétvinafélagsins, 1200 eintök prentuð. Kratar bregða höfundinum um rómantíska glámskyggni25 og kunnuglegt hljóð heyrist úr horninu frá hægri: úr því að lífið er svona frábært í Rússlandi af hverju flytur höfundurinn þá ekki austur?26 En samherjarnir taka henni fagnandi og fyrrum vinkona Þórbergs úr Guðspekifélaginu, Aðalbjörg Sigurðardóttir, ritar í Sovétvininn:

> Það er í stuttu máli sagt langt síðan, að ég hefi lesið bók, sem ég hefi orðið eins hrifin af og þessari Rússlandsferðasögu Þórbergs Þórðarsonar. Hún snerti bæði hugsana- og tilfinningalíf mitt þannig, að það var sem mér opnuðust nýir heimar og ég sá í sýn nýtt mannkyn á nýrri jörð. Að vísu veit ég, að óvíst er, að sú sýn verði nokkurn tíma að veruleika, en ég er þó þakklát því, sem lét hana bera fyrir mig á þessum dögum vonleysis og vandræða.[27]

Rauða hættan á ýmislegt sammerkt með leiðslubókmenntum miðalda þar sem mælandinn hefur í svefni eða dái tekist á hendur ferð yfir í aðra veröld, hina veröldina, hina guðdómlegu. Tveir fremstu höfundar íslenskra bókmennta á öldinni sem leið spreyttu sig báðir á slíkum ritum, Halldór Kiljan tveimur frekar en einu, *Í Austurvegi* og *Gerska ævintýrinu*.

Öll hafa þau orðið mismunandi illa úti í ljósi þess sem síðar gerðist. Ekki nóg með að fyrirbærið sem höfundarnir leituðust við að framkalla sé liðið undir lok – á bak við hina bláeygu frásögn er veruleiki þess eðlis að allt sem kann að vera sagt þar af mönnum og málefnum bliknar. Eiginlega sleppur *Gerska ævintýri* Halldórs betur en *Rauða hættan*, flugeldasýning Halldórs í stíl rís í hæðir og fer langt með að fleyta lesandanum yfir veruleika sem höfundinum sást yfir eða sneri á hvolf. Þó dregur Halldór ekki dul á ýmislegt sem miður fer, en lítið fer fyrir því hjá Þórbergi, viljinn til að sannfæra ber alla slíka viðleitni ofurliði.

„Við vildum láta blekkjast“, sagði Halldór löngu síðar og það fer víst ekki á milli mála hjá Þórbergi. Einna lengst gengur það í kaflanum um fangelsi og refsingar í Sovétríkjunum, langri greinargerð sem nær hámarki í setningunni: „Í Sovétlýðveldunum eru fangarnir svo að segja frjálsir menn …“ En þá ber að hafa í huga skrif hins heimskunna Maxíms Gorkí sem skömmu áður hafði ferðast vítt og breitt um Rússland og ritað áróðursgreinar um ástand mála, með áherslu á fangelsi, sem hann þekkti af eigin raun frá afbrotaæsku.

„Það er ekkert sem gefur í skyn fangelsi, þess í stað virðist sem þessi herbergi séu byggð farþegum sem bjargast hafi af sökkvandi skipi“, skrifar Gorkí. Og segir lokatakmarkið – afnám fangelsa – í þann mund að lánast.28

Hreinsanirnar miklu hófust árið eftir að Rauða hættan kom út og Þórbergi verður þar af leiðandi ekki legið á hálsi fyrir að geta þeirra að engu. Hinsvegar segir í dagbók hans fimmtudaginn 18. febrúar 1937: „Umhugsunarefni til sunnudags: málaferlin í Moskva.“

Ekki er vitað til hvaða niðurstöðu þessi fjögurra daga umþenking leiddi, en það er með Þórberg eins og aðra áhangendur Ráðstjórnarríkjanna frá sama tíma að hreinsanirnar og terrorinn breytast nær ævinlega í jákvætt teikn um stærð hildarleiksins. Svipað og við fyllumst andakt þegar við stöndum andspænis náttúruhamförum á borð við hamfarahlaupið sem skóp Jökulsárgljúfur og Ásbyrgi þótt við hefðum síður viljað vera á staðnum á meðan ósköpin gengu yfir. Halldór fer einmitt nálægt þessari líkingu í *Gerska ævintýrinu:*

> Sú lifandi mynd baráttunnar milli pólitískra höfuðafla, sem málaferlin brugðu ljósi yfir, er í heild sinni svo hrikaleg, í hrikaleik sínum svo náskyld náttúruöflunum sjálfum, að atriði eins og siðferðileg eða lögfræðileg „sekt“ samsærismannanna, eða sú persónulega refsing sem beið þeirra, verður í raun réttri smámunir sem ekki freista til kappræðu.[29]

Spyrja má: hvað gátu samtímamenn vitað um sekt og sakleysi sakborninganna? Í réttarhöldunum játuðu þeir á sig hárrísandi glæpi, fluttu langar tölur þar sem þeir báru á sig áform um að ráða Lenín og Stalín af dögum, rústa iðnaðinum og svíkja ættjörðina í hendur nasistum fyrir milligöngu Trotskís. Trotskí var blóraböggullinn: allsherjar útungunarstöð hryðjuverka, skemmdarverka og samsæra. Í veruleikanum var hann á stöðugum hrakhólum, land úr landi, allsstaðar úthýst af ótta við Stalín sem nú hafði náð þeirri stærð að ríkisstjórnir Evrópu kusu að hafa hann góðan. Þegar réttarhöldin hefjast er Trotskí landflótta í Noregi og norsk stjórnvöld paníkera þegar heimsbyggðinni er kunngert hvern skaðræðisgrip þau hafi innan sinna vébanda. Til að lágmarka skaðann grípa þau til þess bragðs að setja útlagann í stofufangelsi, gera upptækan póst sem frá honum fer og til hans berst.30 Á sama tíma beið umheimurinn eftir því að hann bæri af sér sakir.

Sjálfur mælskusnillingurinn!

En nei, þögnin einber. Sama og samþykki.

Þau Þórbergur og Margrét flytja á Freyjugötu 39 um vorið 1935 þar sem þau búa næstu fjögur árin. Margrét afgreiðir í Sápuhúsinu og Þórbergur er stundakennari í



Þórbergur Þórðarson kominn vel yfir miðjan aldur, stundar enn líkamsböð í sjó og gerir Mullersæfingar, hleypur í nálægum almenningsgörðum þegar enginn sér til.

íslensku við Ingimarsskóla. Í sjálfboðavinnu útbreiðir hann esperantó í útvarpi og einkatímum. Til marks um eldmóðinn að á aðfangadag árið 1935 heldur hann upp á Akranes að kenna alþjóðamálið og kennir þar öll jólin! (nemendur 19 talsins).

Margrét kemur í heimsókn á gamlársdag.

Esperantó er hin stóra hugsjón Þórbergs, hann virðist aldrei sjá eftir tíma og fyrirhöfn við að boða fagnaðarerindi alþjóðamálsins.

> En jafnframt þessu var ég gripinn af króniskri lamandi undrun yfir því sálarstandi fólksins, að vera ekki fyrir löngu búið að gera þessa einföldu skýru tungu að reglulegu alþjóðamáli, taka það sem skyldugrein í alla skóla. Hvernig gat staðið á þessum ósköpum, að þjóðirnar, sem standa mállausar hver frammi fyrir annarri skuli ekki hafa tekið upp esperanto?[31]

Líku gildir um sósíalismann: hvernig má vera að fólk skuli halda áfram að kjósa yfir sig andstæðinga sína í frjálsum kosningum í stað þess að taka málin í sínar hendur og skipuleggja samfélagið í eigin þágu? Þórbergur er mikill kosningamaður, hangir á kosningaskrifstofu jafnaðarmanna daginn sem kosið er, fylgist með talningu, vakir fram eftir. Og svo óbrigðul vonbrigðin með úrslitin. Sem gera hann á vissan hátt að útlendingi meðal landa sinna. Skoðanasystir Þórbergs, Þóra Vigfúsdóttir, víkur að þessu sama: „Eiginlega erum við kommúnistar nokkurs konar moderne útlagar í borgaralegu þjóðfélagi.“[32]

Um sumarið býðst Þórbergi að fara í fyrirlestrarferð um Danmörku og Svíþjóð á vegum þarlendra esperantista. Miðillinn er að sjálfsögðu alþjóðamálið, en auk þess beitir hann „nýjustu tækni“, sýnir skuggamyndir og leikur íslensk sönglög af plötum.

Í hvaða ljósi skyldi hann hafa sýnt land og þjóð? Samkvæmt sáttmálanum við Dani frá 1918 átti að koma til þjóðaratkvæðagreiðslu um fullveldi Íslands að 25 árum liðnum

Frábær fjórhjól
á verði frá 799.000,-

Kross skór frá FORMA
á alla fjölskylduna

NAZRAN Fatnaður í sportið og þér verður ekki kalt. Verð 24.990,-

Öflugar og ódýrar brynjur
frá SIXSIXONE

Motocross hanskar í úrvali

VDO Offroad Line

Borgartúni 36, (bakvið Cabin hótel) • Sími 588 9747 • www.vdo.is
Opið mán.–fös. 8–18. Lau. 10–14.

(1943) og þjóðernisstemmningin fer stigvaxandi eftir því sem nær dregur. Á móti kemur að alþjóðamálið hefur gert Þórberg að alþjóðasinna: „Og þess vegna hef ég aldrei getað og mun aldrei geta tekið undir þann fáfræðinnar þvætting sem höfðar til þjóðernisins í stað þess að höfða til eðlis einstaklingsins.“[33]

Ekki þar fyrir, þegar á hólminn er komið dregur hann upp ættrækna föðurlandsmynd: göfugur uppruni, glæsileg þjóðveldisöld, hrunið við sjálfstæðismissinn, vakningin við sjálfstæðisbaráttuna, bókmenntirnar líftaug sem aldrei slitnaði og dró þjóðina upp úr kviksyndi fátæktar inn í hægindi nútímans …[34]

„*Se Islando havus multajn konsulojn kiel vin, ghi ne estus en malbona situacio sur la internacia kampo,*“ segir einn áheyrenda. (Ef Ísland hefði marga konsúla á borð við yður, væri það ekki illa sett á alþjóðasviðinu.)[35]

Á meðan Þórbergur er að flengjast um Danmörku og Svíþjóð bíður Margrét í Kaupmannahöfn. Og áminnir Þórberg um að láta nú ekki hlunnfara sig:

„Fær þú ekki alsstaðar 30 kr. fyrir fyrirlesturinn? Blessaður láttu ekki helvítin snuða þig.“36

Sjálf hafði hún verið búin að fá vinnu á saumastofu í Kaupmannahöfn, en hávaðinn og djöfulgangurinn svo ærandi að taugarnar þoldu það ekki. Hún er í þokkabót á hrakhólum með húsnæði, búin að setja auglýsingu í blað:

„Ég vona náttúrlega að eitthvað hafist upp úr því, ef ekki, þá er þolinmæði mín úti, þá fer ég annaðhvort heim til Íslands eða drep mig. Þetta er það aumasta helvíti sem ég hefi lent í …“

En bætir svo við í eftirskrift:

„Ég er búin að fá tvö „ægteskabstilbud“ síðan þú fórst, ég veit ekki nema að ég slái til ef ekkert rætist úr …“[37]

Halldór og Inga Laxness eru í Höfn um sömu mundir og Inga skrifar vinkonu sinni Kristínu Guðmundardóttur:

> … Manga Tobba kona var líka hér áðan, en Tobbinn er í Svíþjóð. Hún sagðist ekki halda þetta út leingur, og ætlar nú hovedkuls til Gautaborgar á mánudaginn, aumingja kroppynjan! Hún spurði mikið að því hvort hún væri feitari en heima í sumar! Og var mér ekki nokkur leið að svara því öðru vísi en játandi – því það leyndi sér ekki![38]

Margrét er þegar hér er komið 36 ára, Þórbergur 48. En þau eru eins og nýtrúlofaðir unglingar, enda ekki nema sex ár síðan þau byrjuðu að sofa saman: „Hvenær get ég komið til þín? Þráir þú mig ekkert? … Mér þykir verst að geta ekki orðið skotin í neinum meðan þú ert í burtu, en það gengur erviðlega. Hefur þú ekki verið neitt skotinn?“[39]

Og innileikinn fer ekki á milli mála: „Vertu margblessaður elsku vinur minn. Þín Manga“, „Vertu

blessaður hjartað mitt. Þín heittelskandi Margrét“. Og Þórbergur svarar í sömu mynt, eða þannig: „Elsku hjartans kerlingarruslið mitt!“

Hann biður líka fyrir kveðju til Ingu og Halldórs og klykkir út með þessari spámannlegu athugasemd: „… segðu Halldóri, að nú sé ekkert annað fyrir okkur að gera en að skjóta okkur eða hengja okkur eða skera okkur eða drekkja okkur, því að áður en þrjú ár verði liðin, verði fasisminn búinn að troða alla Evrópu undir járnhæl villimennskunnar …“[40]

Bréfið var stílað í október árið 1936.

Í bréfi til Stefáns Einarssonar bókmenntafræðings vestur í Ameríku veitir Þórbergur fróðlega sýn á það sem hann hefur á prjónunum um þessar mundir. Þar kemur fram að pantað verk um Austur-Skafta-

Pétur Gunnarsson hefur unnið gott verk með skáldfræðisögu sinni.

MYND HJÁLMTÝR HEIÐDAL

fellssýslu hefur dagað uppi, „helvítin vilja ekkert borga“, en eftir standa tveir þættir um Hornafjarðarströndin sem birtust í tímaritunum Dvöl og Iðunni árið 1934. Hann greinir Stefáni frá eljuverki sínu við að setja saman íslensk-esperantíska orðabók sem og flokki greina gegn Hitler sem hossi hátt í 70 blaðsíðna bók.

„Þeir [Alþýðublaðsmenn] uppskáru af því við kosningarnar, en þeir hómósexúellu apakettir, sem blaðinu stýra, ráku mig síðan frá því, af því að ég bauð þeim ekki að fara upp á mig“.41

Auk þess tínir Þórbergur til langa ritgerð um Stefán frá Hvítadal og bók um kenningar Krishnamurtis. Síðan segir:

> Loks hefi ég að nokkru leyti innan endimarka míns heila eins konar æfisögu sjálfs mín og samtíðar minnar. Hún á að heita **Ofvitinn.** Það var heiðurstitill minn í Suðursveit og fyrstu ár mín hér í Íslands Sódóma og reyndar eini heiðurstitillinn, sem mér hefir hlotnast um æfina. Þetta verður bók í mörgum bindum, og ég hygg, að hún yfirgangi alt annað sem sést hefir á tungu Snorra Sturlusonar. En því miður vinst mér ekki tími til neins heildarverks sökum hvíldarlausrar baráttu við yfirvofandi hallæri líðandi stundar.[42]

Ein af matarholum íslenskra rithöfunda var hið nýlega stofnaða Ríkisútvarp við Austurvöll. Þar var hæstráðandi dagskrár Helgi Hjörvar og í byrjun árs 1935 fer hann þess á leit við Þórberg að taka saman efni um Stefán frá Hvítadal í tilefni af fimmtugsafmæli skáldsins sem þá var látið fyrir þremur árum.

Ekki aðeins gjörþekkti Þórbergur Stefán og skáldskap hans, hann hafði á ýmsum tímaskeiðum gert atrennur að ævisögu hans og skrifað upp eftir honum frásagnir sem að vísu voru svo bersöglar um kynlíf að Ríkisútvarpið var óhugsandi vettvangur. En það er fleira matur en feitt kjet og í mars 1935 flytur Þórbergur tvö erindi um samskipti sín við skáldið.

Örvaður af framúrskarandi viðtökum heldur hann áfram og áður en við er litið hefur verkið tekið hann allan.[43] Um vorið 1937 er komið á það vinnuheiti: *Fölskvaðir eldar,* (sótt í heiti á ljóði eftir Stefán frá Hvítadal) og ári síðar kemur *Íslenskur aðall* út á vegum Máls og menningar, hins nýstofnaða útgáfufélags róttækra höfunda.

Það fer ekki á milli mála að verkið hefur skipt um ham frá útvarpserindunum. Lagt var upp með Stefán frá Hvítadal, en strax á fyrstu síðu tekur það að snúast um Þórberg og eltingarflótta hans við ástina. Stefáns gætir í upphafssetningu bókarinnar: „Þetta ævintýri sem hönd dauðans batt svo harkalegan enda á“, en síðan ekki söguna meir fyrr en á blaðsíðu 55 þegar Stefán mætir til leiks, ásamt persónugalleríi hins íslenska aðals.

Verkið byggir Þórbergur á persónum og atburðum úr eigin lífi og styðst í því skyni við dagbækur sem hann hefur haldið meira og minna uppstyttulítið frá árinu 1906. Þar sem dagbókunum sleppir fer hann á stúfana og ráðfærir sig við þá sem til þekkja, tekur viðtöl og til marks um nákvæmnina að hann steðjar út á Veðurstofu til að afla sér upplýsinga um tiltekinn dag sem hefur fallið úr veðurskýrslum dagbókanna.

Að þessum vinnubrögðum vék hann í viðtali við Matthías Johannessen 20 árum síðar:

> Sumir vilja halda því fram, að þetta sé ekki skáldskapur hjá mér. En skiptir það miklu máli? – „Bækur eru annaðhvort skemmtilega eða leiðinlega skrifaðar. Það er allt og sumt,“ sagði Oscar Wilde. Ég hef ekki skapað persónur. Ég hef lyft lifandi fólki upp á hærra svið og tekizt oftast að segja þannig frá á meira eða minna skáldlegan hátt. Það er minn skáldskapur.[44]

Ágætt dæmi er myndin af Tryggva Svörfuði. Um hann leikur ekki lítill ljómi á síldarplaninu. Á kvöldin klæðir hann sig upp á í dimmblá jakkaföt með hvítan flibba og mansjettur og Panamahatt. Nærsýnn með lonníettur sem kóróna hina ljóðrænu mynd. Í ástamálum afrekar Tryggvi að vera enn óframfærnari en Þórbergur, ekki nóg með að hann hafi aldrei kysst ástmey sína, hann hefur látið sér nægja að fylgjast með henni úr fjarska og sætt lagi að þrýsta kossi á hurðarhúninn eftir að hún hefur lokað að sér.

Hitt er svo annað mál að í dagbókum Þórbergs slær Tryggvi öll met í kvennafari í Unuhúsi og er þá ekki lítið sagt:

> Tryggvi brúkaði Ingu mikið. Var það siður hans að hátta hjá henni oft á dag. Við hverja uppáferð skrifaði hann B í vasabók sína. Mátti af henni sjá, að hann brúkaði Ingu einum þrisvar sinnum á dag. …
> Síðara part vetrar fékk Tryggvi útbrot í andlitið af því, hve mikið hann reið Ingu. Bar hann hvítt duft í andlit sér, sem hann þvoði af, þegar hann fór út á götuna.[45]

En hvar á að skipa *Íslenskum* aðli á bás í íslenskum bókmenntum samtímans? Það er lítt umdeilt að Þórbergur hafi hringt þær inn með *Bréfi til Láru*. En síðan eru liðin 14 ár, það er að segja *Vefarinn mikli frá Kasmír, Alþýðubókin, Kvæðakver, Þú vínviður hreini, Fuglinn í fjörunni, Sjálfstætt fólk* I og II, *Ljós heimsins, Höll sumarlandsins* … hvar sem þrír menn koma saman er Kiljan þeirra á meðal. Verk hans eru lesin upp á mannamótum og í heimahúsum, Steinn Steinarr kemur á hverju kvöldi í hús eitt í Ingólfsstræti og les úr *Heimsljósi* fyrir stúlkur tvær og gengur að eiga aðra þeirra í kjölfarið.46 Og úti í Kaupmannahöfn stendur Jón Helgason prófessor á miðju stofugólfi, en í sætum og sófum og flötum beinum situr fólk sem hefur sumt komið hjólandi um langan veg til að hlýða á hann lesa upphátt úr nýjustu bók Kiljans.[47]

Og dagbækur Þórbergs votta að hann les þessi sömu verk jafnóðum og þau birtast. Það er því álíka sennilegt að Þórbergur hafi ekki orðið fyrir áhrifum af þeim og að geimfari geti haldið áfram að svífa í lausu lofti eftir komuna í aðdráttarsvið jarðar. En hrif þurfa ekki að birtast í eftirhermu, þau geta allt eins birst í andófi. Og einhverju sinni þegar Þórbergur var staddur í heimahúsi þar sem húsbóndinn var að lesa upphátt úr *Fegurð himinsins* og gerði hlé á lestrinum til að dásama snilli sjálfrar upphafssetningarinnar: „Þar sem jökulinn ber við loft …“, mótmælti Þórbergur kröftuglega með þeim rökum að svona væri hvergi tekið til máls á Íslandi. Það væri meinið með Halldór, hann skrifaði íslensku eins og maður sem hefði lært málið á bók en aldrei heyrt það talað![48]

Samt er það svo að sá Þórbergur sem birtist í *Íslenskum aðli* minnir glettilega á þá skáldsagnapersónu sem á ritunartíma verksins „bar við loft“ í íslenskri bókmenntavitund: Ólaf Kárason Ljósvíking. Rauðhærðir báðir og rekast fyrir þeim öflum sem ríkja í kringum þá, uppnefndir ofvitar af samferðafólki sínu. Voru áhrifin kannski víxlverkun? Að Þórbergur sé ein af fyrirmyndum Ljósvíkingsins sem síðan hafi haft áhrif á *Aðalinn* (og síðar meir *Ofvitann*)?

Sjálfir höfundarnir, Halldór og Þórbergur, eru saman öllum stundum. Þeir heimsækja hvor annan, sitja á kaffihúsum saman, hittast hjá Erlendi og Hallbirni og Vilmundi og Kristni E. og Halldóri Stefánssyni, fara í gönguferðir saman, fara í sund saman, liggja saman í sólbaði á Arnarhóli og sitja saman uppi á þaki Alþýðuhússins á skrafi[49] – þeir eru jafn óaðskiljanlegir og Ofvitinn og Ljósvíkingurinn!

AFTANMÁLSGREINAR

25 Ritfregnir Alþýðublaðið 28. júní 1935, Ragnar E. Kvaran.
26 Vísir, 25. og 26. nóvember 1936.
27 Sjá Enginn er eyland, bls. 79.
28 Anne Applebaum, Gulag, bls. 59–62.
29 Halldór Kiljan Laxness, Gerska ævintýrið, bls. 62.
30 Isaac Deutscher, The Prophet Outcast, bls. 336.
31 Stóra handritið, Lbs.
32 Þóra Vigfúsdóttir, Dagbók, 20. júlí 1940.
33 Stóra handritið, Lbs.
34 Fyrirlestur um Ísland, Kristján Eiríksson þýddi. La Tradukisto nr. 52, 2006.
35 Ýmislegar ritgerðir II, bls. 10.
36 Margrét Jónsdóttir til ÞÞ, 25. september, óársett, bréfasafn ÞÞ, Lbs.
37 Margrét Jónsdóttir til ÞÞ, 1.október, óársett, bréfasafn ÞÞ, Lbs.
38 Inga Laxness til Kristínar Guðmundardóttur, 31. október 1936, bréfasafn KG, Lbs.
39 Margrét Jónsdóttir til ÞÞ, 19. október, óársett, bréfasafn ÞÞ, Lbs.
40 ÞÞ til Margrétar, 28. október 1936, bréfasafn ÞÞ, Lbs.
41 ÞÞ til Stefáns Einarssonar, 2. nóv-ember 1934, bréfasafn ÞÞ, Lbs.
42 ÞÞ til Stefáns Einarssonar, 2. nóvember 1934, bréfasafn ÞÞ, Lbs.
43 „Við minnumst ekki þess, að hafa í annan tíma á vetrinum skemmt okkur betur við eina útvarpsræðu“, skrifar útvarpshlustandi, bréfasafn ÞÞ, Lbs.
44 Í kompaníi við allífið, bls. 18–19.
45 ÞÞ, Dagbók júní-ágúst 1923, Lbs.
46 Gylfi Gröndal, Steinn Steinarr. Leit að ævi skálds I, bls. 242.
47 RÚV, Halldór Kiljan Laxness. 50 mínútur, þáttur í umsjá Stefáns Jökulssonar, 3. mars 1998.
48 Skúli Norðdahl í samtali við höfund, en faðir Skúla, Haraldur Norðdahl, var meðal góðkunningja Þórbergs.
49 ÞÞ, Dagbók, 20. júní 1936, Lbs.

ego dekor



DIVANY
– hvítt háglans
Skenkur 240cm (einnig fáanlegur í 180cm)
Verð: 199.000,-

Borðstofuborð
200x100cm
Verð:
118.000,-

TV skenkur
180cm
Verð: 105.000,-



TV skenkur
200cm
Verð: 89.000,-

HETTHI
– stækkanleg eikarborð
160(248)x100cm
Verð: 159.000,-
200(288)x110cm
Verð: 179.000,-

-20%

Eikarborð
200X100
Verð áður:
108.000,-
Verð nú:
86.400,-

MIKIÐ ÚRVAL AF FALLEGUM HÚSGÖGNUM

-20%

CROCO
leðurstóll
Ennig fáanlegur í svörtu
Verð áður:
35.000,-
Verð nú:
28.000,-

SARINA
stóll
Einnig fáanlegur í hvítu
Verð:
14.800,-

ORIANA
stóll
Einnig fáanlegur í svörtu
Verð:
15.900,-

SABINE
leðurstóll
Einnig fáanlegur í svörtu og hvítu
Verð:
16.800,-



HNOTA
Stækkanlegt borð
200(288)X110
Verð:
179.000,-

Vegghengdur skenkur
Verð:
108.000,-



LUCAS leðurtungusófi
Stærð: 285X223
Verð: 299.000,-

ROMEO leðurtungusófi
Stærð: 285X165
Fáanlegur í svörtu leðri
Verð: 289.000,-

Opið mán-fös: 10.00-18.00
Opið um helgina: lau: 10.00-16.00 - sun: 13.00-16.00

Ego Dekor - Bæjarlind 12
S: 544 4420 - www.egodekor.is

TRÖLLAGLEÐI OG STEINBÖRN

Steinar Berg Ísleifsson ánetjaðist poppinu strax á skólaárunum og hlaut það hlutskipti að gera menningarþjónustu að ævistarfi. Fyrst seldi hann plötur í kjallara Faco á Laugavegi en gaf svo út Sumar á Sýrlandi með Stuðmönnum sem var upphaf gæfuríks ferils hans í útgáfu á íslenskri tónlist. Svo venti hann sínu kvæði í kross.

MENNING PÁLL BALDVIN BALDVINSSON

Þau hjónin fluttust upp í Borgarfjörð þar sem þau hafa rekið ferðamannasetur við Grímsá á bænum Fossatúni. Engan undraði að reksturinn var stór í sniðum og reynt á nýjar hugmyndir, en öllum var nokkuð brugðið þegar Steinar sendi frá sér myndskreytta barnabók fyrir tveimur árum um tröll og naut til þess tilstyrks Brians Pilkington. Nú er önnur bók komin, Tröllaslagur heitir hún, ævintýri fyrir börn – og fullorðna.

Við hittum Steinar þar sem hann var að vasast ásamt Brian suður í Straumi þar sem Sviðsmyndir hafa aðsetur. Þeir voru að ganga frá hausnum hér að ofan en hann verður til skemmtunar gestum á Jólatorgi á Hljómalindarreitnum svokallaða milli Laugavegs og Hverfisgötu, þar sem Grammið var í eina tíð og Plötuportið. Tónlist er alltaf nærri Steinari. Hausinn sá arna verður svo fluttur upp í Borgarfjörð og er hugmyndin að hann verði upphafið að myndverkum við göngustíg niður með Grímsá. Hann er fenginn úr sögunni af Tröllagleði en meira verður ekki um það sagt hér. Hann tilheyrði í eina tíð tröllinu Bölmóði:

„Við höfum tekið frá reit niðri með ánni og lagt þangað göngustíga. Við erum eiginlega að gera tilraunir.

Brian Pilkington og Steinar Berg standa gleiðir við hausinn af tröllinu Bölmóði sem verður settur niður í Fossatúni eftir jól.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hvernig stenst hann veðrin, vind og kulda, hvernig þola efnin veturinn?“ segir Steinar. Hausinn er gerður eftir leirmynd sem Brian gerði af fígúrunni, skorinn út með leysigeisla af mótunarmeisturum hjá fyrirtækinu OK Hull og svo varinn og farðaður í Sviðsmyndum. Steinar hugsar þennan haus sem viðbót við ferðaþjónustuna, en sagan gerist eins og sú fyrri á heimaslóðum hans í Borgarfirðinum. Þá eins og nú tengir Steinar tröllasögur sínar við örnefni í Borgarfirði og býr til ný, rétt eins og hann hefur gert sér mat úr þjóðsögum við sínar tröllasögur. Hann vonast til að geta fjölgað í tröllabyggðinni við Grímsá.

Steinar segir sér ósjálfrátt að tengja menningarþjónustu við markaðssetningu. Reyndar sé mikið fjör í menningartengdri ferðaþjónustu í Borgarfirðinum, mest fyrir atbeina aðkomumanna sem þangað hafi flutt. Í Landnámssetrinu í Borgarnesi hafi Kjartan Ragnarsson og Sigríður Margrét hreiðrað um sig og margir hugsi gott til glóðarinnar að brúðumeistarinn Bernd Ogrodnik sé sestur að með fjölskyldu sína í Englendingavík. Ekki vanti hugmyndir á fundum í ferðamálasamtökum Borgfirðinga, enda blasi verkefnin við: aðgengi að Surtshelli sé slæmt, eins sé með Glym í Hvalfirðinum, Eldborg og Gerðuberg. Steinar hefur beitt sér fyrir umbótum í vegamálum um Uxahryggi svo tengja megi Þingvelli og Borgarfjörð með malbikuðum vegi sem opinn verði allt árið. Þær áætlanir eru til og kostar sú vegagerð 1,5 milljarða en myndi stórbæta samgöngur um forna leið milli Suður- og Vesturlands á sextíu kílómetra spotta.

Steinar er staðráðinn í að halda áfram að skrifa, segir það veita sér mikið yndi. Oft sé erfitt að finna tíma en hann sé staðráðinn í að leita hans og setjast niður. Ekki skorti hann hugmyndir, málið sé að finna tímann. Efniviðurinn blasi við á hinu makalausa sögusvæði frá Borgarfirði upp á Snæfellsnes. Persónur úr Tröllagleði eigi von á framhaldslífi.

Talið berst aftur að tónlist og hann segist hafa tekið upp á því að læra á gítar, og sæki tíma niður í Borgarnes. Sér þyki fró í því að sitja einn með hljóðfærinu, það sé hvíld í því að vera einn með sjálfum sér og dútla. Einhverjum kann að þykja það kyndugt að hálfsextugur maður skipti svo um starfssvið eins og Steinar hefur gert, en hann er sönnun þess að menn eiga að gera það sem hugur þeirra heimtar og vera óhræddir að reyna eitthvað nýtt, berja saman vísu, setja saman sögu, slá strengi hörpunnar og reisa höggmyndagarð fyrir gnauðandi vind og glaða sumargesti.

Hreindýraland 700IS í fimm ár

700IS Hreindýraland auglýsti í haust eftir verkum fyrir hátíðina sem haldin verður á Héraði í mars á næsta ári en það er í fimmta sinn sem hátíðin er haldin í nafni póstnúmers og háfættra hreindýra. Mikill fjöldi umsókna hrúgaðist inn á Kristínu Scheving, upphafsmann og listrænan stjórnanda hátíðarinnar, í gegnum gáttir vefsins: 642 umsóknir frá 49 löndum. Hefur áhugi á hátíðinni aldrei verið meiri. Hefst nú starfinn við að velja úr. Þrenn verðlaun verða veitt í mars en hátíðin er nú sett á dagana 20.-27. mars. Valnefndina skipa þau Hrafnkell Sigurðsson myndlistarmaður, Sirra Sigrún Sigurjónsdóttir verkefnastjóri, Þórunn Eymundardóttir framkvæmdastjóri, Kristín Scheving, Íris Lind Sævarsdóttir og Þórunn Hjartardóttir, sem eru hluti af genginu sem stendur fyrir 700IS.

Staðfestingar eru þegar teknar að móta dagskrána: Steina Vasulka Bjarnadóttir, einn af frumkvöðlum vídeólistarinnar í heiminum, verður þar, Max Hattler, Norioka Okaku og Johnny Chimbo. Fyrirlestrar, gjörningar og margt fleira verður á dagskránni. Í fyrra var áhersla á innsetningar með vídeói og komu átta listamenn austur á Hérað og voru þar við vinnu sína. Talið er víst að mun fleiri erlendir gestir sæki hana heim í mars en meðal efnis er þríhyrningssamstarf Norðmanna í Vesterålen, Íslendinga af Austurlandi og Íra frá Donegal.

Steina Vasulka verður einn þátttakenda á 700IS Hreindýralandi í mars á næsta ári. Hér er hún að störfum á Seyðisfirði á opnunardegi Listahátíðar 2008.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Stefnt er að því fullmótuð dagskrá verði birt á vef hátíðarinnar www.700.is í febrúar en einnig má tengja sig öngum hennar á Facebook og Twitter.

ÓDÝRU OG SKEMMTILEGU JÓLAGJAFIRNAR

sense center og Sony Center í Kringlunni

Canon PowerShot A480

Notendavæn myndavél fyrir byrjendur

PowerShot A480 er ódýr, sniðug og skemmtileg myndavél með Canon tækni þannig að allir geta tekið frábærar 10 megapixla ljósmyndir. Fáanleg í fjórum litum. Nett og létt hönnun sem smellpassar í vasann.

- 10.0 megapixlar
- 3.3x optical aðdráttur
- 2.5" LCD skjár
- Sjálfvirk leiðrétting á rauðum augum
- Vídeóupptaka

Verð: 25.900 kr.

Sony DVD spilari

DVP-SR100

Fjölhæfur og flottur DVD spilari sem spilar nær allar gerðir diska og skráa. Horfðu á það sem þú vilt horfa á.

- Spilar meðal annars MP3, JPEG,
- Video CD og DivX
- Spilar allar helstu gerðir skrifanlegra DVD diska
- TV Virtual Surround
- Scart með RGB tengi
- Spilar öll kerfi (region free)

Verð: 15.990 kr.

KAPITAL.IS

Bose heyrnartól

Around-ear, in-ear og on-ear

Öflug heyrnartól sem skila topp hljómgæðum.

Verð frá 14.900 kr.

- 5 stök blekhylki
- Sjálfvirk prentun báðum megin
- DVD/CD prentun
- Lágmarks rekstrarkostnaður með Canon
- Myndvinnsluhugbúnaður fylgir

Verð: 21.900 kr.

Canon Pixma IP4700

Hágæða Photo Paper Pro 2 ljósmyndapappír fylgir með

Pixma iP4700 er ofur A4 bleksprautuprentari sem skilar framúrskarandi ljósmyndagæðum og hraðvirkri skjalaprentun. Sá besti í ljósmynda- og skjalaprentun fyrir heimili.

Vivanco tölvuhátalarar

PRO SP60

Heyrðu í tölvunni þinni með þessum nettu tölvuhátölurum frá Vivanco.

Verð: 2.990 kr.

Sony Walkman

MP3 spilari

Frábær 2GB Walkman sem getur geymt allt að 500 lög. Þarf engan hugbúnað til að taka á móti tónlist.

- Geymir 500 lög
- Spilar MP3 og WMA skrár
- Rafhlaða endist í 16 klst í spilun

NW-ZB142B
Verð: 13.990 kr.

NW-ZB142FB (Innbyggt útvarp)
Verð: 14.990 kr.

Vivanco þráðlaus heyrnartól

FMH-6050

Sleppum snúrunum. Hlustaðu þráðlaust á tónlistina þína.

Verð: 8.990 kr.

Lítill minnislykill sem getur geymt heilmikið af gögnum.

Verð: 5.990 kr.

LEXAR 8GB minnislykill

Einnig fáanlegir allt að 64GB minnislyklar frá Lexar

sense center og Sony Center í Kringlunni

Hjálpaðu Snjólfi að finna réttu jólagjafirnar á jolagjafalistinn.is - þú gætir unnið glæsilega vinninga!

Ást í föstu formi

BRÉF TIL NÆTURINNAR
Kristín Jónsdóttir
Niðurstaða: Ort af mikilli íþrótt og opnu hjarta.
★★★★

Bókin ber með rentu undirtitilinn „ástarsaga“ og er frumraun höfundar, hennar fyrsta bók. Þetta er saga um ást – ást í meinum, forboðna ást, sönn og opinská og einkar persónuleg, frásögn af ógndjúpum innri átökum, saga um synd og syndaaflausn, baráttu náttúrunnar og blæðandi ástríður. Bók sem vekur undrun og aðdáun, ort af mikilli íþrótt og opnu hjarta. Hér fer saman víðtæk kunnátta og ótvíræð skáldgáfa. Lesandinn er víða alveg gáttaður og trúir tæpast eigin augum – þetta á ekki að vera hægt: yrkja „einsog“ Davíð og Tómas og Hulda og Stefán frá Hvítadal án þess að endurtaka neitt eða apa eftir. Komast upp með að ríma hold við mold án þess að líta til baka. Engin átök við fyrirrennara eða forskrift. Ég tek ofan.
Bókin er tæpar eitthundrað síður og frásögnin er samfelld, stígandi atburðarás og stríð framvinda. Undir lokin verða síðan efnisleg straumhvörf sem ljóðformið bregst strax við og undanbragðalaust: verður þá bæði knappara og nýtur meira frelsis. Ljóðin eru í bundnu máli: taktviss hrynjandi, reglubundinn kliður, rím og stuðlar, rómantískir bragarhættir og nýklassískir, liðir ýmist stígandi eða hnígandi eftir efni og aðstæðum. Sígild ástarsaga í sígildum búningi en ilmar þó af nýútsprungnu brumi og sýnilega ort af fullum heilindum – hér er hvorki verið að yrkja upp skólaljóðin né æfa sig í bragfræði liðinnar tíðar: háttur ljóðanna er eiginlegur hjartsláttur þeirra en hvorki flík né skart. „... eilífðin varir andartak / uns iðan í strenginn fellur.“ (49). Jafnvel sonnetturnar eru svo tilgerðarlausar og eðlilegar að lesandinn trúir því að málsatvikið hafi valið sér þann

Kristín Jónsdóttir skáld.

stakk (en ekki öfugt) og tekur ekki eftir hættinum fyrr en eftirá.
Skáldskaparmálið er agað og nánast engin dæmi um að bragurinn beri efnið ofurliði, eða að rím eða stuðull eigi sér (öðru fremur) forsendu í forminu – eru það fremur fáséð heilindi í bundnum kveðskap síðustu ára. Tilfinning ljóðanna er ekta en viska þeirra skáldskapur sem vex af sömu rót og umfaðmar eigin búning átakalaust. Málblóm ljóðanna spretta öll af ástríðu skáldsins og eru því hvergi afskorin, því síður sölnuð.

Vex í augum
vonlaust stríð
sem verður að heyja

Í öskrandi þögn
býr ótti og kvöl
sem engum má segja

... (85).

Flest ljóðanna eru ort í fyrstu persónu eintölu og persónur bókarinnar eru tvær í forgrunni frá upphafi til enda: ég og þú – hún og hann. Hún (ég) er ljóðmælandinn, hann (þú) er vinur hennar og ástmaður. Frá þessari reglu er þó vikið einstaka sinnum og alltaf með augljósum hætti. Lesandinn er aldrei ávarpaður og framsetningin er hvergi eintal við þriðja aðila. Skáldið hvorki vill né reynir að draga lesanda sinn á tálar né þrengja sér uppá hann – eiginlega kemur hann skáldinu ekki við og er hálfgerð boðflenna eða ósýnilegur næturgestur. Nýtur kræsinganna í einrúmi, jafnvel í fjarska. Sem er vitaskuld ekki aðferð nútímaljóðsins en þakklát afvötnun (í þessari bók) þess geislavirka atóms sem allt vill stuða. Og bókin er líka málsvörn: rýfur þrúgandi þögn.
Í bókinni er ekkert sem þarfnast túlkunar eða greiningar, merking hennar hvergi loðin eða falin. Táknin gagnsæ og myndmálið skýrt, ljóðmálið einfalt og blátt áfram. Nýgervingum beitt af kunnáttu og yfirvegun. Hvergi neytt bragða til að villa um fyrir lesandanum né véla hann út á hálan ís. Bókin er auðlesin og aðgengileg. Íslenskur alþýðukveðskapur. Náttúrufegurð og færni. Þjóðlegar ær og kýr. Samt engin sveitasæla og engum dylst að raunveruleg saga býr að baki, angist ljóðanna á sér uppsprettu í ævi höfundar. En blessunarlega er búið svo um hnúta að ástæðulaust er að fletta upp í einkalífinu til að skilja ljóðin og verða fyrir áhrifum. Lesandinn þarfnast einskis annars en orðin tjá – ljóðin sjálf eru sitt eigið „se og hör“. Þessvegna eru þau ekki einstaklingsbundin (þótt þau séu mjög persónuleg) og lesandanum vandalaust að finna þeim stað í eigin brjósti.
Ljóðabók er aldrei algóð nema allt sem í henni stendur sé nýtt undir sól og mána, bæði hvað er sagt og hvernig, og mörk þess (hvað & hvernig) hverfi í inntaki orðanna. Þá er ekki beðið um lítið – og á ekki við um þessa bók. En höfundurinn hefur full tök á skáldskapargrein sinni og yrkir ljóð sem unun er að lesa. Sérstaða þessarar bókar er heillandi.

SIGURÐUR HRÓARSSON

BESTU BÆKUR ÁRATUGARINS

Við lok hvers áratugar er til siðs að líta yfir farinn veg og meta það sem vel var gert. Fréttablaðið tók forskot á sæluna og leitaði til sérfræðinga um hvert væri besta íslenska skáldverkið sem komið hefur út á undanförnum áratug.

Fréttablaðið leitaði til ellefu sérfróðra bókabéusa til að velja bestu bækurnar frá árinu 2000. Fyrirkomulagið var þannig að álitsgjafarnir voru beðnir að velja fimm bestu skáldverk áratugarins að þeirra mati og raða þeim í röð. Stig voru gefin fyrir hvert sæti og voru stigin lögð saman til skera úr hverjar væru bestu bækur áratugarins. Til greina komu öll íslensk skáldverk sem gefin voru út frá 2000-2009. Með skáldverkum er átt við sömu verk og eru gjaldgeng til Íslensku bókmenntaverðlaunanna í flokki fagurbókmennta (skáldsögur, smásögur, ljóð og svo framvegis).

Listi álitsgjafanna var skemmtilega fjölbreyttur. Sex skáldverk skáru sig úr að mati álitsgjafanna, þótt munurinn hafi ekki verið afgerandi. Eins og búast mátti við voru margar bækurnar tilnefndar til Íslensku bókmenntaverðlaunanna á sínum tíma, þar á meðal allar bækurnar í fimm efstu sætunum að *Áhyggjudúkkum* undanskildum. Einnig má finna nokkurn fjölda bóka sem voru ekki tilnefndar. Fimm verðlaunabækur áratugarins komust þó ekki á blað: *Aldingarðurinn* eftir Ólaf Jóhann Ólafsson, *Fólkið í kjallaranum* eftir Auði Jónsdóttur, *Öxin og jörðin* eftir Ólaf Gunnarsson, *Hvar sem ég verð* eftir Ingibjörgu Haraldsdóttur og *Gula húsið* eftir Gyrði Elíasson.

Krimmar áttu ekki upp á pallborðið hjá álitsgjöfum blaðsins, aðeins einn reyfari komst á blað – *Skipið* eftir Stefán Mána.

Bestu ljóðabækurnar

Nokkrar ljóðabækur komu til álita sem besta skáldverk áratugarins, að mati ráðgjafa Fréttablaðsins:

HVERT ORÐ ER ATVIK OG DYR AÐ DRAUMI eftir Þorstein frá Hamri.
„Gott dæmi um það hvernig skáldið hefur endurnýjað list sína á síðari árum. Sú endurnýjun hófst með ljóðabókinni Sæfaranum sofandi og síðan þá má segja að ríkt hafi nokkurs konar blómaskeið í ljóðlist Þorsteins.“

FYRIR KVÖLDDYRUM eftir Hannes Pétursson.
„Bókin er kraftmikil. Tónn hennar er hvass, stundum kaldur og dökkur. Hún er heilsteypt, hnituð, beitt og falleg. Eins konar uppgjör við kaldrana tuttugustu aldarinnar og hjárænulegan samtímann.“

BLYSFARIR eftir Sigurbjörgu Þrastardóttur.
„Áhrifamikill ljóðabálkur um ást, fíkn, þrá/hyggju og söknuð sem svíður undan að lesa.“

´03 eftir Kristján Karlsson.
„Á gamals aldri skrifar skáldið verk sem er í senn ljóðrænt og vitsmunalegt. Þetta tvennt á samleið í ljóðum Kristjáns og ekki síst í þessari bók sem má sennilega telja hans bestu.“

GUÐLAUSIR MENN – HUGLEIÐINGAR UM JÖKULVATN OG ÁST eftir Ingunni Snædal.
„Síðasta bókin í svona lista er alltaf erfiðust, hér mætti einnig nefna *Hnattflug* Sigurbjargar Þrastardóttur og *Höggstað* Gerðar Kristnýjar, auk bókar Jóhamars, *Skáldið á daginn*, bara svona svo nokkrar af fjölmörgum frábærum ljóðabókum áratugarins séu nefndar.“

VEGUR MINN TIL ÞÍN eftir Matthías Johannessen.
„Efnismikil og ágeng bók, lýsir stöðugri hreyfingu, hugmyndalegri og formlegri fjölbreytni sem er vandfundin í íslenskum bókmenntum. Heiðarleg og innileg.“

BRÉF TIL NÆTURINNAR eftir Kristínu Jónsdóttur.

ÁLITSGJAFAR FRÉTTABLAÐSINS

Ásgeir H. Ingólfsson, ritstjóri Kistunnar.
Eiríkur Guðmundsson, útvarpsmaður á Rás 1.
Gunnþórunn Guðmundsdóttir, bókmenntafræðingur og ritrýnir á Bókmenntavefnum.
Haukur Ingvarsson, útvarpsmaður á Rás 1.
Jón Yngvi Jóhannsson, bókmenntafræðingur og ritrýnir Pressunnar.
Páll Baldvin Baldvinsson, fulltrúi ritstjóra á Fréttablaðinu.
Soffía Auður Birgisdóttir,
Úlfhildur Dagsdóttir, bókmenntafræðingur og bókverja.
Þórarinn Þórarinsson, blaðamaður á DV.
Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir bókmenntafræðingur.
Þröstur Helgason bókmenntafræðingur.

★★★★★
„Stórvirki í íslenskum þýðingabókmenntum sem mun lengi lifa.“
JÓN VIÐAR JÓNSSON / DV

Í *Ummyndunum* endursegir skáldið Óvíd af stakri andagift fjölmargar goðsagnir Rómverja og Grikkja.

Nú er þetta meistaraverk heimsbókmenntanna fáanlegt í öndvegisþýðingu Kristjáns Árnasonar.

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

Vín&veisla

Desember 2009

Góða veislu gjöra skal

Nicholas Vergnaud útbýr jólalega rétti

Gisti á herrasetri í Bordeaux

Ágúst Reynisson hefur heimsótt vínekrur víða um heim

GÓÐ *lesning*

Besta samstarf tveggja Breta síðan Lennon og McCartney

Árlega kemur út fjöldinn allur af bókum um vín, enda er áhuginn mikill svo að segja um allan heim. Hver um sig eru þessar bækur stílaðar inn á fólk sem er misvel að sér um vínsins lystisemdir, en eiga þó flestar sameiginlegt að í þeim er tilurð og framleiðsla vína rakin, hvernig best sé að geyma og bera þau fram og borin saman ýmis vín frá ólíkum vínræktarsvæðum, svo fátt eitt sé nefnt.

Sú bók sem einna mestra vinsælda hefur notið í þessum geira er The World Atlas of Wine eftir breska OBE-orðuhafann Hugh Johnson. Sá hefur á yfir fjörutíu ára ferli ritað fjölmargar bækur um vín og er jafnan talinn sá höfundur sem flestar slíkar bækur hefur selt í heiminum í gegnum tíðina. Heimsatlasinn um vín kom fyrst út árið 1971 og nýjasta útgáfan, sú sjötta í röðinni, var gefin út fyrir tveimur árum. Síðan 2004 hefur annar OBE-orðuhafi, Jancis Robinson, sem hefur meðal annars starfað við ráðgjöf fyrir viðamikinn vínkjallara Elísabetar Bretlandsdrottningar, verið meðhöfundur að bókunum.



Eins og áður sagði hafa bækurnar notið mikilla vinsælda og víðs vegar hlotið frábæra dóma. Meðal þeirra sem kunnu að meta bókina er gagnrýnandinn Ben Gilberti hjá Washington Post, sem sagði um fimmtu útgáfuna að samstarf þeirra Johnsons og Robinsons væri það besta milli tveggja Breta síðan Lennon og McCartney voru og hétu.

vín&veisla fylgir laugardagsblaði Fréttablaðsins | **Útgefandi:** 365 miðlar | **Forsíðumynd:** NordicPhotos/Getty

VÍNÁHUGAMAÐUR Ágúst Reynisson hefur skoðað vínekrur víða í heiminum og smakkað á víni þar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ágúst Reynisson hefur ferðast víða vegna áhugamálsins:

Skoðaði vínekrur í nýja og gamla heiminum

Ágúst Reynisson hefur verið í veitingageiranum í mörg ár og fylgst með þróun vínmenningarinnar hér landi, sem hann segir hafa breyst mikið. Sjálfur er hann mikil áhugamaður og hefur meðal annars skoðað nokkrar vínekrur.

„Það er mikil upplifun að heimsækja vínekru og sjá hvernig framleiðslan fer fram," segir Ágúst Reynisson, eigandi og framkvæmdastjóri veitingastaðarins Fiskmarkaðarins, sem hefur heimsótt nokkrar vínekrur bæði í gamla og nýja heiminum eins og þeir eru gjarnan nefndir í vínheiminum. „Ég hef heimsótt vínekrur í Kaliforníu í Bandaríkjunum og svo í Bordeaux í Frakklandi, Rioja á Spáni, og svo Jerez á suður-Spáni."

Ágúst segir heimsóknina til Bordeaux eftirminnilegasta en þar gisti hann á herrasetri. „Ég skoðaði framleiðsluna frá a-ö, smakkaði á þrúgunum og fann hvernig þær brögðuðust, en maður finnur mun á því bæði á milli árstíma og svo á milli svæða. Vínberin sem fara í vínin eru allt öðruvísi en þau sem við kaupum út úr búð. Þau eru ekki beinlínis vond en þau eru ekki góð heldur," segir Ágúst og hlær.

„Það var líka mikil upplifun að sjá framleiðsluferlið, þegar vínið var komið á eikartunnur, og svo tappað á flöskur. Í vínkjallaranum voru áratugagamlar flöskur og jafnvel þótt ég fengi ekki að smakka úr þeim fengum við að kvöldi dags að bragða á víninu sem framleitt var á þessari vínekru við gómsætan kvöldverð."

Ágúst segir að vínin frá gamla heiminum eins og Frakklandi, Ítalíu og Spáni séu ólík þeim frá nýja heiminum eins og Bandaríkjunum og Ástralíu. „Frakkar nota eikartunnur enn mikið en Bandaríkjamenn nota stáltanka, sem hefur áhrif á bragðið. Þá er jarðvegurinn líka ólíkur svo aðeins nokkuð sé nefnt. Þetta er heil fræðigrein og hægt að sökkva sér ofan í hana," segir framkvæmdastjórinn. Hann segir áhuga Íslendinga á vínum hafa aukist gríðarlega síðustu tíu ár. „Áður var nánast bara ein tegund sem fólk drakk með mat en það var rósavínið Mateus. Nú hefur fólk meiri þekkingu á þrúgunum og getur oft valið vínið út frá því."

En hvernig vín ætti fólk að velja með fiskréttum? „Margir telja að það megi ekki drekka rauðvín með fiski en það er rangt. Til eru létt vín með góðri fyllingu sem henta vel með þeim," segir hann og ítrekar að vínmenning landans sé að breytast. „Það er stór hluti af góðri máltíð að drekka góð vín, sem passa vel með matnum. Margir eru orðnir öruggir og geta pantað sjálfir en síðan eru þjónarnir vitaskuld til þess að aðstoða við valið."

Ágúst segir rangt að rauðvín megi ekki drekka með fisk. Það sé bara spurning um að velja rétta vínið.

UTAN ÚR *heimi*

GRÆNLENSKT VERÐLAUNAHÓTEL

Hotel Arctic í Ilulissat á Grænlandi hreppti verðlaun í ár sem kennd eru við nýja norræna matargerðarlist. Þetta kemur fram í frétt á vef Matvælastofnunar.

Þetta er í þriðja sinn sem verðlaunin eru veitt, og hlýtur vinningshafinn heiðursskjal og peningaverðlaun sem nema 100.000 dönskum krónum. Verðlaunin eru veitt af áætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um nýja norræna matargerðarlist. Sjö voru tilnefndir til verðlaunanna í ár, en þema ársins var menning og hönnun tengd við matargerð og matarmenningu.

Í fréttinni kemur fram að Hotel Arctic hafi í fjölda ára samþætt list og menningu í þeirri upplifun sem hótelið vill veita gestum sínum. Matseðill veitingastaðarins einkennist af grænlensku hráefni, innréttingar eru norræn hönnun og listaverkin grænlensk. Auk þess er boðið upp á grænlenska tónlist og dans.

Jólahlaðborð Perlunnar

19. nóvember - 30. desember

Hið óviðjafnanlega jólahlaðborð Perlunnar hófst 19. nóvember.
Það borgar sig að panta borðið þitt strax – enda eitt vinsælasta jólahlaðborð á landinu!

Verð 7.890 kr.

Tilboð mánudaga-miðvikudaga

6.890 kr.

Skötu- og jólahlaðborð
Þorláksmessa, í hádeginu

Sérstök stemmning ríkir í Perlunni á Þorláksmessu, þá boðið er upp á skötu að fornum sið. Jólahlaðborð Perlunnar verður einnig í boði, svo allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Nýárskvöldverður
1. janúar 2009

5ra rétta hátíðarseðill valinn af matreiðslumeisturum Perlunnar. Gala klæðnaður, lifandi kvöldverðartónlist og dansað fram eftir kvöldi.

Allt í steik
Hefst 9. janúar 2009

Hinn árvissi 4ra rétta „Allt í steik“ seðill gleður bragðlaukana. Skyldumæting fyrir alla sem unna góðum mat á góðu verði.
Verð frá 5.590 kr.

Hringbrot

Veitingahúsið Perlan – *Sími* 562 0200 – *Fax* 562 0207 – *Netfang* perlan@perlan.is – *Heimasíða* www.perlan.is

3 RAUÐVÍN

J.P. CHENET CABERNET-SYRAZ
Tæplega meðalopið. Sætt og þroskað. Kirsuberjasulta, möndlumassi, sólber, rósapipar og súkkulaði. Bragð: Meðalbragðmikið og ljúft. Góð sýra og mjúk tannín. Kirsuber. Dökk ber. 83 stig í Wine Spectator september 2002. Mest seldu vín Frakklands. Kr. 1.599.

LAMOTHE- VINCENT HÉRITAGE
Ekta Bordeaux-vín sem er blanda af Merlot og Cabernet Sauvignon. Einstaklega hentugt vín með íslenska lambinu og villibráð. Verð í Vínbúðum 2.290.

DELAS SYRAH VDP RHONE
Kröftugt í ilmi af villtum berjum og kryddum. Í munni berast öll þessi brögð, afgerandi sólber og önnur rauð ber gefa víninu fína mýkt og skemmtilegt eftirbragð. Þægilegt vín með villibráðinni og lambi. Kr. 1.804.

4 HVÍTVÍN

J.P. CHENET MEDIUM SWEET
Tæplega meðalopinn ilmur. Gul melóna, rautt greipaldin og blóm. Hálfsætt með góða sýru. Sítróna, rautt greipaldin og appelsína. Ágæt ending og gott eftirbragð. Hentar með ávaxtasalötum, pasta með bragðmiklum rjómasósum og smellpassar með sjávarréttum. Kr. 1.499.

DELAS VIOGNIER VDP RHONE
Ákveðinn í ilmi, apríkósur, ferskjur, melóna og aðrir hitabeltisávextir með vott af sítrusávöxtum, blómlegur af fjólum og liljum. Í bragði koma ávextirnir vel fram í mjúku og fersku bragði. Hentar flestum fiskréttum, sítróna og smjörsósur eiga vel við. Hentar líka sem fordrykkur eða með köldum forréttum. Kr. 1.986.

PETIT – CHABLIS 2007
Fallega fölgylltur að lit með grænum glampa, ferskur blómaangan, þroskaðar ferskjur, apríkósur og vottur af fjólum sem leiðir mann í fínlegan ilm af furutré. Lifandi og svolítið ágengt í munni með mjög sprækri sýru og sítrónuávexti, þarf mat til að tempra sig. Gott matarvín fyrir einfalda en vandaða fiskrétti. Kr. 2.290.

DOMAINE DES MALANDES PETIT CHABLIS
Ungur Chablis sem einkennist af ljósum ávexti og eplum í góðu jafnvægi. Þessi frábæri Petit Chablis nýtur sín sérstaklega vel með humri og kalkúni en passar einnig vel með öllu ljósu kjöti. Kr. 2.290.

FRAKKLAND

Frakkland mesti vínframleiðandi í heimi

Frönsk víngerð á sér langa sögu en hana má rekja allt til 6. aldar fyrir Krist þegar rómverska heimsveldið ríkti yfir Frakklandi. Það leyfði ákveðnum svæðum í suðurhluta Frakklands að hefja framleiðslu á vínum. Í dag er víngerð ein af auðlindum Frakka en þar er að finna uppsprettu margra þekktra þrúgna eins og Cabernet Sauvignon, Chardonnay, Pinot Noir, Sauvignon Blanc og Syrah. Frakkar eru þekktir af vínmenningu sinni og er hún eitt af því helsta sem þessi mikla menningarþjóð leggur metnað sinn og stolt í. Víniðnaðurinn er mikilvægur í landinu en Frakkar tappa víni á 7-8 milljarða flaskna árlega, sem gerir þá að umsvifamestu framleiðendum í heimi. Þeir eru líka heimsins mestu útflytjendur, með um 34 prósent af heimsmarkaði. Víða um heimsbyggðina vill fólk njóta hinna frönsku vína, jafnvel þótt samkeppni frá öðrum löndum fari vaxandi.

VINEKRA Vínekrur setja mikinn svip á Frakkland, sem er þekkt fyrir vínframleiðslu á heimsmælikvarða. NORDICPHOTOS/GETTY

J.P. Chenet

Flaskan vakti athygli

Franska fyrirtækið GCF Group er umsvifamesti vínútflytjandi Frakklands. Það framleiðir vín undir merkjum J.P. Chenet en í því merki fást tegundir á borð við Cabernet Sauvignon, Merlot, Chardonnay, Columbardi Chardonnay, Cabernet Shiraz og Merlot Cabernet, svo og nokkrar tegundir freyðivína.

J.P. Chenet er kannski best þekkt fyrir hina sérstæðu lögun vínflöskunnar sem hönnuð var af Joseph Helfrich, forstjóra fyrirtækisins. Lögun flöskunnar er þannig að hún virðist hafa bráðnað lítillega og þótti hún marka tímamót. Flaskan var enda erfið í framleiðslu í upphafi og finna þurfti upp nýjar leiðir til að tappa víninu á flöskuna á færibandi.

J.P. Chenet á sér ekki langa sögu. Það var fyrst sett á markað árið 1984 en hugmynd framleiðandans var að það yrði áberandi á fremur hefðbundnum markaði Frakklands.

Sérstök lögun flöskunnar hjálpaði til við að koma víninu á kortið hjá almenningi innanlands en ekki síður utan. Vínið var fyrst markaðssett í Þýskalandi og síðan í Hollandi og á Norðurlöndum og náði fljótt vinsældum. Í dag er það selt í yfir 160 löndum. Vinsælasta vínið er þó án efa Cabernet Shiraz.

Vínþrúgur sem notaðar eru hjá J.P. Chenet koma ekki af einni sérstakri vínekru heldur hefur GCF fjölmarga vínbændur á sínum snærum. Flestir þeirra rækta vínvið í Gascogne-héraði í suðvesturhluta Frakklands og Languedoc-héraði í suðurhluta landsins.

Vín og veisla
Kemur út 29. desember
Auglýsendur vinsamlegast hafið samband
Bjarni Þór • Bjarnithor@365.is • Sími 5125471

MEÐ STEIKINNI Dominique segir bragð bjórsins magnast með tilteknum mat.

NORDICPHOTOS/GETTY

Magnast með matnum

Ekki er svo langt síðan jólabjór varð vinsæll á Íslandi en ástæðuna má sjálfsagt rekja til þess hversu seint bjórinn almennt kemur til landsins; ekki fyrr en árið 1989. Hann hefur eins og annað þurft þennan tíma til að ná fótfestu. Fyrst um sinn voru menn sólgnir í lagerbjór en í framhaldi af því fóru þeir að prófa sig áfram, flytja inn ýmsar tegundir og svo framleiða í beinu framhaldi," segir Dominique Pledel Jónsson, eigandi Vínskólans.

Dominique segir jólabjórinn til marks um þessa þróun og bætir við að þessi siður berist hingað frá Danmörku líkt og jólahlaðborðið danska. Þar er mjög algengt að framleiða bjór eftir árstíðum, eins og fyrir jólin, þegar matarvenjur taka dálitlum breytingum," segir hún og tekur fram að jólabjórinn sé meiri matarbjór en lagerbjór. „Bragð hins fyrrnefnda er pínulítið bragðmeira og beiskara."

Sérviska bruggmeistarans

Dominique segir að jafnframt megi líta á jólabjór sem tjáningu á ákveðinni sérvisku bruggmeistarans. „Meðal annars vegna þess að þessir litlu framleiðendur, eða „micro"-framleiðendur á Íslandi og líka í Danmörku og á Englandi, geta eiginlega gert það sem þeim dettur í hug. Sem dæmi um það nota þeir í Ölfusi gám undir bruggframleiðsluna sem undir venjulegum kringumstæðum fer í að reykja hangikjöt. Það gefur jólabjórnum þaðan ákveðið kryddbragð." Hún bætir við að stórir framleiðendur séu þó ekki síður nýjungagjarnir. „Þeir eru vissulega bundnir öðrum lögmálum, en til dæmis Ölgerðin framleiðir bjór sem ber með sér skemmtilegan keim af malti og appelsíni."

SÉRVISKA Dominique segir að líta megi á jólabjór sem tjáningu á ákveðinni sérvisku bruggmeistarans. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Dominique bendir á alltaf sé að bætast við bjórflóru landsmanna, til marks um það séu nú um sextán jólabjórar í Vínbúðinni, bæði innlend framleiðsla og erlend. „Stóru brugghúsin eins og Ölgerðin og Vífilfell eru með nokkrar gerðir bjóra en bjórarnir frá minni brugghúsunum eins og Skjálfti frá Ölvisholti á Suðurlandi, Jökull frá verksmiðjunni Miði í Stykkishólmi og Kaldi frá Bruggsmiðjunni Árskógssandi, sem er elst þeirra, njóta ekki minni vinsælda. Enda eru þeir flokkaðir sem sælkerabjórar. Jólabjórinn er því orðinn hluti af mat og drykk Íslendinga á aðventunni og aðeins eitt merki um þær breytingar sem hafa átt sér stað á vínmenningu hér. Menn drekka nú bæði minna magn af víni en áður og frekar í þeim tilgangi að njóta þess með mat heldur en að nota það sem vímugjafa."

Í matargerð

Aðspurð segir Dominique að jólabjórinn megi hæglega nota í matargerð. „Til dæmis hefur Friðrik V. soðið kjúkling í jólabjór og svo hefur Hákon notað bjórfroðu með rétti þar sem bygg kemur við sögu en bygg er auðvitað grunnurinn að maltbjór."

En hvernig er að drekka jólabjórinn án þess að matast með? „Það fer nú bara eftir því hversu kröfuharða bragðlauka fólk hefur en bjórinn er ágætur einn og sér. Bragð hans magnast hins vegar um helming með rétta matnum, eins og til dæmis hangikjöti," segir Dominique og bætir við að jólabjór sé yfirleitt betri við stofuhita á meðan flestum þyki lagerbjór góður ískaldur. „Annars er enginn munur hvað drykkju viðkemur," segir hún og brosir.

Tilnefnd til
GOURMAND-VERÐLAUNANNA

Maturinn hennar Nönnu
er tilnefnd til
Gourmand World Cookbook Awards 2009
í tveimur flokkum,
Best Innovative Cookbook
og Best Cookbook Illustrations.

IÐUNN
www.forlagid.is

HUGSAÐU UM HEILSUNA UM JÓLIN

Veisluþjónusta SAFFRAN býður upp á ljúffengar hollar og framandi veislur á verði sem kemur þér til að brosa!

JÓLAHLAÐBORÐ
SMÁRÉTTIR
STEIKARHLAÐBORÐ
3JA RÉTTA MATSEÐLAR

Enginn hvítur sykur, ekkert hvítt hveiti og allar marineringar heimalagaðar.
Við sýnum og sönnum að hollur matur er líka gómsætur matur!

Tilboð og matseðlar á SAFFRAN.is

VEISLUÞJÓNUSTA
SAFFRAN
S. 578 7875 SAFFRAN.IS

5 RAUÐVÍN

CAMPO VIEJO CRIANZA

Kryddaður ilmur af dökkum berjum, múskat og vanillu. Eikað og kryddað vín með kirsuberjum,vanillu og rúsínum. Frábært með Tapas og ostum. Kr. 1.799.

MARQUEZ DE ARIENZO RESERVA

Ilmur af þroskuðum ávöxtum og fínlegu kryddi. Frekar flókið vín sem gefur mikið af sér. Töluverður pipar, negull og fínleg eik. Fullkomið með villibráð, t.d. rjúpu, gæs eða hreindýri. Kr. 2.399.

RAIMAT ABADIA

Ilmur af plómum, þurrkuðum ávöxtum og tóbaki. Bragð af pipar og kakó með margslungnum endi. Frábær blanda af þremur þrúgum gerir vínið mjög spennandi kost. Raimat Abadia er vín sem hentar við flest tækifæri. Kr. 1.999.

RAMÓN ROQUETA RESERVA

Þetta Reserva er blanda af Tempranillo og Cabernet Sauvignon og er það, eins og reglur segja til um í Katalóníu, geymt á eikartunnum í 12 mánuði. Ferskt og vel gert vín á einstaklega góðu verði sem passar vel með öllum steikum. Verð í Vínbúðum Kr. 1.590.

COTO VINTAGE CRIANZA

Kirsuberjarautt. Meðalfylling, þurrt, ferskt, þroskuð tannín. Léttur berjarauði, lyng, vanilla, eik 1.798 kr

5 HVÍTVÍN

ARDALES ARÉN 2008

Vínið er lífrænt ræktað og er gler, korkur og miði úr endurunnu efni. Einnig er blekið vatnsblek.
Fölsítrónugult. Létt fylling, þurrt, milt. Blóm, ljós ávöxtur, appelsínubörkur. Kr. 1.889.

ARDALES TEMPRANILLO CRIANZA EL BARRICA 2006

Vínið er lífrænt ræktað og er gler, korkur og miði úr endurunnu efni. Einnig er blekið vatnsblek.
Kirsuberjarautt. Meðalfylling, þurrt, ferskt, miðlungs tannín. Dökk og rauð ber, hýði, léttkryddað, ungt. Kr. 1.989.

CODORNÍU CLASICO SEMI-SECO

Ávaxtarík angan og mjög opin. Bragð af epli og ristuðu brauði. Ferskleiki og gott jafnvægi. Frábært vín með smáréttum og sætindum. Hnetur og þurrkaðir ávextir eru frábærir með Codorníu Clasico Semi-Seco. Vinsælt freyðivín í brúðkaupsveislurnar. Kr. 1.859.

RISCAL 1860 TEMPRANILLO CASTILLA Y LEON

Ilmmikið með þroskuðum svörtum berjum, kirsuber og plóma áberandi ásamt fínlegri ristaðri eik. Í munni er vínið kjötmikið, langt og mikið eftirbragð. Gott með grilluðu eða steiktu rauðu kjöti, kjúklingi og mildum ostum. Verð: 2.093.

MARQUES DE RISCAL BLANCO RUEDA

Blómaangan ásamt kryddi og fennel, ferskt í munni og pínulítið flókið á skemmtilegan hátt. Þægilegt og auðdrekkanlegt að öllu leyti bæði með mat en einnig eitt og sér. Mjög gott með fiski í sósum sem og hvítu kjöti einnig í sósum (en þó má sósan ekki vera of öflug), grilluðu lítið krydduðu lambi með gufusoðnu eða grilluðu grænmeti. Verð: 2.190.

SPÁNN

Þýðing spænskra vína

Íslendingar þekkja Spán vel eftir ótal sólarlandaferðir og margir tekið ástfóstri bæði við land og vín. Margir eru þó ekkert sleipir í spænskunni og þegar panta á vínin vefst það oft fyrir öðrum en menntuðum vínunnendum hvað hugtökin eða orðin á flöskunum þýða. Hér eru þýdd nokkur algeng í spænskunni.

barrica = tunna
blanco = hvítt vín
cava = freyðandi vín
crianza = Geymt alls í 24 mánuði, a.m.k. sex í tunnu
gran reserva = Geymt alls í 60 mánuði, a.m.k. 24 í tunnu
reserva = Geymt alls í 36 mánuði, a.m.k. 12 í tunnu
tinto = rautt vín
viño = vínekra
vino = vín

GRÆNIR AKRAR Í La Rioja-héraðinu er vínviður algengasta plantan sem ber fyrir augu.

NORDICPHOTOS/GETTY

Campo Viejo í La Rioja á Norður-Spáni:

Paradísarekrur La Rioja

La Rioja er sjálfsstjórnarhérað á Norður-Spáni og höfuðborg þess er Logroño. Um er að ræða mikið og fornt vínekruland og þar er uppruni La Rioja vína. Meginlandsloftslagið í La Rioja hentar vel til ræktunar og vínviðirnir fá skjól af Kantabríafjöllum, en á Norður-Spáni getur orðið mjög vindasamt.

Elstu skriflegu heimildir um vínrækt á þessum slóðum eru frá 873 eftir Krists burð. Veldi Rómverja teygði sig yfir Spán á sínum tíma og voru landskikar í La Rioja meðal annars notaðir til að verðlauna stríðshetjur og uppgjafahermenn. Má leiða að því getum að þeir hafi ræktað vín á löndum sínum, enda þóttu guðaveigarnar lífsins nauðsyn. Campo Viejo er víntegund sem á rætur sínar að rekja til þessarar sögu, þar sem heitið Campo Viejo (Völlur hinna öldnu) er dregið af stað í Campus Veteranus (Völlur uppgjafahermanna).

Campo Viejo víngerðin er gamalgróið fyrirtæki sem leggur mikla áherslu á La Rioja þrúgurnar og var eitt það fyrsta í heiminum til að selja Rioja-vín út fyrir landamæri Spánar. Vínþrúgurnar þrjár sem hafa gefið La Rioja sem vínhéraði sitt einkennandi bragð er allar að finna í Campo Viejo vínunum: Tempranillo-þrúgan sem nær fullum þroska nokkrum vikum fyrr en aðrar þrúgur á Spáni, Mazuelo-þrúgan sem gefur vínunum gott sýrujafnvægi og Graciano-þrúgan sem gefur Campo Viejo vínunum jafnvægi, höfugleika og breidd.

Stílhreinn upptakari frá þýska fyrirtækinu Blomus
Matt krómað stál, lengd 16 cm
Verð 2.690 kr.

Blomus upptakarasett
Veglegur upptakari fyrir vandláta
Sett með upptakara, hníf og auka gormi
Matt krómað stál
Verð 8.990 kr

YLUR
fyrir heimilið
ármúla 38
s: 564- 5700
www.ylur.is

Vínflöskurekki frá Blomus
Glæsilegur vínflöskurekki sem tekur 8 flöskur
Ryðfrítt stál – Stærð 74 cm
Verð 11.900 kr.

ER GÓÐUR MATUR GRENNANDI?

Frönsk matargerð er vissulega margrómuð. Sigríður Gunnarsdóttir, sem sendi frá sér bókina Sælkeraferð um Frakkland, árið 2007, gengur svo langt að segja að Frakkar lifi hreinlega til að borða góðan mat.

Sigríður vekur einnig máls á því að Frakkar séu grennri en aðrir Evrópubúar, þótt þeir séu svona mikið fyrir góðan mat, og hefur útskýringu á reiðum höndum; „Skýringin er tvíþætt: Undirstaða í matargerð er nýtt, ferskt hráefni, mikið grænmeti, sjaldan sósur. Og maturinn er svo góður að engum dettur í hug að vera í einhverju snakkáti á milli mála, þeir vilja ekki skemma matarlystina. Væri ekki hollráð að taka þeirra venju upp, elda góðan mat til að grenna sig? Þegar stórt er spurt…

SÍLD SEM FORRÉTTUR

Marineruð síld er holl og lystug í forrétti. Auðvelt er að gera hinar margvíslegustu útfærslur með því að blanda henni saman við önnur hráefni í köldum sósum úr sýrðum rjóma. Þeir sem gera slíka rétti frá grunni þurfa að gera þá tímanlega þannig að bragðið fái að blandast vel til að njóta sín sem best. Einnig eru egg, síld og lauksneiðar sígilt góðgæti ofan á rúgbrauðssneið.

Síldin er oft réttilega nefnd silfur hafsins bæði vegna verðmætanna sem hún skapar í þjóðarbúið og einnig vegna hins silfraða litar síns sem líkja má við eðalmálm.

GOTT SAMAN Höfugt rauðvín á vel við þunga og bragðmikla osta.

Dagar víns og osta

Sumum finnst ostar og rauðvín ein sjálfsagðasta samsetning matar og drykkjar sem fyrirfinnst. En það er hægt að drekka fleira með ostum en rauðvín og ekki er sama ostur og ostur þegar vín er annars vegar. Þumalfingursreglan er að rauðvín á að drekka með hörðum ostum eins og cheddarosti en hvítvín eiga best við mjúka osta eins og brie og camembert. Gráðost og blámygluost er best að borða með höfugum vínum eins og sérrí eða púrtvíni. Kampavín og ostar eiga vel saman og þá helst mjúkir og mildir ostar eins og brie, edamostur og babybel, litlu svissnesku ostarnir í rauða vaxhjúpnum. Vísifingursreglan er sú að því bragðsterkari sem osturinn er, þeim mun þyngra og bragðmeira á vínið að vera.

Á vefsíðunni www.wineintro.com er að finna nokkrar samsetningar á ostum og víni sem falla að flestum bragðlaukum.

Þar stendur að með rjómaosti sé best að drekka rósavín eða blush og Beaujolais fer vel með fetaosti. Púrtvín og Stiltonostur eru vel þekkt og vinsæl saman, einkum í Bretlandi, og því höfugra sem vínið er og osturinn myglaðri, því betra. Sæt hvítvín eiga vel við milda kryddrjómaosta eins og hinn franska boursin sem margir þekkja að góðu bragði. Ung, sæt og þurr vín fara geitaosti best á tungu. Þannig má auðvitað lengi telja en svo er það í höndum hvers og eins að finna þær samsetningar víns og osta sem hugnast best. Gaman væri til dæmis að stofna klúbb þar sem hver kemur með eina osttegund og eina vínflösku. Svo smakka allir allt og kveða upp sinn dóm. Góða skemmtun.

GOTT MEÐ KAMPAVÍNI Brie og aðrir mjúkir ostar eru bestir með léttu víni, til dæmis hvítvíni eða kampavíni.

4 RAUÐVÍN

TOMMASI ROMEO
Með ljúfa angan af cappuchino gefa ljúffeng og sæt kirsuber fögur fyrirheit sem er fylgt eftir með undirliggjandi súkkulaðitón. Fínlegt og fágað vín í góðu jafnvægi. kr. 1.799.-

BERTANI VALPOLICELLA
Dökk sæt ber og þá aðallega kirsuber í ilmi og í munni bætist við súkkulaði-kaffitónar. Kr. 1.890.-

CANTINA ZACCAGNINI IL VINO „DEL TRALCETTO“ MONTEPULCIANO D´ABRUZZO 2007
„Áfengt með keim af soðnum plómum og dökkum berjum, þykkur safi. Pipar, sólber, bakað, mold og steinefni. Vínið kallar á mat eins og villibráð með sósu.“ Dominique Plédel. Vínið fékk 90 punkta hjá hinum virta vínsmakkara Robert Parker í nóvember 2009. Kr 1.991,-

CANTINA ROSSA IL VINO „DAL TRALCETTO“
Rúbínrautt með góðri fyllingu og má finna kirsuber, skógarber, lyng og laufkrydd.
Passar með lambakjöti, kalkúni, kjúklingi og svínakjöti, fersku sem reyktu. Kr. 4.798,-

4 HVÍTVÍN

TOMMASI GUILIETTE
Mikill ávöxtur og blómleg angan. Frísklegt bragð og ávaxtaríkt með léttum ferskjukeimi. Ekta ståltankavín. Pinot Grigio-þrúgan færir okkur ferskt og ávaxtaríkt vín. Léttur ferskjukeimur og leikandi blómaangan. Fínt vín með léttari réttum. kr.

VILLA LUCIA PINOT GRIGIO
Vínið er líflegt og seiðandi. Bragðið einkennist af perum og suðrænum ávöxtum. Vinsælasta ítalska vínið í vínbúðunum. Kr. 1590.-

VILLA ANTINORI
Fölsítrónugult. Létt fylling, þurrt, feskt. Sítrus, ljós ávöxtur, stjörnuávöxtur, steinefni. Kr. 1.999.-

LEONARDO CHIANTI
Kirsuberjarautt. Meðalfylling, þurrt, ferskt, miðlungs tannín. Rauð ber, skógarber, kirsuber, lyng. Kr.1.898.-

ÍTALÍA

Trampa berleggjaðir á vínþrúgunum

Ítalía er eins og Frakkland og Spánn einn af elstu vínframleiðendum heims og vínyrkja hófst þar þegar landið var undir yfirráðum Grikkja, löngu áður en Rómverjar stigu þar á land en þeir tóku við á 2. öld fyrir Krist og skipulögðu iðnaðinn. Tveimur þúsundum árum síðar er Ítalía einn af stærstu vínframleiðendum heims eða með um fimmtung af heimsframleiðslunni. Flest af framleiðslunni fer fram í nútímavínhúsum en langflestir Ítalir taka þátt í vínmenningunni og mjög algengt er að vín sé framleitt í þorpum, til eigin neyslu. Þá nota þeir fornar aðferðir eins og að trampa berfættir á þrúgunum en Ítalir trúa því að aðeins þannig verði besta vínið til.

HALDIÐ Í HEFÐIR Í Valpolicella eru einyrkjar sem tína upp á gamla mátann en líka vélvæddir akrar. NORDICPHOTOS/GETTY

Tommasi í Valpolicella á Ítalíu:

Í skjóli Alpanna

Valpolicella-vínræktarhéraðið norður af Verona á Ítalíu býr yfir ansi fjölskrúðugri flóru vínþrúga og alls kyns víni. Þar eru sjálfstæðir einyrkjar sem gerja vín fyrir sitt nærumhverfi og ferðamenn til að smakka á, en þar er líka framleiðsla á stórum skala handa erlendum mörkuðum.

Valpolicella er frægt fyrir sín heimsþekktu þurru Amarone og sætu Recioto-vín, sem eru lofuð í hástert fyrir kröftugt og margbreytilegt bragð. Öll vínin í héraðinu samanstanda af sömu þrúgum og notaðar eru í Bardolino-héraðinu: Rondinella, Negrara, Molinara og Corvina, sem er sú mest metna. Í Valpolicella ná þessar þrúgur hins vegar hátindi sínum fyrir tilstilli gamalgróinna aðferða vínbruggunar.

Eitt af þeim vínum sem framleidd eru í Valpolicella og Íslendingar ættu að kannast við er Tommasi frá samnefndu fyrirtæki, sem leggur mesta áherslu á framleiðslu rauðvína úr Amarone Classico og Ripassoþrúgum. Giacomo nokkur Tommasi stofnaði fyrirtækið árið 1902 í Pedemonte í hjarta Vicenzohéraðs. Giacomo byrjaði sjálfur með hálfan hektara undir vínræktun sína en undanfarin ár hafa afkomendur hans haldið rekstrinum áfram og tekið 135 hektara undir vínframleiðslu sína. Fjölskyldan leggur mikla áherslu á að vinna í sátt og samlyndi við landið og náttúru þess. Víngerðarþekkingin hefur því borist kynslóð fram af kynslóð.

Glösin sem gera góð vín betri

Stærð, lögun og efnisgerð glasa hefur áhrif á upplifunina á víninu. Rauðvínsglasið og hvítvínsglasið eru úr **Open Up** glasalínunni sem henta mjög vel fyrir ungvín, rauðvín yngri en fimm ára og hvítvín yngri en þriggja ára. Lögunin á glasinu veldur því að vínið nýtur sín til fulls. Þegar víninu er hellt upp að kantinum á glasinu er vínið látið hringsnúast í glasinu og þá fær það allt það súrefni sem á þarf að halda til að ná fram sem bestum ilm og bragði. Glasið er framleitt úr hertu gleri (kwarx) sem er einnig gler án allra litarefna, litur vínsins nýtur sín þar af leiðandi afar vel. Glösin fást hjá Fastus ehf. Síðumúla 16.

Verð rauðvínsglas 55 cl. 1.295.-
Verð hvítvínsglas 40 cl. 1.195.-

FASTUS

Ólfur Björn Guðmundsson

Dominique Plédel Jónsson

Ólafur Örn Ólafsson

Elísabet Alba Valdimarsdóttir

Gunnar Páll Rúnarssson

10 VÍNDÓMAR

Vín & veisla fékk til liðs við sig fimm þaulreynda vínunnendur til að blindsmakka fimm hvítvín og fimm rauðvín. Vín-gúrúarnir hittust á veitingastaðnum Dill í Norræna húsinu í góðu yfirlæti. Í blindsmökkuninni var vínunum tíu pakk-að inn í álpappír svo enginn vissi hvað hann var að drekka hverju sinni og gat því fordómalaust sagt sína skoðun. Til starfsins völdust Dominique Plédel Jónsson hjá Vínskólanum, Ólafur Örn Ólafsson og Ólafur Björn Guðmunds-son hjá Dill, Elísabet Alba Valdimarsdóttir yfirvínþjónn á Vox og Gunnar Páll Rúnarsson á Vínbarnum.

HVÍTVÍN

LA CHABLISIENNE CHABLIS PREMIER CRU FOURCHAUME

Nefið er ferskt og ilmríkt, litur vínsins er örlítið grænn. Vínið er ferskt í munni, góð sýra, sítróna, létt og keimur af grape. Með þessu gæti hentað humarsalat, skelfiskur, kræklingur og jafnvel koli.

Dominique Plédel Jónsson

Hér finn ég sítrus og græn epli. Það er ferskt.

Gunnar Páll Rúnarsson

Nokkuð biturt vín og lokað. Ferskir ávextir, greip, mikið af grænum ávöxtum.

Ólafur Björn Guðmundsson

Vínið er nokkuð gott og ég mundi kaupa aðra af þessu. Það er í góðum balans og frískandi.

Ólafur Örn Ólafsson

Hér er mikill sítrus. Þetta vín kallar á sumar, að sitja úti í sólinni. Það er hægt að drekka það eitt og sér.

Elísabet Alba Valdimarsdóttir

PARES BALTA BLANC DE PACS

Nefið er opið. Í munni er hunang, ferskjur og aprikósur. Sýran er minni en í nefi og það er þurrt. Gæti hentað vel með Risotto.

Dominique Plédel Jónsson

Í nefi eru ferskjur og plómur en fer síðan í sítrus. Það er sætt og hálfþurrt.

Gunnar Páll Rúnarsson

Hérna eru apríkósur, sýra, brennt hunang. Flott vín.

Ólafur Björn Guðmundsson

Býður upp á mikið í nefinu en nær ekki alveg að uppfylla öll fyrirheitin sem það gefur. Ég fæ minningar af old spice þegar afi kom á jólunum og smellti einum á kinnina.

Ólafur Örn Ólafsson

Nú erum við komin í sætt vín. Ég finn villiblóm og cassis. Mætti vera meiri balans. Það mætti borða risotto með þessu út af seltunni í því, til aðvega upp á móti fitunni í víninu.

Elísabet Alba Valdimarsdóttir

LA SEREINE CHABLIS

Þetta vín er opið og feimið og andar frekar stutt. Ég finn eik, vanillu, fitu. Vínið stoppar frekar stutt við.

Dominique Plédel Jónsson

Þetta vín er létteikað og alveg dautt.

Gunnar Páll Rúnarsson

Ég finn smá alkóhól og eik. Frekar lokað vín.

Ólafur Björn Guðmundsson

Í byrjun er það sprittað svo best er að láta það standa. Þetta vín er frek-ar stamt og endasleppt og ekki mjög spennandi

Ólafur Örn Ólafsson

Það er fita þarna á bakvið og svo kemur sýran inn en það fylgir ekkert á eftir. Því miður. Þetta er svona „fílgúddgaur".

Elísabet Alba Valdimarsdóttir

CAPE MENTELLE SAUVIGNON BLANC SEMILLON

Í nefi er vínið opið, ilmur af sítrónu-grasi og strokleðri, það er grösugt og eik á eftir. Í munni er grófur ávöxtur, krydd og jurtir, góð sýra. Þetta er flott vín með mikið jafnvægi en vínið þarf að opna.

Dominique Plédel Jónsson

Hér eru ferskar kryddjurtir, strokleð-ur, sítrónugras. Ég giska á Cape Mentelle.

Gunnar Páll Rúnarsson

Krydd og ávexti má greina hér. Einnig strokleður og smá sýru.

Ólafur Björn Guðmundsson

Nefið skilar sér í munninum. Alveg framúrskarandi vín og allt við það mjög gott.

Ólafur Örn Ólafsson

Hér er eitthvað að gerast. Ég finn strokleður, sítrónugras, nefið skilar sér í munninum og mikið af jurtum í eftirbragðinu.

Elísabet Alba Valdimarsdóttir

MONTES ALPHA CHARDONNAY

Hér finn ég smjör og soðið blómkál. Vínið er eikað og sultað. Sýran er góð og það er áfengt. Það vantar jafnvægi. Matur sem passar við gæti verið hamborgarhryggur og reykt og saltað kjöt.

Dominique Plédel Jónsson

Ég finn smjör og sultaðan sítrus. Vínið er vel eikað.

Gunnar Páll Rúnarsson

Mér finnst vanta balans í þetta vin.

Ólafur Björn Guðmundsson

Eikin er alveg yfirgnæfandi fyrst en svo jafnar það sig aðeins eftir að hafa staðið, þá er það í ágætis málum. Dálítið ristuð eik í nefinu og suðrænir ávextir. Ávöxturinn nær ekki alveg í gegn og balansinn mætti vera betri. Ég mundi borða eitthvað salt með þessu, hamborgarhrygg og jafnvel reyktan fisk

Ólafur Örn Ólafsson

Í þessu víni finnst mér vera of mikil eik. Áfengið nær ekki að samlagast sýrunni. Bananakeimur, þroskaðir sítrusávextir og vel hátt í alkóhóli.

Elísabet Alba Valdimarsdóttir

RAUÐVÍN

J. LOHR CABERNET SAUVIGN-ON 2008

Í þessu víni finn ég sólber, plómur, möndlur og kryddað með bökunar-kryddi . Í munni er það áfengt, paprika, mikið bragð. Aðgengilegt þrátt fyrir kraft. Það mundi henta með villibráð, til dæmis gæs.

Dominique Plédel Jónsson

Vínið er léttpiprað. Í því eru möndlur, marzipan,vanilla. Gott ef ekki græn paprika

Gunnar Páll Rúnarsson

Vínið er sætt í nefi og ég finn keim af fjólum.

Ólafur Björn Guðmundsson

Mjög fínt og frambærilegt vín í góðu jafnvægi. Ekki mjög krefjandi en þarna má greina keim af kónga-brjóstsykri. Með þessu ætti að borða kjöt og vínið hentar með jólamatn-um.

Ólafur Örn Ólafsson

Möndludeig og papriku er að finna hér. Það eina sem er afgerandi í munni er áfengi. Ávöxtur og tannín og sýra meldar sig í munni. Mjög skemmtilegt og ágætlega balans-erað.

Elísabet Alba Valdimarsdóttir

CUNE RIOJA CRIANZA

Þetta vín er með feimið nef, púður, steinefni. Í munni er það milt, öflugt og heildarjafnvægi í því. Tannín, lakkrís, dökkir ávextir. Kirsuberjaeftir-bragð. Hentar með svínakjöti og carpaccio.

Dominique Plédel Jónsson

Þarna kemur fram vanilla og lakkrís. Þetta er mjög þægilegt vín.

Gunnar Páll Rúnarsson

Þetta vín er þroskað.

Ólafur Björn Guðmundsson

Þægilegt vín sem býður upp á heilm-ikið. Keimur af byssupúðri, rakettum og ryðguðu járni. Ég gæti hugsað mér að éta hrátt nautakjöt með þessu.

Ólafur Örn Ólafsson

Hér er keimur af leir og lakkrís. Þurrt og þroskað vín í góðu jafnvægi. Mætti borða Carpaggio með.

Elísabet Alba Valdimarsdóttir

GUIGAL COTES DU RHONE

Sprittað, súkkulaði og svört ber, mynta, pipar. Í munni er það sæt, þurrt tannín. Vel gert vín.

Dominique Plédel Jónsson

Hérna er súkkúlaði, spritt og pipar.

Gunnar Páll Rúnarsson

Ég finn pipar. Vínið er lokað.

Ólafur Björn Guðmundsson

Þetta vín þarf smá tíma til að opna sig og þá verður það nokkuð gott en maður þarf að hafa svoltíð fyrir því. Mætti jafnvel geyma það í nokkur ár.

Ólafur Örn Ólafsson

Mikið sprittað en feimið líka. Pipar og leður. Maður þarf að hafa dálítið fyrir víninu. Með því má hafa rautt kjöt.

Elísabet Alba Valdimarsdóttir

CANTINA ZACCAGNINI MONT-EPULCIANO D'ABRUZZO

Áfengt með keim af soðnum plómum og dökkum berjum, þykkur safi. Pipar, sólber, bakað, mold og steinefni. Vínið kallar á mat eins og villibráð með sósu.

Dominique Plédel Jónsson

Mjög berjaríkt í nefinu en þurrt og jarðvegsbundið í munni.

Gunnar Páll Rúnarsson

Nefið ruglar mann í þessu. Eik, sólber, vínið þurrkar munninn og mold í bragðinu.

Ólafur Björn Guðmundsson

Þurrt í munninn og á nóg inni. Þetta er þykkur skratti sem þarf að geyma í nokkurn tíma. Kraftmikið og flott. Vínið er sætt svo það mætti borða eitthvað sætt með því.

Ólafur Örn Ólafsson

Í munni kemur ávöxturinn strax inn. Pínulítið í væmnari kantinum en ekkert óþægilega mikið. Fer úr kækiberjum yfir í plómur. Væri auðvelt að para vínið meðmat.

Elísabet Alba Valdimarsdóttir

BARON DE LEY FINCA MONA-STERIO

Vínið er opið, ég finn fyrir bleki, cassis, kjötkrafti, karamellu, vanillu. Bragðið er flókið, hér eru jurtir og krydd, tóbak. Nef samsvarar sér í munni, eikin er sæt og nokkur nýjaheimsfílingur í þessu.

Dominique Plédel Jónsson

Eikað og sýran er góð. Nokkuð áfengt og jafnvægið mætti vera meira. Þægilegt vín.

Gunnar Páll Rúnarsson

Vanilla og sæta, mikil eik og karamella. Þægilegt vín, þroskað tannín. Mætti borða rauðkál og svínaskanka með.

Ólafur Björn Guðmundsson

Ólafur Örn náði ekki að smakka síðasta vínið áður en hann sótti barn sitt á leikskólann(Í vínsmökkun er ekki kyngt).

Ólafur Örn Ólafsson

Vínið er bleklitað. Það er ýmislegt sem vill brjótast út í því. Lakkrís, ferskt tóbak, fita, karamella og mikil eik. Þetta helst allt saman í hendur. Það er meiri ávöxtur í munni en nefi.

Elísabet Alba Valdimarsdóttir

AÐALRÉTTIR Sannkallað hlaðborð girnilegra rétta, allt frá hreindýri og hangikjöti til saltfisks og gæsabringu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Hér stendur borðhaldið mjög stutt en í Frakklandi getum við borðað endalaust,“

EFTIRRÉTTIR Créme caramell innan um aðra girnilega eftirrétti sem eru á jólahlaðborði Einars Ben.

FORRÉTTIR Ýmiss konar síld, heimalagað paté og reyktur lax.

JÓL Í KOTI, JÓL Í BORG Minjasafn Reykjavíkur býður gestum í sögugöngu í dag klukkan 11 en í henni verður fjallað um helgihald í Kvosinni í Reykjavík allt frá tímum fyrstu landnámsmanna til dagsins í dag. Þá fræðast göngumenn um hvar fyrsta jólatrésskemmtunin fór fram í Reykjavík og hvenær jólakortin komu til sögunnar. Gangan hefst við Landnámssýninguna í Aðalstræti.

FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar** **Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

Jólagjafirnar hans
póker - billiard - dart

Ármúli 38, 108 Rvk. • hobbyroom@hobbyroom.is • S: 841 8800 / 565 5200



Sigga & Timo
GULLSMíÐI
LINNETSSTÍGUR 2 · SÍMI 565 4854
WWW.SIGGAOGTIMO.IS

Árni Björnsson heldur fyrirlestur í Þjóðminjasafninu í dag klukkan 13 um íslenska jólasiði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Flettir ofan af vitleysum

Árni Björnsson þjóðháttafræðingur þekkir vel til íslenskra jólasiða enda mun hann í dag flytja fyrirlestur um það efni í Þjóðminjasafninu. Þar ætlar hann að leiðrétta ýmsan misskilning er varðar siði og venjur.

„Þetta er ákveðin vertíð og margir biðja mig að koma og tala um jólin. Þó er misjafnt hvað fólk vill að ég tali um enda er þetta víðfeðmt efni og sumt auðvitað talsvert útþvælt," segir Árni Björnsson, sem heldur í dag fyrirlestur um íslenska jólasiði í Þjóðminjasafninu þar sem hann starfaði í þrjátíu ár.

„Í þetta skipti ætla ég þó ekki að vera með neinar jólaþulur eða -guðspjöll heldur langar mig að fletta ofan af ýmiss konar vitleysu sem veður uppi," segir hann og bætir við að fólk sé jú alltaf að skálda. „Jón Árnason, sem var nú frumkvöðull í því að safna þjóðsögum, bað til dæmis um það í formála að fólk skyldi varast að halda að fólk hefði trúað þjóðsögunum. Þær væru skáldskapur þjóðarinnar sem sífellt endurnýjaðist."

Sem dæmi um algengan misskilning nefnir Árni jólaköttinn. „Á hann er lauslega minnst í þjóðsögunum og alls ekki klárt hvað það fyrirbæri er. Síðan fóru menn að geta í eyðurnar og halda því fram að jólakötturinn hefði étið börn en það stendur hvergi í þjóðsögunum," segir hann. Hann bætir við að í kvæði Jóhannesar í Kötlum um jólaköttinn geri Jóhannes köttinn að tákni auðvaldsins sem leggist á fátæka fólkið.

„Fólk er því sífellt að skálda út frá litlum heimildum og mig langar að útskýra fyrir fólki hvernig sumar hugmyndir urðu til," segir Árni. Hann mun hefja fyrirlestur sinn á því að gera grein fyrir því hvernig skammdegishátíðir hafi verið til um víða veröld óháð trúarbrögðum. „Slíkar hátíðir eru ekkert endilega kristilegt fyrirbrigði og það er spaugileg saga hvernig þetta varð að fæðingarhátíð Jesú Krists. En þeir sem vilja vita meira um það verða bara að mæta," segir Árni glettinn.

Árni þykir helsti sérfræðingur Íslendinga í hátíðasiðum þjóðarinnar enda hefur hann skrifað bók um alla hátíðisdaga ársins, Sögu daganna. Því er oft leitað til hans um svör við ýmsum spurningum sem vakna varðandi þessa daga. „Það er skemmtilegt en getur verið svolítið þreytandi því fólk ætlast til að maður viti alla skapaða hluti, sem getur verið dálítið íþyngjandi," segir hann kíminn en ekki er óalgengt að fólk svífi á hann á förnum vegi og spyrji hann út í eitt og annað.

Árni segir marga siði sem flestir telji rótgróna í raun fremur nýja af nálinni. „Verslunin síðastliðin 100 ár hefur búið til mikið af þessum jólasiðum," segir hann og tekur sem dæmi aðventukransa, sem hann segir að blómaverslanir hafi komið á kreik fyrir fimmtíu árum.

Árni segir nýja siði þó ekki endilega síðri en gamla. „Mér finnst hins vegar skemmtilegra ef jólasiðir eru sjálfsprottnir fremur en innfluttir," segir hann en tekur fram að einnig séu til innfluttir jólasiðir sem síðan hafi fengið séríslenskt snið. Sem dæmi megi nefna þá hefð að börn fái í skóinn. „Fólk sem er fætt fyrir 1950 man ekki eftir þessum sið. Hann er til úti í Evrópu við sjávarsíðuna, en þar er hann bara eitt kvöld eða mesta lagi á hverjum sunnudegi í aðventu," segir Árni og telur að siðurinn hafi borist hingað með sjómannsfjölskyldum. Um 1960 hafi mjög margar fjölskyldur verið farnar að fylgja siðnum en þó virðist engin almenn regla hafa gilt um hann. „Þessi eldgamli evrópski siður varð í raun að plágu þangað til Þjóðminjasafnið, í samvinnu við leikskóla og fósturfélagið, kom böndum á hann og miðað var við að byrjað væri að gefa í skóinn þegar fyrsti jólasveininn kæmi til byggða."

Þeir sem vilja fræðast enn frekar um jólasiði geta hlýtt á Árna í dag í Þjóðminjasafninu en fyrirlestur hans hefst klukkan 13.

solveig@frettabladid.is

Lín Design, gamla sjónvarpshúsið • Laugavegi 176 • Sími 533 2220 • www.lindesign.is

Jólagjöfin
er Íslensk hönnun
Landsins mesta úrval af íslenskum sængurfatnaði fyrir alla fjölskylduna.
Einstök gæði og frábært verð.
Lín DESIGN

MIÐBÆRINN

FJÖLSKYLDUDAGSKRÁ verður í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu 15 í dag klukkan 14.

ÓLANG

Þeir eru komnir

Vinsælu kuldaskórnir með mannbroddunum

Opið
Mánudaga til Laugardaga
10:00 - 18:00
Sunnudaga fram að jólum
12:00 – 16:00

B/A/S/L/E/R
Skipholt 29b, s:551-0770

ULLARKÁPA
er glæsileg jólagjöf

BERNHARÐ LAXDAL
Laugavegi 63 • s: 551 4422

Átján sölubásar verða á staðnum og eru þeir opnir þeim sem vilja selja bæði notað og nýtt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Samkomustaður með sölubásum á Laugavegi

Nýr jólamarkaður verður opnaður á jarðhæð Reykjavík Backpacers í dag og verður hægt að kaupa notað og nýtt, föt og aðra nytjahluti. Markaðurinn hefur þann kost að vera innandyra og verður heitt á könnunni.

Reykjavík Backpackers mun í desember bjóða áhugasömum upp á samkomustað með átján sölubásum þar sem verður hægt að kaupa og selja ýmiss konar vörur, sýna sig og sjá aðra. Jólamarkaðurinn verður opnaður á laugardag og verður opinn alla daga fram að jólum, á jarðhæð húsnæðis Reykjavík Backpacers að Laugavegi 28.

„Við seljum daginn á 3.500 krónur og er þetta mestmegnis gert til gamans," segir Björk Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri Reykjavík Backpackers. „Við rekum farfuglaheimili á efri hæðum hússins en eftir jól munum við hefjast handa við að gera móttöku og bar á jarðhæðinni og stendur til að framkvæmdum ljúki með vorinu. Fram að því stendur jarðhæðin auð. Okkur fannst það alveg ófært í miðri jólaösinni og ákváðum að opna markað en þannig fáum við vonandi líf og fjör í húsið."

Björk segir markaðinn hafa þann kost að vera innandyra og verður heitt kakó og kaffi á könnunni auk þess sem jólatónlist mun hljóma í eyrum og jólaandinn svífa yfir básunum. „Hingað til hafa margir hönnuðir skráð sig til leiks en básarnir eru opnir öllum. Fólk getur komið og selt bæði notað og nýtt og þá jafnt föt sem aðra nytjahluti." Björk segir að leitast verði við að skapa létt og skemmtilegt andrúmsloft í kringum jólamarkaðinn, eins og oft einkennir miðbæinn á þessum tíma árs. Hún segir nokkuð mikið bókað dagana rétt fyrir jól en áhugasömum er bent á að hafa samband með því að senda póst á bjork@reykjavikbackpackers.com

vera@frettabladid.is

Hlýjar jólagjafir í ár
Dún og Fiður

DÚN & FIÐUR
Laugavegi 87 • sími: 511-2004

Flott fyrir jólin

Kjólar og skokka í miklu úrvali
Ný sending

20% afsláttur

FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201

HAPPY HOUR ALLA DAGA KL. 17-19
BJÓR OG LÉTTVÍN Á HÁLFVIRÐI

Eldhúsið opið frá hádegi alla daga
Jólabjór á 500.- kr með mat

b5
Bar - Bistro
BANKASTRÆTI 5 / SÍMI: 552 9600 / 101 REYKJAVÍK

Hanna Birna Kristjánsdóttir opnaði jólaþorpið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Jólaþorp opnað á Hljómalindarreit

Fjölmörg skreytt tréhús og stórt viðburðatjald hafa risið á Hljómalindarreit í miðbæ Reykjavíkur.

Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri opnaði formlega jólaþorpið á Hljómalindarreit á fimmtudaginn.

Jólaþorpið samanstendur af fjölmörgum skreyttum tréhúsum og tjöldum. Einnig er á reitnum að finna stórt viðburðatjald þar sem fram munu koma skemmtikraftar, skáld, tónlistarmenn, uppistandarar og jólasveinar. Meðal þess sem hægt er að kaupa í þorpinu er íslensk hönnun, heimilisiðnaður, góðgæti, jólatré, skreytingar og skartgripir. Þorpið verður opið alla daga frá 13 til 18 og lengur er nær dregur jólum, en verslanir í miðborginni verða opnar frá klukkan 10 til 22 alla daga fram að jólum og til klukkan 23 á Þorláksmessu.

Hanna Birna veitti við sama tækifæri hinn árlega Njarðarskjöld, hvatningarverðlaun Reykjavíkurborgar, Miðborgarinnar okkar og Íslenskrar verslunar. Skjöldurinn var veittur verslun Bláa lónsins við Laugaveg 15 fyrir að skara fram úr í þjónustu við erlenda ferðamenn.

Kærleikskúlan

Snerting nefnist sjöunda kærleikskúlan sem Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra gefur út.

Kærleikskúlan þetta árið er eftir listamanninn Hrein Friðfinnsson. Allur ágóði af sölu hennar rennur í starfsemi Reykjadals en það er sumar- og helgardvalarstaður fyrir fötluð börn og ungmenni. Markmiðið er að geta gert fleiri börnum kleift að njóta ævintýra þar, eignast vini og góðar minningar. Sala kúlunnar stendur til laugardagsins 19. desember.

Þess má geta að Færeyingar hafa tekið kærleikskúluverkefnið upp á sína arma og gefið út sína eigin kúlu sem skreytt er af Tróndi Paturssyni. Á henni synda hvalir og innan í henni er vatn. Sala kúlunnar hefur gengið framar vonum og er hún nánast uppseld í Færeyjum. Ágóðinn rennur til Dugni sem er verndaður vinnustaður þar í landi en hluti ágóðans fer í sérstakan kærleikskúlusjóð sem ætlaður er fötluðum börnum í þróunarlöndunum. - gun

Kærleikskúlan Snerting er til sölu til 19. desember.

Nýtt - Nýtt - Nýtt

Vorum að taka upp nýja sendingu af **prjónuðum hettutreflum** og hringtreflum.

Verð frá kr. 2500.

Mikið úrval og margir litir.

SKARTHÚSIÐ • LAUGAVEGI 44 • SÍMI 562 24 66

Jólaföt og jólagjafir



Náttföt – náttkjólar – nærföt

Laugaveg 53 • sími 552 3737 • Opið fös. - lau. 10-22, Sun. 13-18

Gjafabréf

Gefðu góða jólagjöf sem veitir vellíðan.

Þessi glæsilega gjöf fylgir öllum gjafakortum að upphæð 10.000 kr. eða meira.*

*Á meðan birgðir endast

SNYRTISTOFAN ÁGÚSTA

Hafnarstræti 5
Reykjavík
sími: 552 9070
snyrtistofanagusta.is

Úrval af vönduðum sængurfatnaði

Skólavörðustíg 21a
Njálsgötumegin
S. 551 4050

Fatabúðin



SJÁLFLÍMANDI HNÍFAPARASKORÐUR

Hjálpa þér að halda öllu í skorðum í skúffum.Einning sjálflímandi filt til að klæða skúffur og filt með verjandi efni svo ekki falli á silfur og silfurplett.Við eigum líka fægilög,fægiklúta og ídýfulög til að hreinsa.
SENDUM Í PÓSTKRÖFU.

Gullkistan - Frakkastíg 10 - Sími: 551-3160.

Jólatréð stendur uppljómað á Ingólfstorgi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Litrík húsin í miðbænum eru fagurlega upplýst.

Ljósin í miðbænum

Í svartasta skammdeginu er upplífgandi að fara í miðbæ Reykjavíkur. Þar standa götur, hús og búðargluggar skreytt litríkum jólaljósum sem lýsa upp umhverfið, svo og hjörtu vegfarenda.

Ganga niður Laugaveginn getur sannarlega lífgað upp á andann. Ekki er það einungis fjölbreytt vöruúrvalið sem kætir heldur hafa búðareigendur og borgaryfirvöld lagst á eitt til að fegra bæinn og gera hann sem hátíðlegastan úr garði.

Tré, hús og búðargluggar eru upplýst með fallegum jólaljósum og fá vonandi að standa sem lengst í svartasta skammdeginu. *- sg*



Við Reykjavíkurtjörn. Aðventuljós lýsa upp glugga húsanna við Tjarnargötu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Jólaklukkan framan við Fálkahúsið gefur fallegan svip á umhverfið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Jólasveinarnir á gluggum Eymundsson-hússins kæta marga krakka. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Íslenskt upp á pallborðið

Allir fá þá eitthvað fallegt er heiti jólasýningar Handverks og hönnunar sem haldin er í tíunda skipti í ár. Sýningin er í Aðalstræti 10 og Sunneva Hafsteinsdóttir framkvæmdastjóri er þar í forsvari.

Sextíu munir, ólíkir að efni og formi, eru á jólasýningu Handverks og hönnunar þetta árið. „Þetta er bara eins og á málverkasýningu," segir Sunneva þegar spurt er um sölufyrirkomulag. „Munirnir eru merktir með rauðum punkti ef þeir seljast og viðtakendur geta fengið þá afhenta á Þorláksmessu. Við bendum líka sýningargestum á hvar hægt er að nálgast hlutina í verslunum eða í galleríum listamannanna sjálfra. Erum með lista hér og hvetjum fólk til að kaupa íslenskt fyrir þessi jól. Það þarf reyndar ekki hvatningu til, það er geysilegur áhugi á íslenskum hlutum enda gróskan mikil í íslensku handverki."

Að sögn Sunnevu sóttu fimmtíu manns um að sýna þetta árið en valnefnd valdi muni frá þrjátíu og tveimur. „Handverk og hönnun er sjálfseignastofnun," útskýrir hún. „Eitt af hennar hlutverkum er að reyna að auka gæði í handverki, þess vegna eru nefndir sem velja það besta úr á hvern viðburð. Þær vita ekki hver á hvað, horfa bara á munina. Öllum er frjálst að taka þátt í sýningum og mörkuðum og alltaf er nýliðun í hópnum. Val á svona samsýningu lýtur þeim lögmálum að hlutirnir verða að falla vel saman. Því er enginn áfellisdómur þótt einhver hlutur komist ekki inn, hann passar kannski bara ekki við heildina."

„Þetta er bara eins og á málverkasýningu," segir Sunneva, ánægð með undirtektir gesta við íslensku hönnuninni.

Önnur sýning Handverks og hönnunar heitir Einu sinni er. Hún verður opnuð í dag í Norræna húsinu en er búin að vera á ferðalagi um landið frá því í apríl í vor. Byrjaði í Safnasafninu í Eyjafirði, fór þaðan á Ísafjörð, Egilsstaði, Sauðárkrók, í Hveragerði og endar hér í Reykjavík. „Við völdum tólf listamenn og hver þeirra valdi sér annan einstakling til að búa til nytjahlut með sér," lýsir Sunneva. „Þetta er falleg sýning."

gun@frettabladid.is

Kökudiskur á fæti eftir Ingibjörgu Gunnlaugsdóttur.

Jólapokar tónlistarmannsins eftir Margréti Guðnadóttur.

Gullfalleg litrík viðarleikföng í jólapakkann. Með mannúð að markmiði styðja margar af vörunum okkar góð málefni.

Hlökkum til að sjá ykkur!

Lítil í upphafi
We start out small

www.litiliupphafi.is • S: 5523636
Skólavörðustíg 5 • 101 Reykjavík

Jólagjafir prjónakonunnar

Laugavegi 59, 2. hæð | 101 Reykjavík | Sími 551 8258
storkurinn@storkurinn.is | www.storkurinn.is

Bollaleggingar

» Bolli er ekki bara bolli og rétta útlitið getur breytt öllu. Smekkur manna er mismunandi og bollarnir frá Kahla eru misstórir, mislitir og fjölbreyttir í laginu svo flestir geta fundið þann rétta fyrir sig. Spáðu í bollana hjá Kokku, í verslun okkar eða á kokka.is

kokka
laugavegi 47

laugavegi 47 opið mán.-fös. 10-18, lau. 10-16 | www.kokka.is kokka@kokka.is

JÓNSSON & LE'MACKS • JL.IS • SÍA

JÓLIN KOMA

JÓLAMARKAÐUR verður haldinn á vegum Sjónlistamiðstöðvarinnar í stóra salnum á Korpúlfsstöðum í dag.

Jólaskógurinn opnaður

Varðeldur í Rjóðrinu, jólatrjáasala á hlaðinu og handverksmarkaður í húsinu sem Einar Ben fæddist í er meðal þess sem fólk upplifir á jólamarkaðnum á Elliðavatni. Svo er hægt að saga sér tré að eigin vali.

Jólamarkaður Skógræktarfélags Reykjavíkur á Elliðavatni er vinsæll viðkomustaður á aðventunni. Nú verður Jólaskógurinn í Hjalladal opnaður í dag klukkan 12.30 er Hanna Birna borgarstjóri mætir með fjölskylduna. Skógurinn verður svo opinn næstu tvær helgar frá 11-16, eða meðan bjart er og þar getur fólk fengið lánaðar sagir og valið sér tré. Jólasveinar verða til aðstoðar og varðeldur logar.

Á hlaðinu á Elliðavatni eru líka tré til sölu, meðal annars bústnir trjátoppar sem festir eru ofan í niðursagaða trjáboli. Slík tré eru vinsæl á tröppur og svalir og að sögn Kristjáns Bjarnasonar jólamarkaðsstjóra endast þau fram á vor. „Við köllum þetta tröpputré og það er óhætt að segja að þau séu mjög vinsæl þessa dagana," segir hann. „Fólk kaupir svona aftur og aftur. Sérstaklega er furan barrheldin."

Barnastund er í grenilundi skammt frá bænum alla markaðsdaga. Þar er tendraður varðeldur, farið í leiki, lesið fyrir börnin og jólasveinn kemur í heimsókn. Í söluskúrum á hlaðinu og kjallara gamla íbúðarhússins eru ull og renndar trévörur, gler, leir, skart, föt, hreindýraleður og hunang. Nýir hönnuðir bætast við um hverja helgi. Í Gamla salnum er svo kaffistofa og tvær konur að nafni Ásta og Auður framleiða þar kransa og skreytingar, aðallega úr efni sem fengið er í skóginum.

gun@frettabladid.is

Markús Máni og Sigurrós Sól Ásgrímsbörn og Alda Áslaug Unnardóttir í góðum félagsskap. MYND/UNNUR

Jólalegt er í kjallara gamla hússins. MYND/ÁSTA

Forsetinn fékk sér kakó í hinu fornfræga húsi á Elliðavatni sem byggt var um 1860.

Fjölskyldufólk hefur gaman af heimsóknum að Elliðavatni enda er þar eitthvað fyrir alla.

Á hlaðinu logar á arni og þar eru jólatré til sölu, meðal annars svokölluð tröpputré sem sjást í forgrunni. MYND/KB

Capacent Ráðningar

VERKEFNALÓÐS

Landsvirkjun

Landsvirkjun er leiðandi í raforkuvinnslu á Íslandi, fyrirtæki sem leggur grunn að nútíma lífsgæðum og starfar af ábyrgð í anda sjálfbærrar þróunar. Landsvirkjun styðst við fjölbreytt rannsóknarstarf á sviði náttúruvísinda, verkfræði og orkumála. Fyrirtækið vill vera í fararbroddi í framsækinni stjórnun og leggur áherslu á jafnrétti og tækifæri til starfsþróunar. Hjá Landsvirkjun og dótturfélögum starfa rúmlega 300 manns með fjölbreytta menntun.

Landsvirkjun óskar eftir að ráða verkefnalóðs á tæknideild orkusviðs.

Orkusvið ber ábyrgð á orkuvinnslu Landsvirkjunar og sölu á rafmagni bæði á almennum markaði og til stóriðju. Rekstur virkjana heyrir undir orkusvið. Tæknideild orkusviðs annast öll meiriháttar viðhaldsverkefni og fjárfestingar í aflstöðvunum. Deildin er rekin á verkefnagrunni og verkefnalóðsinn hefur yfirumsjón með verkefnaskrá tæknideildar og fylgist með framvindu verkefnanna. Lóðsinn leiðbeinir verkefnastjórum deildarinnar við gerð verkefnaáætlana og eftirfylgni þeirra og er þeim til faglegs ráðuneytis og stuðnings um stjórnun verkefna. Verkefnalóðs heyrir undir tæknistjóra orkusviðs með aðsetur að Háaleitisbraut 68, Reykjavík.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf á sviði verkefnastjórnunar
- IPMA vottun æskileg
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Frumkvæði, skipulag og sjálfstæð vinnubrögð
- Hæfni í mannlegum samskiptum, geta til að leiða og taka þátt í uppbyggilegu hópastarfi ásamt hæfni til að miðla og leiðbeina
- Gott vald bæði á íslensku og ensku í rit- og talmáli, sem og hæfni til tjáningar
- Reynsla á sviði áætlanagerðar og gæðastjórnunar

Í boði er

- Fyrirmyndar starfsaðstaða og góður vinnuandi
- Metnaðarfullt og faglegt vinnuumhverfi
- Tækifæri til starfsþróunar

Við hvetjum konur jafnt sem karla að sækja um ofangreint starf.

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Gunnar Haugen (gunnar.haugen@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 6. janúar nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfi.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent



Viltu vera í okkar liði?

Actavis er alþjóðlegt fyrirtæki sem sérhæfir sig í þróun, framleiðslu og sölu hágæðasamheitalyfja. Hjá Actavis starfa um 10 þúsund einstaklingar í 40 löndum, sem eru reiðubúnir að taka áskorunum með það að markmiði að koma Actavis í fremstu röð samheitalyfjafyrirtækja.

Actavis leitar að metnaðarfullum einstaklingi til starfa sem er tilbúinn að takast á við krefjandi verkefni.

Sérfræðingur í klínískum rannsóknum

Deildin klínískar rannsóknir tilheyrir þróunarsviði Actavis Group og sér um frásogs- og klínískar rannsóknir sem framkvæmdar eru á vegum fyrirtækisins til að styðja við markaðsumsóknir lyfja.

Starfið felur m.a. í sér umsjón með framkvæmd á frásogs- og klínískum rannsóknum, hönnun rannsóknaáætlana, frágangi á rannsóknarskýrslum og utanumhaldi á rannsóknargögnum. Sérfræðingurinn er í miklum samskiptum við aðrar einingar fyrirtækisins bæði hérlendis og erlendis sem og önnur erlend fyrirtæki.

Við leitum að einstaklingi með háskólapróf í lyfjafræði, efnafræði eða heilbrigðisvísindum. Gerð er krafa um góða ensku- og tölvukunnáttu, nákvæm og öguð vinnubrögð. Þekking á GCP er kostur sem og reynsla af klínískum rannsóknum.

Nánari upplýsingar veitir **Ragnheiður Dögg Ísaksdóttir**, risaksdottir@actavis.com.
Umsóknir óskast fylltar út á www.actavis.is, undir **Störf í boði** fyrir **20. desember nk**.

Actavis Group Dalshrauni 1 220 Hafnarfirði s 535 2300 f 535 2301 @ actavis@actavis.com w www.actavis.com

actavis

Hugbúnaðarþróun Símans óskar eftir starfsfólki:

Hugbúnaðarprófari

Starfið felst í undirbúningi og framkvæmd prófana á hugbúnaði í þróun eða rekstri hjá Símanum.

Hæfniskröfur
- Æskilegt er að viðkomandi hafi háskólapróf, gjarnan í tölvunar- eða kerfisfræði.
- Reynsla af notkun prófunartóla og aðferðum gæðastjórnunar er kostur.

Samþætting kerfa

Starfið felst m.a. í að samþætta hin ýmsu upplýsingakerfi Símans til að auðvelda flæði upplýsinga og efla sjálfsafgreiðslu.

Hæfniskröfur
- Háskólapróf í tölvunar-, verk- eða kerfisfræði.
- Reynsla á sviði samþættingar upplýsingakerfa, þar sem notuð eru ferlatól á borð við Tibco Business Works og Webmethods.

Viðmótsforritun

Starfið felst m.a. í að forrita virkni fyrir ytri og innri vefi Símans með tengingum við vefþjónustur eða gagnagrunna.

Hæfniskröfur
- Háskólapróf í tölvunar-, verk- eða kerfisfræði.
- Reynsla af viðmótsforritun (html, CSS, Javascript, Spring), Java og vefþjónustum.

Forritari C/C++

Starfið felst aðallega í forritunarverkefnum sem tengjast stórum gagnasöfnum.

Hæfniskröfur
- Háskólapróf í tölvunar- eða verkfræði. Reynsla af C, C++ og SQL fyrirspurnum nauðsynleg.
- Þekking á Unix og Linux æskileg auk þess sem Perl- og skeljaforritun er kostur.
- Viðkomandi verður að eiga auðvelt með að setja sig inn í viðamikil verkefni.

Almennar hæfniskröfur til umsækjenda eru sjálfstæð vinnubrögð, metnaður og hæfni til mannlegra samskipta.

Upplýsingar í síma 550 6470 frá kl. 14.00-16.00 alla virka daga.

Í umsókn skal koma fram lýsing á náms- og starfsferli, sem og nöfn og símanúmer meðmælenda. Gætt verður fyllsta trúnaðar varðandi allar umsóknir, fyrirspurnir og persónulegar upplýsingar.

Starfsmenn Hugbúnaðarþróunar Símans eru þátttakendur í fjölmörgum spennandi hugbúnaðarverkefnum, s.s. fyrir þriðju kynslóðar farsíma (3G), sjónvarp Símans, Ring og ýmsar farsímalausnir.

Viðkomandi aðilar koma til með að vinna sem hluti af öflugu teymi sérfræðinga hjá einu af framsæknustu fyrirtækjum landsins þar sem beitt er agile aðferðum (Scrum).

Umsóknir skulu berast á rafrænu formi í gegnum heimasíðu Símans, www.siminn.is

Umsóknarfrestur er til 21. desember.

Hjá Símanum er lögð mikil áhersla á góðan starfsanda, velferð starfsmanna og hvetjandi, skemmtilegt og fjölskylduvænt starfsumhverfi.

Í boði er sveigjanleiki í vinnutíma og tækifæri til að vaxa með þjálfun og símenntun.

800 7000 - siminn.is

Það er Síminn

Capacent Ráðningar

VIÐ VILJUM GOTT FÓLK!

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra.
Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, www.capacent.is

Starfsmenn Capacent starfa eftir ákveðnum verkferlum til að tryggja bæði gæði þjónustunnar og fagleg vinnubrögð.
Ráðgjafarnir búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Framkvæmdastjóri skautsmiðju og steypuskála, verkfræðingur í kerskála og sérfræðingur í viðhaldsáætlunum

Norðurál á Grundartanga óskar að ráða í þrjár lykilstöður hjá fyrirtækinu:

Framkvæmdastjóri skautsmiðju og steypuskála

Verksvið og ábyrgð:
- Ábyrgð á rekstri og stjórnun í skautsmiðju og steypuskála
- Stefnumótun, áætlanagerð og kostnaðareftirlit
- Þróun og eftirfylgni með verkferlum og gæðastöðlum
- Virk þátttaka í framkvæmdastjórn Norðuráls á Grundartanga

Sérhæfðar hæfniskröfur:
- Meistarapróf í verkfræði eða önnur sambærileg háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Sterk leiðtoga- og skipulagshæfni
- Marktæk stjórnunarreynsla

Nánari upplýsingar veitir Rakel Heiðmarsdóttir, framkvæmdastjóri Mannauðssviðs í síma 430 1000.

Verkfræðingur í kerskála

Verksvið og ábyrgð:
- Umsjón með tölvustýrðu framleiðslukerfi í kerskála
- Rekstur kera og eftirlit með verkferlum
- Greining og úrvinnsla framleiðsluupplýsinga
- Virk þátttaka í sameiginlegum verkefnum milli deilda

Sérhæfðar hæfniskröfur:
- Meistarapróf í rafmagnsverkfræði eða sambærileg menntun

Nánari upplýsingar veitir Halldór Guðmundsson deildarstjóri framleiðslustýringar í síma 430 1000.

Sérfræðingur í viðhaldsáætlunum

Verksvið og ábyrgð:
- Gerð áætlana um viðhald til lengri og skemmri tíma
- Skipulagning verka með áherslu á öryggi, umfang verks og helstu verkþætti
- Þátttaka í öflugum viðhaldshópi sem sér um viðhald á háspennubúnaði, hafnarbúnaði og tengdum búnaði
- Regluleg greining lykiltalna

Sérhæfðar hæfniskröfur:
- Rafmagnstæknifræði, rafmagnsiðnfræði eða sambærileg menntun
- Sveinspróf í rafvirkjun, reynslu af viðhaldi á háspennubúnaði, almennum rafbúnaði og vélbúnaði
- Þekking á SAP tölvukerfi er kostur

Nánari upplýsingar veitir Ásmundur Jónsson deildarstjóri viðhaldsáætlana í síma 430 1000.

Almennar hæfniskröfur vegna allra starfanna:
- Metnaður, öguð vinnubrögð og rík ábyrgðarkennd
- Sterk öryggisvitund
- Lipurð í mannlegum samskiptum og hæfni til að koma fram
- Gott vald á töluðu og rituðu máli, bæði á íslensku og ensku
- Góð almenn tölvukunnátta
- Fyrri reynsla úr iðnaðarumhverfi er kostur

Hvernig sækir þú um?
Vinsamlega sendu okkur umsókn þína fyrir 28. desember n.k. Þú getur sótt um á vef fyrirtækisins, www.nordural.is, sent umsókn þína á netfangið umsokn@nordural.is, eða póstlagt umsóknina til Norðuráls á Grundartanga.

Jafnrétti
Við leggjum áherslu á jafna möguleika karla og kvenna til starfa hjá Norðuráli.

Trúnaður
Við förum með umsókn þína sem trúnaðarmál. Öllum umsóknum verður svarað.

NORÐURÁL
Century ALUMINUM

Grundartanga • 301 Akranesi • Sími 430 1000 • Fax 430 1001 • nordural@nordural.is • www.nordural.is

Norðurál er eftirsóttur vinnustaður. Starfsmenn eru á sjötta hundrað talsins, verkefnin margvísleg og störfin fjölþætt. Hjá fyrirtækinu starfa m.a. verkfræðingar, tæknifræðingar, viðskiptafræðingar, sálfræðingar, efnafræðingar, eðlisfræðingar, líffræðingar, tölvunarfræðingar, iðnfræðingar, rafvirkjar, vélvirkjar & rafsuðumenn, auk ófaglærða starfsmanna sem öðlast dýrmæta sérhæfingu við störf sín og nám hjá fyrirtækinu.

INNNES EHF.

Innnes er ein stærsta og öflugasta matvöruheildsala landsins og eru flest vörumerki fyrirtækisins neytendum vel þekkt. Innnes á ekki síst velgengni vörumerkja sinna að þakka góðu og samhentu starfsfólki sem starfað hefur hjá fyrirtækinu síðan það var stofnað árið 1987. Markmið Innnes er að vera ávallt í fararbroddi á sínu sviði hvað varðar vöru og þjónustu til viðskiptavina sinna og markaðssetningu á þeim.

Starfsstöð Innnes er að Fossaleyni í Grafarvogi, þar sem starfsmönnum er boðið upp á góða starfsaðstöðu og gott mötuneyti. Innnes er eigandi Selecta fyrirtækjaþjónustu sem sérhæfir sig í drykkjavörulausnum fyrir fyrirtæki og stofnanir. Hjá Innnes starfar samhent liðsheild 98 starfsmanna, þar af 3 á Akureyri.

www.innnes.is

Framkvæmdastjóri

Heildverslunin Innnes ehf. óskar eftir að ráða drífandi og metnaðarfullan einstakling í nýtt starf framkvæmdastjóra fyrirtækjasviðs.

Starfssvið:
- Ábyrgð á sölu og markaðssetningu á vörum og þjónustu Innnes til fyrirtækja og stofnana.
- Umbætur á skipulagi og ferlum sem tengjast fyrirtækjasviði.
- Áætlanagerð og eftirfylgni gagnvart starfsmönnum sviðsins.
- Dagleg stjórnun og starfsmannahald.

Menntun og hæfniskröfur:
- Viðskiptamenntun og/eða þekking og reynsla af störfum í sambærilegu umhverfi.
- Reynsla af stjórnun og mannaforráðum.
- Þekking og reynsla af stefnumótunarvinnu og áætlunargerð.
- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum.

Nánari upplýsingar veitir:
Þórir Þorvarðarson,
thorir@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 20. desember nk.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is

HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

Erum að bæta við okkur viðskiptavinum.
Þurfum líka að bæta við okkur starfsfólki.

Vegna aukinna umsvifa og opnunar nýs útibús að Ármúla 13a leitum við að öflugu fólki til starfa á viðskiptabankasviði og rekstrarsviði. Í boði eru fjölbreytt og krefjandi störf hjá traustu fyrirtæki.

MP banki stendur fyrir fagleg og vönduð vinnubrögð í bankaþjónustu. Við gerum einnig kröfur til starfsmanna um frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og metnað til að ná árangri.

Viðskiptastjóri
Starfið felst í að veita faglega og trausta ráðgjöf til viðskiptavina í útibúi MP banka. Afla nýrra viðskiptavina og sinna langtímaviðskiptasambandi við þá. Hafa eftirfylgni með nýjum viðskiptavinum og flutningi viðskipta þeirra frá öðrum banka eða sparisjóði.

Hæfni og þekking
- BS próf í viðskiptafræði eða sambærilegt
- Reynsla af bankastörfum skilyrði
- Mikilvægt að viðkomandi sé talnaglöggur og nákvæmur í vinnubrögðum
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar

Gjaldkeri
Starfið felst í að veita viðskiptavinum faglega, trausta og snögga þjónustu í útibúi MP banka. Ýmis önnur verkefni svo sem uppgjör gjaldeyris og sjóða.

Hæfni og þekking
- Stúdentspróf eða sambærilegt
- Reynsla af bankastörfum skilyrði
- Mikilvægt að viðkomandi sé talnaglöggur og nákvæmur í vinnubrögðum
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar

Sérfræðingur á sviði upplýsingatækni
Starfið felst í virkri þátttöku í uppbyggingu gagnagrunna bankans með samþættingu gagna úr ýmsum kerfum. Starfsmaðurinn þarf að setja sig inn í gagna- og ferlaskipulag einstakra kerfa til þess að vinna úr þeim gögn til notkunar utan kerfanna. Starfið felur jafnframt í sér tilfallandi vinnu við gerð minni notendakerfa og gagnasöfnun fyrir skýrslugerð og greiningu.

Hæfni og þekking
- Háskólamenntun á sviði upplýsingatækni
- Þekking og reynsla á sviði forritunar
- Þekking og reynsla af gagnaúrvinnslu og gagnagrunnum
- Áhugi á fjármálum og bankastarfsemi
- Reynsla af starfi í banka eða fjármálastofnun er mikill kostur

Erlend viðskipti
Starfið felst í daglegri bakvinnslu á sviði erlendra viðskipta, umsjón með erlendum greiðslum, afstemmingum og skýrslugerð. Starfið felur einnig í sér mikil samskipti við erlendar bankastofnanir.

Hæfni og þekking
- Reynsla af sambærilegum störfum nauðsynleg
- Haldgóð þekking og reynsla af Swift greiðslum
- Mikilvægt að viðkomandi sé talnaglöggur og nákvæmur í vinnubrögðum
- Mjög góð enskukunnátta

Nánari upplýsingar um störfin veitir Hildur Þórisdóttir, starfsmannastjóri (hildur@mp.is). Umsóknarfrestur er til og með 21. desember. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á www.mp.is/starfsumsókn eða senda umsóknir á starf@mp.is.

MP BANKI

Borgartúni 26 · www.mp.is

Fíton/SÍA

Marel Food Systems er alþjóðlegt hátæknifyrirtæki í fararbroddi í þróun og framleiðslu tækja, hugbúnaðar og lausna fyrir matvælaiðnað. Hjá fyrirtækinu starfa um 3800 manns í fimm heimsálfum, þar af um 350 á Íslandi.

Við bjóðum upp á góða vinnuaðstöðu, skilvirka starfsþjálfun, sveigjanlegan vinnutíma, mötuneyti, barnaherbergi, framúrskarandi íþróttaaðstöðu og gott félagslíf.

Við leitum að sérfræðiþekkingu

Marel leitar að öflugum einstaklingum til að sinna krefjandi og fjölbreytilegum verkefnum á alþjóðlegum vinnustað. Nákvæmni, skapandi hugsun, sjálfstæði og samskiptahæfileikar eru mikilvægir eiginleikar. Einnig góð enskukunnátta. Umsækjendur geta þurft að ferðast erlendis vegna starfa sinna.

Vélahönnuður

Vélahönnuð vantar á vélahönnunarsvið. Starfið felur í sér vöruþróun á nýjum vörum sem og viðhald og aðlögun tækja og lausna að þörfum viðskiptavina. Hönnuðir fá tækifæri til að fylgja eftir tækjum allt frá hugmynd til afhendingar til viðskiptavina og taka þátt í prófunum skv. verkferlum Marel. Öll hönnun er gerð í 3D og fer fram í SolidWorks.

Æskilegir eiginleikar:

- menntun á sviði vélaverkfræði, véltækni- eða véliðnfræði
- reynsla af 3D teikniforritum svo sem SolidWorks eða Inventor

Nánari upplýsingar um starfið veitir Kristján Hallvarðsson, framkvæmdastjóri, kristjan.hallvardsson@marel.com, í síma 563 8000.

Rafeindatækjahönnuður

Rafeindatækjahönnuð vantar til að vinna við þróun rafeinda- og hugbúnaðar. Meðal þeirra tækja sem eru hönnuð og framleidd á Íslandi eru rauntíma Linux stýritölvur og ýmis konar inn-og úteiningar, tengdar með Ethernet og CAN iðnaðarneti.

Æskilegir eiginleikar:

- reynsla af forritun í C
- reynsla í útlagningu á rafeindarásum
- þekking á FPGA tækni
- innsýn í myndgreiningartækni

Nánari upplýsingar um starfið veitir Jón Þór Ólafsson, vörustjóri, jon.olafsson@marel.com, í síma 563 8000.

Tækjaforritari

Tækjaforritara vantar á tækjahugbúnaðarsvið til að vinna við þróun hugbúnaðar fyrir tæki og lausnir í matvælaiðnaði. Starfið krefst færni í hugbúnaðargerð þar sem m.a. er fengist við myndgreiningarkerfi, servo-búnað og rauntímaforritun. Áhugasömum gefst kostur á að vinna með hópi sérfræðinga að hönnun nýrra tækja, allt frá hugmynd að uppsetningu hjá viðskiptavini og sjá afrakstur í verki.

Æskilegir eiginleikar:

- menntun á sviði verk-, tækni- eða iðnfræði
- reynsla af forritun, s.s. C/C++
- innsýn í stýriforritun

Nánari upplýsingar um starfið veitir Jón Þór Ólafsson, vörustjóri, jon.olafsson@marel.com, í síma 563 8000.

Iðnaðarverkfræðingur

Iðnaðarverkfræðingur óskast á þjónustusvið til að sinna uppsetningum, kennslu, þjónustu og ráðgjöf við notkun á kerfishugbúnaði Marel. Fengist er við breytingar á framleiðsluferlum til að hámarka ávinning viðskiptavina um allan heim. Í starfinu felst einnig aðstoð við þjónustumenn dótturfyrirtækja Marel og svæðisbundin þjónusta á Marel kerfislausnum.

Æskilegir eiginleikar:

- iðnaðarverkfræði eða menntun á sambærilegu sviði
- færni í Microsoft SQL gagnagrunnum og netkerfum
- innsýn í framleiðsluferli er kostur

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ingólfur G. Arnarson, hugbúnaðarsérfræðingur, ingolfur.gauti.arnarson@marel.com, í síma 563 8000.

Fylla skal út umsóknir á heimasíðu Marel ehf, www.marel.com fyrir 14. desember nk. Öllum umsóknum verður svarað og fyllsta trúnaði heitið gagnvart umsækjendum.

RETURN ON INNOVATION
www.marel.com

marel food systems

Viltu komast í fremstu röð í fjarskiptum?



Þróunar- og gæðadeild Mílu ehf. óskar eftir að ráða tækni- eða verkfræðing í hópinn. Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi starf í síbreytilegu tækniumhverfi.

Helstu verkefni
- Gerð langtímaáætlana fyrir fjarskiptakerfi Mílu
- Þátttaka í vöruþróunarverkefnum á sviði fjarskipta
- Að fylgjast með nýjungum á markaðnum
- Þátttaka í verkefnum tengdum gæða- og öryggismálum
- Miðlun þekkingar og ráðgjöf

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólapróf í tækni- eða verkfræði
- Almenn þekking á fjarskiptaumhverfi er kostur
- Æskileg þekking: netkerfi IP og ethernet, Unix, farsímakerfi, ljósleiðaratækni og örbylgjukerfi
- Gott vald á íslensku og ensku er nauðsynlegt og þekking á einu Norðurlandamáli er kostur
- Starfið krefst agaðra og skipulagðra vinnubragða og viðkomandi verður að vera opin/n fyrir nýjungum og eiga auðvelt með að miðla tæknilegum upplýsingum

Umsóknarfrestur er til og með 22. desember.
Umsóknir skal senda á umsoknir@mila.is

Gætt verður fyllsta trúnaðar varðandi allar umsóknir, fyrirspurnir og persónulegar upplýsingar.

Míla ehf. er lífæð samskipta á Íslandi og er í forystu á fjarskiptamarkaði. Míla sér um rekstur og uppbyggingu á fullkomnasta fjarskiptaneti á landinu.

Míla ehf. • Stórhöfða 22 • Sími 585 6000 • www.mila.is

Míla
Lífæð samskipta

ENNEMM / SÍA / NM40129

Sunnuhlíð
Hjúkrunarheimili aldraðra í Kópavogi

Sjúkraþjálfarar

Sjúkraþjálfarar óskast til að annast rekstur sjúkraþjálfunarstofu Sunnuhlíðar

Upplýsingar veita: Jóhann Árnason, framkvæmdastjóri og Dagmar Huld Matthíasdóttir, hjúkrunarforstjóri í síma 560 4100, netfang johann@sunnuhlid.is og dagmar@sunnuhlid.is

Sunnuhlíðarsamtökin reka hjúkrunarheimili, dagvist og íbúðir fyrir aldraða við Kópavogbraut. Sjúkraþjálfunarstofa er í björtu og rúmgóðu húsnæði og vel búin tækjum.

www.vinna.is

vinna.is
sími: 511 1144

Umsjónarmaður fasteigna

Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins, óskar að ráða til starfa umsjónarmann fasteigna. Þarf að geta hafið störf sem fyrst. Um er að ræða fjölbreytt starf í þjónustu við nemendur, starfsfólk og húsnæði skólans.

Leitað er eftir aðila með góða reynslu og þekkingu á rekstri, viðhaldi og stjórnun húsnæðis. Góðir samskiptahæfileikar skilyrði og iðnmenntun er kostur.

Umsóknarfrestur er til og með 20. desember nk. og skal umsóknum skilað á netfangið: *geir@tskoli.is.* Nánari upplýsingar veitir Geir Þorsteinsson, yfirmaður fasteigna, gsm 822-2332.

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

www.tskoli.is

Framúrskarandi kennarar óskast í Tækniskólann, skóla atvinnulífsins

Tæknimenntaskólinn

- **Kennari í dönsku, hálf staða.** Kröfur: BA/MA í dönsku, kennslureynsla og kennsluréttindi.
- **Kennari í eðlis- og efnafræði, heil staða**. Kröfur: BS/MS í eðlis/efnafræði, kennslureynsla og kennsluréttindi.

Nánari upplýsingar veitir Kolbrún Kolbeinsdóttir, skólastjóri Tæknimenntaskólans, í síma 514 9301 og í tölvupósti, *kk@tskoli.is*.

Upplýsingatækniskólinn

- **Kennari á upplýsinga- og fjölmiðlabraut:** Faggreinar upplýsinga- og fjölmiðlagreina. Gerð er krafa um kennsluréttindi og kennslureynslu.
- **Kennari á tölvubraut**: Vélbúnaður og netkerfi (CCNA). Gerð er krafa um kennsluréttindi og kennslureynslu.

Nánari upplýsingar veitir Bjargey Gígja Gísladóttir, skólastjóri Upplýsingatækniskólans, í síma 514 9351 og í tölvupósti, *bgg@tskoli.is*.

Véltækniskólinn

- **Kennari í faggreinum vélstjórnar.** Óskað er eftir Véltæknifræðingi/vélaverkfræðingi með starfsreynslu sem vélfræðingur og kennsluréttindi.

Nánari upplýsingar veitir Egill Guðmundsson, skólastjóri Véltækniskólans, í síma 514 9501 og í tölvupósti, *egu@tskoli.is*.

Kjör samkvæmt stofnanasamningi Tækniskólans og KÍ.
Umsóknarfrestur til 20. desember.
Umsóknir sendist til bg@tskoli.is.

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

www.tskoli.is

zetor

OPIN KERFI

Félagaskiptaglugginn er opinn
og okkur vantar fleiri liðsmenn í sigurliðið

Opin kerfi reka verslun að Höfðabakka 9. Við leitum að kraftmiklum baráttujaxli til að stýra áframhaldandi vexti verslunarinnar. **Verslunarstjóra** bíða spennandi verkefni og miklir möguleikar á að vaxa í starfi.

Opin kerfi starfrækja www.okbeint.is, eina elstu og öflugustu vefverslun landsins fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Við leitum nú að framsæknum og öflugum **viðskiptastjóra rafrænna viðskipta** sem ber ábyrgð á þróun og rekstri OK-beint og öflun nýrra viðskiptavina.

Að skapa eða tapa

Hjá okkur starfar öflugt framlínu- og stórskotalið. Við viljum efla það enn frekar með kappsömum og framúrskarandi **söluráðgjöfum** sem eru verðugir fulltrúar þeirra lausna, vöru og þjónustu sem Opin kerfi bjóða.

Opinn hugur

Fögnum sigrum

Ef þú býrð yfir eftirtöldum eiginleikum:

Einföldum málið

Eitt lið

- Krafti, frumkvæði og þori til að láta að þér kveða í starfi
- Jákvæðni og hæfni til aðlögunar
- Haldbærri reynslu af sölustörfum
- Þekkingu og áhuga á upplýsingatækni
- Þekkingu á íslensku atvinnulífi og öflugu tengslaneti
- Hæfni í mannlegum samskiptum og ögguðum vinnubrögðum
- Góðri menntun sem nýtist í starfi og hefur góð tök á enskri og/eða danskri tungu

Skemmtum okkur

Baráttuandi

Heiðarleiki

VERT markaðsstofa

Viljum við fá tækifæri til að kynnast þér nánar.

Óvissan er ágæt

Sigurvilji

Fögnum breytingum

Jólagjöf nuddarans og heilarans. Ódýrir og vandaðir ferðnuddbekkir og ólléttubekkir. S: 891 6447 Óli.

J. B. HEILSULIND
Dekurdagar?
Heilnudd, heitur pottur, skrúbb, snyrting, veitingar ofl. Slökun, heilun, svæða, Ayur Veda, heitsteina, jurta, sogskála og hunangsnudd. Næringar, heilsu og hreyfingarráðgjöf. Einkaþjálfun. ATH. EKKERT sex nudd, NO erotic massage. Opið frá 12-18 mán-lau. Pantarnir í S. 445 5000. Velkomin.

Námskeið

Vegna fjölda áskorana hef ég látið undan þrýstingi, er að kenna í dag kl. 12.15 í WC Seltj. Erla Kristín.

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ



Smáskipanámskeið - Skemmtibátanámskeið
Smáskipanámskeið 25.1. - 6.3., fjarnám eða staðarnám. Skemmtibátanámskeið, fjarnám 25.1 - 6.3, staðarnám, 27.2. - 6.3. Skráning á www.tskoli.is eða í s. 514 9000. Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins.

Ker til að brenna gler og silfurleir í örbylgjuofni.
Úrval af perlum og skartgripaefni, gott verð. Glerbræðslunámskeið og leirmótunarnámskeið. GJAFAKORT. Glit, Krókhálsi 5, 110 rvk, s. 587 5411 www.glit.is

www.namskeid.is
ÖLL NÁMSKEIÐ Á EINUM STAÐ.

Ökukennsla

www.aksturinn.is
S. 694 9515
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Kenni á Ford Focus tdci disel '07 Uppl. í s. 892 9490 & 557 9387, Guðný I. Einarsdóttir.

HEIMILIÐ

Húsgögn

Nýlegt leðursófasett 3+2+1 Verð aðeins 99 þús. Einnig 37" LCD flatsjónvarp, Sharp, verð aðeins 99 þús. S. 848 4490

Antík

Antikmarkaður „Sveit í borg" Heimahvammi v/Stekkjarbakka (sjá Háaloftið á faceb). Opið frá 11-5 laugd og 1-5 sunnud.

Húsgagnaviðgerðir

Leysum málningu og bæs af gömlum húsgögnum, hurðum ofl S. 897 5484/897 3327.

Heimilistæki

AEG þvottavél m.íslensku stjórnborði til sölu - ársgömul. 7 kg vél með 1400 sn.vinduhraða - keypt á 149.000 Whirlpool þvottavél - 8kg vél ný(kostar 198.000 úr búð) Tilboð sendist á dagmar_bl@hotmail.com

Málverk

Barnavörur

Óska eftir amerísku barnarimlarúmi. Uppl. sendist á: kristmundurh@gmail.com

Dýrahald

English Springer Spaniel hvolpar til sölu. Uppl. í síma 869 9627.

Fyrsta Frímannsgotið á Íslandi. Fimm flott Frímannsbörn, tvær síðhærðar dömur, þrír snögghærir drengir. HRFÍ ættbók, örmerktir og sprautaðir. Uppl. í s. 553 7054 861 2646.

Til sölu hreinræktaðir langhunda hvolpar. Tilbúnir til afhendingar. Uppl. í s. 863 0474 og www.123.is/manaskin

Hreinræktaðir Labrador hvolpar til sölu. Tilbúnir til afhendingar um helgina. S. 858 7850.

Bichon frice hvolpur til sölu. Ættbókarfærður frá HRFI, örmerktur og bólusettur. Tilbúinn til afhendingar 16. des. Uppl. gefur Rósa í s. 840 8802.

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Byssur

Riffil sjónauki til sölu. BSA panther 6,5-20x44. s:6982859

Hestamennska

Til leigu pláss í góðu hesthúsi í Mosfellsbæ. Tek einnig að mér morgungjafir. Uppl. í síma. 693-1710.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Gleðilegt jólahald í íbúðum Leiguliða.
Getum afhent glæsilegar íbúðir fyrir jól, fast leiguverð á 12 mánaða samningum sem gerðir eru fyrir 30 des'09. Gæludýr velkominn, leiguverð frá kr 65.000. Laust á Selfossi, Jörfagrund, Hafnarfirði og á Akranesi. Upplýsingar í s. 517-3440 eða www.leigulidar.is

www.leiguherbergi.is
1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.
Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is

A spacious room with sharing kitchen and bathrooms at a prime spot in the center of Reykjavik. Close to supermarkets, cafés, restaurants, galleries, a swimming pool and the University.
For more info call 661-7000

Til leigu 330 m2 2 íb. hús í Kópv. Íb 1 210 m2 + 50 m2 bílsk. Íb 2 70 m2 Uppl. í síma 899 3381.

Herbergi fyrir skólanema! Til leigju í 105 R 30.000.-mán. Upplýs. 8560303

Stúdíóíb. 20 m2- í Norðurmýri til leigu, 50þús. á mán, allt innifalið, laus strax, uppl. í s:861-6760

Til leigu 4.herb. 100fm íbuð á Langholtsvegi RVK. Verð 130þús. upplsí síma 842-0949.

Til leigu góð 2ja herb íbúð í Furugrund í Kóp. ca.45m2. Öll húsg. geta fylgt. Allt innif: hiti,rafm,þrif á sameign. V 75þús á mán. Uppl.S: 6994368

Til leigu 2ja herb. 45 fm íbúð í Kópavogi. 85 þ. kr á mán. Laus 1. jan. Uppl. í 8639941. Einungis reyklausir og reglusamir koma til greina.

Herb. í miðbænum Rvk. Húsgögn fylgja. Leiga 25þ. Uppl. í s. 895 0482.

Leigjendur, takið eftir!
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Studio apt for rent in Hafnarfjörður and rooms in Reykjavík. Tel 893 6060

Stúdíóíbúð
Nýuppgerð 20 fm. stúdioíbúð, Dugguvogi. Þvottavél, þurrkari og internet fylgir. Verð 59 þ. S. 663 5791.

3 herbergja íbúð
Nýlega uppgerð 83fm 3 herb. íbúð í Safamýri, laus 1. janúar. s. 663 5791.

Lítil 2 herb. íbúð m. sérinngangi í 101 Rvk. Uppl. á ibudlaus@gmail.com

4 herb. íbúð með sér bílskúr í Grafarholtinu, lyftuhús. Á fyrstu hæð með sólpalli. Þvottahús og geymsla í íbúð. Yfirtaka á láni eða skipti á ódýrari íbúð á svæði 108, 104, 105, 103. S. 846 2552 & 557 1825.

Til leigu 2ja, 3ja og 4ra herb. Laugavegi, Kristnibraut, Berjavöllum, Kirkjustétt og Blikaási. Fyrsti mán. frír. 3 mán. tr. www.buseti.is, s. 520-5788. Öryggi til framtíðar frelsi þegar þér hentar.

Til leigu nokkur herb. í 101 Rvík. m/ aðgang að eldhúsi, baði, þvottaaðs. S. 849 8992.

100fm íbúð til leigu í Seljahverfi, 109 Rvk. Laus fljótlega, langtímaleiga. Dýrahald ekki leyft. Reglusemi áskilin. Uppl. í s. 899 8195.

Húsnæði óskast

24 ára kvk með 1 barn óskar eftir íbúð helst á sv. 112. Greiðslug. 65-85þ. S. 696 5687.

Óska eftir íbúð eða húsi gjarnan m. húsg. í 101, 105 eða 107. Stærð amk. 3- ja herb. og yfir 75 fm., hús kæmi til greina, reykl., skilvís s. 6982727 / netid@netid.is.

Er 30 ára með örugga vinnu og frábær meðmæli. Vantar 2ja herbergja íbúð ekki minni en 50fm sem fyrst á svæði 101-108 og 200. 100 % umgengni og skilvísum greiðslum að sjálfsögðu heitið. S:694-4439 Þórður

Einstkl vantar rúmgóða 2ja herb íbúð í byrjun jan. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið. kjartanni@hotmail.com

Sumarbústaðir



Þrastahólar Grímsnesi
Snyrtilegt og nýstandsett 58fm sumarhús á góðri 5.500 fm eignarlóð. 100 fm sólpallur. Lækkað verð, verð nú 12,9 mill. Skoða skipti á bíl eða hjólhýsi. Uppl. í s: 898 1598.

Til sölu sumarhús í landi Hallkelshóla í Grímsnesi. Húsið er 35m2 á 1.2 hektara eignalandi og þarfnast viðhalds og selst mjög ódýrt. Uppl. í síma 894 0045.

Atvinnuhúsnæði

Bæjarlind 14-16 - Til leigu 2-400fm versl.-/skrifst.húsn. á jarðhæð. Innkeyrsludyr, næg bílastæði, góð aðkoma. S:895-5053 - Tilboð.

Til leigu ca. 110 fm iðnaðarbil (VSK) við Stórhöfða. Bilið er með einni innkeyrsluhurð, salerni og kaffiaðstöðu. Uppl. jhilmarsson@gmail.com eða 862 9222.

Geymsluhúsnæði

Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

Geymsluplass

Þjónusta

Skemmtanir

Upphitað á höfuðborgarsvæðinu. Pláss til 1. maí fyrir hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagna eða annað. Verð 4.000kr. á m2. Uppl. í s. 862 4685 / 893 9777.

www.buslodageymsla.is
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

geymslur.com
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

Gisting

stracta
CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

GISTING Í KAUPMANNAHÖFN GÓÐ STAÐSETNING GOTT VERÐ!
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð 950 dkr. nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

Copenhagen - Room to rent per night, 400 Dkr/person, 200/child. Central Nørrebro. Info: 0045.35378090/41106016, sigridaronsson@hotmail.com.

ATVINNA

Atvinna í boði

Við leitum að öflugum og metnaðarfullum sölumanni
Góð laun í boði fyrir duglegt fólk.
Upplysingar gefa
Trausti 770 7622
Aðalheiður 820 8665
ilg@plan.is

Vélvirki - vélstjóri - véltæknifræðingur
Öflugt, meðalstórt framleiðslufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu leitar að traustum og skipulögðum vélvirkja, vélstjóra eða véltæknifræðingi í viðhald og umsjón með framleiðsluvélum fyrirtækisins. Í boði er fjölbreytt starf hjá traustu fyrirtæki. Laun skv. samkomulagi.
Áhugasamir sendi umsókn á mailið: tjonusta@365.is merkt: Vélar 2010

Einstak tækifæri...
Viltu þú hafa milljón í laun á mánuði á næsta ári ?
Sendu nafn og símanúmer á: frelsi@hive.is og við höfum samband.

Ný hárgreiðslustofa á Grensásvegi óskar eftir sveinum og meisturum í leigustól eða að reka stofuna. Miklir möguleikar á að hafa mikið að gera. Stofa í alfaraleið. Uppl. í s. 772 7484.

Atvinna óskast

Maður með reynslu getur bætt við sig verkefnum í dreifingu og sölu í verslanir. Kæli/frysti bíll .Uppl Einar 8994629

2 smiðir óska eftir vinnu, vanir trésmíði, flísalögn, málun & gipsvinnu. S. 846 3632.

Auglýsingasími 512 5050
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið

TILKYNNINGAR

Tapað - Fundið

50 þús. kr. fundarlaun í boði fyrir KTM 380. Stolið var í Lundarbrekku 8 í byrjun ágúst. Nafnleynd í boði. S. 772 7484.

Einkamál

Símadömur 908 1616
Við erum til fyrir ykkur, hringdu, við bíðum!

Elskum að daðra.
908 1616

Toyota Avensis til sölu, árg. '07, ek. 75 þús km. Verð 2.8 millj, tilboð 2.3 millj. Inga, s. 856 1046.

Við erum hérna yndislegar dömur og langar til að heyra í þér .
Hringdu!!! okkur hlakkar til að heyra í þérr. Hver verður daman þín í kvöld?
Sími 908 6666 - 908 2000.

32 ára samk. KK vill kynnast karlmanni til að gera eitthvað skemmmtilegt með. Augl. hans er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 og 535-9920, augl.nr. 8992.

50 samkyn. KK sem býr á austurlandi vill kynnast karlmanni. Augl. hans er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 og 535-9920, augl.nr. 8967.

Ungur samkynhn. KK til í allt, vill kynnast KK með ævintýri í huga. Augl. hans er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 og 535-9920, augl.nr. 8310.

55 ára samkyn. KK myndarlegur, vill kynnast karlmanni með tilbreytingu í huga. Verður að hafa aðstöðu. Augl. hans er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 og 535-9920, augl.nr. 8867.

hljómsveitarplass til leigu.Öryggis og mydav.kerfi, hagstæð leiga s:772 3853

Takk!
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

visir.is
"...ég sá það á vísi"

Fasteignir



512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

JÓLAVEISLA Nicolas útbýr hér veislurétti en uppskriftir að þeim fylgja með.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Nicolas Vergnaud hefur heillast af íslenska jólamatnum

Góða veislu gjöra skal

Jólin eru tími gleði, ljóss og friðar en ekki síst tími góðrar matargerðar. Nicolas Vergnaud, yfirmatreiðslumaður á Einari Ben, útbjó jólalega rétti og gefur lesendum uppskriftir að nokkrum þeirra.

Nicolas Vergnaud er franskur, fæddur í Mið-Frakklandi og uppalinn í Marseille. „Ég hef lært mest í matargerð frá Miðjarðarhafi og sem tengist Provence-héraði," segir Nicolas sem hefur búið á Íslandi í þrjú ár.

Sem yfirkokkur á Einari Ben hefur hann lagt áherslu á að nota ferskt íslenskt hráefni en hann viðurkennir að matarhefð Miðjarðarhafsins blandist inn í skandinavíska rétti. „Ég reyni að gefa matnum minn sérstakan stíl," segir Nicolas. Hann er þó ekki fastur í einum stíl enda hefur hann starfað víða um heim, til dæmis í Þýskalandi og Sviss, og því kynnst ólíkri matarmenningu.

En hvað finnst honum um íslenska jólamatinn? „Ég eldaði jólamatinn á Einari Ben í fyrsta skipti í fyrra. Þá lærði ég að búa til þessa klassísku íslensku rétti af þáverandi yfirkokki staðarins, Einar Gústafssyni," segir hann og margt nýtt bar fyrir sjónir. „Ég þekkti að vísu hangikjötið en ekki á þann hátt sem það er eldað hér. Við notum mjög góðan hluta lambsins og hægsjóðum hann. Þá geri ég marineraða síld, graflax og bý til eigið paté," segir hann og tekur fram að allt sé gert frá grunni enda sé matur bestur þannig.

Mest heldur hann upp á hangikjötið og segist hann hafa orðið hrifinn um leið og hann smakkaði það. „Síldin er líka góð en ég varð hins vegar fyrir sjokki þegar ég bragðaði skötuna. Ég hafði aldrei áður eldað úldinn fisk, það fannst mér skrítið," segir hann kíminn.

Nicolas hefur farið í nokkur alíslensk fjölskyldujólaboð og segir þau vissulega frábrugðin þeim sem haldin eru í Frakklandi. „Hér stendur borðhaldið mjög stutt en í Frakklandi getum við borðað endalaust," segir hann og hlær.

Nicolas hugar brátt að heimferð. Hann segir árin á Íslandi hafa verið ánægjuleg þrátt fyrir rysjótt veðurfar. „Hins vegar heilla mig íslensku sumrin og náttúran sem er fullkomin fyrir áhugaljósmyndara eins og mig," segir Nicolas og snýr sér aftur að matargerðinni.

Jólamáltíð frá a til ö

GRAND MARNIER SÍLD

Fyrir fjóra

250 g síld
Börkur af heilli appelsínu
200 ml. appelsínusafi
1 msk. grand marnier
örlítið af rifnum engifer

Blandað saman og geymt í ísskáp yfir nóttina.

LIME OG LAUK SÍLD

Fyrir fjóra

250 g síld
safi úr nýkreistu lime
börkur af lime
dass af nýmöluðum pipar

Allt blandað saman og geymt yfir nótt í ísskáp

HREINDÝRAFILLE

Fyrir tvo

Hreindýrafille 250 g.

Til að búa til gómsætt hreindýr skal hita upp pönnu með olíu. Setja smá salt og pipar á kjötið og steikja hvora hlið í eina mínútu. Setja síðan steikina inn í ofn á 190 gráður í fjórar mínútur. Kjötið er tekið út og látið kólna í 5 mínútur. Setjið aftur í ofninn í tvær mínútur rétt áður en það er borið fram. (Kjötið á að vera 45 gráðu heitt í miðjunni). Þessi steikning gerir kjötið meirt og girnilegt, um medium rare.

SÆTKARTÖFLU PÚRRE

Fyrir tvo

1-2 stk. sætar kartöflur (eftir stærð)
0,5 l rjómi
1 msk. smjör
Salt

Sætu kartöflurnar eru skrældar og því næst skornar í bita og settar í pott.

Rjóma bætt útí þar til hann flýtur yfir og látið yfir til suðu.

Þegar kartöflurnar eru soðnar eru þær sigtaðar og settar í matvinnsluvél ásamt smjörinu og maukað. Smakkað til með salti.

RAUÐKÁL

Fyrir tvo

1 stk. rauðkálshaus
2 tappar balsamic edik
1 dl rauðvín
1 tsk. púðusykur
1 stk. anis stjarna
3 stk. negulnaglar
Smá salt

Rauðkálið skorið í næfurþunna strimla og svitað létt í potti.



Því næst er ediki, rauðvíni og púðusykri bætt í og látið sjóða rólega í góða stund.

Á meðan eru anisstjarnan og negulnaglarnir muld í duft og bætt útí ásamt hnífsoddi af salti.

CRÉME CARAMELL

Fyrir fjóra

Búðingurinn
200 ml rjómi
800 ml mjólk
¼ stk. vanillustöng
120 g sykur
4 stk. egg
4 stk. eggjarauður

Rjóminn, mjólkin, vanillan og sykurinn blönduð saman og suðan látin koma upp.

Eggin og rauðurnar eru slegnar saman. Hluti af mjólkinni bætt útí eggin og hrært í á meðan,

Síðan er þeirri blöndu hellt yfir í mjólkina og hrært í á meðan. Passa skal að hafa mjólkina ekki of heita þegar byrjað er að blanda þessu saman.

Karamellan
100 ml vatn
200 g sykur

Blandið sykrinum og vatninu saman og sjóðið þar til vatnið er horfið og sykurinn er orðinn gullin brúnn.

Þá er sett botnfylli af karamellu í bökunarform og látið kólna smá (ekki í kæli).

Því næst er búðingsblöndunni helt yfir og sett í vatnsbað í ofn á 140°c í 45-50 mín.

Sett í kæli og látið kólna. Skorið meðfram forminu og kvolft á bakka.

Á sama stalli

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

» Hönnun littala virðist oft einföld á yfirborðinu en reynist margslungin við nánari athugun. Essence glösin eftir Alfredo Häberli eru gott dæmi um þetta: Fallega úthugsuð og einföld en um leið svo unaðslega þægileg. Glösin hafa öll jafn stóran stall, sem gefur línunni einstakt samræmi og stöðugleika. Essence glösin draga fram það besta í fari vínsins.

kokka
laugavegi 47

laugavegi 47 opið mán.-mið. 10-18, fim.-lau. 10-22, sun. 13-18 | kokka.is | kokka@kokka.is

7 RAUÐVÍN

CRIOLLO CABERNET-SHIRAZ
Heitur ávaxtatónn með keim af dökkum berjum og kryddi. Meðal fylling, svört kirsuber blandast fíkjum með léttu tanníni og nettri sætu. Vínið er þægilegt, skemmtilega flókið og hæfilega kraftmikið, sem gerir það að verkum að það hentar vel í veislur og fer vel með kjöti eða eitt sér. 1.359 kr.

INTIS MALBEC
Sætir brómberjatónar í nefi, næstum því sultaðir, og í bakgrunni er léttur kryddvöndur, pipar, kanill og negull. 1.390 kr.

AMALAYA DE COLOME
Ávaxtailmur í nefi af rauðum berjum og kryddum ræður för. Í munni er ferskleikinn sem vekur eftirtekt ásamt kryddtónum. 1.889 kr.

TRIVENTO CABERNET SAUVIGNON RESERVE
Dökkkirsuberjarautt. Meðalfylling, þurrt, ferskt, mikil tannín. Dökkur ávöxtur, jörð, plóma, steinefni, eik. 1.659 kr.

TRIVENTO RESERVE CABERNET MALBEC
Dökkrúbínrautt. Meðalfylling, þurrt, ferskt, miðlungstannín. Kirsuber, sólber, barkarkrydd, eik. 1.659 kr.

TRIVENTO TRIBU PINOT NOIR
Rúbínrautt. Mjúk meðalfylling, þurrt, sýruríkt, miðlungstannín. Sæt jarðarber, jörð, höfugt. 1.498 kr.

TRIVENTO TRIBU SYRAH
Dökkfjólurautt. Meðalfylling, þurrt, ferskt, miðlungstannín. Dökkur ávöxtur, skógarber, laufkrydd, pipar, eik. 1.399 kr.

3 HVÍTVÍN

BLACK RIVER SEMILLON
Lífrænt ræktað vín úr Semillon-þrúgunni. Ferskt og gott vín með löngu eftirbragði. Passar afar vel með fiski og með grænmetisréttum. Verð í Vínbúðunum 1.590 kr.

CRIOLLO TORRENTÉS-CHARDONNAY
Ferskir ávextir og sæta með smá blómailmi. Ávaxtaríkt og einstaklega mjúkt. Þetta vín passar vel í móttökur og alls konar mannfagnaði.Hentar vel með indverskum réttum og sushi. 1.359 kr.

TRIVENTO CHARDONNAY RESERVE
Fölsítrónugult. Meðalfylling, þurrt, ferskt. Sítrus, pera, epli, ananas, eik vanilla. 1.659 kr.

ARGENTÍNA

Argentínumenn drukku mest af framleiðslunni

Argentínski víniðnaðurinn er sá fimmti stærsti í heiminum. Argentínsk vín eiga, líkt og argentínsk matargerð, rætur sínar dálítið að rekja til Spánar. Þegar Ameríka var nýlenda Spánar var vínviður fluttur til Santiago del Estero árið 1557, og áhrif spænskrar víngerðar voru mikil á vínmenningu nærliggjandi héraða og síðan til annarra landa. Argentínumenn höfðu reyndar lengi vel meiri áhuga á magni vínsins fremur en gæðum, en landsmenn drukku sjálfir um 90 prósent af allri framleiðslu. Þangað til um 1990 framleiddi Argentína meira vín en nokkurt annað ríki utan Evrópu, þrátt fyrir að lítið væri flutt út af því. Þeir hófu þá að bæta gæði vínanna og flytja meira út auk þess sem ferðamenn fóru að gefa því meiri gaum. Þeim hefur nú tekist að yrkja nokkur svæði þar sem gæðavín eru framleidd eins og á Mendoza, San Juan og La Rioja.

FAGURT UMHVERFI Fjallið Acancagua veitir vínekrunum skjól í Mendoza. NORDICPHOTOS/GETTY

Concha y Toro í Argentínu:

Haldið í þjóðlegar hefðir

Í skugga fjallsins Aconcagua í Argentínu eru gríðarstórar vínekrur í 600 til 1.100 metra hæð yfir sjávarmáli. Svæðið heitir Mendoza en í þessum landshluta er jarðvegurinn myndaður af framburði og er því sandkenndur og liggur á leirlagi.

Frá fornu fari hafa Cereza- og Criolla-vínþrúgurnar verið mest ræktaðar en á undanförnum árum hefur Malbec orðið vinsælasti vínviðurinn og aðrar tegundir náð fótfestu eins og Cabernet Sauvignon, Tempranillo og Chardonnay. Þó að markaðsaðstæður kalli á fleiri þrúgur eru hinar hefðbundnu Criollo Grande og Cereza-vínþrúgur þó enn á fjórðungi allra vínekra í Argentínu.

Fram til ársins 1990 var Argentína umsvifamesti vínframleiðandi utan Evrópu. Níutíu prósent af framleiðslu argentínskra vína fóru beint á heimamarkað, þar sem þau voru talin óhæf til útflutnings og ástæðan var talin sú að heimamenn gerðu hreinlega ekki háar kröfur. Í byrjun tíunda áratugarins fóru vínin með auknum gæðum að verða hentugri til útflutnings og ekki spillti fyrir þegar efnahagshrun varð í Argentínu, gjaldmiðill landsins féll og vín þaðan urðu mjög vinsæl utan landsteinanna.

Hægt er að bragða á gamalgróinni argentínskri vínþrúgu, til dæmis í víninu Criollo Torrontes-Chardonnay, sem er hvítvín, eða rauðvíninu Criollo Cabernet-Shiraz. Enginn verður svikinn af Criollo Grande-vínþrúgunum!

Glösin sem gera góð vín betri

Stærð, lögun og efnisgerð glasa hefur áhrif á upplifunina á víninu. Rauðvínsglasið og hvítvínsglasið eru úr **Open Up** glasalínunni sem henta mjög vel fyrir ungvín, rauðvín yngri en fimm ára og hvítvín yngri en þriggja ára. Lögunin á glasinu veldur því að vínið nýtur sín til fulls. Þegar víninu er hellt upp að kantinum á glasinu er vínið látið hringsnúast í glasinu og þá fær það allt það súrefni sem á þarf að halda til að ná fram sem bestum ilm og bragði. Glasið er framleitt úr hertu gleri (kwarx) sem er einnig gler án allra litarefna, litur vínsins nýtur sín þar af leiðandi afar vel. Glösin fást hjá Fastus ehf. Síðumúla 16.

Verð rauðvínsglas 55 cl. 1.295.-
Verð hvítvínsglas 40 cl. 1.195.-

FASTUS

Alba E.H. Hough veit allt um geymslu vína:

Ekkert ljós má komast að í geymslunni

Mikilvægt er að vín sé geymt á réttan hátt svo að gæði þess fari ekki forgörðum. Einnig hefur hitastig við framreiðslu vínsins áhrif á bragðið. Alba E.H.Hough, yfirvínþjónn á Vox, veit allt um þessi vísindi.

„Þú getur verið með tvær flöskur af nákvæmlega sömu víntegund af sama árgangi frá sama stað og samt fundið mun á innihaldinu ef þær hafa ekki verið geymdar við sama hitastig og sömu aðstæður," segir Alba þegar hún er beðin að lýsa gildi réttrar varðveislu á víni. „Þegar fólk kaupir sérstök vín á uppboðum er það alltaf dálítið happdrætti því kaupandinn veit ekki hvernig vínið hefur verið geymt gegnum árin," bætir hún við orðum sínum til áherslu.

Hún tekur fram að ekki þurfi að vera sama hitastig á víni í geymslu og þegar það er borið fram. „Framreiðslu- og geymslustig hvítvíns getur verið frá átta til 10-12 gráður, eftir því um hvaða vín er að ræða, og það er gott að bera fram kampavín við fjórar gráður, annars freyðir það svo mikið. Sömuleiðis sætt vín.

LYKILATRIÐI Mikilvægt er að vín sé geymt á réttan hátt svo gæði þess fari ekki forgörðum. NORDICPHOTOS/GETTY

Sætt, freyðandi vín þarf að vera við tvær gráður þegar flaskan er opnuð til að við fáum ekki innihaldið í andlitið. Þegar kemur að rauðvíni erum við hins vegar að tala um 18-22 gráður sem kjörgeymsluhitastig og það bragðast yfirleitt best við stofuhita. Allt fer þetta samt eftir jafnvægi milli sýru og ávaxta. Ilmur og ávaxtabragð kemur nefnilega betur fram við hærra hitastig en í kulda," segir Alba og útskýrir nánar hvað gerist. „Um leið og vín er kælt kemur sýran betur í ljós og ávöxturinn dregst saman en ef vínið er borið fram við stofuhita fer það á hinn veginn."

Mjög mikilvægt atriði er að sögn Ölbu að ekkert ljós komist að víninu í geymslu. Þess vegna segir hún það ótvírætt eiga heima í kjallara ef kostur er. „Yfirleitt geymum við vínflöskur liggjandi á hlið. Það kemur til af því að lengst af hafa verið notaðir korktappar í þær og þeir þurfa alltaf að vera í sambandi við vökva til að skreppa ekki saman og gefa loft í gegn. Nú hafa skrúftappar og plasttappar að mestu tekið við af korkinum og því er ekki eins áríðandi að láta flöskurnar liggja á hliðinni. Það er bara svo fallegt að sjá tappana snúa fram og líka betra upp á plássið."

Ef vínið er orðið meira en sjö ára segir Alba hætt við botnfalli. Það valdi ekki vandræðum ef flaskan standi á botninum en hvernig fer ef hún hefur legið allan tímann? „Svo framarlega sem flaskan er tekin varlega fram og sett í körfu þannig að hún fái að liggja á sömu hlið þar til umhelling fer fram er engin hætta," segir Alba. „En þetta er kúnst."

Á UNDANHALDI „Nú hafa skrúftappar og plasttappar að mestu tekið við af korkinum og því er ekki eins áríðandi að láta flöskurnar liggja á hliðinni. Það er bara svo fallegt að sjá tappana snúa fram," segir Alba.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> *„Mjög mikilvægt atriði er að ekkert ljós komist að víninu í geymslu"*

FÁGAÐ VÍN Í JÓLAPAKKANN

Vidal Fleury Côtes du Rhône í kassa

Rónarvín einkennast af gómsætum ávexti, sem Grenache-þrúgan gefur af sér, auk krydda og blóma í Syrah-þrúgunni. Eitt þeirra er Vidal Fleury, þar sem hlutfallið er 65% Grenache, 20% Syrah, 10% Mourvèdre og 5% Carignan. Sterkt ávaxtabragð og -ilmur er af víninu, þar sem kraftmikið krydd er í bakgrunni. Langt eftirbragð, sem einkennist af ávöxtum, kryddi og vott af eik.

Frá ólíkum HEIMSHORNUM

Frá Cune, Saint Clair og Côtes du Rhône koma um margt ólík en athyglisverð vín. Cune Crianza, Cune Reserva, Cune Blanco, V.C. Merlot, V.C. Sauvignon, V.C. Chardonnay og Vidal Fleury Cotes du Rhone eru góð dæmi um það.

Cune í trékassa

Cune vínhúsið hóf starfsemi sína árið 1879 og er enn í dag starfandi á sama stað og í upphafi, í Haro í Rioja Alta sem er vestasti hluti hins þekkta vínræktarsvæðis Rioja á Spáni. Frá víhúsinu koma meðal annars vínin Cune Crianza, Cune Reserva og Cune Blanco.

Cune Crianza er með bjartan, kirsuberjarauðan lit, angan af rauðum berjum er svolítið ríkjandi yfir eikinni og sem kemur frá viðnum. Þetta Crinaza er með opinn og gjafmildan ilm sem er dæmigerður fyrir Tempranillo þrúguna.

Cune Reserva hefur bjartan en rúbínrauðan lit. Ríkulegur og djúpur ilmur af sterku kryddi, rauðum haustávöxtum ásamt balsamic. Eikin kemur vel fram og gefur víninu þyngri karakter, nokkuð flókið vín með mjúku tannín og langt eftirbragð. Fer vel með lambakjöt, en einnig nautalund.

Cune Blanco hefur ljósan gulan lit með örlitlu grænu ívafi. Ferskur ávöxtur grænna epla og sítrónu sem er dæmigert fyrir viura þrúguna. Létt og ferskt og í góðu jafnvægi í sýru með langa og góða endingu. Fer vel með fiski og hvítu kjöti.

Saint Clair í öskju

Vicar's Choice vínin frá Saint Clair koma frá Nýja-Sjálandi, þeirra á meðal Vicar's Choice Chardonnay, Merlot og Sauvignon Blanc.

V.C. Merlot er ekki afgerandi, en sveigjanlegt og nýtist því sem alhliða matarvín. það hefur dökka berjaangan. Í því eru bláber, cassis og rifsber og dökkt súkkulaði. Mjúkt í munni með mildum tannínum og sýru og þokkalegri lengd. Það passar með flestu kjöti og mildum ostum.

V.C. Sauvignon Blanc er gott dæmi um hversu vel þessi franska þrúga, Sauvignon Blanc á heima á Nýja-Sjálandi enda mest ræktaða þrúgan í vínhéraðinu Marlborough nyrst á suðureyju Nýja-Sjálands. Skarpur og sætur greipávöxtur og niðursoðnar apríkósur í nefinu; grösugt. Þægilegt jafnvægi sætu og ferskrar sýru í munni, hreint og langt bragð. Passar með flestum sjávarréttum eða eitt og sér.

V.C. Chardonnay er létt og ferskt vín með örlítilli eik. Fínleg angan af ferskju og peru. Meðal löng en fersk ending.

6 RAUÐVÍN

TRIO MERLOT – CARMENÉRE – CABERNET SAUVIGNON

Mjög opið og aðlaðandi vín sem leikur við lyktarskynið. Frábær blanda af þremur þrúgum sem gefur af sér mikla mýkt, þroskað tannín með kröftugum endi og löngu eftirbragði. Gott vín með kjötréttum af ýmsu tagi. Kjúklingur og lambakjöt passa mjög vel með en líka bragðmeira kjöt eins og t.d. nautakjöt og villibráð. Kr. 1.899.-

MORANDÉ MERLOT

Ilmar af bláberjum, grænum pipar og fersku kryddi. Mjúkt og gott eftirbragð. Kr. 1.790.-

CASILLERO DEL DIABLO CABERNET SAUVIGNON

Ákafur ilmur af rauðum kirsuberjum og svörtum plómum. Vottar fyrir ristaðri eik. Þétt og fágað bragð. Súkkulaði, ber og ristuð eik í bland við nett krydd. Vín sem ræður við fjölbreyttan mat og ekki skemmir fyrir að hann sé grillaður. Vín sem hentar vel með lambi, grís, nauti og dökku fuglakjöti. Kr. 1.799.-

SUNRISE CABERNET SAUVIGNON

Brómber, sólber, þurrkaðar plómur og vanilla eru áberandi. Langvinnt með mjög góðri fyllingu. Hentar með öllu kjöti, pastaréttum og ostum. Kr. 1.399.-

MONTES CABERNET SAUVIGNON CARMENERE LIMITED SEL.

Dökkkirsuberjarautt. Meðalfylling, þurrt, ferskt, miðlungs tannín. Þéttir eikartónar, skógarber, vanilla, kaffi. Kr. 1.898.-

MONTES MERLOT

Dökkrúbínrautt, mikil fylling, þurrt, ferskt, miðlungs tannín. Sólbakaður berjarauði, lyng, mosi, eik, vanilla. Kr. 1.798.-

4 HVÍTVÍN

CASILLERO DEL DIABLO CHARDONNAY

Mjög aðlaðandi ananasilmur og smjöráferð. Suðrænir ávextir í forgrunni. Ferskt og snarpt en fágað. Langt og gott eftirbragð. Gott með fiskréttum, kjúklingi og salötum. Eitt mest selda hvítvínið frá Chile á heimsvísu. Kr. 1.699.-

MORANDÉ SAUVIGNION BLANC

Hressandi ávaxtabragð með áberandi perum. Þykk ending sem gerir þetta frábært matarvín. Kr. 1790.-

MONTES SAUVIGNON BLANC

Ljóssítrónugult. Meðalfylling, þurrt, ferskt. Grösugir sítrus, stikilsberja og aspastónar. Kr. 1.598.-

MONTES CHARDONNAY RESERVE

Ljóssítrónugult, meðal fylling, þurrt, ferskt. Sítrus, epli, vanilla, eik. Kr. 1.698.-

CHILE

Mikil uppsveifla í Chile

Mikil uppsveifla er í vínyrkju í Chile í Suður-Ameríku. Útflutningur hefur aukist að sama skapi um leið og gæðin. Árið 1995 voru um tólf vínekrur í landinu en tíu árum síðar hafði þeim fjölgað upp í sjötíu. Loftslaginu í Chile hefur verið lýst sem mitt á milli þess sem er í Kalifornïu og Frakklandi. Algengustu þrúgurnar eru Cabernet Sauvignon, Merlot og Carménère. Það voru Spánverjar sem komu með fyrsta vínviðinn til Chile eins og fleiri landa í Suður-Ameríku um miðja 16. öld. Fyrir 1980 var megnið af vínunum talið frekar lélegt en með tæknivæðingu og gæðaúttektum tókst Chilebúum að komast í hóp þeirra vínframleiðanda sem fremstir þykja í heiminum í dag.



SÖGUSAGNIR Í vínkjallara Concha y Toro átti andskotinn sjálfur að hafa gætt vínanna.

NORDICPHOTOS/GETTY

Concha y Toro í Maipo-dalnum:

Enginn stelur af djöflinum

Maipo-dalurinn liggur í miðju Chile í nágrenni við höfuðborgina Santiago. Andesfjöllin eru austur af dalnum og strandlengjan í vestri. Þar eru elstu vínekrur Suður-Ameríku.

Spænskir trúboðar voru þeir fyrstu sem hófu vínrækt í Chile um miðja 17. öld. Þeir tóku með sér Pais-vínþrúguna, sem bar höfuð og herðar yfir aðrar þrúgur í landinu næstu 300 árin. Enn í dag samanstendur helmingur framleiðslu landsins af henni.

Undir lok 19. aldar fóru menn að koma með aðra græðlinga af vínviðum til landsins eins og Cabernet Franc, Cabernet Sauvignon, Malbec, Merlot, Pinot Noir, Sauvignon Blanc og Sémillon. Þarna urðu til víngerðarfyrirtæki sem enn standa styrkum fótum í heiminum í dag. Þeirra á meðal er Concha y Toro.

Saga Concha y Toro hófst 1883 þegar Don Melchor Concha y Toro kom til Chile með vínvið frá Bordeaux. Starf hans bar ávöxt og í dag er Concha y Toro með vínrækt á öllum vínræktarsvæðum Chile og Argentínu.

Þess má geta að til er skemmtileg saga af vandræðum Concha y Toro en vín fyrirtækisins átti það til að hverfa úr vínkjöllurum þess. Don Melchor lét þá sögu út ganga á meðal verkamannanna sem komu að víngerð hans að djöfullinn sjálfur hefði tekið að sér hlutverk kjallaravarðar í vínkjöllurunum og allir sem tækju þaðan vín ófrjálsri hendi fengju hann á hæla sér. Skröksagan bar árangur og í dag er þekktasta vín Concha y Toro einmitt Casillero del Diablo, það er Kjallari djöfulsins.

Ferðalög

Kemur út 28. desember

Auglýsendur vinsamlegast hafið samband

Benedikt Freyr • Benediktj@365.is • Sími 5125411

Ljúffengt MEÐ HÁTÍÐARMATNUM

Það getur reynst vandasamt að velja þau vín sem henta best með hverri hátíðarmáltíð fyrir sig. Hér er mælt með vínum sem eru upplögð með nokkrum af vinsælustu jólamáltíðunum.

Hamborgarhryggur

PETER LEHMANN CHARDONNAY, FRÁ BAROSSA Í S-ÁSTRALÍU

Ljóssítrónugrænt vín. Létt meðalfylling, þurrt og ferskt. Bjart og grösugt, létt eik.

TRIVENTO TRIBU PINOT NOIR, FRÁ MENDOZA Í ARGENTÍNU.

Rúbínrautt. Mjúk meðalfylling, þurrt með góða sýru og miðlungstannín. Greina má jarðarber.

COTO VINTAGE CRIANZA, FRÁ RIOJA Á SPÁNI.

Kirsuberjarautt vín. Meðalfylling, þurrt, ferskt og þroskuð tannín. Léttur berjarauði, lyng, vanilla og eik.

Hangikjöt

GUNTRUM RIESLING ROYAL BLUE, FRÁ RHEINHESSEN Í ÞÝSKALANDI.

Fölsítrónugult. Létt fylling, hálfsætt en með góða sýru. Greina má epli og ferskju.

MONTES CLASSIC MERLOT RESERVE, COLCHAGUA Í CHILE

Dökkrúbínrautt, mikil fylling, þurrt,og ferskt, miðlungs tannín. Sólbakaður berjarauði, lyng, mosi, eik og vanilla.

MONTECILLO CRIANZA, RIOJA Á SPÁNI.

Kirsuberjarautt vín. Létt fylling, þurrt og ferskt, lítil tannín. Rauð ber, lyng, eik og krydd.

Svínakjöt

DIEMEL-KERNER

Fágað og margslungið hvítvín með ölkelduvatns- og ávaxtakeim og státar af mjög góðu jafnvægi milli þess að vera milt og sýrukennt. Ilmur þess minnir á apríkósur og epli og vínið hefur sterkan blómailm.

WILLM PINOT GRIS RESERVE

Vínið er bjart með sætum perum og kantalópumelónum í nefi ásamt hunangi. Þykkt og feitt í munni með þægilegum sætum ávexti. Afskaplega vel ballanserað og einfaldlega ljúffengt. Fjölhæft matarvín.

Humar og fiskur

Riesling-vínin, sem gjarnan eru kölluð „konungur hvítvínsins“, þykja mjög ljúffeng með framandi apríkósu- og sítrónuangan. Helstu einkenni eru frískur ávaxtakeimur og gott eftirbragð, auk þess að gott jafnvægi er milli sæt- og súrleika.

Nautakjöt

DIEMEL DORNFELDER

Dökkrautt og bragðmikið þurrt rauðvín með mikla fyllingu og ilm af villi- og kirsuberjum með flauelsmjúkt eftirbragð.

Villibráð, rjúpa/ hreindýr

DROSTDY-HOF CABERNET SAUVIGNON, FRÁ HÖFÐABORG Í S-AFRÍKU.

Kirsuberjarautt. Meðalfylling, þurrt og ferskt, miðlungs tannín. Sólber, kirsuber, kaffi, vanilla, eik, tóbak.

PETER LEHMANN SHIRAZ, FRÁ BAROSSA Í S-ÁSTRALÍU.

Dökkkirsuberjarautt, mjúk fylling, þurrt, fersk sýra og þroskuð tannín. Greina má dökk ber, ristaða eik og kaffi.

BARON DE LEY RESERVA, RIOJA Á SPÁNI.

Múrsteinsrautt. Meðalfylling, þurrt og ferskt, miðlungs tannín. Rauð ber, jurtakrydd, eik, vanilla og jörð.

KÚNÍGÚND Georg Jensen-Mojito-stautur 4.150 krónur.

KÚNÍGÚND Tvískipt klakabox frá Georg Jensen sem skilur vatn frá heilum klökum 23.000 krónur.

KOKKA Soda Stream flaska 8.950 krónur.

KÚNÍGÚND Georg Jensen kokkteilhristari 23.000 krónur.

KOKKA Partígafflar 750 krónur.

KOKKA Kokkteilglas 2.250 krónur.

8 hlutir í kokkteilboðið

Ýmiss konar áhöld styðja við kokkteilboðið, hvort sem kampavín eða kokkteilar eru á borðum. Mojito-stautur er þarfaþing þegar kemur að því að merja myntulauf saman við límónu og sykur en það er undirstaða hins Mojito. Þá eru til tvískipt klakabox sem skilja vatn frá heilum klökum. Kokkteilhristari er ómissandi, líka fagurlaga kokkteilglös. Soda Stream flösku er gott að eiga og lager af kokkteilpinnum og pappírsregnhlífum til skrauts.

KÚNÍGÚND Kokkteilglasa-mottur til skrauts.

KÚNÍGÚND Georg Jensen kampavínskælir 23.000 krónur.

5 FÍNIR KOKKTEILAR

Ferskju Martini

Einfaldur en bragðgóður

3 cl Vodka Koskenkorva
3 cl Ferskjulíkjör Peachtree Original

Setjið í kokkteilhristara ásamt klaka og hristið vel. Hellið í fallegt kokkteilglas.

Skreytið með stjörnuávexti

Daiquiri

Daiquiri er sígildur kokkteill. Hann varð til á Kúbu í byrjun síðustu aldar og er kenndur við bæinn Daiquiri.

4 cl Havana Club ljóst romm
2 cl safi úr sítrónu eða límónu
2-3 tsk. flórsykur
(jafnvel síðan örlítil skvetta af kirsuberjalíkjör)

Hristið saman með klaka í rafmagns-blandara eða kokkteilhristara. Hellið í kokkteilglös.

(Glasbarmurinn er oft vættur með sítrónu og dýft í smá sykur)

Svalandi

Það getur komið sér vel að geta hrist einstaka kokkteila fram úr erminni en fátt er jafn smart að hafa á borðum. Það sem til þarf er sjússmælir til að hlutföllin verði í lagi og kokteilhristari eða rafmagns-blandari, en kokteilar sem eru blandaðir í rafmagnsblönd-urum verða sérstaklega mjúkir og loftkenndir. Síðan eru það réttu innihaldsefnin og ávextir og ber til skrauts. Til að útkoman verði sem best er mikilvægt að bera drykkina fram í fallegum glös-um, með drykkjarstráum og hræripinnum.

Pink Lady

2-3 cl Vodka Koskenkorva
Fresita jarðarberjafreyðivín

Hellið 2-3 cl Vodka Koskenk-orva í kampavínsglas. Fyllið síðan upp með ísköldu Fresita jarðarberjafreyði-víni. Kreistið safa úr límónu yfir.

Skreytið glasið með lím-ónusneið eða jarðarberi.

Amarula Colada

Afríka og Karíbahafið saman í einu glasi.

6 cl Amarula Cream
3 cl ljóst romm, Havana Club Anejo Blanco
9 cl ananassafi
3 cl kókosmjólk eða kókosrjómi

Blandið öllu saman í kokkteilhristara ásamt klaka. Hristið vel og hellið í hátt glas. Skreytið með ananasskífu.

Mojito

Einn allra vinsælasti drykkur á börum og veitingahúsum.

4 cl af Havana Club rommi (gert ráð fyrir ljósu en drykkurinn verður þó bragðmeiri með dökku rommi)
safi úr hálfri límónu
6-8 myntulauf og síðan fleiri í til skrauts
2-3 tsk. hrásykur
skvetta af sódavatni

Kreistið safann úr límónunni í glasið. Bætið sykri og myntulaufum saman við og blandið.

Myntulaufin þarf að merja saman við límónusafann og sykurinn og best er að nota til þess sérstak-an Mojito-staut sem er hægt að fá í betri búsáhaldaverslunum. Sé slíkur ekki fyrir hendi er hægt að nota skeið. Fyllið glasið af klakamulningi, bætið romminu saman við og hrærið. Hellið loks skvettu af sódavatni út í og skreytið með myntulaufum og límónu.

Lostæti að hætti Fanny Chloé:

Franskt sælgæti

Hin franska Fanny Cloé fell í stafi yfir Íslandi fyrir nokkru og settist í kjölfarið að í Reykjavík. Matseld er ein helsta ástríða Fannyar í lífinu og á hún ógrynni af spennandi uppskriftum í farteskinu til vitnis um það. Þar á meðal að franskri súkkulaðiköku sem Fanny segir sannkallaða himnasendingu, en henni áskotnaðist uppskriftin eftir að hún tók til starfa sem matselja á kaffihúsinu Tíu dropum. „Þetta er ótrúlega ljúffeng kaka sem er vinsæl í Frakkland enda kunna allar fjölskyldur þar að búa hana til," segir Fanny og bætir við að kökuna sé tiltölulega einfalt að gera. „Svo lengi sem farið er eftir uppskriftinni, sérstaklega hveitimagninu," tekur hún fram og bendir á að kökuna sé síðan tilvalið að bera fram með jarðarberjahlaupi og þeyttum rjóma.

ÁSTRÍÐA Matseld er ein helsta ástríða hinnar frönsku Fannyar, sem hefur safnað alls kyns spennandi uppskriftum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Frönsk súkkuladikaka

Forhitið ofn í 160° C.

Setjið í pott á lágum hita:

160 g smjör
120 g sykur
250 g suðusúkkulaði
Skvetta af vanilludropum

Látið blönduna bráðna og hrærið saman. Athugið að slökkt er á hellunni á meðan.

Á meðan þetta bráðnar í rólegheitum: Skiljið fjórar eggjarauður frá hvítunni, hand hrærið saman eggjarhvítunum og pínulittlum sykri þar til það þykknar svolítið. Hrærið svo rauðurnar í súkkulaðið, þegar það er bráðnað.

Blandið svo varlega saman súkkulaði samkrullinu og eggjahvítunum. Þegar það hefur blandast er gott að setja eins og tvær matskeiðar eða um 36 g af hveiti saman við og blanda saman í höndunum.

Setjið svo blönduna í um fimm til sex littlar skálar sem þola hita. Fyllið þær til 3/4. Passið að bera fyrst smá formfeiti í skálarnar.

Kakan mun lyfta sér í ofni og svo falla aftur. Bakist við 160° C í um 25 mínútur.

Hafið hugfast að kökuna getur verið gott að hita í 20 til 30 sekúndur áður en hún borin fram.

5 FÍNIR KAFFIDRYKKIR

Gómsætt

Það er ákveðin athöfn að gæða sér á ljúffengum kaffidrykk og fá bæði yl og orku í kroppinn. Margir gera sér sérstaka ferð á kaffihús til að fá sér uppáhaldsbollann með uppáhaldsblaðinu en svipaða stemningu er hægt að skapa við eldhúsborðið eða í stofunni heima. Við sérstök tilefni er svo hægt að skerpa á drykknum með Amarula-rjómalíkjör, sem er einn sá vinsælasti í heimi.

Beautiful People

Drykkur sem bráðnar í munni.

275 ml ískaffi
50 ml Amarula
5 ml Amarula á toppin

Hellið kaffi í glas. Hristið Amarula og bætið ofan á. Borið fram frosið og toppað með 5 ml af Amarula. Skreytt með kaffibaunum.

Afríkuskot

Hressandi skot með afrískættuðu espresso og Amarula til upplífgunar.

50 ml espresso
5 ml Amarula

Hellið espresso í staupglas. Hristið 5 ml af Amarula og hellið ofan á. Skreytið með rifnum kaffibaunum.

Afríska mokka

Einstök upplifun úr hreinu súkkulaði og ristuðum afrískum kaffibaunum með Amarula-undirtóni.

50 ml bráðið súkkulaði
25 ml Amarula
50 ml espresso

Bræðið súkkulaði ásamt 5 ml af Amarula og hellið í glas. Bætið espresso við.

Hristið restina af víninu og bætið við.

Eftirlæti fílsins

Ljúffeng kaffiblanda með fljóaðri mjólk fyrir sannkallaða nautnaseggi.

50 ml espresso
25 ml amarula
150 ml mjólk

Flóið saman mjólk og Amarula og hellið yfir nýlagað kaffið.

Villt Afro

Afríska hefðir kallast á við nútímalegt bragð.

100 ml espresso
50 ml heit vatn
10 ml Amarula og rjómi
(Hlutföll eftir smekk)

Hellið kaffi í botninn á fallegu glasi. Bætið heitu vatni út í. Setjið síðan léttþeyttan Amarula-rjóma efst. Skreytið með rifnum kaffibaunum.

5 RAUÐVÍN

Jinda-Lee Cabernet Sauvignon
Dökkrúbínrautt að lit, angan af kirsuberjum, sólberjum, bláberjum og fjólum. Í bragði hefur vínið fínlega blöndu af vanillu og súkkulaði. Mjúk fylling, sætuvottur, fersk sýra, lítil tannín, höfugt. Dökk ber. Kröftugt. Einnig kemur vel fram flauelsmjúkt og þroskað tannin með plómum og góða samsetningu í sýru. Fer vel með villibráð og rauðu kjöti eins og lambi og naut, virkilega gott með bragðmiklum ostum og súkkulaði. 1.698 kr.

Jacob's Creek Shiraz - Cabernet Sauvignon
Plómur og sólber áberandi ásamt kryddi og vanillu. Aðgengilegt með smá sætu, mildri eik og afar góðu jafnvægi. Eitt vinsælasta vín frá Ástralíu hérlendis. Gott eitt og sér en frábært með fjölbreyttum mat.

Peter Lehmann Cabernet Sauvignon
Kirsuberjarautt. Meðalfylling, þurrt, ferskt, miðlungs tannín. Dökk ber, lyng, jörð, sólber. 2.599 kr.

Jinda-Lee Shiraz
Rúbínrautt að lit með ferskum litatónum, Shiraz er fjörlegt vín með mikla angan af rauðum berjarunnum, sultaðir ávextir svo sem brómber, kirsuber og rifsber ásamt lakkrís og appelsínuberki. Í bragði hreinlega springur vínið í munninum þar sem finna má einnig beikon og anís í viðbót við ávöxtinn. Gott vín með villibráð með til dæmis rósmarín, fennel og hvítlauk, nautakjöti og bragðmiklum kjötréttum. Frábært með öndinni hvort heldur sem er með orange-sósu eða soðsósu. Einnig gott með bragðmiklum ostum. 1.698 kr.

Peter Lehmann Wildcard Shiraz
Kirsuberjarautt, meðal fylling, þurrt, fersk sýra, lítil tannin. Dökk ber, eucalyptus, eik, barkarkrydd. 1.898 kr.

5 HVÍTVÍN

Jacob´s Creek Riesling
Ferskur og blómlegur með sítrusvott. Frekar þurrt en jafnframt ávaxtaríkt vín, mjög aðlaðandi karakter með undirliggjandi lime og sítrus. Vín í góðu jafnvægi með kraftmiklu og þægilegu eftirbragði.

Jacob's Creek Chardonnay
Melóna í bland við sítrusávexti og þægileg vanilluangan. Frískandi sítrus sem tvinnast við ávexti eins og melónu, ananas og jafnvel banana. Mjúkt og þægilegt eftirbragð. Gott eitt og sér en hentar sérstaklega vel með sjávarréttum af ýmsu tagi. Silungur og bleikja passa einnig vel með sem og salöt og kjúklingur. 1.899 kr.

Jinda-Lee Chardonnay
Dökkgylltur og tær með angan af nektarínum, perum og eplum sem blandast við vanillu og ristaða eik. Tært bragðið einkennist af ferskjum, nektarínum og sítrus ásamt smjörkenndri ristaðri vanillu. Ferskt ávaxtaríkt eftirbragðið fyllir munninn smjörkenndri vanillu. Passar með skelfisk, humar og kjúklingi. 1.598 kr.

Jacobs Creek Sparkling Chardonnay - Pinot Noir
Opið vín þar sem sítrus er áberandi í bland við ristaðar hnetur. Ávaxtaríkt og bragðmikið freyðivín. Skemmtilegt vín sem passar við flest tækifæri hvort sem það er brúðkaup, stórafmæli eða á venjulegum degi. 1.999 kr.

Peter Lehmann Wildcard Chardonnay
Ljóssítrónugult. Meðalfylling, þurrt, ferskt. Sítrus, stjörnuávöxtur, eplakjarni. Kr. 1.598.-

ÁSTRALÍA

Ungur víniðnaður í Ástralíu

Framleiðsla á víni er ung atvinnugrein í Ástralíu enda ekki mörg hundruð ár síðan landið var numið. Fyrstu heimildir um vínframleiðslu má rekja til lok 18. aldar en þær gengu ekki sem skyldi. Það var ekki fyrr en um 1820 sem það tókst. Víngerðarmaðurinn Gregory Blaxland var sá fyrsti sem sem flutti út ástralskt vín og hlaut verðlaun fyrir vínið. Í fyrstu voru innfluttar sérvaldar franskar og spænskar þrúgur en smám saman festu sig í sessi vínekrur Ástralíu, eins og Barrosa Valley sem varð þekkt vínhérað. Það tók sinn tíma því fyrstu áströlsku víngerðarmennirnir þurftu að læra inn á loftslagið í Ástralíu, sem var þeim framandi. Í dag er ástralski víniðnaðurinn sá fjórði stærsti í heiminum og flutt eru út yfir 400 milljónir lítra á ári, þar af töluvert til gamla heimsins og sterkra vínlanda eins og Frakklands, Ítalíu og Spánar.

VINSÆLL VIÐKOMUSTAÐUR Tré með skófum í forgrunni ástralskrar vínekru, en vínekrur þar í landi laða til sín ferðamenn.

Jacob's Creek byrjaði smátt í Ástralíu:

Fann upp einfalda speki við lítinn læk

Barossa-dalurinn í Suður-Ástralíu er stórt vínræktarsvæði sem lokkar til sín ferðamenn alls staðar að úr heiminum. Dalurinn er mótaður af Nyrðra-Parafljóti og er þrettán kílómetra langur og fjórtán kílómetra breiður. Dalurinn dregur heiti sitt af bardaga sem átti sér stað milli Breta og Frakka árið 1837 sem lauk með sigri Breta. Sá bardagi var kallaður Orrustan um Barrosa en þegar átti að skrá opinberlega nafn dalsins breytti ritarinn óvart Barrosa í Barossa og hefur sú stafsetningarvilla fengið að halda sér.

Árið 1847 kom ungur bæverskur innflytjandi í dalinn og setti niður vínvið við lítinn læk sem kallaður var Jakobslækur, eða Jacob's Creek. Ungi maðurinn hét Johann Gramp og honum þótt fátt jafn skemmtilegt og að rækta plöntur. Viðhorf hans til vínræktar var einfalt, hann vildi gera ferskt og auðdrekkanlegt vín með sterkum ávaxtakeim, sem ekki þyrfti að geyma í kjöllurum í mörg ár.

Vínframleiðandinn Jacob's Creek hefur haldið tryggð við upprunalega hugsjón Johanns Gramp. Vín Jacob's Creek eru góður vitnisburður um það en framleiddar eru nokkrar tegundir úr vínþrúgunum Chardonnay, Pinot Noir, Riesling, Shiraz og Cabernet Sauvignon. Þess má geta að Jacob's Creek var í fararbroddi þeirra áströlsku vína sem tóku að sækja út fyrir eigin heimsálfu á 7. og 8. áratugnum.

Áramót

Kemur út 29. desember

Auglýsendur vinsamlegast hafið samband
Benedikt Freyr • Benediktj@365.is • Sími 5125411
Bjarni Þór • Bjarnithor@365.is • Sími 5125471
Hlynur Þór • hlynurs@365.is • Sími 5125439
Sigríður Dagný • sigridurdagny@365.is • Sími 5125462

UNAÐSLEGIR EFTIRRÉTTIR

EFTIRRÉTTUR SEM LYFTIR ANDANUM
Ostakaka bragðbætt með Amarula, sem er náttúrulegur rjómalíkjör.

NORDICPHOTOS/GETTY



LJÁIR SÓSUM LJÚFFENGT BRAGÐ
Amarula er hægt að nota í eftirréttasósur, til dæmis með ís eða búðing.

Campo Viejo í La Rioja á Norður-Spáni:

Viðeigandi á veislu- og hátíðaborð

Ostakökur eru alltaf viðeigandi, hvort heldur sem eftirréttur eftir góðan mat eða sem meðlæti með kaffi eða öðrum ljúfum drykkjum bæði við hversdagsleg og hátíðleg tilefni. Þær eru líka drjúgar, svo matarmiklar sem þær eru og endingargóðar.

Kakan sem hér er birt uppskrift að er bragðbætt með Amarula sem er náttúrulegur rjómalíkjör. Hann er búinn til úr afrískum ávexti sem er notaður af innfæddum í sultur, vín og sem krydd í exótíska rétti.

Sami líkjör er notaður til að gefa ljúffengt bragð í sósuna sem örugglega smakkast vel með ísnum eða rjómabúðingnum.

Tilvalin tvenna

AMARULA-OSTAKAKA

170 g kanilkex
4 msk. smjör, brætt
500 g rjómaostur
200 g sykur
4 egg
200 g vanilluskyr
1 dl Amarula
200 g súkkulaði, brætt
2 tsk. vanilludropar

Krem
80 g súkkulaði
2 msk. Amarula

Hitið ofninn í 180 gráður. Malið kanilkex fínt, hellið smjöri út í og blandið saman. Setjið bökunarpappír í botninn á smelluformi og þekið með kexblöndunni sem þrýst er niður í botninn. Hrærið rjómaost og sykur vel sman og bætið eggjum í, einu í senn. Setjið vanilluskyr, Amarula, súkkulaði og vanilludropa út í og blandið vel. Þó blandan skilji sig er engin hætta á ferðum því hún jafnar sig við baksturinn.

Bakið ostakökuna í að minnsta kosti klukkustund, þegar hún er fullbökuð á miðjan að vera eins og þykkur grautur.

Kælið kökuna í minnst sex klukkustundir áður en kremið er sett yfir hana. Best er raunar að geyma hana yfir nótt.

Kremið er búið til með því að bræða súkkulaði og bæta Amarula líkjör útí. Því er síðan hellt yfir kökuna og hún skreytt með berjum ef þau eru við hendina.

AMARULA-EFTIRRÉTTASÓSA

100 g suðusúkkulaði
2-3 msk. Amarula

Bræðið súkkulaði yfir vatnsbaði. Takið það af hitanum, bætið Amarula út í og blandið vel saman. Berið fram með ís eða öðrum eftirréttum.

Besti BITINN

Bláskelin á Berg

„Bláskel á Menningarmiðstöðinni Berg á Dalvík, hún er alveg frábærlega ljúffeng. Svo eru mjög góðar súpur á Landnámssetrinu í Borgarnesi.“

Steinþór Helgi Arnsteinsson, útgáfustjóri Borgarinnar.

Happapitsur

„Mér finnst pitsurnar frá veisluþjónustunni Happ einstaklega ljúffengar og svo eru þær hollar að auki.“

Tinna Hrafnsdóttir leikkona.

IKEA-kjötbollur

„Kjötbollurnar í IKEA eru besti bitinn að mínu mati; þær ásamt kartöflunum, sósunni og sultunni eru hin fullkomna ferna á röltinu milli húsgagna- og smávörudeildarinnar.

Hugleikur Dagsson rithöfundur.

Matur hjá vinum

„Humarsúpan og kalkúnninn, sem ég fékk að borða í matarboði hjá vinum mínum Agnari Jóni Egilssyni og Marian Chmelar. Kalkúnafyllingin var rosalega góð.“

Bjarni Snæbjörnsson leikari.

GLÖSIN SKIPTA MÁLI Stærð og lögun vínglasa hefur talsverða þýðingu þegar kemur að bragði. Lögun þeirra ræður því hvar vínið lendir á tungunni en hún nemur mismunandi bragð á mismunandi stöðum. Sæta bragðið finnst á tungubroddinum, bitra við tungurótina, salta fremst á tunguhliðunum og sýran aftar á tunguhliðunum. Ef drukkið er úr glasi með breiðu opi verður að opna munninn upp á gátt svo vínið lendi á fremri hluta tungunnar en þannig verður það sætt og ávaxtakennt. Ef það er drukkið úr mjóu glasi lendir það aftar og verður bragðmeira.

Hvítvín ætti að drekka í nokkuð mjóum glösum með minna opi en er á rauðvínsglösum en þannig helst rétt hitastig og vínið verður um leið ferskara. Rauðvín ætti að bera fram í fremur löngu og mjóum glösum en þau þjappa ilminum saman og fá vínið til að lenda á miðri tungunni og breiðast síðan út. Sæt vín ætti að bera fram í glösum sem víkka aðeins að ofan en þannig lendir vínið fyrst á tungubroddinum sem nemur sætuna.

Það skal þó tekið fram að slæm vín verða sjaldan betri í réttum glösum en hins vegar geta góð vín bragðast betur.

Heimild: Vín – þrúgur gleðinnar

ROSENDAHL

GEORG JENSEN

ÍSLENSK HÖNNUN epal

royalUKB

stelton

Allir fá þá eitthvað fallegt ...

1001 GJAFAVARA FRÁ RÚMLEGA 100 HÖNNUÐUM

Epal hf / Skeifan 6 / 568 7733 / epal@epal.is / www.epal.is

epal

iittala

menu

marimekko®

ALESSI

eva solo

Bestu skáldverkin að mati álitsgjafa

1. YFIR EBRÓFLJÓTIÐ

Eftir Álfrúnu Gunnlaugsdóttur.

„Magnaðasta stríðsádeila sem komið hefur út á íslensku síðan Laxness sendi frá sér Gerplu.“

„Ein glæsilegasta skáldsaga áratugarins – fátt hefur magnaðra verið skrifað um stríð.“

„Ekki aðeins besta skáldsaga áratugarins heldur eitt besta íslenska skáldverkið yfirleitt.“

„Ein af merkustu skáldsögum síðari ára á Íslandi. Stríðssaga sem stenst samanburð við hliðstæð verk í vestrænni bókmenntasögu, um leið og hún hefur að geyma miskunnarlaust uppgjör við eðli hugsjóna.“

2. YOSOY

Eftir Guðrúnu Evu Mínervudóttur.

„Guðrún Eva sýnir lesendum sínum ekki í sér hjartað en hún megnar að kveikja eitthvað í hugskoti þeirra sjálfra sem þeir höfðu ef til vill ekki séð þar áður. Hvernig er hægt að svara sífellt frekari kröfum í samtímanum eftir því að manneskja sýni allt og segi allt um sjálfa sig með opinskáum hætti?“

„Sýn Guðrúnar Evu á mannlega tilveru er svo skörp að maður fellur á köflum í stafi yfir því hversu næmur og klár höfundur hún er.“

„Guðrún Evu tekst að skapa svo magnaða jarðtengingu í þessa fantasíu að maður efast aldrei um ónáttúrulega hæfileika meðlima hryllingsleikhússins.“



3. SUMARLJÓS, OG SVO KEMUR NÓTTIN

eftir Jón Kalman Stefánsson.

„Í fyrstu kann mann að virðast sem þorpið sé heimur út af fyrir sig úr tengslum við umheiminn en svo er ekki. Sýnt er hvernig aldarandinn lætur engan ósnortinn enda þótt einstaklingar kunni að vera mismóttækilegir fyrir honum.“

„Bæði nýstárleg og gamaldags, sár og fögur í senn. Kjaftasagnaelementið sem við þorpsbúarnir á þessu örlandi þekkjum svo vel vefur upp á sig og úr verður aldeilis magnaður sagnabálkur sem umfram allt er skemmtilegur.“

4. HÖFUNDUR ÍSLANDS

Eftir Hallgrím Helgason.

ÁHYGGJUDÚKKUR

Eftir Steinar Braga.

Um *Höfund Íslands*: „Frábær skáldsaga sem stendur í skugga höfundar síns. Virkar á mörgum plönum, sem raunsæissaga, menningarpólitísk krufning og skáldskapur um skáldskap.“

„Uppgjör við „höfundinn“ og „stærstu bók“ liðinnar aldar, hugmyndanáman rudd og stílgáfan nær hæstum þroska.“

Um Áhyggjudúkkur: Steinar Bragi lýsir persónum sem lifa í varanlegu tómu núi skömmu fyrir jól við Laugaveginn sem maður sér ekki sömu augum eftir lestur bókarinnar.“

„Verk sem tengdist tímunum á annan hátt en áður hafði tíðkast í íslenskum bókmenntum og er enn í dag besta lýsing á þeim samtíma sem nú hefur hvolfst yfir okkur með ömurlegum afleiðingum. Þetta var allt þarna.“

5. SKUGGA-BALDUR

Eftir Sjón.

„Góð skáldsaga, vel skrifuð, hefur haldgóða byggingu, eftirminnilegar persónur, er spennandi aflestrar, skilar erindi sínu á gefandi hátt – hefur í raun flest sem vönduð skáldsaga þarf að hafa.“

„Klárlega bók áratugarins á Íslandi og kannski á Norðurlöndum. Sprúðlandi og margræður skáldskapur með þungum siðferðilegum undirtóni grípur mann strax en bókin heldur áfram að dýpka við hvern lestur.“



Höfundar tilnefndir fyrir *flestar bækur*

Segja má að sumir höfundar hafi „goldið“ fyrir að senda frá sér hvert úrvalsverkið á fætur öðru, þar sem atkvæði dreifðust á milli bóka. Þrír höfundar voru tilnefndir fyrir þrjár bækur hver:

BRAGI ÓLAFSSON

Gæludýrin: „Í fyrstu tveimur skáldsögum sínum kynnti Bragi Ólafsson íslenska lesendur fyrir annars konar húmor en þeir áttu að venjast, stundum hefur hvarflað að mér að þessi sérstaka kímni gangi aftur í Næturvaktinni, Dagvaktinni og Fangavaktinni.“

Samkvæmisleikir:„Ekki var auðvelt að velja úr skáldsögum Braga, en þessi fær atkvæðið þó það væri ekki nema fyrir að hún breytti algjörlega hvernig ég lít á ákveðið horn af vesturbænum.“

Sendiherrann: „Makalaus skáldsaga um glæp og refsingu, skáldskap og veruleika. Aðstæður og persónur í Sendiherranum er næstum því óbærilega sannar, pínlegar, sorglegar og fyndnar.“

GYRÐIR ELÍASSON

Hótelsumar: „Það verður aldrei lögð nógu mikil áhersla á mikilvægi verka Gyrðis. Stöðugt færir hann okkur ný sjónarhorn á hversdag og undur.“

Sandárbókin: „Í Sandárbókinni eru náttúrumyndirnar ógleymanlegar, einsemdin þrúgandi og myrkrið í manneskjunni aldrei jafn svart. Yfir öllu vakir vandvirkni Gyrðis og látlaus stíll, sem fangar mann ár eftir ár.“

Milli trjánna: „Svona gott smásagnasafn er vandfundið. Hver saga hefur sína rödd en saman mynda þær áhrifamikla hljómkviðu – maður vill ekki að þær taki enda.“

SJÓN:

Skugga-baldur (sjá 5. sæti.)

Rökkurbýsnir: „Það eru fáar bækur sem draga mann í undirdjúpin - jafnvel bókstaflega - eins og þessi gerir svo liggur við drukknun.“

Með titrandi tár: „Þrátt fyrir að Skugga-baldur sé verðlaunabókin þá eru þræðirnir sem Sjón vefur hér svo ótrúlega margir og fjölbreytilegir að ég tek þessa framyfir.“

Þrír höfundar til viðbótar voru tilnefndir fyrir tvær bækur hver:

JÓN KALMAN STEFÁNSSON:

Sumarljós og svo kemur nóttin (sjá 3. sæti).

Himnaríki og helvíti: „Í Himnaríki og helvíti fann Kalman eitthvað hárfínt jafnvægi sem gerir honum kleift að fjalla um líf og dauða, ást og skáldskap á hátt sem margir héldu að póstmódernisminn hefði gengið af dauðum.“

STEINAR BRAGI

Áhyggjudúkkur (sjá 4. sæti)

Konur: „Steinar Bragi er alltaf skemmtilega á skjön og er gríðarlega öflugur í þessari beittu og grimmilegu sögu.“

SÖLVI BJÖRN SIGURÐSSON:

Fljótandi heimur: „Það er bara svo fjandi mikill galdur, tregi og fegurð í þessari bók Sölva að þótt hún sé fljótlesin þá er nauðsynlegt að slóra aðeins með hana og leyfa henni að seitla í rólegheitum inní undirmeðvitundina.“

Síðustu dagar móður minnar: „Demanturinn í bókaflóðinu þetta árið. Alveg hreint frábær skáldsaga sem staurblindri bókmenntaverðlaunanefndinni tókst einhvern veginn að horfa fram hjá.“

ÞORSTEINN FRÁ HAMRI:

Dyr að draumi.

Hvert orð er atvik.(Sjá ljóð.)

Þessar bækur voru líka nefndar:

Eftirtaldar bækur voru einnig nefndar:

KARÍTAS ÁN TITILS/ÓREIÐA Á STRIGA *eftir Kristínu Marju Baldursdóttur.*

„Mynda saman sögu af lífi íslenskrar konu sem fæðist í upphafi 20. aldar og deyr í aldarlok. Frásögnin er full af stórkostlegum kvenlýsingum og miklum húmor um leið og mikil og þung undiralda er í verkinu öllu. Verk sem vantaði í íslenska bókmenntasögu.“

RIGNING Í NÓVEMBER *eftir Auði Ólafsdóttur.*

„Varla er hægt að gera upp á milli Rigningarinnar og Afleggjarans, en þessi bók verður ofan á vegna þess að hún er ástarsaga, ferðasaga og matreiðslukver – allt í senn. Persónurnar fylgja manni lengi eftir að lestri er lokið. Gómsæt bók.“

LOVESTAR *eftir Andra Snæ Magnason*

„Mögnuð og hrollvekjandi saga af því hvernig Ísland hefði sjálfsagt orðið ef góðærið hefði haldið áfram mikið lengur, heimur þar sem markaðssetningin á ástinni og dauðanum hefur náð fullkomnun sinni.“

LÖMUÐU KENNSLUKONURNAR *eftir Guðberg Bergsson.*

„Bók sem er erfitt að gleyma og þolir ekki aðeins endurlestur heldur líka náin kynni. Hún sver sig á einhvern furðulegan hátt í ætt við það besta sem höfundurinn hefur gert á löngum ferli.“

MINNISBÓK *eftir Sigurð Pálsson.*

„Að muna, að vera ungur, að lesa. Sigurður nær þessari merkilegu tilfinningu, sem er meira en að segja það, óháð öllu því sem kann að hafa gleymst.“

ÓVINAFAGNAÐUR/OFSI *eftir Einar Kárason.*

„
Einar Kárason dregur upp óborganlega og sprenghlægilega mynd af bændum og búaliði í vígahug og báðar sýna þær svo ekki verður um villst að glíman við náttúruöflin er sú sem mestu máli skiptir hér á þessum hjara veraldar sem við búum á.“

SEGÐU MÖMMU AÐ MÉR LÍÐI VEL *eftir Guðmund Andra Thorsson.*

„Þegar Guðmundur Andri er góður, þá er hann með þeim bestu. Því miður sóar hann tíma sínum í dægurþras og pólitískt þvaður þegar hann ætti bara að vera að skrifa um ástina, eins og í þessari bók. Stíllinn er dásamlegur, litmjúkar persónur dregnar upp af listfengi – og eftir allt hugsar maður um tímann, gildi lífsins, eilífðina.“

SKIPIÐ EFTIR *Stefán Mána.*

„Besta og skemmtilegasta spennusaga sem skrifuð hefur verið á íslensku. Alvöru „strákabók“ með hressandi hryllingsívafi.“

SÓLIN SEST AÐ MORGNI *eftir Kristínu Steinsdóttur.*

„Sjálfsævisögulegur tónn bókar Kristínar er ómótstæðilegur í gríðargóðri hugleiðingu um minni og fortíð.“

SÓLSKINSHESTUR *eftir Steinunni Sigurðardóttur.*

„Ég á eftir að lesa Góða elskhugann sem mér skilst að sé ekki síðri.“

SÓLSKINSRÚTAN ER SEIN Í KVÖLD *eftir Sigfús Bjartmarsson.*

„Þessi ferðasaga um rómönsku Ameríku er eins og gott og hjartastyrkjandi skot, skal drekkast hægt og helst lykta aðeins fyrst. Og hvergi hef ég lesið kjarnyrtari enskuslettur.“

SVEIGUR *eftir Thor Vilhjálmsson.*

„Geysilega fallegur texti, alger unaðslestur. Ljóðrænan ber lesandann frekar inn á við en áfram. Einstök tilraun til þess að flytja okkur hugmyndaheim 13. aldar og máta hann við okkar eigin.“

TRYGGÐARPANTUR *eftir Auði Jónsdóttur.*

„Áhrifamikil táknsaga um óttann við framandleika og sérgæsku Vesturlandabúa. Um leið er þetta sannfærandi sálfræðileg skáldsaga – og svo eru í henni fleiri botnar.“

39 ÞREP Á LEIÐ TIL GLÖTUNAR *eftir Eirík Guðmundsson.*

„Sjálfsmeðvitað verk og höfundur kinkar kolli til *Bréfs til Láru* strax í upphafi. Í báðum þessum verkum er verið að reyna að fanga tíðarandann sem tekst að vissu leyti en misheppnast líka vegna þess að stíll þessara rithöfunda er einungis sjálfum sér líkur.“

Ilmskýrslugerðin

HEIM TIL MÍNS HJARTA

Ilmskýrsla um árstíð á hæli

Oddný Eir Ævarsdóttir

Niðurstaða: Merkisrit þessa árs – íhugul hugsun um lífið og skynheiminn.

★★★★★

Kápan á þessu prósaverki eftir þrælmenntaðan og spakan huga var nýlega valin besta bókarkápan á þessu útgáfuhausti. Hún er götuð tveimur misstórum götum, nafn höfundar þrykkt hvítu eilítið fornlegu letri en í gegnum gatið lesum við heiti og undirtitil. Mottó verksins segir okkur grunnstaðreynd: Jörðin er heilsuhæli (Nietzsche), og sögumaður segir ekki frá neinu nema hafa reynt það á eigin skinni (Theresa frá Avila). Ókei.

Sögukonan ég er komin á hæli útbrunnin og á að fá bót meina sinna, hælið er miðevrópskt, en konan íslensk. Frásögn hennar sem í hönd fer er næst því að vera dagbók, endurminning, lífsreynslusaga með hverfulum hugleiðingum um lífið, heiminn, sögu, fjölskyldu, ástina. Textinn er ljós, setningaskipan oft raðskipuð sem setur hugsunina á hreyfingu í látlitlum straumi. Sögukonan þjappar mörgu í runur, er hugkvæm og nákvæm, svo lesandinn dregst fljótt með. Margt er hér hugsað af miklu viti og rósemi sem er aðlaðandi, þú ert á spjalli við sál sem er reynd og fullorðin, en leyfir sér samt kjánaskap, bernsku og leik.

Og hugurinn leitar víða, Þingholtin, Jökuldalurinn, bróðir og móðir og faðir, ömmur. Í útlöndum fólk af ýmsu þjóðerni, kyni og aldri, margbreytilegt og áhugavert: skoðandinn er sívökulu auga að leita skynjunar í hverskyns tilliti; nema, þefa, þreifa. Það fer ekki hjá því að lesandinn taki að slá saman brotnum myndum og gruna frúna um græsku – skáldsagan er ekki login heldur persónuleg og náin lýsing skrifarans – sem er ekki verra því hugurinn sem stýrir pennanum er frjór, svolítið teprulegur; siðprúð stúlka sem lætur ekki draga sig út í neitt ljótt – ónei – veluppalinn mótmælandi.

Oddný Eir Ævarsdóttir - Heim til míns hjarta.

Af öllum þeim prósaverkum sem komið hafa fram á þessu ári er þessi ilmskýrsla nýstárlegasta verkið, vönduð og þaulhugsuð og hana gefur lesandi ekki frá sér fullviss þess að bókin fari í glatkistu, upp í hillu eða á sorpuna eins og svo margt prentið þessi dægrin. Þetta er texti sem lesandinn á eftir að sækja oft í sér til hugarhægðar og bata í mörgum ólíkum greinum, ilmskýrsla gerir manni jú gott.

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON

Að fljúga hátt með

VILHJÁLMUR VILHJÁLMSSON

Jón Ólafsson

Niðurstaða: Vandað og vel unnið verk um hugljúfan mann.

★★★★

Jón Ólafsson tónlistarmaður hefur unnið þarft verk með ævisögu sinni um Vilhjálm Vilhjálmsson. Um Vilhjálm hefur leikið dularfullur ljómi, allir þekkja hann en lífshlaup hans hefur ekki verið á allra vörum. Úr því er svo sannarlega bætt í þessari vönduðu bók og ljóst er að að baki henni liggur mikil heimildavinna.

Jón hefur fyrir löngu sýnt að það liggur ekki síður fyrir honum að tjá sig í orðum en tónum. Hann hefur stýrt útvarps- og sjónvarpsþáttum og sýnt þar að íslenskan leikur honum á tungu. Bókin um Vilhjálm er þó hans fyrsta og er skemmst frá því að segja að Jóni tekst vel upp. Textinn er lipur og Jón kann að byggja upp frásögn, er ljóðrænn á köflum og þegar við á brýst kímnigáfan, sem hann reiðir í þverpokum, fram.

Sagan sver sig í ætt við hefðbundnar ævisögur, æsku og uppvexti Vilhjálms eru gerð skil, með smá forsögu foreldra, svo er farið í tímaröð yfir ferilinn allt til hörmulegra endalokanna. Svo hefðbundin efnistök eiga einkar vel við Vilhjálm, sem skar sig frá jafnöldrum sínum í tónlistarflutningi sínum; framan af að minnsta kosti. Hann sótti í hefðina, söng danslög með hljómsveitum sem þóttu ekki móðins hjá ungu kynslóðinni sem kenndi sig við bítl.

Vilhjálmur virðist hafa verið einstakur maður. Hann hefur verið hvers manns hugljúfi og fjölmargir viðmælendur lýsa því hvernig hann greiddi götu þeirra. Skipti þá engu hvort um var að ræða að aðstoða landa sína í útlöndum eða að hjálpa kollegunum að stíga fyrstu skrefin í bransanum.

Þá hefur hann verið einstaklega fróðleiksfús og algjör lestrarhestur. Hann kláraði flugnámið á milli ballanna á Röðli og hvenær sem laus stund gafst greip hann í bók. Hann var mikill málamaður og var fljótur að læra ný tungumál. Þá var hann andans maður og leitandi í þeim efnum. Þá var hann gott skáld eins og margir textar hans sýna og einstaklega víðsýnn.

Kannski lýsir Ruth Reginalds honum best í viðtali þegar hún var ellefu ára. „Mig langar dálítið til að verða eins og Vilhjálmur Vilhjálmsson. Hann kann að fljúga flugvél og oft flýgur hann hátt, hátt upp og lætur vélina bara sjálfa stýra sér. Síðan fer hann að lesa bók eins og ekkert væri, því að uppi í loftinu er algjör friður.“

Bókin er mjög vönduð, í henni er fjöldi skemmtilegra mynda. Þá eru



Fróðleg og myndrík bók um það hús sem í eina öld hefur þótt einna fegurst bygginga á Íslandi.

Er komin í bókaverslanir og safnbúðir Þjóðminjasafns Íslands og Listasafns Íslands.

ALDARAFMÆLI 2009 · ÞJÓÐMENNINGARHÚSIÐ ·

Hverfisgötu 15, 101 Reykjavík
sími 545 1400 • www.thjodmenning.is

Jón Karl Helgason bókmennafræðingur

Gikkur í veiðistöð

MYND AF RAGNARI Í SMÁRA

Jón Karl Helgason

Niðurstaða: Skáldverk, fullt af gögnum og staðreyndum, um merkilegan anda – og hæfir viðfangsefninu prýðilega.

★★★★★

Hvernig átti Jón Karl Helgason að ná utan um Ragnar Jónsson, þessa holdklæddu menningarstefnu fyrstu áratuga lýðveldisins? Ekki dugði hin venjulega æviferilsskrá sem í réttri röð rakti samviskulega og af fullkomnum svikum við hugann sem skyldi lýsa: það voru ekki jakkaföt sem pössuðu í partíið, það þurfti annan viðbúnað til að ná sálinni, eldhuganum, skýra tenglanetið, afköstin, greina kjarna ef hægt var í orkunni sem fór um á Willy's-jeppa.

Og eftir lestur á þessari ævisögu í skáldsöguformi sem hefur þegar storkað viðjum vanans getur lesandi ekki annað en fagnað að Jón Karl skyldi ramba á þessa aðferð: þriggja dag ferð Ragnars Jónssonar útgefanda Halldórs Laxness á Nóbelshátíðina lætur hann ramma inn niðurskipað endurlit á ólík og merkileg svið þessa merkilega manns. Útkoman er spennandi saga,

góða bók

1970-1978, Vilhjálmur Vilhjálmsson tónlistarmaður og söngvari. Vilhjálmur Vilhjálmsson

skrár yfir hljómplötur og nafnaskrá til hjálpar. Einkar vel til fundið er að birta ljóð og lausamál Vilhjálms með.

Takk fyrir bókina, Jón.

KOLBEINN ÓTTARSSON PROPPÉ

fleyguð margvíslegum samskiptum Ragnars, glefsum úr bréfum hans og annarra svo úr verða samtöl sem er djarfasti hluti sviðsetningar Jóns en klippitækni sem skilar fullkomlega trúverðugum samskiptum á því sem Pétur Gunnarsson kallaði skiptiborði skoðana. Það hefur verið púsl en líkast til hefur Jón gaman af púsli.

Þetta verk hefur verið lengi í smíðum og eins og fáein önnur verk sem út eru komin á þessum vetri er það ljóst að tíminn er úrslitaþáttur í gerð merkilegra bóka, tímaskorturinn er að drepa íslenska sagnaritun. Þá þakkar maður fyrir að einhver hafi aðstöðu og þolinmæði til að hanga lengi yfir flóknu verki og sigrast á viðfangsefninu á seiglunni eins manni sýnist Jón Karl gera. það er samkvæmisleikur að þvæla um réttmæti aðferðarinnar – réttlætingin er falin í verkinu sem hefur skilað okkur læsilegri og sannfærandi sögu af manni sem var ekki einhamur. Í leiðinni dregur Jón klæðin af ýmsu: kátlegastur er draumur Sigurðar Nordal að Jóhannes sonur hans yrði menningarpáfi á eyjunni. Menn hafa háar hugmyndir um sig og sitt. Margt annað er athyglisvert eins og greining samsett úr bréfabútum Ragnars og Sigurðar um manngerðina HKL. Við erum enn að ræða menn sem fóru undir torfu fyrir áratugum til að skilja okkar tíma – hvernig rak okkur hingað?

Nú er höfundurinn ekkert að draga dul á margt í fari Ragnars sem var miður geðfellt, nýlega birt samskipti hans við Elías Mar sýna að hann var þegar á sjötta áratugnum búinn að missa sambandið við tímann. Þá er nokkuð ljóst að Ragnar Jónsson hefur alla tíð haft gaman af samneyti við konur. Þetta er ekki náttúrulaus bók – guði sé lof. En það er líka bara partur af þessu merkilega samfélagi sem Jón lýsir, heldur kyrrstæðu, smáu og fátæku sem hvirfill, hreyfill kemur á hreyfingu í sögum, ljóðum, litum og tónum. Það er mikill fengur af þessu smarta og skáldlega verki.

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON

Nú er fjárlagafrumvarpið komið í aðra umræðu og eru kvikmyndagerðarmenn orðnir órólegir yfir að sá mikli niðurskurður sem boðaður var í frumvarpinu verði óbreyttur. Heimildir Menningar herma að þingmenn séu að heykjast og dregið verði úr högginu, sextíu prósent af fjárveitingu síðasta árs standi inni og sumir segja að hún komi öll til baka. Ef marka má birta styrki til leikinna kvikmynda í framleiðslu á næsta ári er höggið þegar komið fram en útlit er fyrir að aðeins þrjár myndir í fullri lengd fari í framleiðslu á næsta ári.

Losaðu nú um málbeinið með mömmu

LUBBI FINNUR MÁLBEIN

Eyrún Ísfold Gísladóttir, Þóra Magnúsdóttir, Þórarinn Eldjárn, Freydís Kristjánsdóttir og Skólakór Kársnesskóla.

Niðurstaða: Frábær gripur og eiga allir aðstandendur hrós fyrir það verk.

★★★★★

Hér fara saman bók og diskur og erindið er ekki lítið. Eyrún og Þóra eru talmeinafræðingar. Í bókinni eru nokkur lög: gengið er í gegnum stafrófið með vísum eftir Þórarin og lesmáli eftir þær stöllur; hver stafur fær opnu sem Freydís myndskreytir. Jafnframt er á opnunni mynd af munnstæði við myndun hljóðsins og mynd af hljóðastafrófinu í táknmáli. Nú er þessi lesari ekki kunnur hinum ýmsu aðferðum við kennslu á hljóðtáknum en kerfið sem þær brúka útskýra þær í viðauka. Bókin er semsagt les- og hljóðþjálfunartæki fyrir þau börn sem stirð eru í hljóðmyndun eða lestri. Á disknum eru sönglög sem þjálfa hvert hljóð í vísnasöng. Allt verkið er skýrt í notkunarleiðbeiningum og bíður þess að fullorðinn taki sér það í hönd sem hjálpartæki fyrir krakka sem þurfa að fóta sig betur á stigum málsins – og þeir eru margir.

Lesmálið og vísurnar eru hnyttilega samsett og ætti ánægjan við að fara í gegnum texta og vísur að vekja mörgum bros. Bókin kallar aftur á virkan lestur og er því kærkomin foreldrum sem nenna að sinna börnum sínum til að ná taki og öryggi með nauðsynlegasta samskiptaforrit sem við eigum – málið. Það höfum við því miður í mörgum tilvikum séð lenda í höndum sérkennara með afleiðingum sem oft fylgja börnum langt á veg – þau tilvik þekkjast að sá vandi fylgi mönnum alla ævi og setji mark sitt á allt þeirra líf. Hér er hjálpartæki og þá er bara að forráðamenn gefi sér tíma til að nýta það. Verkefnið er margstyrkt af ýmsum sjóðum og er happafengur á okkar tímum – kunnum við að grípa happið og nota bókina.

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON



Hvað leynist í klóinu?

KÁRI LITLI OG KLÓSETTSKRÍMSLIÐ

Þórgunnur Oddsdóttir

Niðurstaða: Skemmtilega teiknuð og spennandi saga fyrir klósettfarendur á öllum aldri.

★★★★

Þórgunnur sendir frá sér sína fyrstu barnasögu um hann Kára sem óttast djúp vatnssalernis og undrar engan. Hvað býr í djúpinu? Kvikindið systir hans hefur hrætt hann með skrímslatali og það reynist of hár þröskuldur fyrir klósettferðir án verndara. Þórgunnur setur saman hversdagslega og æsilega sögu sem er í senn spennandi og fyndin. Hún vinnur grófar vatnslitaðar teikningar sem hún leggur í einstaka útklippta myndhluta. Þetta er litskrúðug bók og stendur nærri barnateikningum með spenntum myndflötum í lit og byggingu. Í sögunni er letur leikandi eins og tíðkast mjög og eykur á spil í leturbyggingu sem er bæði miðjusett og jafnt til hliða. Bókin ætti vegna leturstærðar að henta vel til lestrar með hjálp.

Þórgunnur Oddsdóttir

Söguefnið er nærri ungum huga sem sækist í að finna sér óhugnað í nágrenni náðhússins. Þetta er vel heppnað byrjendaverk og víkur Þórgunnur vonandi ekki af þessari braut.

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON

Sögur af ömmu

SÚPERAMMA OG SJÓRÆNINGJARNIR

Björk Bjarkadóttir

Niðurstaða: Litskrúðug saga og fallega lýst en með full ævintýralegu meginplotti.

★★★

Björk Bjarkadóttir á nú að baki tíu bækur sem hún hefur sett saman í texta og myndum fyrir ung börn. Hún er skemmtilegur og vandvirkur teiknari með afar persónulegum stíl. Mér telst til að þetta sé þriðja ömmusagan hennar en sá eldri borgari býr í borg í kunnuglegu landi og sinnir stráknum Óla. Amman vílar ekkert fyrir sér og ætti að kenna lesendum að það er alveg viðunandi, þótt af henni sé nokkur Línubragur. Súperamma og sjóræningjarnir fylgir kunnuglegu mynstri úr fyrri sögunum tveim þó að myndvinnslan sé mun efnismeiri og fjölbreytilegri ef minni svíkur mig ekki. Gaman væri að þessari eldri húsfrú og skjólstæðingi hennar væru færð hversdagslegri vandamál en að sigra aðvífandi sjóræningjaflota – hér er kynntur til sögu vonbiðill sem lögga og langintes og er það prýðilegt umhugsunarefni ungum huga. Það er sprell í sögum Bjarkar og þær duga vel krökkum á mörkum lesturs og ári eða tveimur yngri.

Björk Bjarkadóttir

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON



SAGA OG SAMFÉLAG

Ein besta sagnfræði sem völ er á. Í bókinni fylgist maður með því hvernig rómantískur maður verður valdagræðginni að bráð. Nauðsynleg lesning til að hægt sé að varast einstaklinga af þessu tagi.
– Guðmundur Ólafsson, hagfræðingur

Ævisaga eins og þær gerast bestar. Spenna og fræði fléttast saman svo úr verður meistaraverk. Nánast glæpsamlegt að svo góð bók sé skrifuð um svo vondan mann.
– Guðni Th. Jóhannesson, sagnfræðingur

Grípandi lesning ... sem dregur upp ógleymanlega mynd af einu helsta skrímsli 20. aldar.
– Antony Beevor, The Daily Telegraph



ÍSLENSKIR NASISTAR

Heimsstyrjöldin síðari skóp mörgum manninum meinleg örlög. Svo var um Íslendinga þá, sem segir frá í þessari bók. Annars vegar voru menn, sem aðhylltust hugmyndafræði nasismans og gengu til liðs við Þjóðverja í heimsstyrjöldinni síðari, og hins vegar fórnarlömb þýskra nasista sem urðu að gjalda fyrir samband sitt við þá með lífinu.

ÞJÓÐLEGUR FRÓÐLEIKUR







SKRUDDA
Eyjarslóð 9 – 101 Reykjavík
s. 552 8866 – skrudda@skrudda.is
www.skrudda.is

Desember 2009
menning
[SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM MENNINGU OG LISTIR]

AÐ TJALDABAKI

Nú er ljóst að tvær stórsýningar verða í leikhúsum Reykjavíkur eftir jól á verkum William Shakespeare; í Borgarleikhúsinu er Ofviðrið á dagskrá í leikstjórn Oskaras Korsunovas, en í Þjóðleikhúsinu er það Lér konungur og þar leikstýrir Benedikt Andrews. Það hittist svo á segja leikhússtjórarnir örugglega en það er stórt skammtanna á milli. Nú er bara að vona að betur takist til síðast þegar þessi verk komu á svið, Lér í Borgarleikhúsi og Ofviðrið í Þjóðleikhúsinu, báðar sýningarnar voru leiknar við dræma aðsókn.

Magnús Geir hefur tilkynnt að fyrsta verk á stóra sviðið næsta haust verði verk ungrar skáldkonu um Enron-málið sem nú er leikið fyrir fullu húsi í London. Leikstjóri er ekki ráðinn.

Faust sýning Vesturports í Borgarleikhúsinu skartar engum öðrum en Þorsteini Gunnarssyni en hann hefur aðeins leikið í kvikmyndum, sjónvarpsverkum og stuttmyndum hin síðari ár eftir að hann hvarf frá LR sællar minningar eftir áratuga störf þegar Guðjón Pedersen sagði upp nokkrum eldri samningum sem voru flestir fastráðningar frá tíma Vigdísar Finnbogadóttur.

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

Vínartónleikar

Mið. 06.01.10 » 19:30
Fim. 07.01.10 » 19:30
Fös. 08.01.10 » 19:30
Lau. 09.01.10 » 17:00

Árið byrjar með sannkölluðum hátíðarbrag á Vínartónleikum þar sem hljóma sígrænar perlur eftir meistara óperettunnar. Vínartónleikarnir hafa um árabil verið vinsælustu tónleikar hljómsveitarinnar, enda varla hægt að hugsa sér ljúfari upptakt að nýju ári. Tryggðu þér miða núna á sinfonia.is.

Christopher Warren-Green *hljómsveitarstjóri*
Þóra Einarsdóttir *einsöngvari*
Finnur Bjarnason *einsöngvari*

Miðaverð: 4.400 / 4.100 kr.

Gjafakort á Vínartónleikana er tilvalin jólagjöf.
Komdu við hjá okkur í Háskólabíói eða hafðu samband í síma 545 2500.

AÐALSTYRKTARAÐILAR
BORGUN Morgunblaðið

Miðasala » Sími 545 2500 » www.sinfonia.is » Miðasala í Háskólabíói er opin alla virka daga kl. 9-17 og fram að tónleikum á tónleikadegi

512 50 50 Auglýsingasími

– Mest lesið

Hvaða kvikmynd vildir þú hafa samið tónlist við?

Pan's Labyrinth, ekki spurning. En ég hef reyndar fengið gífurlega spennandi tilboð um að gera tónlist við Hollywood-mynd sem er tekin upp á næsta ári. Þeir vilja frumsamda tónlist frá mér. Ég er búinn að lesa handritið og það er svo fallegt að ég fór næstum að gráta við lesturinn. Þetta er svona raunsæis-ævintýri en ég má ekki segja frá meiru að svo stöddu þar sem samningar eru ekki frágengnir. Annars verður nóg að gera a næsta ári. Ég fer aftur á alheimstónleikaferðalag líkt og í fyrra til að fylgja eftir nýju plötunni.

Það þarf að skattleggja netið

Kemst mikið meira fyrir í lífi þínu en að semja tónlist og vinna?

Ég er eiginlega alltaf að vinna. Það mætti segja að ég væri vinnualki. Ég vinn tólf til fjórtán tíma flesta daga. Þegar ég er ekki að semja og spila tónlist þá er ég að svara símanum eða svara tölvupósti. Ég sem tónlist við auglýsingar, meðal annars Sony og Icelandair, svo er ég að semja verk fyrir Íslenska dansflokkinn og stef fyrir þátt á sænska ríkissjónvarpinu sem heitir Oh My God. Ég er auk þess með teknó verkefni með vini mínum sem heitir Kiasmos og við spilum reglulega í borginni. Það færir meira í aðra hönd að taka að sér svona verkefni en að selja plötur.

Er ekki plötusalan bara dauð?

Nei nei, fólk af okkar kynslóð mun vilja kaupa geisladiska og hafa eitthvað í höndunum. En við erum kannski síðasta slík kynslóð. Krakkarnir sem eru fjórtán ára í dag ólust upp næstum eingöngu á niðurhali á tónlist og munu aldrei kaupa geisladiska. Vínyl-sala er líka að aukast þar sem fólkið með ipod vill samt hafa safngrip í höndunum. Það eru mjög skemmtilegar hugmyndir í gangi þarna úti í heimi. Eins og til dæmis að skattleggja netið þannig að það sé hægt að fylgjast með því hvaða listamönnum fólk er að hlaða niður. Þannig er til dæmis hægt að sjá hvaða plötum var halað niður í hundrað þúsund eintökum og yrði viðkomandi listamanni borguð gjöld fyrir, líkt og stefgjöld. Ef netið hjá meðalfjölskyldu yrði skattlagt á þrjú hundruð kall efast ég um að nokkur myndi taka eftir því. Þetta yrði flott lausn á stóru vandamáli og það væri frábært ef Íslendingar gætu orðið brautryðjendur í því.

Næst á dagskrá eru jólatónleikar ásamt Hudson Wayne?

Já, þeir verða núna 22. desember í Salnum í Kópavogi. Ég er að fljúga öllu genginu mínu til Íslands, fólkinu sem sér um ljós og svið og hljóð á tónleikunum úti og nýja bandið mitt, með bassaleikara og trommuleikara. Það verður ýmislegt sprell, ljósasjóv, skuggamyndir og læti. Þetta verður vonandi mjög flott. Mér finnst oft það sem ég geri hérna heima hálfgert hálfkák. Mig langaði að gera eitthvað flott. Einhverja geðveiki.

SKEMMTILEGT JÓLAUPPBOÐ Í GALLERÍ BORG
FIMMTUDAGINN 17. DES. KL 20:30
Tómas R. Einarsson og félagar leika jólalögin – Boðið verður upp á veitingar



Nú er rétti tíminn til að fjárfesta í málverkum
Sýning uppboðsverka hefst laugardaginn 12. Des. Kl 13. Opið verður alla daga fram að uppboði kl 11 til 17

GALLERÍ BORG SKIPHOLTI 35. • SÍMAR 511 7010 og 847 1600 • petur@galleriborg.is

VINSÆLASTA

mynd ársins komin á DVD og BLU-RAY

24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Einfalt að skila og skipta!

VINSÆLAR JÓLAGJAFIR

OPIÐ TIL 22:00 ÖLL KVÖLD til jóla

2.299

ÁRITA
Kringlunni kl. 16 á SUNNUDAG

1.999

ÁRITA OG SPILA
Kringlunni kl. 15 í DAG
Smáralind kl. 17 í DAG

2.799

ÁRITAR
Kringlunni kl. 13 í DAG
Skeifunni kl. 15 á SUNNUDAG

2.999

ÁRITAR OG SPILAR
Skeifunni kl. 15 í DAG áritar
Smáralind kl. 16 í DAG
Smáralind kl. 16 á SUNNUDAG
Kringlunni kl. 14 á SUNNUDAG

2.199

ÁRITAR
Skeifunni kl. 13 í DAG

2.999

ÁRITA
Skeifunni kl. 14 í DAG

2.399

ÁRITAR
Smáralind kl. 14 á SUNNUDAG

2.999

ÁRITAR OG SPILAR
Smáralind kl. 15 í DAG

2.499

1.999

2.199
~~2.699~~

ÁRITAR
Kringlunni kl. 14 í DAG
Kringlunni kl. 15 á SUNNUDAG

1.999

ÁRITA
Smáralind kl. 13 í DAG

3.299

2.990

ÁRITA
Holtagörðum kl. 15 í DAG
Skeifunni kl. 17 í DAG

3.999

2.399

ÁRITAR
Smáralind kl. 15
í DAG

2.499

ÁRITA
Smáralind kl. 15
á SUNNUDAG

6.899

BUBBI ÁRITAR
Smáralind kl. 14 í DAG
Kringlunni kl. 16 í DAG

Gildir til 13. desember á meðan birgðir endast.

50 ára HAGKAUP *fyrir Íslendinga í 50 ár*

ERUÐ ÞIÐ EKKI EITTHVAÐ AÐ VILLAST? Miðbæjarhamstrarnir Lóa og Hugleikur órafjarri náttúrulegum heimkynnum sínum í 101. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Allt utan 101 er hillbillí kántrí

Þegar sást til **Hugleiks Dagssonar** og **Lóu Hlínar Hjálmtýsdóttur** í Ikea lengst suður í Hafnarfjarðarhrauni stökk *Dr. Gunni* á svæðið, forvitnaðist um hagi þeirra og át með þeim sænskar kjötbollur.

Miðbæjarro... hamstrarnir Hugleikur og Lóa eru komin langt út fyrir hefðbundin heimkynni sín. Hugleikur er náfölur og skjálfandi eftir bílferðina og Lóa afsakar sig og segist vera óörugg undir stýri enda eigi hún ekki bíl. „Er maður ekki smá lúser verandi um þrítugt og þurfa alltaf að fá lánaðan bílinn hjá stóru systur sinni?“ spyr hún afsakandi. „Það er ekkert auðvelt að rata hingað. Það birtist aldrei neitt Ikea-skilti og svo fórum við óvart tvo hringi á hringtorginu.“

Hugleikur er ekki einu sinni með bílpróf. „Ég ætla ekki að fá mér bílpróf fyrr en ég er búinn að barna stelpu,“ segir hann kokhraustur. „Þá hef ég níu mánuði til að drífa í því.“

Ristir ekki upp bangsa

Hugleikur og Lóa eru leiðandi í teiknimyndasögugerð á Íslandi. Hulli er náttúrlega landsfrægur fyrir sjúklega dónalegu spýtukarlana sína í „Okkur“-bókunum. Öllu því ógeðslega fyndna dóti hefur nú verið safnað saman í risabókina 1001 okkur. Auk þess hefur hann stofnað bókaútgáfuna Ókeibæ(kur) og gefur þar út sjálfan sig í hinni bráðfyndnu smábók Íslensk dægurlög. Þar hæðist hann að landsfrægum popptextum. Ókeibæ(kur) hafa einnig gefið út fyrstu bók Lóu, hina bráðsmellnu Alhæft um þjóðir. Þar fabúlerar hún á næman hátt um þau grundvallar karaktereinkenni sem aðskilja þjóðir og enginn hefur viljað hafa hátt um áður. Mér finnst því upplagt að alhæfa nokkuð djarflega og spyr: *Er ekki pirrandi fyrir ykkur að fá ekki almennilegt café au lait hérna í Ikea?*

„Ég verð því miður að eyðileggja þessa alhæfingu því ég drekk aldrei café au lait, helst bara uppáhelling,“ segir Hugleikur. „Mér finnst bara stórt atriði að koma hingað því ég fíla þessar kjötbollur svo vel,“ bætir hann við og kjammsar á sænskri bollu, sultu og rauðkáli.

„Mér finnst gaman í Ikea!“ opinberar Lóa.

Nei, hættu nú alveg!?

„Í alvörunni. Ég er aðallega í smávörunum. Á ég segja þér eitt? Það er ódýrara að kaupa Ikea-púða og rista þá upp og hirða fyllinguna en að kaupa fyllingu í vefnaðarvöruverslunum. Þetta er ástæðan fyrir því að ég er komin hingað því ég er að búa til jólagjafir. Púðarnir í Tiger eru asnalega dýrir af því að það eru pallíettur á þeim og ég þarf þær ekkert, bara innvolsið. Mig langar ekki beinlínis í fyllinguna í böngsunum úr Góða hirðinum. Það væri einum of að rista upp bangsa.“

Ert þú svona neytendasinnuð?

„Eða nísk. Annaðhvort. Ég er enn þá á námslána-fjárhagsáætlun.“

En þú, Hugleikur?

„Nei, ég er ekkert voða flínkur með peninga.“

Hvað ert þú að gera í Ikea?

„Ég gerði lista áður en ég lagði af stað,“ segir hann og dregur upp þéttskrifað blað: „Óhreinatauskörfur, mottur – ég þarf að fá tyrkneskt teppi, en það er líklega ekki til hérna, allavega ekkert almennilegt – stóra skál, plöntur, skurðarbretti úr tré, litla pönnu, straubretti, púða, skóhillu. Og svo þarf ég líka að kaupa straujárn og blandara.“

Jólastress er lúxusstress

Ikea spilar stórt hlutverk í lífi ungs fólks. Þessu menningarfyrirbæri voru gerð eftirminnileg skil í myndinni Fight Club þegar Edward Norton sá líf sitt borið saman við Ikea-bækling. Þetta atriði hafði djúpstæð áhrif á bæði Hugleik og Lóu.

„Það er reyndar ekkert allt í Ikea-húsgögnum heima hjá mér því ég á fæst húsgögnin þar,“ segir Lóa. „Ég sit til dæmis í sófanum hans Benna Hemm Hemm heima hjá mér.“

Hugleikur getur ekki flúið Ikea-vætt líf sitt. „Ég er með tvö borð, sófa, sex stóla, fullt af einhverjum smávörum og rúm. Fokk, þetta er allt úr Ikea! Ég er örugglega með annan persónuleika heima hjá mér.“

Nú kemur annar miðbæjarhamstur með bakka gangandi inn í veitingasal Ikea og Hugleikur og Lóa veifa til hans fagnandi.

„Þetta er bara eins og þegar maður hittir Íslending í útlöndum!“ segir Hulli glaður.

Já, það er náttúrlega önnur tegund af fólki hér en í miðbænum.

„Allt fyrir utan 101 er hillbillí kántrí,“ segir Hugleikur.

„Það er náttúrlega enginn yfir fertugu oní bæ, nema ógeðslega háaldrað fólk sem lítur út fyrir að komast ekki úr miðbænum,“ segir Lóa.

Eruð þið komin í jólaskap?

„Já og nei,“ segir Hulli. „Það er alltaf svo mikið að gera hjá mér að ég man ekki eftir að fara í jólaskap fyrr en alveg rétt fyrir jól. Og það er alltaf gaman. Ég er ekkert mikið að væla yfir jólastressinu. Jólastress er lúxusstress. Að stressa sig yfir því að kaupa gjafir og eitthvað. Mér finnst það nú ekkert vandamál.“

„Mér finnst leiðinlegt að segja Ikea aftur, en ég komst í jólaskap síðast þegar ég kom hingað. Þeir voru einir búnir að skreyta,“ segir Lóa.

Kúk- og piss-húmorinn

Lóa og Hugleikur þekkjast frá fornu fari og voru skólafélagar í LHÍ, sem hét líklega eitthvað annað þegar þau útskrifuðust.

„Við erum með sömu gráðuna, en hún er miklu meiri teiknari en ég,“ segir Hugleikur. „Hún teiknar betur. Mínar teikningar eru bara eins og þær eru. Naumhyggja. Mínímal. Þegar ég legg mig allan fram og Lóa leggur sig alla fram er hún miklu betri en ég.“

„Ég er nú ekki svo viss um þetta,“ segir Lóa lítillát. „Ég hef samt samið einn svona brandara eins og Hugleikur gerir. Ég var bara að stríða honum og reyna að sýna fram á hvað þetta er auðvelt. Svo er þetta náttúrlega ekkert auðvelt.“

Þetta lítur samt út fyrir að vera auðvelt. Er mikið verið að herma eftir þér?

„Ég fékk reyndar senda myndasögu í pósti í gær, já, nokkur A4-blöð. Kona á Seltjarnarnesi skrifaði með: „Sæll Hugleikur. Þrettán ára sonur minn vildi endilega sýna þér þessa myndasögu.“ Myndasagan er svona tveir spýtukarlar. Einn segir Fokk jú, I shit on you, og svo skýtur hann hinn með vélbyssu. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem ég fæ svona sent. Einu sinni fékk ég bréf frá Egilsstöðum: „Halló Hugleikur. Hér eru hugmyndir, þú mátt nota þær í næstu bók.“ Og svo var þetta eitthvað: „Ég er að deyja, ha ha ha, ég ætla að kúka í munninn þinn.“ Og svo framvegis.“

Ertu stoltur af þeim áhrifum sem þú hefur haft á æskuna?

„Ekkert sérstaklega, en ekki út af kúk og pisshúmornum heldur út af teiknistílnum. Ég vil að krakkar sem eru að gera teiknimyndasögur stoppi ekki bara þarna. Maður þarf að læra módelteikningu og allt til að geta gert þetta vel.“

Dreifbýlisjussur og úthverfapakk

Fólk er alveg hætt að móðgast yfir list. Það hefur eiginlega aldrei neinn móðgast og verið í sjokki yfir teikningunum hans Hugleiks.

„Ég held að fólk sé bara hrætt um að vera talið ógeðslega heimskt og skilja þetta ekki ef það er á móti þessu,“ segir Lóa. „Þannig að allir eru bara: Ha ha ha, þetta er gróf pólitísk ádeila á neysluþjóðfélagið. Geðveikt fyndið.“

Nú? Er þetta ekki gróf pólitísk ádeila á neysluþjóðfélagið?

„Ekki í upphafi, en svona þegar á leið varð ég meðvitaðri um það,“ segir Hugleikur.

„Þú varst geðveikt hræddur þegar þú varst að byrja á þessu,“ segir Lóa. „Ég man eftir því þegar þú sýndir okkur þetta fyrst. Þá vorum við að sýna saman á Seyðisfirði og þú varst búinn að vera að teikna allan daginn. Klárað-

SKREYTUM HÚS MEÐ MILLJÓNUM

Sexfaldur Lottópottur stefnir í **60 milljónir**.
Leyfðu þér smá jóla-Lottó!

Lottó

FARÐU Á NÆSTA SÖLUSTAÐ EÐA Á WWW.LOTTO.IS OG FÁÐU ÞÉR MIÐA

Filon/SÍA 6X12122009

ir fyrstu myndirnar klukkutíma áður en sýningin byrjaði. Þú sýndir okkur þetta og spurðir: Er þetta eitthvað? Þú varst eiginlega skelkaður yfir dónaskapnum í sjálfum þér.“

„Þetta var vorið 2001, alveg fyrir 9/11,“ segir Hugleikur.

„Djöfull er langt síðan, ég var sköllótt,“ segir Lóa.

„Ég byrjaði fyrir 9/11 og endaði fyrir hrun, pældu í því,“ segir Hugleikur dreyminn. „En nú er ég hættur í „Okkur“. Ég ætla að gera að minnsta kosti „Fleiri íslensk dægurlög“ og líka útlenska útgáfu með erlendum lögum sem heitir „Popular Songs“, eða eitthvað álíka.“

En Alhæft um þjóðir tvö, Lóa?

„Mér finnst að þú ættir frekar að gera Alhæft um kynhneigðir. Sú bók myndi gera það gott fyrir Gay pride,“ segir Hulli. „Svo gætirðu gert Alhæft um trúarbrögð og Alhæft um hitt og þetta.“

„Mamma er að hvetja mig til að gera bókina Dreifbýlisjussur og úthverfapakk, enda er hún dreifari,“ segir Lóa.

Að selja út

Hugleikur hefur fengið listamannalaun en Lóa hefur ekki einu sinni sótt um. „Ég fæ mér frekar einhverja vinnu,“ segir hún, „en ég veit ekki af hverju. Það er fáránlegt því þá er maður alltaf of þreyttur til að gera það sem maður ætlaði að gera.“

Hafið þið neyðst til að selja út meira núna en þegar það var góðæri?

„Nei, og það eru minni líkur að maður selji út núna,“ segir Lóa. „Það var meiri þrýstingur í góðærinu. Þá var alltaf verið að hvetja mann til þess. Þar fyrir utan ertu ekki að selja út nema þú sért að svíkja hugsjónir þínar og ef þú ert ekki með neinar hugsjónir geturðu ekki verið „sell-out“. Þá ertu bara að vinna við eitthvað.“

Hafið þið einhverjar hugsjónir?

„Já, og ég er ekki búin að selja þær. Ég hef heldur ekki haft það mörg tækifæri til þess nema í gegnum hljómsveitina (Lóa syngur með FM Belfast) og þar er enginn áhugi fyrir þessu.“

„Ég er með mjög vægar hugsjónir,“ segir Hugleikur. „Ég man ekki eftir að hafa selt út. Og svo er líka sagt: „It‘s not about selling out, it‘s about cashing in.“ Ég var reyndar beðinn um að endurbæta ímynd Sjálfstæðisflokksins skömmu eftir síðustu jól. Ég lýg þessu ekki. Það var hringt í mig og gaurinn sagði, eins og allir í þessum bransa segja: „Þú gerir náttúrlega bara það sem þú vilt“, og svo kemur alltaf „en...“

Hvað áttir þú eiginlega að gera fyrir Sjálfstæðisflokkinn?

„Æi, hann var með einhverjar hugmyndir: „Þú teiknar bara þjóðfélagið eins og þú sérð það og það er kúkur úti um allt. Og svo geturðu gert til samanburðar þjóðfélagið eins og Sjálfstæðisflokkurinn vill að það sé: enginn kúkur.“ En allavega, ég sagði nei áður en hann gat klárað „pitchið“. Enda er alveg sama hver er kosinn. Hann kúkar.“

SETIÐ Á SPJALLI Á VEITINGASTAÐ IKEA Lóa: „Ég man eftir því þegar þú sýndir okkur teiknimyndasögurnar þínar fyrst. Þú varst eiginlega skelkaður yfir dónaskapnum í sjálfum þér.“ Hugleikur: „Þetta var vorið 2001, alveg fyrir 9/11.“ Lóa: „Djöfull er langt síðan, ég var sköllótt.“ FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

➜ HUGLEIKUR

➜ LÓA

DRAUMALANDIÐ Á DVD!

Hin áhrifamikla heimildarmynd Draumalandið er komin á DVD í verslanir um land allt.



Tryggið ykkur þessa mögnuðu mynd sem lætur engan ósnortinn!

★★★★

"Áhrifamikil og brýn áminning um að afstöðu- eða gagnrýnisleysi er munaður sem við getum ekki leyft okkur - allra síst núna."
- B.S., FBL

★★★★★

"Draumalandið er stórmynd á heimsmælikvarða og frjó innspýting í eldfima samfélagsumræðuna."
- H.S., MBL

Kauptu jólagjafirnar tímanlega ►

sena
okkar heimur // þín skemmtun

FÆST Í 2 LITUM

Dantax

Dantax RR303
FERÐATÆKI með vönduðum CD spilara, 2 hátölurum, FM/AM útvarpi ofl.

VERÐ 7.990
FRÁBÆRT VERÐ

GRUNDIG

Grundig MUSICBOY50
Mjög vandað ÚTVARP með FM og langbylgju. Fyrir 220v og rafhlöður.

VERÐ 8.990
FRÁBÆRT VERÐ

JVC

JVC RCEZ51
4W RMS FERÐATÆKI með FM útvarpi, segulbandi, geislaspilara og fjarstýringu.

TILBOÐ 16.990
FULLT VERÐ kr. 19.990

PHILIPS

Philips MC147
Hljómgóð MÍKRÓSAMSTÆÐA með geislaspilara og FM útvarpi með stöðvaminnum, Dynamic Bass Boost, heyrnartólstengi ofl.

TILBOÐ 18.990
FULLT VERÐ kr. 25.990

TOSHIBA DVD VIDEO

Toshiba SD291
DVD SPILARI með USB, DTS, Scart, Digital Coaxial, Composite og RCA tengi. DivX, XviD, MPEG1-3, JPEG, Dolby Digital. PAL og NTSC ofl.

TILBOÐ 12.990
FULLT VERÐ kr. 14.990

FÆRÐU VINYL PLÖTUR YFIR Á STAFRÆNT FORM

MEÐ USB

Dantax

Dantax USB5
DJ PLÖTUSPILARI með innbyggðum formagnara og USB Plug & Play tengi. 10% Pitch stýring. Styður bæði 33 og 45 snúninga plötur. RCA Phono/Line út.

VERÐ 34.990
FRÁBÆRT VERÐ

Blu-ray Disc

Panasonic

Panasonic DMPBD60
HD 1080p Blu-Ray SPILARI með 24fps, P4HD, DTS-HD og Dolby TrueHD fyrir hágæða 7.1 heimabíóhljóm, DVD uppskölun í 1080p, BD-Live, VIERA CAST, Dolby Digital og DTS, VIERA Link, kortalesara, USB, HDMI, Digital Optical tengi ofl.

TILBOÐ 59.990
FULLT VERÐ kr. 79.990

United 22DD91HD
22" LCD BREIÐTJALD með innbyggðum DVD spilara, 1440x900p uppl., stafr. DVB-T móttakara, Nicam Stereó, sjálfvirkri stöðvaleit, HDMI, Scart, S-Video, PC tengi ofl. **12v og 220v**.

TILBOÐ 69.990
FULLT VERÐ kr. 79.990

Toshiba 19DV555DG
19" LCD Sjónvarp með innbyggðum DVD spilara, HD-READY, 1440x900 punkta upplausn, stafrænum DVB-T móttakara, HD-Ready, HDMI, Component, Composite & Scart, Digital Coaxial, CF, heyrnatólstengi ofl.

TILBOÐ 79.990
FULLT VERÐ kr. 94.990

Philips 221T1SB
22" LCD Full HD BREIÐTJALDS MONITOR með 1920x 1080p uppl., HDTV DVB-T móttakara, 50.000:1 skerpu, Progressive Scan, Incredible Surround, CI lesara, VGA, Scart, HDMI, Comp., S/PDIF, A/V inn/út ofl.

VERÐ 89.990
FRÁBÆRT VERÐ

TÖLVUSKJÁR OG SJÓNVARP

Panasonic DVD VIDEO

Panasonic SCPT70
Fjölkerfa 330w HEIMABÍÓ með DVD, Progressive scan, 5 hát. og bassaboxi, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II, FM útvarpi með minnum, HDMI ofl.

VERÐ 49.990
FRÁBÆRT VERÐ

Panasonic TXL32C10
32" HD LCD BREIÐTJALD með 1366x768p uppl., Vreal 4, IPS Alpha, 24p, 15.000:1 skerpu, 3D Colour, Sub-Pixel Control, Progressive Scan, VIERA Link, stafr. DVB-T mótt., kortalesara, 2 x Scart, 2 HDMI ofl.

TILBOÐ 134.990
FULLT VERÐ kr. 169.990

Panasonic TXP42X10
42" Plasma BREIÐTJALD með 1024x768p uppl., Vreal 4, 100Hz, 24p, Viera Link, x.v Colour, Real Black Drive 20.000:1 skerpu, Progr. Scan, 3D Colour, Sub-Pixel Control, stafr. DVB-T mót., kortalesara, 2 x Scart, 3 HDMI, PC tengi, CI rauf ofl.

TILBOÐ 184.990
FULLT VERÐ kr. 249.990

United LTV9742
42" LCD BREIÐTJALD með 1920x1080 p uppl., 3D Comb filter, FullPIX2 / FullPIX HD, 100.000:1 skerpa, PIP (mynd í mynd) og PAP, DVB-T stafr. móttakari, 2 x HDMI, VGA ofl.

TILBOÐ 189.990
FULLT VERÐ kr. 219.990

Philips 42PFL5604H
42" Full HD 1080p LCD BREIÐTJALD með 1920x 1080p uppl., Pixel Plus HD, dýnam. 50000:1 skerpu, stafr. DVB-T móttakara, USB, PC tengi, 2x Scart, 3x HDMI, RCA, S-Video, S/PDIF, Component ofl.

TILBOÐ 239.990
FULLT VERÐ kr. 279.990

Panasonic TXP42G10
42" Full HD NeoPlasma BREIÐTJALD með 1920x1080p uppl., Vreal 4 Pro, Intelligent Frame Creation Pro, 600Hz, 24p, x.v Colour, dýnamísk Infinite Black 40.000:1 skerpa, 3D Colour, Sub Pixel Control, VIERA Link, stafr. DVB-T móttakara, kortalesara, 3 HDMI, CI rauf, PC tengi ofl.

TILBOÐ 299.990
FULLT VERÐ kr. 319.990

Panasonic TXP46GA11
46" Full HD NeoPlasma BREIÐTJALD með 1920 x1080p uppl., Vreal Pro4, 600Hz Intelligent Frame Creation Pro, 24p, x.v Colour, Infinite Black 2.000.000:1 dýnamískri skerpu, 3D Colour, 3D Comb Filter C.A.T.S, stafr. DVB-T mótt., kortalesara, 2 x Scart, 3 HDMI, PC tengi ofl.

TILBOÐ 349.990
FULLT VERÐ kr. 449.990

Philips 47PFL8404H
47" Full HD LCD BREIÐTJALD með 1920x1080p uppl., Ambilight Spectra baklýsingu, Pixel precise HD, HD Natural Motion, stafr. DVB-T móttakara, dýnamískri 80.000:1 skerpu, 3ms svartíma, 100Hz Clear, 4x HDMI, VGA, USB, Ethernet vafra, Net TV með Wifi, YouTube ofl.

TILBOÐ 449.990
FULLT VERÐ kr. 499.990

Philips 52PFL7404H
52" LCD HD BREIÐTJALD með 1920x1080p uppl., Pixel Precise Full-HD, 80.000:1 skerpu, 3ms svartíma, stafr.m DVB-T móttakara, HD Natural Motion, USB MP3, JPEG og Video afspilun, 20w Incredible Surround, 2x Scart, 4x HDMI, CI, PC tengi, S/PDIF, S-Video ofl.

TILBOÐ 489.990
FULLT VERÐ kr. 599.990

MIKIÐ ÚRVAL HLJÓMTÆKJA OG HEIMABÍÓKERFA FRÁ JBL OG HARMAN/KARDON

GÆÐI Á GÓÐU VERÐI

INTENSO

Intenso 3901810
Stafrænn 7" MYNDARAMMI með fjarstýringu. Stílhreinn og flottur.

VERÐ 12.990
FRÁBÆRT VERÐ

MP3

FÆST LÍKA MEÐ 4GB MINNI Á KR. 13.990

SanDisk

Hæð: 5.5 Breidd: 3.4 Dýpt: 1.6sm

Sandisk Clip2GB
Örsmár MP3 SPILARI með 2GB innb. minni, diktafóni, USB 2, hleðslurafhlöðu ofl. Mikill hljómur og bjartur skjár. Hreinasta snilld.

VERÐ 11.990
FRÁBÆRT VERÐ

EISA AWARD Best Product 2009-2010
TRAVEL COMPACT CAMERA
Casio Exilim EX-H10

CASIO 12.1MP

Casio EXH10
12.1 millj. punkta uppl., EXILIM 4.0, Auto BESTSHOT, hristivörn, Advanced AF fókus, 3" Super Clear LCD breiðskjá, 10x Optical og 4x Digital Zoom, F3.2 4.3 - 43.0mm linsu, HD hreyfimyndatöku, YouTube, 1000 mynda rafhlöðu, 35.7MB minni, rauf fyrir SD/SDHC kort ofl.

TILBOÐ 59.990
FULLT VERÐ kr. 69.990

1000 MYNDIR Á RAFHLÖÐU

tasco

Tasco 168RB
FERÐASJÓNAUKI með 10x stækkun og 25mm glerjum.

VERÐ 4.990
FRÁBÆRT VERÐ

PHILIPS

Philips CD1501
Þráðlaus DECT sími með 50 númer í minni, 12 tíma hleðsla í notkun og 6 dagar í bið. Endurval í síðustu 5 númer.

TILBOÐ 6.990
FULLT VERÐ kr. 8.990

tasco

Tasco 2023BRZ
SJÓNAUKI með 10x stækkun, 50mm glerjum og Wide angle breiðlinsu. Taska fylgir.

TILBOÐ 9.990
FULLT VERÐ kr. 10.990

OLYMPUS

Olympus VN5500PC
Stafrænn DIKTAFÓNN með innb. 512mb Flash minni, allt að 300 klst. upptöku, CELP, Voice Activation, 3 hröðum á endurspilun, hljóðnema- og heyrnartólstengjum ofl.

VERÐ 13.990
FRÁBÆRT VERÐ

FÆST Í 2 LITUM

OLYMPUS 12MP

Olympus FE26
12 millj. punkta uppl., Face Detection, Autofocus, Contrast Detection, DSP hristivörn, 2.7" LCD skjá, 3x Optical og 4x Digital Zoom, 6.3 - 18.9mm linsu, hreyfimyndatökua með hljóði, USB, 19MB minni, rauf fyrir xD kort ofl.

TILBOÐ 19.990
FULLT VERÐ kr. 22.990

JBL

FÆST Í 2 LITUM

Ath. iPod fylgir ekki.

JBL ONSTAGE MICRO
HÁTALARAR með innb. 30w magnara og fjarstýringu, iPod vöggu, Aux tengi fyrir MP3,CD ofl.

TILBOÐ 19.990
FULLT VERÐ kr. 21.990

MÁ HENGJA Á VEGG

PHILIPS

Philips DVP6620
Fjölkerfa DVD DivX SPILARI með HD uppskölun í 720p/1080i, MPEG1/2, DivX 6.0, NTSC&PAL afspilun, HDMI, Digital Coaxial, Component út, Progressive, CVBS & Analog Audio L/R út.

VERÐ 22.990
FRÁBÆRT VERÐ

JVC SPILAR MP3 DISKA

JVC UXS20
MÍKRÓSAMSTÆÐA með MP3 geislaspilara, 50w RMS magnara, RDS útvarpi með 30 stöðvaminnum, Aux Inn að framan, heyrnartólstengi ofl.

VERÐ 29.990
FRÁBÆRT VERÐ

FÆST Í 2 LITUM

Ultra-Slim Body – Ótrúlega nett

OLYMPUS 12MP

Olympus FE4000
12 millj. punkta uppl., 4x Optical Zoom, 4.65 - 18.6 mm linsu, Intelligent Auto, Advanced Face Detection, 2.7" LCD skjár, hreyfimyndatöku, sjálfv. ISO 100-1600, innb. flassi með Red Eye Reduction, Lithium hleðslurafhlöðu, 19MB innb. minni ofl. Styður xD og microSD kort.

TILBOÐ 27.990
FULLT VERÐ kr. 29.990

Full HD 1080p

PASSAR Í LÓFA

Toshiba P10
Handhæg stafræn TÖKUVÉL með 1080p HD upplausn, 5MP kyrrmyndavél, 4x Digital Zoom, 2.5" LCD skjá, 128MB innbyggðu minni og Red-Eye Reduction. Tekur SDHC kort að 32GB.

VERÐ 39.990
FRÁBÆRT VERÐ

27"

JVC

JVC GZMS120S
Digital TÖKUVÉL með innb. kyrrmyndavél, 2.7" LCD skjá, 35x Optical / 40x Dynamic Zoom / 800x Digital Zoom, Laser Touch viðmóti, 1/6" CCD upptökuflögu, Konica Minolta F1.8 linsu, MicroSD rauf, USB, A/V út ofl. Þyngd aðeins 290g.

TILBOÐ 59.990
FULLT VERÐ kr. 64.990

JÓLATILBOÐ
VÖNDUÐ TASKA
+ 2x 2GB KORT
FYLGIR VÉLINNI

Nikon 10.2 DX

Nikon D3000 KIT1855DX
Digital SLR með 10.2 millj. punkta uppl., DX myndflögu með Nikon EXPEED, ISO 100 -1600, 3" LCD skjá, mjög skörpum 11 svæða sjálfv. fókus, Active D-Lighting, skjámynd snýst, Stop-motion ofl.

Fæst líka með AFS18-55VR linsu með hristivörn á kr. 122.995

TILBOÐ 114.990
FULLT VERÐ kr. 129.990

VÖNDUÐ MINNISKORT Í ALLAR GERÐIR MYNDAVÉLAR OG TÖKUVÉLA
EINNIG HÁGÆÐA MINNISLYKLAR SEM TREYSTANDI ER FYRIR VIÐKVÆMUM UPPLÝSINGUM!

Extreme Pro 90MB/s 16GB SanDisk

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2009

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Smárabær, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Nettó, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tækniráð, Grindavík. Hagkaup, Njarðvík.

Popp er vannýtt auðlind

Gunnar Þórðarson og **Jóhann G. Jóhannsson** eru tveir af burðarveggjunum í musteri íslenska poppsins. ***Dr. Gunni*** hitti þá í vikunni til að forvitnast um nýju plöturnar með þeim, öll árin í bransanum og ástand þjóðmála.

ÞETTA MEIKERÍ ER ERFITT, MAÐUR Jóhann G. Jóhannsson segir að heppni og seigla skipti öllu í meikinu en Gunnar Þórðarson nennti aldrei að spá í þetta. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Jæja, hérna eruð þið þá komnir, gömlu mennirnir…

Jóhann: „Gömlu mennirnir? Menn á besta aldri! Við Gunnar verðum ekki gamlir fyrr en við verðum komnir svona nálægt, tja, hundrað!“

Er þetta eitthvað sem fólk af bítlakynslóðinni hefur umfram aðra, að eldast ekki?

Jóhann: „Sjáðu bara Stóns. Þeir eru eldri en við Gunni. Keith. Er hann ekki enn að sveifla sér í trjám eins og unglingur.“

Gunnar: „Við erum svona 3-4 árum yngri en þeir. Ég er 64 ára og Jóhann er 62 ára. Eiríkur, bróðir Jóhanns, var mikill vinur minn. Fyrstu skrefið mín á gítarnum voru tekin á Ásabrautinni heima hjá frænku Eiríks.“

Jóhann: „Þetta var þannig að faðir okkar dó úr lömunarveiki fjórum dögum áður en ég fæddist svo föðursystir okkar ól Eirík upp. Ég man að Eiríkur talaði um að Gunna færi rosalega fljótt fram á gítarnum. Erlingur Björnsson var alltaf hljómakóngurinn því hann átti bók með 3.400 hljómum og kunni þá flesta. Svo kom Gunni og allir sáu hvað hann þaut áfram í gítarkunnáttu. Hann tók þetta bara af alvöru.“

Heilbrigð samkeppni í Kef

Hljómarnir voru kóngarnir en í Keflavík risu Óðmenn upp og ógnuðu veldinu. Meðlimir fóru á milli banda, stundum með talsverðum látum.

Jóhann: „Engilbert Jensen hætti í Hljómum og varð einn stofnandi Óðmanna. Þegar við vorum að æfa í Gagnfræðaskólanum í Njarðvík heyrðum við af því að Hljómarnir hafi verið að njósna um okkur. Komu og lágu á hleri. En auðvitað var keppni á milli banda, bara eins og í fótboltanum. En alltaf mikil virðing og gaman þegar við hittumst.“

Gunnar: „Heilbrigð samkeppni bara.“

Mynduð þið segja að þessi fyrstu ár í bransanum séu skemmtilegust, þegar menn eru ungir og frjóir?

Gunnar: „Jú, langskemmtilegast. Það var allt svo nýtt fyrir manni.“

Jóhann: „En þetta var öðruvísi í byrjun. Við í Óðmönnum vorum ekki að spila neitt frumsamið efni.“

Gunnar: „Það var bara ekki lenskan. Þótt við í Hljómum værum búnir að setja fullt af frumsömdum lögum á plötur þá spiluðum við þau aldrei á tónleikum, eða sjaldan. Það var einhver vantrú í gangi.“

Jóhann: „Að spila frumsömdu lögin kom ekki fyrr en Óðmenn voru orðnir tríó. Og meira að segja þá gerðum við ekki mikið af því.“

Heppni og seigla

Bæði Gunnar og Jóhann hættu fljótlega í hljómsveitastússi og urðu lagahöfundar fyrst og fremst.

Jóhann: „Ég fann mig ekki í þessu og myndlistin togaði líka alltaf. Til dæmis spilaði ég í þrjá mánuði með Náttúru og fannst sköpunargáfan alveg gufa upp. Að vera einn með mörgum í bandi tók svo mikið energí frá manni. Maður mætti kannski á æfingu kl. 10, en svo var enginn annar mættur fyrr en kl. 12 og þá var kannski stungið upp á því að fara frekar í bíó! Mér fannst hræðilegt að fara svona með tímann. Seinna fór ég í Póker af því að þar voru menn að landa einhverjum samningi í útlöndum. Það rann svo auðvitað allt í vaskinn.“

Og þar hvarf sá meikdraumur…

Gunnar: „Þetta meikerí er erfitt, maður.“

Jóhann: „Segðu, já.“

Hvenær hættuð þið þá að hafa það á stefnuskránni að verða alþjóðlegir listamenn?

Jóhann: „Ég hef aldrei hætt því enda lít ég á mig sem lagahöfund sem á alveg erindi inn á alþjóðlegan markað. Ég hef margoft fengið það staðfest með því að taka þátt í alþjóðlegum söngvakeppnum og mjög oft komist í úrslit. Ég er alveg klár á því að þetta er bara spurning um heppni og seiglu.“

Gunnar: „Ég nennti bara aldrei að spá í þessu. Ég hef búið erlendis, í Los Angeles, New York og London og ég nennti aldrei að fara á einhverjar skrifstofur og taka þennan rúnt. Til að ná árangri þarftu að sinna þessu. Þetta er bara sérdeild og fúltæm djobb.“

Jóhann: „Þetta er allt önnur staða ef þú ætlar að vera lagahöfundur. Mér finnst gaman að semja og taka upp en finnst handónýtt að þurfa svo að flengjast um að spila sömu lögin aftur og aftur. Ég vil eyða tímanum í eitthvað annað.“

Gunnar: „Það má líta á íslenska popptónlist sem ónotaða auðlind. Hún er bara notuð hérna á Íslandi en það mætti alveg flytja hana út.“

Jóhann: „Akkúrat! Sjáðu til dæmis í þessum erfiðleikum núna. Ef við ættum hljómsveit í sama klassa og Abba værum við mjög fljót að vinna okkur út úr kreppunni. Það er spurning hvort það ætti ekki bara að stofna hljómsveit undir stjórn Gunnars og fara að redda málunum hérna. Það er komið að okkur! Það mætti setja einu sinni 200 milljónir – upphæð sem þessir útrásargæjar sumir voru að fara með á einu kvöldi – í góða og skemmtilega tilraun.“

Lagið þarf að vera ókei

Vetrarsól nefnist pakki frá Gunnari þar sem tónleikum hans í Borgarleikhúsinu í október eru gerð skil á CD og DVD. Þá er kominn út diskurinn Bæn með klassískri tónlist eftir Gunnar. Ný sólóplata Jóhanns heitir Á lengri leið. Þar eru tíu ný lög, en þau voru samin á löngum tíma.

Jóhann: „Tónlist er ný þegar hún kemur út. Úrvinnslan skiptir öllu máli. Hvað segir þú um það, Gunni?“

Gunnar: „Þetta spilar allt saman. Lagið þarf náttúrlega að vera ókei. Maður veit aldrei með útkomuna. Hefur kannski háar hugmyndir og á von á að lag gæti gert það gott, en svo fellur það flatt. Það er alltaf spennandi að sjá hvað verður úr þessu.“

Jóhann: „Stundum lendir maður í því að lag sem maður heldur að ekkert geri verður vinsælt. Það var þannig með „Traustur vinur“. Það var bara hent inn af Upplyftingu af því að þá vantaði efni. Það var ekkert gert fyrir það en lagið vann sig upp einhvern veginn hjá fólkinu.“

Gunnar: „Þegar ég gaf út plötuna Himinn og jörð þá gerðu lögin „Vetrarsól“ og „Þitt fyrsta bros“ ekkert í byrjun. Það var ekki fyrr en 2-3 árum seinna að þau fóru að gera eitthvað.“

Jóhann: „… og eru orðin klassísk í dag. Svona er þetta.“

Heimur versnandi fer

Gunnar og Jóhann eru ómyrkir í máli þegar þeir tala um þjóðmálin. Gunnar barði á pott í búsáhaldabyltingunni en Jóhann segist hafa verið löglega afsakaður því hann glímdi við veikindi. Hann samdi þó lag sem heitir „Komum þeim frá“ og Sigurður mjólkurbóndi söng inn á plötu.

Gunnar: „Það var rosastemning þarna. En svo koðnaði þetta bara niður. Þetta gæti alveg komið upp aftur.“

Jóhann: „Ef maður hugsar rökrétt getur maður spurt sig: Við hverju var að búast yfirhöfuð frá þessum pólitíkusum? Í stað þess að þiggja öll góð ráð og stofna hreinlega eitthvert fagráð til að vinna úr þessu voru bara þessir gömlu skarfar fastir í sínum flokksrömmum látnir taka til. Nú heyrist hæst í þeim sem klúðruðu málunum. Nú vita þeir allt í einu allt betur en allir aðrir.“

Gunnar: „Það er ömurlegt að horfa upp á Alþingi núna. Ég næ þessu liði bara ekki.“

Jóhann: „Þetta fólk hugsar bara í fjögurra ára tímabilum. Hvernig er hægt að ætlast til að það hafi einhverja heildarsýn til komandi kynslóða. Það er reyndar ágætis hugsjónafólk þarna inn á milli en það koðnar bara niður því það fær engu framgengt.“

Hvernig finnst ykkur stemmingin á Íslandi í dag? Sjáið þið eintómt svartnætti fram undan?

Gunnar: „Nei, ég held þetta sé bara heilbrigðara núna en það var. Það er reyndar ömurlegt að sjá hvernig margar fjölskyldur hafa það í dag.“

Jóhann: „Það er oft full mikið svartnætti sem blasir við úr fjölmiðlum. En það er nú bara eins og það er, fréttamatið er að horfa alltaf á hið neikvæða. Ég var til dæmis að opna sýningu og halda tónleika en það sinnti því enginn fjölmiðill. Ef ég hefði verið barinn á staðnum hefði það komið í öllum fjölmiðlum. Maður ætti kannski að láta einhvern lemja sig næst til að komast í blöðin!? Það er margt bogið við ástand mála hjá poppurum.“

Gunnar: „Hvernig stendur til dæmis á því að tónlistarmenn hafa árum saman látið bjóða sér að spila í þáttum á Stöð 2 án þess að fá borgað fyrir það? Og hafa gert alla tíð.“

Jóhann: „Akkúrat. Nú er þetta víst orðið eins á Ríkissjónvarpinu. Ef ég hefði átt að komast að í Kastljósi hefði ég þurft að æfa upp band og spila frítt. Ég sagði bara nei takk. Þess vegna gerði ég frekar myndband því það má nota það.“

Gunnar: „Þegar við í Hljómum vorum að spila fyrir Sjónvarpið á 7. áratugnum þá fengum við alltaf greitt fyrir það. Vel greitt, meira að segja. Ég held við höfum verið á leikarataxta. Síðan hefur heimur versnandi farið.“

Jóhann um Gunnar og Gunnar um Jóhann

Jóhann: „Það sem kemur fyrst upp í hugann af lögum Gunnars er „Vetrarsól“. En svo man ég líka að mér fannst „Once“ af fjögurra laga plötu Hljóma æðislegt þegar ég heyrði það fyrst. En auðvitað hef ég heillast af mjög mörgu sem Gunnar hefur gert. Þarna var fyrirmyndin. Gunnar og Rúnar voru goðin. Maður hafði aldrei séð annað eins.“
Gunnar: „Uppáhaldslagið mitt eftir Jóa er „Don't try to fool me“. Það er náttúrlega tímalaus snilld. Það er svo einstakt lag.“
Jóhann: „Ég á nú eftir að láta þig fá nýja diskinn!“

Hafið þið gert eitthvað saman í músíkinni?
Jóhann: „Ég hef samið texta fyrir þig, Gunni minn.“
Gunnar: „Ha, bíddu?“
Jóhann: „Það var haft samband við mig fyrir plötu með Pálma Gunnarssyni sem þú samdir lög á. Menn biðu bara í stúdíóinu og vantaði orð til að syngja og ég þurfti að snara fram nokkrum textum í mikilli törn. Svo samdi ég líka texta við lag sem Björgvin Halldórsson söng inn á plötu eftir þig og varð nokkuð vinsælt. Hvað hét það nú aftur?“

Jóhann raular laglínu lagsins en ekki kviknar á neinni peru hjá Gunnari.

GÖMLU KEPPINAUTARNIR ÚR KEF Bara heilbrigð samkeppni.

Bækur um allt fyrir alla



2.395 kr.

~~2.795 kr.~~
The Complaints



3.395 kr.

~~3.995 kr.~~
Ford County



2.495 kr.

~~2.995 kr.~~
Digital Art



2.995 kr.

~~3.495 kr.~~
1001 Books You Must Read Before You Die



4.995 kr.

~~5.995 kr.~~
I Know How to Cook



5.495 kr.

~~6.495 kr.~~
100 Contemporary Fashion Designers

6.795 kr.

~~7.995 kr.~~
Earth on Fire

4.295 kr.

~~4.995 kr.~~
Magnum

3.695 kr.

~~4.295 kr.~~
Making Faces

4.295 kr.

~~4.995 kr.~~
Great Novels of Jane Austen

2.495 kr.

~~2.995 kr.~~
Street Art



4.295 kr.

~~4.995 kr.~~
True Compass



4.295 kr.

~~4.995 kr.~~
The Brain Book

7.995 kr.

~~8.995 kr.~~
Opera

4.995 kr.

~~5.995 kr.~~
Prehistoric



1.995 kr.

~~2.495 kr.~~
Women Artists in the 20th and 21st Century

2.995 kr.

~~3.495 kr.~~
True Blood Omnibus



3.395 kr.

~~3.995 kr.~~
Sacred Places of a Lifetime

4.995 kr.

~~5.995 kr.~~
Science

2.295 kr.

~~2.695 kr.~~
Our World Now



5.995 kr.

~~6.995 kr.~~
Concise World Atlas



3.995 kr.

~~4.995 kr.~~
Unseen Academicals



3.395 kr.

~~3.995 kr.~~
World Art

4.295 kr.

~~4.995 kr.~~
The A-Z of Modern Design

Athugið að úrval af erlendum bókum er mismunandi eftir verslunum

Tilboð gildir til og með 20.12.09

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872

JÓNSSON & LE'MACKS • JL.IS • SÍA

Í KÍNVERSKUM SKEMMTIGARÐI Hópur jólasveina brá sér í skemmtigarð í Peking til að æfa sig fyrir jólastuðið. NORDICPHOTOS/AFP

Tími jólasveinanna er kominn

Stekkjarstaur kemur til byggða á Íslandi í nótt. Víða um heim hafa skyldmenni hans í ýmsum útgáfum sést á ferli, en alls staðar hafa jólasveinarnir svipuðu hlutverki að gegna; þeir færa gjafir, spjalla við börnin og finna upp á ólíklegustu uppátækjum.

NORDICPHOTOS/AFP

LEIKUR SÉR Á SJÓBRETTI Jólasveinar taka upp á ýmsu. Í Hamborg brá þessi sér á sjóbretti á vatni og skemmti sér heldur betur.

HEILAGUR NIKULÁS Í TÉKKLANDI Jólasveinar eru ekki allir eins. Víða í Mið- og Austur-Evrópu er það heilagur Nikulás sem enn vitjar barna fyrir jólin, ræðir við þau og færir gjafir. Hann var á ferðinni í Prag í vikunni og þá náðist þessi mynd af honum. NORDICPHOTOS/AFP

ÞÚSUND JÓLASVEINAR SAMAN KOMNIR Í Suður-Kóreu eru jólin ein stærsta hátíð ársins. Helmingur íbúanna þar er kristinnar trúar. Í byrjun desember komu eitt þúsund og fjórir sveinar saman í góðgerðaskyni í höfuðborginni Seúl. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

SÁ GRÆNI Í JAPAN Fram á miðja síðustu öld klæddust jólasveinar yfirleitt grænum búningi. Í verslunarmiðstöðinni Mitsokoshi í Tókýó tók einn upp á því að fylgja þessum gamla sið, en veifaði jafnframt danska fánanum enda í heimsókn frá Danmörku. NORDICPHOTOS/AFP

nettó
Ódýrt fyrir heimilið!

Jólabækurnar á betra verði!



4.544 kr. áður 6.990 kr.

VIGDÍS, KONA VERÐUR FORSETI
35%
AFSLÁTTUR



3.294 kr. áður 5.490 kr.

AUÐUR
40%
AFSLÁTTUR



4.544 kr. áður 6.990 kr.

SNORRI
ÆVISAGA SNORRA STURLUSONAR 1179-1241
35%
AFSLÁTTUR

3.414 kr. áður 5.690 kr.

SVÖRTULOFT
40%
AFSLÁTTUR

3.569 kr. áður 5.490 kr.

KARLSVAGNINN
35%
AFSLÁTTUR

3.333 kr. áður 5.290 kr.

NÝTT TUNGL
37%
AFSLÁTTUR

3.244 kr. áður 4.990 kr.

STÓRSKEMMTILEGA STELPUBÓKIN
35%
AFSLÁTTUR

2.214 kr. áður 3.690 kr.

PRINSESSAN Á BESSASTÖÐUM
40%
AFSLÁTTUR

2.529 kr. áður 3.890 kr.

NÚLL NÚLL NÍU
35%
AFSLÁTTUR

2.269 kr. áður 3.490 kr.

EF VÆRI ÉG SÖNGVARI
GEISLADISKUR FYLGIR
35%
AFSLÁTTUR

3.144 kr. áður 4.990 kr.

ALLTAF SAMA SAGAN
37%
AFSLÁTTUR

3.894 kr. áður 5.990 kr.

HEIMSMETABÓK GUINNES 2010
35%
AFSLÁTTUR

www.markhonnun.is

Birt með fyrirvara um prentvillur

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**
Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

Tilboðin gilda 11. - 13. desember eða meðan birgðir endast

FJÖLSKYLDAN Á GÓÐRI STUNDU Tvíburarnir Högni Jökull og Ásgeir Jaki, tveggja og hálfs árs, og bróðir þeirra Hrannar Örn sem er sjö ára, leika sér í sandinum á ferðalagi fjölskyldunnar að Hlöðufelli. Linda Ósk Högnadóttir, kona Atla, hallar sér upp að hinum trygga ferðafélaga LongRunner. Á myndina vantar son Atla, Arnþór Ósmann, en bílasmiðurinn sjálfur er á bak við myndavélina. MYND/ÚR EINKASAFNI

LongRunner-jeppinn varð til úr nokkrum líffæragjöfum

Atli Eggertsson, búfræðingur og vélfræðingur, fékk þá stórsnjöllu hugmynd að lengja jeppann sinn þegar ljóst varð að fimmta barnið væri á leiðinni. *Sólveig Gísladóttir* fékk að heyra hvernig 4Runner-jeppi breyttist í LongRunner á fjórum mánuðum.

„Við fjölskyldan í Knarrarholti höfum alltaf ferðast mikið á fjöll og höfðum alls ekki í hyggju að hætta því þó að fleiri bættust í hópinn," segir Atli Eggertsson til útskýringar á því af hverju hann lagðist í það stóra verkefni að breyta fimm dyra 4Runner-jeppa í sjö dyra ofurjeppa á 44 tommu dekkjum.

Fimm barna faðir

Atli á von á sínu fimmta barni á allra næstu dögum en á fyrir fjóra drengi: tíu ára, sjö ára og tveggja og hálfs árs tvíbura. Þegar hann frétti af viðbótinni sá hann enn meiri ástæðu til að leggjast í meiriháttar breytingar á bílnum sínum enda eru fáir jeppar á markaðnum sem rúma bæði sjö manna fjölskyldu og farangur með góðu móti.

„Reyndar var gamli bíllinn okkar með sjö sætum en tvö þeirra voru aftast í skotti. Það var orðið þannig að þegar ferðahópurinn stoppaði einhvers staðar til að fá sér kaffisopa vorum við passlega búin að tína börnin út úr bílnum þegar hinir voru að leggja af stað aftur," segir hann og hlær. „Draumur okkar var því að eiga bíl með dyr fyrir hvern og einn þannig að hægt væri að stoppa, ryðja öllum út og svo inn aftur."

Engin geimvísindi

Verklegar framkvæmdir við smíði LongRunner hófust í lok febrúar á þessu ári. „Þá var ég hins vegar búinn að teikna þetta allt saman upp í Autocat og gera mér grein fyrir öllum þeim vandamálum sem gætu komið upp. Ég var líka búinn að smíða frumgerð af hurðum þannig að þegar ég fór loks í verkið var öll hönnunarvinna búin og ekkert kom á óvart," segir Atli, sem er búfræðingur og vélfræðingur að mennt. „Ég hef verið að grautast í bílum frá því ég var unglingur. Þetta eru nú engin geimvísindi," segir hann og bætir við að fyrir sig að smíða bíl sé svipað og fyrir smið að smíða sér hús.

Bíllinn er samsettur úr nokkrum líffæragjöfum eins og Atli kallar það. Grindin er úr gamla 4Runnerbíl fjölskyldunnar, dísilvélin úr LandCruiser og boddíið er samansett úr tveimur 4Runner-bifreiðum. Atli byrjaði á því að smíða boddíið en endaði á því að taka grindina undan bílnum sínum og lengja hana. „Við tímdum ekki að vera jeppalaus í lengri tíma þannig að við ákváðum að gera þetta svona," segir hann en síðasta ferðin á 4Runner var farin um hvítasunnuhelgina. „Á þriðjudeginum var farið í að taka boddíið af grindinni, lengja grindina og setja nýja boddíið á grindina."

Myndaður á ljósum

Atli hafði dundað sér við þetta stóra verkefni um helgar fram í miðjan maí, þegar hann tók sér frí út júní og einbeitti sér alfarið að bílasmíðinni. „Strax 4. júlí fórum við svo í sumarfrí á bílnum og síðan höfum við ekið fimmtán þúsund kílómetra, bæði í sumar og svo nokkrar ferðir í haust," segir Atli og telur bílinn hafa reynst feikivel. „Hann er mjúkur og þægilegur og Linda konan mín notar hann í vinnuna dags daglega. Svo er algjör munur að vera með svona margar dyr," segir Atli og bætir við að þrátt fyrir mikla notkun hafi engir sjúkdómar komið upp í bílnum.

Hinn óvenjulangi jeppi á risadekkjum fær mikla athygli að sögn Atla. „Þá sjaldan að maður kemur á bílnum til Reykjavíkur er alltaf einhver sem tekur mynd af honum á ljósum," segir hann og hlær.

FYRIR BREYTINGAR 4Runner-bifreiðin nýttist vel í fjölmörgum fjallaferðum.

TVEIR AÐ EINUM Atli byrjaði á að finna framenda og afturenda af tveimur bílum.

KOMIN MYND Búið að sjóða saman boddíið úr tveimur bílum.

SPRAUTAÐ Atli sprautar hurðirnar sex.

Á LEIÐ Í SPRAUTUN Gamli 4Runner teymir þann nýja í sprautun.

EINS OG NÝR Búið að sprauta boddíið og komið heim í hlað.

GRINDIN SKORIN Atli notaði grindina úr gamla 4Runner-jeppanum sínum.

SAMSETNING Nýja boddíið sett á lengdu grindina. Vélin kom svo úr LandCruiser.

NÓG PLÁSS Vel fer um öll börnin í nýja bílnum.

Í JÖKULSÁRLÓNI LongRunner hefur reynst einstaklega vel í fjallaferðum.

KONFEKT SPRENGJA

OPIÐ
TIL 22:00
ÖLL KVÖLD
til jóla

HÁMARK
EIN Í KÖRFU!

Quality Street
2.418 kg.

TILBOÐ
2.999kr
~~3.989~~

TILBOÐ
2.499kr
~~3.099~~

Nóa konfekt 1 kg.

TILBOÐ
2.899kr
~~3.699~~

Rose 975 g.

TILBOÐ
1.799kr
~~2.499~~

Nóa konfekt nr. 7

TILBOÐ
699kr
~~775~~

After Eight 400 g.

TILBOÐ
1.899kr
~~2.399~~

Lindu konfekt 1 kg.

TILBOÐ
899kr
~~1.199~~

TILBOÐ
1.599kr

OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 13. desember á meðan birgðir endast.

50 ára HAGKAUP
fyrir Íslendinga í 50 ár

STRÆTI LUNDÚNA Hrappur og strákur úr þjófagenginu skáskjóta sér um stræti borgarinnar. Tryggvi Björnsson og Davíð Ólafsson í hlutverkum sínum.

LÁTA SIG DREYMA UM MAT Svangir krakkar á munaðarleysingjahælinu syngja lagið „Mat, dýrlegan mat“ / Food Glorious Food.

FRÆGASTA SETNING VERKSINS Munaðarleysinginn sársvangi Oliver Twist biður um annan skammt á diskinn sinn. „Má ég fá meira?“

JÓLATILBOÐ

JÓLAGJAFIRNAR
fást í Eirvík

KAFFIVÉLAR - MATVINNSLUVÉLAR - POTTAR & PÖNNUR
SAFAPRESSUR - ELDHÚSÁHÖLD

Opið í dag laugardag frá kl. 11:00-15:00

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

vilborga@centrum.is

Má ég fá meira?

Hin ástsæla skáldsaga Charles Dickens um munaðarleysingjann **Oliver Twist** er komin á fjalir Þjóðleikhússins í söngleikjabúningi Lionels Bart. Sýningin, sem verður frumflutt á annan í jólum, verður hin ævintýralegasta og uppfull af söng, dansi og stórfenglegri sviðsmynd og búningum. Anton Brink fékk að mynda rennslið á fimmtudaginn og sjá glaðværa unga leikara stíga sín fyrstu stóru skref á sviðinu.

FAGIN, NANSÝ OG ÞJÓFAGENGIÐ BREGÐA Á LEIK Eggert Þorleifsson og Vigdís Hrefna Pálsdóttir syngja lagið „Hvað sem er“ eða „I'll Do Anything“.

RENNT YFIR TEXTANN Selma Björnsdóttir leikstjóri ræðir við konur á kránni.

FARIÐ Í BÚNINGA Ívar Helgason og Ólöf Jara Skagfjörð fara í 19. aldar búningana.

Í SLÆMUM FÉLAGSSKAP Hér sést söguhetjan Oliver ásamt þjófagengi Fagins.

WINDOWS 7 UPPFÆRSLA MEÐ ÖLLUM TÖLVUM KR. 9.990

FRÁBÆR JÓLATILBOÐ

ÞÚ FÆRÐ ALLA HÖRÐU JÓLAPAKKANA Á BETRA VERÐI Í TÖLVULISTANUM

TÖLVU TILBOÐ

Ace Intel 3 tölvupakki

- Intel Core 2 Duo E7400 örgjörvi
- 2GB DDR3 vinnsluminni
- 640GB WD Blue harður diskur
- 22x Dual Layer DVD skrifari
- 22" Philips 220SW9FB LCD skjár
- 512MB MSI ATI Radeon HD4850 skjákort
- 2.1 Logitech S220 hátalarakerfi
- 7.1 Dolby Digital 24-bit hljóðkort
- Windows 7 Premium stýrikerfi

169.990



KJÖLTUSTANDUR

Logitech Comfort

Kjöltustandur fyrir fartölvur sem verndar líkamann fyrir hita. Veitir stuðning og verndar háls og bak gagnvart rangri líkamsbeitingu. Fyrir allt að 17" tölvur.

7.990

PHILIPS LASERMÚS

Philips SPM9800

Þráðlaus Bluetooth mús sem virkar án viðkomu við snertiflöt s.s músarmottu. Virkar jafnt á lofti sem á borði. Hleður sig í gegnum USB.

12.990

23 Philips 231E1SB

23" TFT active matrix LCD breiðskjár með 1920x1080 dpi, 25000:1 í dýnamískri skerpu, 16.7 milljónir lita, 5ms viðbragðstíma, D-Sub, DVI-D ofl.

44.990

HÁTALARAKERFI

Logitech X-530

Ótrúlega magnað hátalarakerfi með 140w RMS hátölurum og stóru bassaboxi. Flott kerfi fyrir leikjatölvur og tölvuleiki.

24.990

PASSPORT FLAKKARI

WD Passport 500GB

2,5" flakkari með 500GB hörðum disk og USB. Slekkur á sér um leið og tölvan og sparar orku.

24.990

SKJÁKORT

MSI GeForce N240GT-MD1G DDR3

1024 MB PCI Express skjákort. 1580MHz. Upplasun 2560x1600.

21.990

SJÓNVARPS FLAKKARI

ICY BOX MP-304

3.5" margmiðlunarspilari með HDMI, Composite, USB Uplink og Optical tengi. Spilar alla helstu mynd- og hljóðstaðla.

19.990

12MP MYNDAVÉL

Olympus FE26

12 milljóna punkta upplausn, Face Detection, Autofocus, Contrast Detection, 2.7" LCD skjá, 3x Optical og 4x Digital Zoom, 6.3 - 18.9mm linsu, hreyfimyndatöku með hljóði, USB, 19MB minni, rauf fyrir xD kort ofl.

19.990

ÞRÁÐLAUS HEYRNARTÓL

Philips SBCHC8440

Þráðlaus heyrnartól með FM sendi og hleðslurafhlöðum með allt að 15 tíma endingu. Henta við sjónvarpið, græjurnar eða tölvuna.

12.990

2GB MP3 SPLARI

Sandisk Clip 2GB

Örsmár MP3 SPILARI með 2GB innb. minni, diktafóni, USB 2, hleðslurafhlöðu ofl. Mikill hljómur og bjartur skjár. Hreinasta snilld. Hæð: 5.5 Breidd: 3.4 Dýpt: 1.6sm

10.990

LEIKJAPINNI

Logitech Precision Gamepad

Leikjapinni með USB. Þægilegt grip og algeng staðsetning á tökkum. PC og Mac.

2.990

FARTÖLVA

Toshiba PRO L300D-227

2.0GHz Mobile AMD Sempron SI-40 örgjörvi • 2GB DDR2 800MHz minni • 160GB SATA harðdiskur • 8xDVD±RW Dual Layer og CD-RW skrifari • 15.4" WXGA breiðskjár • ATI Radeon HD 3200 PCI-Express skjákort • Þráðlaust 54Mbps 802.11b/g netkort • 3xUSB 2.0, VGA, ExpressCard Slot • Windows Vista Home Basic

89.990

ALHLIÐA FJARSTÝRING

Logitech Harmony 785

Universal fjarstýring með litaskjá fyrir sjónvörp, DVD spilara, hljómtæki, flakkara ofl. Kemur í stað 15 fjarstýringa. Hleðslurafhlaða. Uppfæranlegur.

22.990

TÖLVULISTINN

TL.IS
www.tolvulistinn.is

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

NÓATÚNI 17	STRANDGÖTU 9	MIÐVANGI 2-4	HAFNARGÖTU 90	AUSTURVEGI 34	REYKJAVÍKURVEGI 66
S: 414 1700	S: 414 1730	S: 414 1735	S: 414 1740	S: 414 1745	S: 414 1750

TILBOÐ DAGSINS

JBL hljómtæki með magnara og iPod vöggu*

29.989 kr.

Fullt verð 49.989

Ath. iPod og iPhone fylgja ekki með JBL OnTime.

AÐEINS LÍTIÐ BROT AF ÚRVALINU

Philips heyrnartól

3.989 kr.

Nokia GSM sími

5.489 kr.

Philips útvarpsvekjari

8.489 kr.

Þráðlaus Panasonic sími

8.989 kr.

United DVD spilari með karaóki

9.989 kr.

Philips útvarp með CD og segulbandi

14.989 kr.

Olympus 12MP myndavél

19.989 kr.

Lenco plötuspilari með USB

26.989 kr.

Örsmá

Toshiba 1080p HD tökuvél

39.989 kr.

Philips míkró stæða með USB

39.989 kr.

330w Panasonic heimabíó með DVD

49.989 kr.

Dantax 2x100w útvarpsmagnari og CD spilari

59.989 kr.

2.989 kr.

2.389 kr.

2.489 kr.

2.489 kr.

1.989 kr.

1.989 kr.

AFÞREYING OG RAFTÆKI – FJÖLDI TILBOÐA Í BÚÐINNI

TILBOÐ DAGSINS



8 GB iPod Nano með vídeóvél og FM útvarpi

32.989 kr.

Fullt verð ~~39.989~~

FRÉTTABLAÐIÐ

?

Fylgstu með TILBOÐI DAGSINS í blaðinu á morgun!

TROÐFULL BÚÐ AF GJAFAVÖRU

Logitech þráðlaus optical mús

4.989 kr.



United útvarp með CD og segulbandi

7.989 kr.

United marg-miðlunarflakkari

14.989 kr.

Philips 7" LCD myndarammi

17.989 kr.

Logitech hátalarakerfi

24.989 kr.

Acer 19" LCD breiðskjár

29.989 kr.

Philips BluRay spilari

49.989 kr.

Xbox 360 Arcade leikjatölva

59.989 kr.

Toshiba fartölva L300-25L

79.989 kr.

Philips Full HD LCD breiðtjald

239.989 kr.

Philips Full HD LCD breiðtjald

199.989 kr.

United LCD með DVD

69.989 kr.

1.989 kr.

1.989 kr.

1.989 kr.

Opið mán. - fös. kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18

MAX Kauptúni 1 - Garðabæ
Sími 412 2200 - www.max.is

MAX RAFTÆKI

Þroskaðra stuð hjá Bloodgroup

Önnur plata austfirsku hljómsveitarinnar Bloodgroup, Dry Land, hefur fengið frábærar viðtökur hlustenda sem kunna að meta taktfasta elektróníska tónlist. *Hólmfríður Helga Sigurðardóttir* tók söngkonuna **Lilju Kristínu Jónsdóttur** í þriðju gráðuna og komst að því að hún er með ofnæmi fyrir peningum, hefur ekki séð Lagarfljótsorminn nema í draumi og elskar lyktina af kærastanum sínum.

Nýja platan ykkar er dekkri en hin fyrri. Af hverju minnkaði stuðið? Stuðið hefur í sjálfu sér ekkert minnkað, það hefur bara breyst! Áherslurnar okkar breyttust aðeins og við fórum að hafa áhuga á aðeins dekkri tónlist; svo eru líka meiri pælingar á bak við textana á þessari plötu. Stuðið er enn til staðar, það er bara þroskaðra.

Undir hverra áhrifum eruð þið? Hvert okkar er undir sínum eigin áhrifum! Við erum öll með mjög ólíkan tónlistarsmekk, og sækjum innblástur í mjög ólíka hluti. Ég sæki til dæmis innblástur til stórkostlegra söngvara á borð við Antony Hegarty og frábærra textahöfunda eins og Bill Callahan.

Er ekkert þreytandi að vera með bræðrum sínum og fyrrverandi kærasta í hljómsveit? Nei, það finnst mér ekki. Mér finnst samt stundum þreytandi að ferðast með þeim þremur og svo kannski tveimur strákum í viðbót, rótara og hljóðmanni). Þá fær maður oft alveg nóg af typpabröndurunum og lokar sig af mestallan tímann! En við erum góðir vinir og þekkjumst út og inn, svo þetta er bara gaman.

Hvað er það leiðinlegasta sem þú hefur gert? Ég vann tvö sumur við að þrífa klósett eftir annað fólk. Það fannst mér bæði viðbjóðslegt og leiðinlegt.

Hefurðu séð Lagarfljótsorminn? Mér skilst að hann sé ekki til. En ég hef séð hann í draumi.

Hvað veistu sem við hin vitum ekki? Ég hugsa að ég viti ekki neitt sem enginn veit, nema leyndarmálin mín, en ég kann að reikna fylgnistuðul. Það kunna það örugglega ekki allir.

Hvað heldur fyrir þér vöku? Peningaáhyggjur (sama hvort ég á pening eða ekki, er með ofnæmi fyrir peningum) og bílaumferðin á Snorrabrautinni.

Ertu búin að kaupa allar jólagjafirnar? Nei, ekki eina. Ég er mjög léleg í svona gjafamálum, ég gef alltaf ófrumlegustu gjafir sem hægt er að hugsa sér. Nærbuxur og sokka og svoleiðis.

Hvað langar þig að fá í jólagjöf? Bara eitthvað fallegt sem fær mig til að brosa. Það er aðalmálið.

Ertu með einhvern óþolandi kæk? Ég læt braka í puttunum á mér (sem öðrum finnst pirrandi) og segi alltaf „aaah“ þegar ég er búin að hlæja (sem mér finnst pirrandi).

Jólaandinn uppfyllir fyrir þig þrjár óskir. Hverjar? Friður á jörð, gleði í hjörtum allra og Kitchen Aid-hrærivél í eldhúsinu mínu.

Uppáhaldsstaðurinn þinn á jörðinni? Það er æskuheimili mitt á Egilsstöðum.

En hvaða framandi stað áttu pottþétt eftir að heimsækja? Japan og Kína!

Bók eða bíómynd? Fyrst bók, svo bíómynd.

Uppáhaldsorðið þitt? Mýlisslíður.

En eftirlætislykt? Lyktin af kærastanum mínum, hvort sem hann er hreinn eða sveittur.

Hvað gerist að loknu þessu jarðlífi? Líkaminn hættir að virka, rotnar og sameinast jörðinni. Svo étur antílópan grasið. Þannig höldum við hringrás lífsins áfram. Þetta lærði ég sex ára gömul af Múfasa, konungi ljónanna í Ljósuklettum.

LILJA KRISTÍN JÓNSDÓTTIR SÖNGKONA Henni finnst ekkert þreytandi að vera með bræðrum sínum og fyrrverandi kærasta í hljómsveit. Hins vegar fær hún stundum nóg af typpabröndurum á tónleikaferðalögum með enn fleiri karlmönnum og lokar sig af. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Gjöf hestamannsins
Vönduð úlpa, vegleg gjöf

15% afsláttur af öllum vetrar yfirhöfnum
ásamt fjölda annarra tilboða

Grace

Mountain Ridge

Transition

Skemmtilegur jólaleikur í verslunum Líflands.
Taktu þátt og þú gætir m.a. unnið miða fyrir
tvo á jólamyndina Artúr 2: Maltasar Snýr Aftur

Allt að 500 vinningar í boði

LÍFLAND
Lynghálsi 3
Lónsbakka Akureyri
www.lifland.is

BLAÐINU SNÚIÐ VIÐ

JÓLASTEIK FYLGIR JÓLABÓK

30% afsláttur

4.890 kr.
verð áður 6.990 kr.

25% afsláttur

4.480 kr.
verð áður 5.990 kr.

BÓKABUÐ MM GJÖF með gjöf 3

5.690 kr.
gjöf nr. 3 fylgir.

30% afsláttur

3.990 kr.
verð áður 5.690 kr.



LÉTTGREIÐSLUR enginn kostnaður engir vextir

2.499 kr.
14.990 kr. dreift á 6 mánuði

30% afsláttur

3.850 kr.
verð áður 5.490 kr.



BÓKABUÐ MM GJÖF með gjöf 1

5.990 kr.
gjöf nr. 1 fylgir.

23% afsláttur

4.990 kr.
verð áður 6.480 kr.

JÓLASTEIK FYLGIR JÓLABÓK - GJÖF MEÐ GJÖF

Gjöf fylgir tugum titla um helgina

Hamborgarhryggur
frá Gallerý Kjötl

BÓKABUÐ MM GJÖF með gjöf 1

Geisladiskur
Hawaii

BÓKABUÐ MM GJÖF með gjöf 2

Barnadiskur DVD
Róbert bangsi 2

BÓKABUÐ MM GJÖF með gjöf 3

Barnadiskur DVD
Ævintýrin úr Stundinni okkar

BÓKABUÐ MM GJÖF með gjöf 4

LÉTTGREIÐSLUR
ENGIR VEXTIR - ENGINN KOSTNAÐUR
GREIÐSLUM DREIFT Í ALLT AÐ 6 MÁNUÐI

BÓKABÚÐ MÁLS & MENNINGAR
LAUGAVEGI 18

DAGUR KÁRI PÉTURSSON KVIKMYNDAGERÐARMAÐUR ER FÆDDUR ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1973.

„Ég vinn alltaf út frá húmor og reyni svo að sulla honum saman við einhvers konar harmleik.“

Dagur Kári er bæði handritshöfundur og leikstjóri kvikmynda. Þær frægustu til þessa eru Nói albínói og Voksne mennesker.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 12. DESEMBER 1947

Björgunarafrek unnið við Látrabjarg

Breski togarinn Dhoon strandaði á skeri í dimmviðri og haugasjó undir Látrabjargi í mjög vondu veðri föstudaginn 12. desember 1947.

Skerið var um 100 metra frá landi og sjór gekk látlaust yfir skipið. Skipstjórinn og fyrsti stýrimaður voru báðir afleysingamenn í þessum túr en bátsmaðurinn tók stjórnina í sínar hendur og sýndi mikinn dug. Þrír af fimmtán manna áhöfn fórust en hinum var bjargað við afar erfiðar aðstæður. Það gerðu bændur á nálægum bæjum sem unnu mikið þrekvirki er þeir sigu niður bjargið og tókst að ná mönnunum þar upp en bjargið er þar á annað hundrað metrar á hæð. Þar urðu flestir strandmenn að hýrast í tjöldum í vonskuveðri yfir nótt þar sem langt var að ganga til bæja.

Áhrifamikil kvikmynd um björgunararfrekið var gerð af Óskari Gíslasyni kvikmyndagerðarmanni tveimur árum síðar, til ágóða fyrir Slysavarnafélag Íslands.

MERKISATBURÐIR

1901 Marconi-félaginu tekst að senda útvarpsskeyti yfir Atlantshafið í fyrsta skipti.

1904 Fyrstu rafljós á Íslandi kveikt er Jóhannes Reykdal setur upp fyrstu rafmagnsveituna á Íslandi í Hafnarfirði.

1914 Dow Jones-vísitalan fellur um 24,39% sem er þá mesta prósentulækkun á einum degi frá upphafi vísitölunnar.

1948 Sex manns farast er snjóflóð fellur á bæinn Goðdal í Strandasýslu. Fjórum dögum síðar bjargast húsbóndinn úr flóðinu.

1987 Hótel Ísland tekið í notkun með 90 ára afmælisveislu Blaðamannafélagsins.

†

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og bróðir,

Haraldur Steinar Torfason

fyrrum bóndi í Haga í Nesjum,

lést á hjúkrunardeild HSSA, Hornafirði, fimmtudaginn 10. desember. Útförin fer fram frá Hafnarkirkju miðvikudaginn 16. desember kl. 11.00. Jarðsett verður í Stafafellskirkjugarði í Lóni sama dag.

Elín Dögg Haraldsdóttir
Gunnar Björn Haraldsson — **Guðrún Kristjánsdóttir**
Halldór Sölvi Haraldsson — **Anna Halldórsdóttir**
Sigrún Brynja Haraldsdóttir — **Þorvaldur Helgason**
Þorleifur Haraldsson
Harpa Cilia Ingólfsdóttir — **Ivon Stefán Cilia**
barnabörn, barnabarnabarn og systkini.

†

Kær vinur okkar og samferðamaður í lífinu,

Hrafn Sæmundsson

lést þann 10. desember síðastliðinn. Útför hans fer fram frá Digraneskirkju mánudaginn 21. desember kl. 13.00.

Ester Hulda Tyrfingsdóttir
Agnes Huld Hrafnsdóttir — **Páll Breiðfjörð Pálsson**
Hulda María Hrafnsdóttir — **Björn Hersteinn Herbertsson**
Berglind Hrönn Hrafnsdóttir — **Ólafur Vignir Björnsson**
Eva María, Viktor Hrafn, Páll Elvar, Sindri Freyr, Hrafnhildur, Zophanías, Ester Hulda, Fjölnir Þór og Alma Júlía.

†

Ástkær mamma okkar,

Ingibjörg Sigurðardóttir

Ásgarði, Dalasýslu,

lést á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Silfurtúni sunnudaginn 6. desember.

Bjarni Ásgeirsson
Benedikt Ásgeirsson

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

TÖFRAMAÐURINN Lalli töfframaður sem heitir Lárus Guðjónsson á skilríkjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

LALLI TÖFRAMAÐUR: HEFUR GEFIÐ ÚT FYRSTA TÖFRABRAGÐADISKINN

Sjónhverfingar á færi flestra

„Mig dreymdi stundum þegar ég var lítill að ég hefði ekki tíma til að fara í skólann af því ég væri að fara að skemmta. Nú er ég að upplifa þann draum. Mig langaði alltaf að vinna við eitthvað grín og það er ekki slæmt að blanda töfrum og gríni saman.“ Þetta segir Lalli töfframaður sem í skilríkjum heitir Lárus Guðjónsson. Hann hefur gefið út disk með töfrabrögðum sem nefnist Á bak við tjöldin og telur hann vera fyrir fólk á öllum aldri. „Þetta er eitthvað sem allir geta gert. Það þarf bara að æfa sig og æfa – og æfa sig svo aðeins meira. En ef þú færð þennan disk í jólagjöf þá getur þú haldið töfrasýningu á þrettándanum.“

Lalli kveðst hafa byrjað að galdra þegar hann var sex ára og aldrei hætt því síðan. „Flestir krakkar vilja geta gert töfrabrögð. Ég var einn af þeim. Áttaði mig samt snemma á því að það væri dálítið brölt því pabbi vissi um áhugann og gaf mér töfrakassa með alls konar dóti en ég gat ekki notað neitt af því, það var of erfitt. Þá hefði ég þegið að það væri til svona diskur. Nú kann ég meira en nóg af töfrabrögðum og ákvað að kenna öðrum nokkur einföld en flott atriði. Öll gerð með hlutum sem eru til á hverju heimili. Það þarf ekki að kaupa neitt. Bara finna einn pening eða eitthvað álíka.“

En er hann ekki að eyðileggja fyrir sjálfum sér og öðrum töframönnum með því að afhjúpa leyndina bak við sjónhverfingarnar?

„Nei, það er til svo mikið af töfrabrögðum að nóg er eftir samt. Þetta er svona það sem ég hefði viljað læra áður en ég fór af alvöru í að læra töfrabrögð,“ svarar Lalli og kveðst aðallega hafa numið af bókum og blöðum og einnig sér reyndari mönnum. Hann segir rúmlega tuttugu manns í Hinu íslenska töframannagildi eins og félagsskapur þeirra nefnist hér á landi. „Það eru til töframenn í öllum fjölskyldum,“ segir hann og telur sjónhverfingar á færi allra sem á annað borð hafi þolinmæði til að æfa sig nóg. „Það er bara áhuginn sem drífur menn áfram,“ segir hann. „Margir halda að maður þurfi að vera rosa snöggur. „Höndin er hraðari en augað“ er stundum sagt og vissulega eru til töfrabrögð sem þurfa hraða við en ég geri flest mín töfrabrögð hægt og rólega og er oftast með stuttar ermar til að fólk haldi ekki að ég troði öllu þangað.“

Lalli er 22 ára og kveðst hafa komið fram á leikskólum, árshátíðum, elliheimilum og öllu þar á milli. „Það hafa allir gaman af töfrabrögðum. Krakkarnir horfa og segja: „Vaáá.“ Fullorðna fólkið undrast líka en er varara um sig. Þegar ég horfi á töfrabrögð þá horfi ég með ævintýraaugum og nýt skemmtunarinnar. En á eftir hugsa ég um hvernig þau hafi verið gerð. Það ráðlegg ég öðrum að gera.“

gun@frettabladid.is

Byggðasafnið á Görðum fagnar 50 ára afmæli

Viðburðarík aðventuhelgi er fram undan á Akranesi auk þess sem Byggðasafnð á Görðum er fimmtíu ára á morgun.

Dagskráin hefst á jólavöku fjölskyldunnar í bókasafninu klukkan 13 í dag. Þar verða lesnar nýjar og sígildar jólasögur fyrir börn á öllum aldri auk þess sem valinkunnir Skagamenn lesa eftirlætis jólasögurnar sínar. Klukkan 15 verður síðan opnuð Aðventusýning í Listasetrinu á Kirkjuhvoli en á sýningunni verða munir, skraut, jólakort og ljósmyndir sem tengjast jólum liðinna ára á Akranesi. Þar má meðal annars finna gömul jólakort úr safni Jóhönnu Þorgeirsdóttur og skemmtilegar ljósmyndir frá jólatrésskemmtunum liðinna ára þar sem vel þekktir Skagamenn sjást smeykir en uppveðraðir yfir jólasveinunum.

Á sunnudag verður svo líf og fjör á Safnasvæðinu að Görðum en þar hefst fimmtíu ára afmælishátíð Byggðasafnsins að Görðum klukkan 13. Á neðri hæð Stúkuhúss verður jólamarkaður og á efri hæðinni jólaföndur og jólakortagerð. Handverksfólk verður að störfum í Neðri-Sýruparti og í Garðahúsi og á bryggju á útisvæði verður jólasveinaleikþáttur fyrir börn á öllum aldri. Klukkan 15 verður boðið upp á afmæliskaffi og afmælistertu í Garðakaffi.

LÍF OG FJÖR Á SAFNASVÆÐINU Boðið verður upp á afmæliskaffi í Garðakaffi klukkan 15 á sunnudag.

†

Ástkær faðir minn, tengdafaðir og afi okkar,

Birgir Björnsson

Egilsgötu 8, Borgarnesi,

andaðist á Sjúkrahúsi Akraness þriðjudaginn 8. desember. Útförin fer fram frá Borgarneskirkju, miðvikudaginn 16. desember kl. 14.00.

Jón Marinó Birgisson **Herdís Rós Kjartansdóttir**
Kjartan Jónsson og Heiðdís Erla Jónsdóttir

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, systir, amma og langamma,

Þóra Jónsdóttir

Klifshaga, Öxarfirði,

lést á Heilbrigðisstofnun Þingeyinga þriðjudaginn 8. desember. Útförin fer fram frá Skinnastaðarkirkju föstudaginn 18. desember kl. 14.00.

Daði Þröstur Þorgrímsson **Jóhanna Birna Falsdóttir**
Sigra Þorgrímsdóttir **Jón Sigurðsson**
Pétur Þorgrímsson **Magnea R. Árnadóttir**
Grímur Jónsson
María Jónsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Þökkum innilega fyrir samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Guðrúnar Öfjörð Sigfúsdóttur

Nesvegi 62, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund fyrir alúð og góða umönnun.

Lára Erlingsdóttir
Sigfús Öfjörð Erlingsson **Guðbjörg Gunnarsdóttir**
Auðbjörg Erlingsdóttir **Halldór B. Kristjánsson**
Inga Erlingsdóttir **Grétar Vilmundarson**
Erlingur Erlingsson **Harpa Ólafsdóttir**
ömmubörn og langömmubörn.

†

Maðurinn minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Aðalbjörn Scheving

Hraunbæ 146, Reykjavík,

lést á Krabbameinsdeild Landspítalans föstudaginn 4. desember. Jarðsungið verður fimmtudaginn 17. desember kl. 13.00 frá Grafarvogskirkju. Blóm og kransar afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

Anna Björg Björnsdóttir
Freydís Aðalbjörnsdóttir **Róbert Línberg Runólfsson**
Snædís S. Aðalbjörnsdóttir **Óli Valur Guðmundsson**
Katla Ósk og Viktoría Rós Róbertsdætur.

Rúnar Geirmundsson

Sigurður Rúnarsson

Elís Rúnarsson

Þorbergur Þórðarson

Alhliða útfararþjónusta

Símar: 567 9110 & 893 8638

www.utfarir.is • runar@utfarir.is

Útfararþjónustan ehf.

Stofnað 1990

†

Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát og útför eiginkonu minnar, systur, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Gretu Lindar Kristjánsdóttur

Einimel 9, 107 Reykjavík.

Sverrir Hermannsson
Elísabet Kristjánsdóttir
Bryndís Sverrisdóttir **Guðni A. Jóhannesson**
Kristján Sverrisson **Erna Svala Ragnarsdóttir**
Margrét K. Sverrisdóttir **Pétur S. Hilmarsson**
Ragnhildur Sverrisdóttir **Hanna Katrín Friðriksson**
Ásthildur Lind Sverrisdóttir **Matthías Sveinsson**
Greta Lind Kristjánsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför móður okkar,

Sigríðar Gísladóttur

frá Skógargerði.

Smári Hermannsson **Ásdís Elfa Jónsdóttir**
Dagný Hermannsdóttir
Hermann Hermannsson **Sigríður Guðmundsdóttir**
Gísli Hermannsson **Margrét Kristjánsdóttir**
Ragnheiður Hermannsdóttir **Hugo Þórisson**
Stefán Hermannsson **Arnfríður Einarsdóttir**
Ívar Ásgeirsson **Þórunn Árnadóttir**
og fjölskyldur.

†

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og sendu góðar kveðjur við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Elínar Guðjónsdóttur

áður Tjarnarbraut 25, Hafnarfirði.

Þökkum sérstaklega starfsfólki deildar A3 á Hrafnistu, Reykjavík fyrir óaðfinnanlega umönnun.

Sveinn Magnússon **Kristín Bragadóttir**
Margrét Sesselja Magnúsdóttir **Ólafur Emilsson**
Ingibjörg Magnúsdóttir **Einar Ólafsson**
Elín Magnúsdóttir **Garðar Briem**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýju við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Þórarins Þorkels Jónssonar

löggilts endurskoðanda.

Þorbjörg Jónsdóttir
Jón Þórarinsson **Birna María Antonsdóttir**
Helga Halldóra Þórarinsdóttir **Dagur Jónasson**
Bryndís Þórarinsdóttir **Halldór Geir Þorgeirsson**
Þórarinn Eiður Þórarinsson **Alexandra María Klonowski**
barnabörn og barnabarnabörn.

Legsteinar og fylgihlutir

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is

†

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, dóttir, tengdamóðir og amma,

Laufey Einarsdóttir

Kórsölum 1, Kópavogi,

lést sunnudaginn 6. desember. Útför hennar fer fram frá Digraneskirkju, þriðjudaginn 15. desember klukkan 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á áheitabók Kaldrananeskirkju 0316 13 700057 kt. 530771 0169.

Hannes Ólafsson
Sigríður Benediktsdóttir
Hjalti Þór Hannesson **Kristín Guðmundsdóttir**
Ómar Örn Hannesson
Sigríður Harpa Hannesdóttir **Halldór Freyr Sveinsson**
og barnabörn.

†

Elskuleg dóttir, móðir, amma og systir,

Jóhanna Jónsdóttir

er látin. Útför mun fara fram í kyrrþey.

Jóna K. Hallgrímsdóttir
Stefán Hafberg Sigurðsson
Heiða Arnardóttir
barnabarn og systkini.

†

Elskulegi faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Sigdór Ólafur Sigmarsson

Þórðarsveig 1, Reykjavík,

sem lést 5. desember, verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 15. desember kl. 13.00. Jarðsett verður frá Norðfjarðarkirkjugarði miðvikudaginn 16. desember kl. 14.00.

Jóhann Sigfús Sigdórsson
Loftur Sigdórsson
Dagbjört Hanna Sigdórsdóttir **Jónas Jóhannesson**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Hjartans þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýju við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,

Marteins Hafþórs Hreinssonar

vélfræðings, Skeljatanga 42, Mosfellsbæ,

sem lést 19. apríl síðastliðinn. Sérstakar þakkir sendum við til ykkar allra fyrir faðmlög, kossa, blóm, gjafir, framlög í minningasjóði og aðstoð við kaffi og veitingar við útför. Einnig viljum við þakka föður hans og fjölskyldu, prestinum okkar Ingileif Malmberg, karlakórnum Fóstbræður, Birgi Haraldssyni, Sigurgeiri Sigmundssyni og útfararstofu Kirkjugarðanna. Vinnuveitendum og samstarfsfólki þökkum við fyrir umburðarlyndi og skilning á erfiðum tímum. Við óskum ykkur öllum gleðilegra jóla og farsælda á nýju ári.

Ásgerður Pálsdóttir
Páll Þórólfsson **Katrín Rós Gunnarsdóttir**
Elísabet Inga Marteinsdóttir
Margrét Vala Marteinsdóttir **Hjalti Rafn Gunnarsson**
Þórhildur Dana Marteinsdóttir
Aron Dagur Pálsson
Gunnar Hrafn Pálsson
Gyða Stefanía Halldórsdóttir



Rónar

BAKÞANKAR
Atla Fannars Bjarkasonar

Stundum fer ég sársvangur að versla til að fá fleiri og betri hugmyndir. Fari ég saddur út í búð kem ég heim með handsápu og saltstangir, en svangur fylli ég körfuna af reyktum silungi, nautalundum og appelsínusafa, sem ætti að skammast sín fyrir verðmiðann. Kræsingarnar reyna svo burðarþol pokanna til hins ýtrasta og heima bíða þeirra örlögin á botni salernisskálar.

ÞEGAR ég kom heim úr einni af þessum ferðum á dögunum sá ég róna styðja sig upp við hús í götunni minni. Ofar í götunni er gistiskýli fyrir heimilislausa og þetta kvöld hitti ég í fyrsta skipti einn af íbúunum. Hann hélt í þakrennu með annarri og hin hélt á plastpoka með núðlusúpupökkum og studdist við hækju.

ÉG bauðst til að hjálpa honum heim og hann þáði það. Ég tók pokann, sem var rifinn og tættur – eftir að hafa dregist eftir grófri klæðningu húsanna í götunni. Hann stoppaði nokkrum sinnum á leiðinni til að kasta mæðinni og spurði spurninga. Hann var mjög ölvaður og ég átti erfitt með að skilja hann. En ég heyri reyndar illa. Þegar við fórum að nálgast gistiskýlið vissi hann nafn mitt og ég hans. Hann vissi líka hvað ég er gamall og við hvað ég starfa, en ég vissi bara að hann ætti hvergi heima.

HANN hringdi bjöllunni í gistiskýlinu og til dyra kom vinaleg kona og tók á móti honum. Ég reyndi að tjasla pokanum saman þegar eitthvað datt á jörðina. Ég beygði mig niður og sá Appolostjörnurúllu, sem hann hafði fengið sér með núðlusúpupökkunum. Lúxusinn sem hann leyfði sér var í formi sælgætis sem, þrátt fyrir smæð sína, kostar örugglega á við tvær til þrjár núðlusúpumáltíðir.

ÉG get lítið gert til að hjálpa áfengissjúklingum sem ráfa um göturnar og eiga hvergi heima. Ég ætla ekki heldur að vorkenna þeim, þar sem vorkunn hlýtur að vera það síðasta sem þeir þurfa á að halda. En eftir kynni mín við rónann í götunni minni get ég ekki annað en hugsað til þeirra, þegar rigningin lemur gluggann minn á meðan ég raða allt of miklum mat inn í ísskápinn. Sjálfselskur sonur neysluhyggjunnar, sem ég er.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

GLEÐILEG LEIKJA JÓL

Vinsælasti leikurinn í dag!

Fáanlegur í PS3, XBox 360 og PC

HEITUSTU LEIKIRNIR

HEITT

PS3, Xbox 360, Wii, PC, DS, PSP & PS2

PS3 & Xbox 360

Eingöngu í PS3

Eingöngu í PS3

PS3, Xbox 360 & PC

PS3, Xbox 360 & PC

ÓDÝRARI JÓLAGJAFIR

MEIRA EN 600 TITLAR
Í BOÐI Á PLAYSTATION 2
VERÐ FRÁ **999,-**

LANDSINS MESTA ÚRVAL AF PLAYSTATION 2 LEIKJUM

SPILAÐIR LEIKIR

MEIRA EN 200 TITLAR
Á PLAYSTATION 3 OG XBOX 360
VERÐ FRÁ **999,-**

GGOD OF WAR COLLECTION
- EINGÖNGU FÁANLEGUR Á PS3!

GAME STÖÐIN

SPILAÐU MEIRA
- BORGAÐU MINNA

Kl. 16 á morgun á Gljúfrasteini

Þriðja í aðventu munu enn koma góðir gestir í stofuna á Gljúfrasteini. Lesin verða ljóð, brot úr ævisögu og skáldsögu. Eyþór Árnason les úr Hundgá úr annarri sveit, Vilborg Davíðsdóttir úr Auði, Sigurður Pálsson úr Ljóðorkuþörf og Sólveig Arnarsdóttir úr Góða elskhuganum eftir Steinunni Sigurðardóttur. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir. Upplesturinn hefst þegar gamla klukkan í forstofunni slær fjögur högg, kl. 16.

menning

menning@frettabladid.is

Fölsuð verk og ófölsuð

Sérðu muninn? Í dag kl. 14 verður dagskrá í Listasafni Íslands þar sem gestum er boðið að skyggnast á bak við tjöldin. Ólafur Ingi Jónsson, forvörður safnsins, mun fræða gesti um falsanir og fjalla um þær í tengslum við það sem kallað hefur verið „Stóra málverkafölsunarmálið".

Enn fremur mun rithöfundurinn Ragna Sigurðardóttir kynna bók sína Hið fullkomna landslag, sem fjallar á spennandi hátt um íslenskan listheim og hvaða atburðarás fer af stað þegar falsað verk ratar inn á gólf í virtu safni.

Nú stendur yfir sýning á verkum listmálarans Svavars Guðnasonar í safninu og mun Ólafur Ingi skoða höfundarverk Svavars í þessu samhengi. Þekkir þú í sundur frumgerð og fölsun? Gestum gefst tækifæri til að ræða viðfangsefnið við Ólaf Inga og Rögnu í lokin.

MYNDLIST Verk eftir Svavar en hann hefur verið yndi falsara til þess MYND LISTASAFN ÍSLANDS

> Ekki missa af...

Á morgun lýkur sýningunni Evudætur í Listasafninu á Akureyri, en sýningin hefur staðið frá 24. október. Evudætur er samsýning þriggja listakvenna, Þórunnar Elísabetar Sveinsdóttur, Þorbjargar Halldórsdóttur og Hrafnhildar Arnardóttur, en á sýningunni má sjá úrval saumaverka og innsetninga. Listakonurnar vinna allar með fundna hluti og ýmiss konar lífræn og ólífræn efni og aðferðir – lopa, silki, gervihár, tvinna, blúndur, bútasaum, krossaum og flesta aðra sauma og efni sem tilheyra hinni kvenlegu arfleifð. Listasafnið er opið í dag og á morgun frá 12 til 17 og er aðgangur ókeypis í boði Akureyrarbæjar.

Deleríum Búbónis

Deleríum Búbónis gerist á aðventunni í Reykjavík á sjötta áratugnum á heimili Ægis Ó. Ægis forstjóra Gleðilegra jóla hf. og eiginkonu hans, frú Pálínu Ægis listunnanda og menningarfrömuðar. Forstjórinn ætlar að flytja inn jólatré og ávexti fyrir jólin, en óvænt atvik setur strik í reikninginn. Þá eru góð ráð dýr og fátt vænna í stöðunni en að fresta jólunum fram í mars! En þá kemur það sér vel að eiga góðan að á þingi, því mágur forstjórans er sjálfur jafnvægismálaráðherra Íslands.

Það var í nóvember 1954 að Jón Múli kom með nýtt leikrit til þáverandi leiklistarstjóra Útvarps, Þorsteins Ö. Stephensen, og sagði að það væri skrifað fyrir útvarp og væri eftir tvo höfunda, þá Einbjörn og Tvíbjörn. Svo vel leist Þorsteini á leikritið að hann ákvað að flytja það þá strax, fyrir jólin, „enda er það, eins og allir vita, rétti tíminn til að flytja þetta verk", sagði Þorsteinn þegar hann rifjaði upp hvernig Deleríum Búbónis barst fyrst í hendur hans.

Þannig hófst sigurganga söngvaleiksins Deleríum Búbónis, með frumflutningi í Útvarpsleikhúsinu á aðventu 1954. Höfundarnir, Einbjörn og Tvíbjörn, reyndust vera bræðurnir góðkunnu Jón Múli og Jónas Árnasynir.

Útvarpsgerðin er frumgerð þessarar jóla- og bílnúmerarevíu, sem síðar stækkaði á alla kanta og fór ljósum logum um leiksvið landsins og naut mikilla vinsælda meðal þjóðarinnar.

Útvarpsgerðin frá 1954 skartar vinsælum leikurum þessa tíma: Haraldur Björnsson er í hlutverki forstjóra Gleðilegra jóla hf. Frú Pálínu Ægis konu hans leikur Emilía Jónasdóttir. Dóttur þeirra, Guðrúnu Ægis listdansara, leikur Kristín Anna Þórarinsdóttir. Jafnvægismálaráðherrann, bróðir frúarinnar, er leikinn af Þorsteini Ö. Stephensen og fóstursonur hans, Leifur Róberts tilvonandi tónskáld, er leikinn af Lárusi Pálssyni. Sigga, vinnukona á Ægis-heimilinu, er leikin af Nínu Sveinsdóttur.

Tónlistinni stjórnaði og útsetti Carl Billich og um hljóðfæraleik sá Karl Lilliendahl, en leikstjóri var Einar Pálsson. Á undan flutningi leikritsins kl. 14 á Rás 1 á sunnudaginn er fluttur formáli sem Þorsteinn Ö. Stephensen samdi og flutti við endurflutning leikritsins árið 1973.

LÁRUS PÁLSSON SYNGUR Á MORGUN upphaflega útgáfu af Áin er alltaf að vaxa sem er eitt magnaðasta djasslag í útgáfu Carls Billich frá árdögum lýðveldisins.



TÓNLIST Stórtónleikar eru á morgun til styrktar kaupum á orgeli í Grafarvogskirkju. FRÉTTABLAÐIÐ/

Orgelsjóður studdur

Á morgun kl. 17 verða haldnir veglegir jólatónleikar í Grafarvogskirkju. Tilefnið er ekki smátt og varðar allt helgihald í kirkjunni við voginn næstu áratugi: það er verið að safna í sjóð til að kaupa orgel í kirkjuna. Aðgangseyrir rennur í orgelsjóð Grafarvogskirkju.

Á tónleikunum koma fram margir af helstu listamönnum þjóðarinnar. Má þar nefna tenórsöngvarana Jóhann Friðgeir Valdimarsson og Gissur Pál Gissurarson, fiðluleikarann Hjörleif Valsson og píanóleikarann Arnhildi Valgarðsdóttur. Allir fimm kórar kirkjunnar, yfir hundrað manns, koma fram ásamt stjórnendum sínum en þeir eru Hákon Leifsson, Oddný J. Þorsteinsdóttir, Arnhildur Valgarðsdóttir og Guðlaugur Viktorsson.

Mikið verður því um dýrðir á þessari aðventustund kirkjunnar. „Til stendur að fylla kirkjuna himneskum hljómi og flytja jólatónlist af ýmsum toga. Markmið tónleikanna er að koma gestum í jólaskap og fylla hug og hjörtu okkar allra tilfinningu fyrir nálægð jólanna og boðskap hinnar miklu hátíðar," segir Hákon Leifsson, organisti kirkjunnar, sem stendur fyrir tónleikunum.

Um þessar mundir er Grafarvogssókn tuttugu ára. Á uppvaxtarárum sóknarinnar hefur margt gerst. Helgihald í sókninni, sem áður var í skólastofum, er nú í einni stærstu kirkju landsins. Í upphafi var aðeins einn prestur starfandi í sókninni en nú eru prestarnir orðnir fjórir, auk djákna og fjölda annarra starfsmanna. Mikil starfsemi af öllum toga fer fram í veglegri kirkjubyggingunni.

Í hinni lútersku kirkju er aldagömul hefð fyrir því að orgelið sé meginhljóðfæri helgihaldsins. Mestur meistara hinnar lútersku kirkjuhefðar er J.S. Bach og hefur hann æ síðan verið fyrirmynd annarra meistara innan kirkjunnar. Í öllum kirkjum landsins er hljóðfærakostur undirstaða tónlistarflutnings við stórhátíðir, útfarir, hjónavígslur, skírnir og fermingar. Allar þessar stundir eiga sér djúpa merkingu í hugum þeirra einstaklinga sem taka þátt í þeim. Tónlistin er líka undirstaða daglegs og almenns helgihalds, þannig að miklu skiptir að vel sé vandað til verka þegar hljóðfærakostur er valinn. Orgelið er hljómmikið í eðli sínu og endurspeglar því eðlilega kraftbirtingarhljóm guðdómsins þegar vel tekst til.

Um árabil hefur verið á dagskrá sóknarinnar að fjárfesta í orgeli fyrir Grafarvogskirkju. Orgel hefur verið hannað með aðkomu færustu sérfræðinga úr ýmsum áttum og valinn hefur verið einn virtasti orgelsmiður heims til verksins, Ernst Seifert. Vel hefur tekist til við að safna fjármunum til þessarar framkvæmdar. Fyrir hrun hafði tekist að safna fé fyrir bróðurparti af andvirði orgelsins en gengi íslensku krónunnar hefur fallið gríðarlega og hefur það tafið þessar fyrirætlanir í bili. Fjármunirnir liggja fyrir en hrökkva skammt eins og ástandið er og vænta menn þess að krónan styrkist innan tíðar á nýjan leik þannig að fyrirætlanir og bygging orgelsins nái nýju flugi í náinni framtíð. Orgel endast um aldir og ævi sé þeim vel viðhaldið. Orgelið mun þjóna og prýða þessa veglegu kirkju á sorgar- og gleðistundum komandi kynslóða.

Tónleikarnir til styrktar orgelsjóði kirkjunnar eru liður í því að hvetja alla hlutaðeigendur til þess að fylgja eftir því verðuga málefni að smíða orgel í kirkjuna sem kirkjubyggingunni hæfir. Því kallar tónlistarfólkið sem fram kemur á morgun til sóknarbarna og annarra velunnara sinna nær og fjær að koma til samkomunnar á morgun og leggja sitt lóð á vogarskálarnar.

pbb@frettabladid.is

FANGAVAKTIN

Nýtt upplag er komið í verslanir!

Allir þeir sem keyptu gallaðan disk um síðustu helgi geta skipt honum í þeirri verslun sem hann var keyptur í. Við biðjumst velvirðingar á mistökunum.

★★★★★
- P. B. B. - Fréttablaðið

"Konungleg Skemmtun"
- A. B. - Morgunblaðið

Yfir 2 tímar af aukaefni!

AUKAEFNI
- 26 MYNDBROT UM GERÐ ÞÁTTANNA
- FRUMSÝNING Á LITLA HRAUNI
- MYNDBRELLUR
- ELTU LEIKSTJÓRANN
- YFIRLESTUR AÐSTANDENDA

Aukaefni er ekki textað / Extras are not subtitled

EINNIG FÁANLEGAR: NÆTURVAKTIN OG DAGVAKTIN.

sagafilm

Kauptu jólagjafirnar tímanlega ►

sena
okkar heimur // þín skemmtun

Það kraumar í tónlistinni

Umsóknarferli Kraums fyrir verkefni sem eiga sér stað árið 2010 hófst í gær, á degi íslenskrar tónlistar. Kraumur tónlistarsjóður auglýsir eftir umsóknum fyrir verkefni á sviði íslenskrar tónlistar sem ráðgert er að eigi sér stað á næsta ári. Tónlistarmenn og hljómsveitir úr öllum geirum tónlistar eru hvattir til að sækja um fyrir sín verkefni. Umsóknarferlið er einnig opið fyrir verkefnastjóra og viðburði. Væntanlegum umsækjendum er bent á að kynna sér markmið og samþykktir sjóðsins á heimasíðu hans: www.kraumur.is. Umsóknarferlið hefst hinn 11. desember og lýkur 20. janúar. Umsóknum má skila með tölvupósti eða bréfleiðis.

Kraumur tónlistarsjóður var stofnaður í byrjun árs 2008 af Aurora velgerðarsjóði, og hefur það meginhlutverk að efla íslenskt tónlistarlíf, fyrst og fremst með stuðningi við unga listamenn, auðvelda þeim að vinna að listsköpun sinni og koma verkum sínum á framfæri innanlands sem utan. Markmið Kraums er að styrkja stöðu ungra tónlistarmanna á Íslandi með beinum styrkjum, faglegri aðstoð og samstarfi af ýmsu tagi.

Kraumur hefur komið víða við á fyrstu tveimur starfsárum sínum. Kraumur hefur hrundið af stað og starfrækt eigin verkefni til stuðnings tónleikhaldi innanlands (Innrásin í samvinnu við Rás 2), plötugerð og plötuútgáfu (Kraumslistinn) og sömuleiðis svokölluðum Hljóðverssmiðjum í samvinnu við Músíktilraunir þar sem ungum og upprennandi listamönnum og hljómsveitum gefst kostur á að taka upp undir leiðsögn og fá ráð um næstu skref hjá reyndari listamönnum.

Kraumur hefur einnig stutt og unnið með miklum fjölda listamanna að þeirra eigin verkefnum, haldið námskeið og vinnusmiðjur og komið að hinum ýmsu viðburðum. Meðal stuðningsverkefna Kraums eru Stofutónleikar á Listahátíð í Reykjavík, vinnusmiðjur ungra listamanna á Jazzhátíð Reykjavíkur, Fræðslunámskeið á Tónlistarhátíð unga fólksins og You Are in Control, Tónlistarkynning Víkings Heiðars Ólafssonar og Árna Heimis Ingólfssonar í framhaldsskólum landsins og samstarf við Náttúrutónleika Bjarkar, Sigur Rósar og Ólafar Arnalds í Laugardal.

Meðal listamanna og hljómsveita sem Kraumur hefur unnið með og stutt við í kringum við ýmis sérverkefni á sviði plötuútgáfu, tónleikahalds og kynningarverkefna erlendis eru; Amiina, Benny Crespo's Gang, Bloodgroup, Dikta, Dr. Spock, Celestine, Elfa Rún Kristinsdóttir, FM Belfast, For a Minor Reflection, Helgi Valur, Hjaltalín, Lay Low, Melkorka Ólafsdóttir, Mugison, Morðingjarnir, Momentum, Mógil, Nordic Affect, Njútón, Nögl, Ólöf Arnalds, Ólafur Arnalds, Reykjavík!, Seabear, Sin Fang Bous, Sign, Skakkamanage, Skátar, Sudden Weather Change, Svavar Knútur, Sykur, Trúbatrix, Víkingur Heiðar Ólafsson og fleiri.

- pbb

TÓNLIST Dr. Spock í útrásargír enda víkingasveit.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Laugardagur 12. desember 2009

Tónleikar

16.00 **Hljómsveitin Gæðablóð** verður með tónleika í garðinum hjá Ófeigi gullsmið við Skólavörðustíg 5.

17.00 og 20.00 **Aðventutónleikar** Karlakórs Reykjavíkur fara fram í Hallgrímskirkju við Skólavörðuholt. Á sunnudag verða einnig tónleikar á sama tíma.

21.00 **Kimi Records** heldur útgáfu- og jólafögnuð á Sódómu Reykjavík við Tryggvagötu. Fram koma Sudden Weather Change, Retrön, Me, The Slumbering Napoleon, Morðingjarnir og Kimono.

23.00 **Helgi Björns** og Kokteilpinnarnir verða í Þjóðleikhúskjallaranum við Hverfisgötu.

Fyrirlestrar

13.00 **Árni Björnsson** þjóðháttafræðingur flytur erindi um upphaf og þróun íslenskra jólasiða í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins við Suðurgötu.

Dagskrá

14.00 Í Listasafni Íslands við Fríkirkjuveg mun Ólafur Ingi Jónsson fræða gesti um falsanir listverka og Ragna Sigurðardóttir kynnir bók sína Hið fullkomna landslag.

14.00 Í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu 15 verður dagskrá fyrir alla fjölskylduna. Helga Steffensen verður með brúðuleiksýningu, Svavar Knútur og Gabriel Lynch leiða söngva- og söguleiðsögn og Stoppleikhópurinn sýnir leikritið Bólu-Hjálmar. **Enginn aðgangseyrir.**

Sunnudagur 13. desember 2009

Tónleikar

15.00 **Eivör Pálsdóttir** flytur lög fyrir gesti Rammagerðarinnar - Icelandic Giftstore við Hafnarstræti 19. Enginn aðgangseyrir.

16.30 Kór **Átthagafélags Strandamanna** heldur aðventuhátíð í Bústaðakirkju við Tunguveg. Eingöngvari með kórnum er Sigrún Hjálmtýsdóttir.

17.00 Allir kórar Grafarvogskirkju munu koma fram á jólatónleikum til styrktar **orgelsjóðnum** sem fram fara í kirkjunni í dag.

17.00 Reykjalundarkórinn ásamt einsöngvurum, flytja gleði- og hátíðarsöngva í **Fella- og Hólakirkju við Hólaberg.**

17.00 Kirkjukór Lágafellssóknar í Mosfellsbæ heldur tónleika til styrktar bágstöddum fjölskyldum í Mosfellsbæ. Tónleikarnir fara fram í **Fríkirkjunni í Reykjavíkjavík.**

17.00 og 20.00 Aðventutónleikar Karlakórs Reykjavíkur fara fram í **Hallgrímskirkju við Skólavörðuholt.**

18.00 **Sænska félagið** á Íslandi stendur fyrir Lúsíutónleikum í Seltjarnarneskirkju v/Kirkjubraut.

20.30 Hljómsveitin **ADHD** heldur útgáfutónleika í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu.

22.00 Jólatónleikar **Graduale Nobili** fara fram í Langholtskirkju við Sólheima.

Brúðuleikhús

14.00 Bernd Ogrodnik brúðugerðamaður sýnir verkið **„Pönnukakan hennar Grýlu"** á Sögulofti Landnámssetursins við Brákarbraut í Borgarnesi.

Dagskrá

18.00 Jólaleikritið Lápur, Skrápur og jólaskapið eftir Snæbjörn Ragnarsson verður flutt í Norræna húsinu við Sturlugötu. Nánari upplýsingar á **www.nordice.is.**

Leikrit

15.00 og 18.00 Leikfélagið Peðið verður með tvær sýningar á kabarettnum Grandlendingasögu eftir Jón Benjamín Einarsson. Sýningar fara fram á Grand Rokki við Smiðjustíg. Nánari upplýsingar á **www.pedid.is.**

Upplestur

13.00 Jón Hjartarson leikari les Aðventu Gunnars Gunnarssonar í húsakynnum Rithöfundasambandsins að **Dyngjuvegi** 8. Aðgangur er ókeypis og öllum heimill.

Leiðsögn

14.00 **Inga Dóra Björnsdóttir** verður með leiðsögn um sýninguna „Ása G. Wright - frá Íslandi til Trinidad" í Þjóðminjasafninu við Suðurgötu.

15.00 Sigfríður Björnsdóttir verður með leiðsögn um sýningu Errós **„Mannlýsingar"** í Listasafni Reykjavíkur við Tryggvagötu.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.

BUBBI MORTHENS

Þorláksmessutónleikar 2009 í Háskólabíói

Vodafone og Bylgjan kynna

Árlegir Þorláksmessutónleikar Bubba Morthens verða í Háskólabíói þann 23. desember og hefjast kl. 22.
Hafdís Huld hitar upp fyrir tónleikana.

Miðasala er hafin í verslunum Vodafone og á vodafone.is.
Miðaverð kr. 2.900 kr.

Allar nánari upplýsingar á vodafone.is og prime.is

prime
UMBOÐSSKRIFSTOFA

vodafone BYLGJAN 989

Jólagj

KAUPAUKI

Ef þú kaupir fyrir meira en 5000 kr. færð þú 100 erlend jólalög í kaupbæti

Tölvuleikir

DVD

DVD tilboð

2.699 kr. 2.699 kr. 2.699 kr. 2.699 kr.

afirnar

fást í skífunni

S·K·Í·F·A·N

Laugavegi · Kringlunni
www.skifan.is



Ný erlend tónlist

Áritanir og tónleikar í Skífunni

Laugardagur á Laugavegi

Kl. 13.00
Kristín Bergsdóttir
spilar og áritar



Kl. 14.00
Morðingjarnir
spila og árita

Kl. 15.00
Eivör Pálsdóttir áritar

Kl. 16.00
Dikta spilar og áritar

Laugardagur í Kringlunni

Kl. 14.00
Eivör Pálsdóttir áritar

Kl. 15.00
silfurdrengurinn
Sigfús Sigurðsson
áritar Gott silfur gulli betra

Kl. 16.00
Björgvin Halldórsson áritar



Kl. 17.00
Raggi Bjarna áritar

Sunnudagur í Kringlunni

Kl. 14.00
Gunnar Þórðarson áritar

Kl. 15.00
Sveppi áritar

Póstkröfusími 591-5320 - www.skifan.is

> LADY GAGA FYRIR MAC

Á hverju ári stendur snyrtivörufyrirtækið Mac fyrir góðgerðarátaki til styrktar alnæmisrannsóknum. Í ár eru það söngkonurnar Lady Gaga og Cyndi Lauper sem kynna varalitinn Viva Glam en allur ágóði af varalitnum rennur í sjóðinn.

stíll

utlit@frettabladid.is

Fallegan sæblåan augnskugga frá Shiseido fyrir partíaugu.

Súpersvalan blautan eyeliner með gullögnum frá Make Up Store.

OKKUR LANGAR Í ...

Dásamlega hlýja og síða peysu frá Day Birger og Mikkelsen.

Yfir þrjátíu hönnuðir

Nú eru að koma jól og því dúkkar Pop-up markaðurinn upp með nýju sniði. Fleiri hönnuðir taka þátt en áður en þeir verða yfir þrjátíu talsins með mismunandi vörumerki. Meðal þess sem hægt er að gera góð kaup á eru fatnaður, skart, fylgihlutir, barnaleikföng, jólaskraut og vörur fyrir heimilið.

Að auki verður lifandi tónlist á staðnum. Meðal þeirra tónlistarmanna sem spila undir á meðan viðstaddir velta fyrir sér jólagjöfunum eru Lay Low og Agnes Erna, Pascal Pinon, Elín Ey og fleiri. Frekari upplýsingar um PopUp-verzlun og hönnuðina sem tengjast henni er að sjá á síðunni http://www.facebook.com/popup.verzlun. Jólagleðin verður haldin í Hugmyndahúsi háskólanna, Grandagarði 2, þar sem Saltfélagið var áður til húsa, á laugardag og sunnudag frá klukkan 11 til 20 báða dagana.

- hhs

EYGLÓ Meðal fatnaðar á boðstólum er hönnun eftir Eygló Lárusdóttur.

FRÉTTABLAÐIÐ / VALLI

HLÉBARÐAPELS Fallegur loðfeldur sem er þó ekki af raunverulegum hlébarða.

BLÚNDUR OG SÍÐKJÓLAR HJÁ VALENTINO:

Kvenlegur þokki

Ítalska tískuhúsið Valentino hefur ávallt verið þekkt fyrir sérstaklega glæsilega kvöldkjóla og hafa margar Hollywood-stjörnur kosið að skarta slíkum flíkum á rauða dreglinum. Nú hefur Valentino sjálfur dregið sig í hlé frá hönnuninni en hin ítölsku Maria Grazia Chiuri og Pier Paolo Piccioli fá að spreyta sig á að halda uppi heiðri hússins. Hér gefur að líta haust- og vetrarlínu Valentino þar sem blúndur, siffon, silki og pelsar voru allsráðandi.

- amb

GLÆSILEGUR Þessi svarti síðkjóll myndi sóma sér vel á Óskarsverðlaunahátíðinni.

KVENLEGT Falleg ferskjulituð blússa við stutt pils.

STUTT Fallegur svartur og ferskjulitaður kjóll.

BLÚNDUR Þessi fallegi kjóll minnti á klæðnað sem er borinn á grímuballi í Feneyjum.

SILFUR Stelpulegur stuttur kjóll með víðu pilsi.

Fagor þvottavél

PIPAR\TBWA • SÍA

A Orkunýtni
A Þvottahæfni
A Þeytivinda

Fagor þvottavél

3F-1614

1400 snúninga þeytivinda. 6 kg hleðsla. Tímaseinkun. Stillanleg vinda. 32 cm hurðarop.

Jólatilboð 89.900

Verð kr. 99.900

RÖNNING

Reykjavík · Skútuvogi 1 · Sími 562 4011
Akureyri · Draupnisgata 2 · Sími 460 0800
Reyðarfjörður · Nesbraut 9 · Sími 470 2020
Reykjanesbær · Hafnargata 52 · Sími 420 7200

6.300
gjafakort
til íslenskra
heimila

Pokasjóður hefur úthlutað 40 milljónum til Hjálparstarfs kirkjunnar og Mæðrastyrksnefnda í Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði í formi gjafakorta.

Þessi samtök munu deila út gjafakortunum til skjólstæðinga sinna um allt land.
Við bjóðum þeim vel að njóta.

Melabúðin · BÓNUS · KVH · 10-11 · HAGKAUP · KASKO
KSH · nettó · Þín verslun SELJABRAUT · Samkaup strax · Samkaup úrval · VÍNBÚÐIN

Kortin gilda ekki í Vínbúðunum

POKASJÓÐUR

„Spriklandi fjör"
GUÐRÍÐUR HARALDSDÓTTIR / VIKAN
Skemmtileg saga
um ævintýralegt ferðalag
fyrir fjörugar
stelpur og stráka
UNA SIGHVATSDÓTTIR / MORGUNBLAÐIÐ
Prinsessan á Bessastöðum
Gerður Kristný
3. Sæti
Barna- og unglingabækur 09.12.2009
METSÖLULISTI EYMUNDSSON
6+
MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

Opið til kl. 22 til jóla
Nýtt á strákana
Jakkaföt í svörtu og gráu
1-12 ára
Skyrta með bindi - þrír litir
2-14 ára
GÆÐA VARA
fókus
DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR
Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

> AFMÆLISBARN

Leikkonan **Catherine Zeta-Jones** fékk lítinn hvolp í afmælisgjöf frá eiginmanni sínum, leikaranum Michael Douglas. Zeta-Jones dvelur í New York um þessar mundir þar sem hún fer með hlutverk á Broadway, en fjölskyldan býr þó á Bermúda.

fólk

folk@frettabladid.is

SÉRHANNAÐIR SKARTGRIPIR Sigurður Ingi Bjarnason hefur sérhannað skartgripi fyrir alla í auglýsingunni fyrir Sign. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Frægir auglýsa Sign skartgripi

Algengt er að skartgripahönnuðir úti í heimi notfæri sér áhrifamátt fræga fólksins til þess að auglýsa vörur sínar. Gullsmiðurinn Sigurður Ingi hefur fetað í þau fótspor.

„Það er náttúrulega toppurinn að fá þetta fólk í lið með sér," segir Sigurður Ingi Bjarnason, gullsmiður og hönnuður Sign skartgripalínunnar. Í nýrri auglýsingu fyrir línuna fékk hann fjölda þjóðþekktra einstaklinga til að sitja fyrir á mynd, svo sem söngkonurnar Jóhönnu Guðrúnu Jónsdóttur, Heru Björk Þórhallsdóttir, hár- og förðunarmeistarann Karl Berndsen, spákonuna Sigríði Klingenberg og bakarameistarann Jóa Fel.

„Hugmyndin kviknaði út frá því að ég var búinn að vera að vinna fyrir svo marga á árinu. Ég hafði ekki gert neitt úr þessu, en það var eiginlega ekki annað í stöðunni en að kalla liðið saman í myndatöku. Auglýsingin var gerð með rosalega skömmum fyrirvara, en ég var búinn að hafa orð á þessu við nokkra og það voru allir tilbúnir í þetta," segir Sigurður Ingi sem hefur meðal annars smíðað skart á íslenskar fegurðardrottningar og hannaði til dæmis áberandi hring á Jóhönnu Guðrúnu sem hún var með í Eurovisonkeppninni í Moskvu.

LANDSÞEKKT Margir þekktir einstaklingar sitja fyrir í auglýsingunni fyrir Sign. MYND/JÓN PÁLL

Sigurður Ingi hefur starfað sem gullsmiður í tuttugu ár, en Sign vörulínan kom til sögunnar fyrir fjórum árum. Í fyrra opnaði hann svo gallerí við smábátahöfnina í Hafnarfirði þar sem hann breytti gamalli verbúð í gullsmíðaverkstæði. „Ég sérsmíða gjarnan skartgripi fyrir fólk við hin ýmsu tækifæri og geri þá yfirleitt svolítið ýkta og öðruvísi. Þá nota ég oft yfirgengilega stóra steina sem gera það að verkum að fólk nær athyglinni með skartinu. Annars eru stóru krossarnir eflaust mitt helsta vörumerki," segir hann en Sign vörurnar fást meðal annars í galleríi hans í Fornubúðum 12.

alma@frettabladid.is

X-mas í ellefta sinn

Hinir árlegu X-mas-tónleikar X-ins 977 verða haldnir í ellefta sinn á Sódómu föstudagskvöldið 18. desember. Á meðal þeirra sem koma fram eru Ourlives, Dikta, Agent Fresco og Mammút. Allir listamenn gefa vinnu sína og allur aðgangseyrir rennur til Stígamóta, grasrótarhreyfingar kvenna gegn kynferðislegu ofbeldi. „Okkur finnst mjög mikilvægt að styðja við bakið á Stígamótum. Þessi málaflokkur hefur orðið svolítið útundan hjá ríkisstjórninni að undanförnu," segir Þorkell Máni Pétursson hjá útvarpsstöðinni X-inu. „Síðan erum við karlmenn sem vinnum á stöðinni og flestir hlustendur eru karlmenn. Við skömmumst okkur stundum fyrir kynbræður okkar þegar þeir haga sér eins og aumingjar."

OURLIVES Hljómsveitin Ourlives spilar á X-mas-tónleikum sem verða haldnir 18. desember.

Aðgangseyrir á tónleikana er sá sami og undanfarin ár, eða 977 krónur. Miðasala á tónleikana hefst á hádegi 18. desember á Sódómu.

JÓLABAKSTUR

KEX smiðjan

Vanillufingur

Dísudraumur

Dropakökur

Hálfmánar

Blúndukökur

Kókos & Appelsínukökur

Kókostoppar

Súkkulaðibita-kökur

KEX smiðjan

GLEÐILEGA HÁTÍÐ

Ugla fór á kostum

Nokkrar vinkonur tóku sig til og héldu fyrsta stelpu-uppistandið á Næsta bar á miðvikudaginn var. Á meðal þeirra sem tróðu upp var Ugla Egilsdóttir leikkona, sem var síðust á svið en vakti rífandi lukku meðal gesta.

„Ég held að við höfum allar haft gaman af uppistandi nokkuð lengi, mér finnst til dæmis Sarah Silverman mjög skemmtilegur uppistandari, þannig að þegar Nadia fór að skipuleggja þetta var ekki hægt að slá hendinni á móti því," segir Ugla. Aðspurð segist hún ekki hafa æft sig eins vel fyrir kvöldið og hún hafi ætlað sér og þess vegna fengið vinkonu sína til að taka að sér starf hvíslara. „Ég var ekki búin að æfa mig nógu vel. Ég ætlaði að vakna klukkan níu um morguninn og læra þetta allt utan að, en ég svaf yfir mig og þurfti að mæta beint í vinnu þannig að ég náði ekki að læra þetta nógu vel. Ég ákvað þá að nota vinkonu mína sem hvíslara og innlima það í atriðið," útskýrir Ugla og segist ekki hafa átt í vandræðum með að finna umræðuefni heldur hafi hana fyrst og fremst langað að segja aulabrandara.

Viðburðurinn var mjög vel sóttur og var staðurinn troðinn út úr dyrum. Ugla segir að það hafi komið henni á óvart hversu margir létu sjá sig. „Þetta var mjög skemmtilegt og gekk mjög vel. Ég hélt að maður þyrfti að bjóða vinum og ættingjum til að fylla staðinn þannig að það kom mér á óvart hversu stórt í sniðum þetta varð."

Því má með sanni segja að stúlkunum hafi tekist ætlunarverk sitt og sannað það í eitt skipti fyrir öll að stelpur eru víst fyndnar.

- sm

FYNDIN STÚLKA Ugla Egilsdóttir vakti mikla lukku með uppistandi sínu á Næsta bar á miðvikudaginn var.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ÞUNGLYND EFTIR EINELTI Susan Boyle hefur stigið fram og upplýst að hún sé þunglynd eftir einelti í æsku.

Susan Boyle er þunglynd

Susanne Boyle hefur upplýst að hún þjáist af þunglyndi. Hún eigi það til að fá reiðiköst en þetta sé afleiðing af því einelti sem hún mátti þola í æsku. Boyle hefur skotist upp á stjörnuhimininn eftir að hún sló í gegn í Britain Got Talent-sjónvarpsþættinum og nýleg plata hennar hefur selst í bílförmum úti um allan heim. „Ég get farið upp og niður, skapið er alveg eins og jójó," segir Boyle í samtali við The Sun.

Boyle átti erfitt með nám eftir að hafa orðið fyrir súrefnisskorti sem barn og söngkonan upplýsir í viðtalinu að henni líði best á sviði fyrir framan troðfullan sal af áhorfendum. „Ég gleymi bæði stund og stað, ég næ einhverri tengingu við áhorfendur og mér hefur verið sagt að ég sé allt önnur manneskja þar."

Rihanna vill Cheryl Cole

Söngkonan Rihanna lýsti því yfir í breskum fjölmiðlum að hún vildi leggja sitt af mörkum til að koma Cheryl Cole á framfæri í Bandaríkjunum. Cheryl, sem er gift Chelsea-leikmanninum Ashley Cole, var að gefa út sína fyrstu sólóplötu en hún er ein aðalsprautan í stúlknasveitinni Girls Aloud. Cheryl hefur jafnframt sinnt dómarastörfum með miklum glæsibrag í breska X-Factor ásamt Simon Cowell og það var einmitt í þeim þætti sem Rihanna fékk þessa hugmynd.

„Ég hitti hana eftir þáttinn og spurði hvort hún vildi ekki koma í tónleikaferð með mér um Bandaríkin. Ég er alveg sannfærð um að Bandaríkjamenn eigi eftir að elska hana því hún er bæði falleg og frábær," sagði Rihanna og var augljóslega ekkert að spara lofið. Rihanna mun syngja og dansa í Bandaríkjunum og Evrópu á næsta ári en tónleikaferðin hefst í Belgíu í apríl.

Í TÓNLEIKAFERÐ Rihanna vill fá Cheryl Cole til að ferðast með sér um Bandaríkin.

Rokkað á þaki Turnsins

„Þetta var alveg magnað,“ segir Kristófer Eðvarðsson úr rokksveitinni Nögl.

Hluti nýs myndbands sveitarinnar við útgáfu hennar af jólalaginu Snjókorn falla var tekinn uppi á þaki Turnsins í Kópavogi. „Það skemmtilega við þetta er að það var akkúrat snjór þennan dag en það hafði ekki snjóað lengi. Það var ískalt þarna uppi og hrikalegt útsýni,“ segir Kristófer. Nögl hefur þar með skráð sig á spjöld sögunnar því hún er fyrsta hljómsveitin sem tekur upp myndband þarna. „Við þurftum að fá leyfi frá forráðamönnum okkar. Þótt við séum allir komnir yfir lögaldur vildi karlinn ekki taka sénsinn á að við myndum klikkast og hoppa niður,“ segir hann og á þar við húsvörðinn í Turninum. Myndbandið verður frumsýnt á síðunni Tónlist.is og víðar í dag.

UPPI Á ÞAKI Rokkararnir í Nögl við tökur á myndbandinu uppi á þaki Turnsins í Kópavogi.

ALKI David Hasselhoff er alkóhólisti segir fyrrum eiginkona hans, Pamela Bach. Hún hefur sjálf átt við áfengisvandamál að stríða. NORDIC PHOTOS/GETTY

David Hasselhoff í vanda

Fyrrverandi eiginkona Davids Hasselhoff, Pamela Bach, hefur beðið aðdáendur og vini leikarans um að leggjast á eitt og fá Strandvarðargoðsögnina til að setja tappann í flöskuna. Hasselhoff og Bakkus hafa lengi eldað grátt silfur saman og hann virðist eiga erfitt með að láta vínið í friði, ef marka má orð fyrrverandi eiginkonu hans í bandarískum fjölmiðlum. „Fíkn Davids í áfengi hefur haft mikil áhrif á líf fjölskyldunnar og sérstaklega dætra okkar. Við gátum ekki átt eðlilegt fjölskyldulíf þegar David drakk því maður trúði því aldrei að lífið gæti breyst til hins betra,“ sagði Pamela í yfirlýsingu sinni. Pamela og David eiga tvær dætur, hina 19 ára gömlu Taylor og Hayley, sem er sautján ára.

Pamela sjálf er reyndar ekki barnanna best því hún fékk sína þriðju ákæru fyrir ölvunarakstur í síðasta mánuði.

SYRGIR Joely Richardson segist hugsa til systur sinnar, Natöshu Richardson, daglega.

Joely syrgir systur sína

Leikkonan Joely Richardson hefur í fyrsta sinn tjáð sig um dauða systur sinnar, leikkonunnar Natöshu Richardson sem lést fyrr á árinu eftir að hafa dottið á skíðum og hlotið höfuðhögg.

„Ég hafði aldrei lifað dag án hennar. Maður óttast um börn sín, foreldra, en mér hafði aldrei dottið í hug að ég gæti misst hana,“ sagði Joely sem var ári yngri en systir hennar.

„Tash var stór hluti af mér. Við deildum mótunarárum okkar saman og þá held ég að það myndist einhver sérstök tengsl á milli fólks. Ég get ekki ímyndað mér að sá dagur muni nokkurn tíma koma að ég muni ekki hugsa til hennar.“

20% AF ÖLLUM C

Columbia Sportswear Company.

DÖMU

DASKA
Sennilega bestu skórnir á markaðnum í dag.
Stærðir: 36–43
Verð áður: 34.990

27.992 kr.

THE BRIDGETTE
Góð úlpa fyrir veturinn.
Stærðir: S–XL
Verð áður: 39.900

31.920 kr.

HELSINKI
Vatnsheldar útivistarbuxur með öndun og stillanlegu mitti.
Stærðir: S–XL
Verð áður: 29.900

23.992 kr.

BROOME
Flott vetrarúlpa, 2 litir.
Stærðir: S–XL
Verð áður: 49.900

39.920 kr.

PEARL PLUSH
Þægilegur flísjakki.
Stærðir: S–XL
Verð áður: 18.900

15.120 kr.

BUGABOOT
Vetrargönguskór
Stærðir: 37–41
Verð áður: 24.990

19.992 kr.

SHILA
Fóðraðir vetrarskór.
Stærðir: 37–42
Verð áður: 29.990

23.992 kr.

BUGABOOT
Vatnsheldir útivistarskór með öndun.
Stærðir: 37–42
Verð áður: 29.990

23.992 kr.

ROSE
Þægilegur soft shell jakki.
Stærðir: S–XL
Verð áður: 11.189

8.951 kr.

NAKNEK
Frábærir fóðraðir vetrarskór.
Stærðir: 37–42
Verð áður: 24.990

19.992 kr.

PEARL PLUSH
Þægilegur flísjakki.
Stærðir: S–XL
Verð áður: 18.990

15.192 kr.

CANAL
Vatnsheldar hlífðarbuxur með stillanlegu mitti.
Stærðir: S–XL
Verð áður: 29.990

23.992 kr.

Munið gjafabréfin!
Gjafabréf Ellingsen

Afgreiðslutími um jólin:

Laugardagur 12. des.	10–18
Sunnudagur 13. des.	12–16
Föstudagur 18. des.	10–20
Laugardagur 19. des.	10–22
Sunnudagur 20. des.	12–22
Mánudagur 21. des.	10–22
Þriðjudagur 22. des.	10–22
Þorláksmessa 23. des.	10–22
Aðfangadagur 24. des.	lokað
Laugardagur 26. des.	lokað
Mánudagur 28. des.	10–18
Þriðjudagur 29. des.	10–18
Miðvikudagur 30. des.	10–18
Gamlársdagur 31. des.	10–12
Nýárdagur 1. jan.	lokað
Laugardagur 2. jan.	lokað

COLUMBIA VÖRUM
LAUGARDAG OG SUNNUDAG

Columbia Sportswear Company.

HERRA

ALASKA
Þægileg vetrarúlpa með gæsadún.
Stærðir: M–XXL
Verð áður: 59.990

47.992 kr.

MT. KRAUSE
Vatnsheldar vetrarbuxur með öndun.
Stærðir: M–XXL
Verð áður: 44.990

35.992 kr.

SOFT SHELL
jakki, svartur og grár.
Stærðir: S–XXL
Verð áður: 18.990

15.192 kr.

DASKA
Sennilega bestu skórnir á markaðnum í dag.
Stærðir: 41–46
Verð áður: 34.990

27.992 kr.

THUNDERSNOW JACKET
Síð vetrarúlpa, svört og grá.
Stærðir: S–XXL
Verð áður: 54.900

43.920 kr.

BUGABOOT OMNI
Vetrargönguskór
Stærðir: 39–46
Verð áður: 24.990

19.992 kr.

MAHAGONY
Vetrarjakki með öndun.
Stærðir: M–XXL
Verð áður: 59.990

47.992 kr.

MAHAGONY
Vatnsheldar hlífðarbuxur, 2 litir.
Stærðir: M–XXL
Verð áður: 36.990

29.592 kr.

AMPA THEATER
Góð vatns- og vindheld vetrarúlpa.
Stærðir: M–XXL
Verð áður: 54.990

43.992 kr.

ORA
Flíspeysa með rennilás.
Verð áður: 9.490

7.592 kr.

DRIFT
Frábærir fóðraðir vetrarskór.
Stærðir: 8–12
Verð áður: 24.990

19.992 kr.

AMPA THEATER
Góð vatns- og vindheld vetrarúlpa.
Stærðir: M–XXL
Verð áður: 54.990

43.992 kr.

REYKJAVÍK Fiskislóð 1 • Sími 580 8500
AKUREYRI Tryggvabraut 1–3 • Sími 460 3630

Ellingsen
FULLT HÚS JÓLAGJAFA

PIPAR\TBWA • SÍA • 92397

KONA ÁRSINS 2009 Ritstjórar Nýs lífs, Hjördís Sigurjónsdóttir og Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir, ásamt Jóhönnu Sigurðardóttur sem var kjörin kona ársins.

JÓHANNA VALIN KONA ÁRSINS

Jóhanna Sigurðardóttir var valin kona ársins 2009. Athöfnin fór fram á fimmtudagskvöld á veitingastaðnum B5, en þetta var í nítjánda sinn sem Nýtt líf útnefnir konu ársins. Jóhanna er fyrst kvenna til þess að vera tvisvar valin kona ársins af Nýju lífi, en fyrra skiptið var árið 1993. Að sögn ritstjóranna Hjördísar Sigurjónsdóttur og Ingibjargar Daggar Kjartansdóttur þurfti ritstjórnin ekki að sitja lengi á rökstólum að þessu sinni og komst hún að einróma niðurstöðu um val á konu ársins. - ag

BROSMILDAR Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Þóra Guðmundsdóttir.

FELDBERG Rósa Ísfeld og Einar Tönsberg tóku lagið á B5.

Á GÓÐRI STUNDU Elísabet Vestmann, Hrafnhildur Mooney og Ólöf Rún Tryggvadóttir.

Á B5 Sigurjón M. Egilsson og Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir voru meðal gesta.





SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

OLD DOGS	kl. 2 - 4 - 6 - 8D - 10:10D	L
OLD DOGS	kl. 8 - 10:10	VIP
SORORITY ROW	kl. 8 - 10:20	16
NINJA ASSASSIN	kl. 8 - 10:10	16
TWILIGHT 2 NEW MOON	kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30	12
TWILIGHT 2 NEW MOON	kl. 3 - 5:30	VIP
CHRISTMAS CAROL M/ ísl. Tali	kl. 1:30(3D) - 3:40(3D)	7
CHRISTMAS CAROL M/ Ensku. Tali	kl. 5:50(3D) Ótextuð	7
CHRISTMAS CAROL M/ ísl. Tali	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50	7
CHRISTMAS CAROL M/ Ensku. Tali	kl. 8	7
PANDORUM	kl. 5:50	16
LAW ABIDING CITIZEN	kl. 10:10	16
UPP M/ ísl. Tali	kl. 3:40	L

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

OLD DOGS	kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10	L
SORORITY ROW	kl. 8 - 10:20	16
NINJA ASSASSIN	kl. 10:40	16
TWILIGHT 2 NEW MOON	kl. 3 - 5:30 - 8	12
A CHRISTMAS CAROL M/ ísl. Tali	kl. 3:40(3D)	7
A CHRISTMAS CAROL M/ Ensku. Tali	kl. 5:50(3D) Ótextuð	7
TOY STORY 1 M/ ísl. Tali	kl. 1:50(3D) (laugardag)	L

SAMBÍÓIN AKUREYRI

OLD DOGS	kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10	L
A CHRISTMAS CAROL M/ ísl. Tali	kl. 2 - 4	7
A CHRISTMAS CAROL M/ Ensku. Tali	kl. 6	7
THE TWILIGHT SAGA	kl. 8	12
NINJA ASSASSIN	kl. 10:30	16

NÝTT Í BÍÓ!



SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 TILBOÐSVERÐ 550 kr.

SAW 6	kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10	16	ANVIL	kl. 4 - 6 - 8 - 10	7
SAW 6 LÚXUS	kl. 1 - 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10	16	WHATEVER WORKS	kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10	7
JULIE AND JULIA	kl. 2.40 - 5.20 - 8 - 10.35	L	A SERIOUS MAN	kl. 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20	12
ARTÚR 2	kl. 1 - 4 - 6	L	DESEMBER	kl. 4 - 6 - 8 - 10	10
THE BOX	kl. 8	16			
2012	kl. 1 - 4.45 - 8 - 10.30	10			
FRIÐÞJÓFUR FORVITNI 2	kl. 1	L			

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 TILBOÐSVERÐ 550 kr.

ANVIL	kl. 4 - 6 - 8 - 10	7
WHATEVER WORKS	kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10	7
A SERIOUS MAN	kl. 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20	12
DESEMBER	kl. 4 - 6 - 8 - 10	10

facebook.com/smarabio
AÐDÁENDUR GETA UNNIÐ BÍÓKORT ÚT ÁRIÐ, BOÐSMIÐA Á FORSÝNINGAR O.M.FL.

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 TILBOÐSVERÐ 550 kr.

2012	kl. 5 - 8	10
THE BOX	kl. 10.15	16
LOVE HAPPENS	kl. 6	L
9	kl. 4.30	7
CAPITALISM	kl. 8	L

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 TILBOÐSVERÐ 550 kr.

BAD LIEUTENANT	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	16
JULIE AND JULIA	kl. 2.40 - 5.20 - 8 - 10.35	L
PARANORIMAL ACTIVITY	kl. 10.30	16
2012	kl. 2.40 - 6 - 9.15	10
LOVE HAPPENS	kl. 3 - 5.30 - 8	L

TILBOÐSVERÐ SMÁRABÍÓ REGNBOGINN HÁSKÓLABÍÓ BORGARBÍÓ



SPARBÍÓ SAMBÍÓIN

Disney Old Dogs

SPARbíó í Álfabakka - Kringlunni - Akureyri og Keflavík kl. 2

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus



LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

BAD LIEUTENANT-(POWER)	kl. 5.30, 8 og 10.20	16
EXTRACT	kl. 8 og 10.10	12
ARTHÚR 2 - Íslenskt tal	kl. 2, 4 og 6	L
COCO BEFORE CHANEL	kl. 5.50 og 8	L
2012	kl. 2 og 10	10
FRIÐÞJÓFUR FORVITNI	kl. 2 og 4 - Íslenskt tal	L

Sími: 553 2075 LAUGARÁSBÍÓ - bara lúxus Ódýrt í bíó

LAUGARÁSBÍÓ 550 KR. Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

Tvöföld Nóra í dag

Hljómsveitin Nóra hugsar sér til hreyfings á næsta ári og ætlar að gefa út plötuna Er einhver að hlusta? Sveitin, sem spilar léttleikandi indípopp á íslensku, spilar á tvennum tónleikum í dag. Þeir fyrri eru í gamla Saltfélagshúsinu úti á Granda á viðburði sem nefnist Milliliðalaus verzlun, frá hönnuði til neytandans, og er svokallaður Pop-Up markaður. Þeir hefjast klukkan 15 og fram kemur fjöldi listamanna auk Nóru: Lay Low og Agnes Erna, Pascal Pinon, Myrra, Elín Ey, Svavar Knútur, Gabriel Lynch, Johnny Stronghands, Jón Tryggvi, Uni og Heimilistónar. Um kvöldið fer svo Nóra yfir á Kúltúra á Hverfisgötu og spilar með Ara Eldon og félögum í svalbillíbandinu The Way Down. Þeir tónleikar hefjast klukkan 22.

ER EINHVER AÐ HLUSTA? Nóra hoppar og skoppar.

BROSMILD Jónsi í Svörtum fötum, talsmaður Viva Glam, ásamt Þorbjörgu Marínósdóttir blaðakonu. MYNDIR/BIRGIR SIGURÐSSON

Stjörnur safna fyrir HIV-samtökin

Síðastliðinn laugardag fór fram söfnun Alnæmissjóðs MAC í Smáralind fyrir HIV-Ísland samtökin. Alnæmissjóður MAC hefur stutt við samtökin um árabil og var þeim afhent ávísun upp á 2,2 milljónir króna á laugardag. Fjárins var aflað með sölu á Viva Glam varalitum og glossum sem seldir eru allt árið um kring, en allur hagnaður af sölunni rennur til sjóðsins. Ákveðið hefur verið að framlag MAC á Íslandi í ár renni til fræðsluverkefnis HIV-Ísland þar sem farið verður í alla grunnskóla landsins með fræðslu. Góð stemning ríkti á söfnunardeginum í Smáralind eins og sjá má á meðfylgjandi myndum og fjöldi fólks lagði málefninu lið. **- ag**

FLOTTUR HÓPUR Fjöldi fólks lagði fjáröflun Alnæmissjóðs MAC lið í Smáralind um síðustu helgi.

Hljómsveitir frá Garðabæ

Hljómsveitir og tónlistarmenn sem eiga það sameiginlegt að vera úr Garðabænum spila á tónleikum í Vídalínskirkju á þriðjudaginn. Fram koma Dikta, Ourlives, Pétur Ben og nýliðinn Daníel Jón. Bæði Dikta og Ourlives voru að senda frá sér plötur fyrir jólin. Dikta gaf út sína þriðju plötu, Get It Together, og Ourlives sína fyrstu sem nefnist We Lost the Race. Fyrsta plata Péturs Ben, Wine For My Weakness, hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin árið 2007 sem besta platan. Tónleikarnir hefjast kl. 20.30 og miðaverð er 2.000 krónur. Forsala miða fer fram í Ilse Jacobsen á Garðatorgi.

DIKTA Hljómsveitin Dikta spilar í Vídalínskirkju á þriðjudaginn.

> Stjörnuleikshátíð KKÍ í dag

Það verður sannkölluð körfuboltahátíð í Dalhúsum, íþróttahúsi Fjölnis í Grafarvogi, í dag þegar Stjörnuleikir karla og kvenna fara fram með öllu tilheyrandi eins og þriggja stiga skotkeppni, troðslukeppni og skemmtileik á milli frægðarliði KKÍ og úrvalsliði eldri landsliðsmanna. Stjörnuleikur kvenna hefst klukkan 13.00 og Stjörnuleikur karla hefst klukkan 15.30. Troðslukeppnin og skemmtileikurinn (um kl. 14.30) eru á milli leikja og þriggja stiga keppnirnar eru síðan í hálfleik leikjanna.

sport
sport@frettabladid.is

LOGI GUNNARSSON: KOMINN MEÐ FJÖLSKYLDUNA SÍNA ÚT TIL FRAKKLANDS OG ORÐINN GÓÐUR AF MEIÐSLUNUM

Var erfitt að missa af fæðingu sonarins

Logi Gunnarsson og félagar í St. Etienne eru komnir í gang í frönsku C-deildinni eftir erfiða byrjun. Logi er farinn að spila meira og meira með hverjum leik.

„Við byrjuðum frekar illa og ég var ekki með í fyrstu fjórum leikjunum. Núna erum við farnir að vinna leikina, við unnum toppliðið um daginn og erum búnir að vinna tvo leiki í röð," segir Logi sem missti af upphafi tímabilsins vegna nárameiðsla. Auk meiðslanna þurfti Logi að búa á hóteli og gat ekki verið með fjölskyldu sína með sér.

„Það var rosalega erfitt að geta ekki spilað og að vera einn. Núna er allt komið og fjölskyldan var að koma fyrir tveimur vikum. Það er rosalega fínt," segir Logi sem eignaðist son 10. október. „Það var erfitt að vera í burtu þegar strákurinn fæddist og ég missti af því. Ég fékk að fara heim daginn eftir að hann fæddist og fékk að vera heima í tvo daga."

Það gekk ýmislegt á í byrjun móts eftir að St. Etienne-liðið var dæmt niður um deild. „Liðin fóru í verkfall og við mættum í fyrsta útileikinn okkar og enginn mætti í leikinn. Þeir náðu síðan að leysa þetta," sagði Logi. „Ef við vinnum þessa leiki okkar í desember verðum við vonandi komnir meðal toppliðanna eftir áramót. Við erum með eitt best mannaða liðið en erum ekki alveg búnir að stilla strengina. Það kemur og við erum alltaf að líta betur og betur út," segir Logi.

Logi hefur spilað mikið sem leikstjórnandi með St. Etienne. „Ég er bara að dreifa boltanum og er ekki að skjóta eins mikið og áður. Í síðustu leikjum hef ég bara verið að skjóta einhverjum fjórum til fimm skotum í leik sem er eitthvað sem ég er ekki alveg vanur," segir Logi.

„Ég hef alltaf getað spilað báðar stöðurnar en nú þarf maður alltaf að læra tvær stöður í öllum leikkerfum. Ég fagna þeirri áskorun að spila leikstjórnanda," segir Logi.

„Maður er búinn að vera lengi í þessu og það er fínt að fá þetta land í reynslubankann. Þetta er eitt af þessum löndum þar sem mig langaði að prófa að spila og vonandi get ég gert það gott hér og séð síðan til hvað gerist í framhaldinu," segir Logi að lokum.

Lækjargata 2a sími 511-5001 opið alla daga frá 9.00 – 22.00

Reginn

Fasteignasala og leigumiðlun

Reginn ehf. er félag sem annast umsýslu og rekstur fasteigna og fasteignafélaga sem Landsbankinn kann að eignast við fullnustuaðgerðir. Félagið er að fullu í eigu Landsbankans.

Fyrirhugað er að ráðstafa eignum m.a. með útleigu og sölu og leitar Reginn ehf. eftir öflugum samstarfsaðilum á sviði fasteignasölu og leigumiðlunar fasteigna til að sinna þjónustu tengdri umsýslu á fasteignum félagsins.

Verið er að leita að aðilum sem hafa víðtæka þekkingu, reynslu og öll tilskilin réttindi til að veita þjónustu á þessu sviði. Ráðgert er að gera þjónustusamninga við 3 – 4 aðila á hvoru sviði, þ.e. fasteignasölu og leigumiðlun.

Þeir sem vilja kynna sér þær kröfur sem gerðar eru til samningsaðila og hafa áhuga á að veita umræddda þjónustu, geta óskað eftir frekari gögnum um málið með því að senda tölvupóst á netfangið reginn@reginnehf.is með upplýsingum um nafn, heimilisfang, símanúmer og kennitölu umsækjanda.

Gögn verða afhent á rafrænu formi frá og með mánudeginum 14. desember 2009 og verða send viðkomandi í tölvupósti. Gögn verða ekki afhent á annan hátt, hvorki prentuð né á geisladiski.

Skilafrestur upplýsinga frá áhugasömum er til 9. janúar 2010.

Háloftabolti hentar mér

Ármann Smári Björnsson hefur látið til sín taka með enska C-deildarliðinu Hartlepool að undanförnu. Hann hefur skorað í tveimur leikjum í röð eða í bæði skiptin sem hann hefur fengið tækifærið í byrjunarliði félagsins.

FÓTBOLTI Hornfirðingurinn Ármann Smári Björnsson hefur náð að stimpla sig inn í ensku C-deildina með Hartlepool United. Hann hefur til að mynda skorað í síðustu tveimur leikjum liðsins og uppskorið fyrir vikið hrós liðsfélaga síns, Peters Hartley.

„Tveir leikir, tvisvar í byrjunarliðinu og tvö mörk. Það er ekki hægt að biðja um mikið meira en það hjá framherja," sagði Hartley við enska fjölmiðla. „Hann hefur verið frábær á æfingum og hefur ekki gefið neitt eftir. Ég er varnarmaður og er dauðfeginn því að þurfa ekki að dekka hann í föstum leikatriðum."

Það hefur þó tekið sinn tíma fyrir Ármann Smára að vinna sér sæti í liðinu en hann kom til Englands í september síðastliðnum frá Brann í Noregi. Hann vann sér strax sæti í leikmannahópi liðsins og kom inn á sem varamaður í sjö leikjum í september og október án þess að skora.

Hann var svo „frystur" á bekknum í nóvember en fékk loksins tækifærið í byrjunarliðinu þegar Hartlepool mætti Carlisle á útivelli hinn 1. desember. Ármann Smári var ekki nema fimm mínútur að setja mark sitt á leikinn og koma sínum mönnum yfir. Hartlepool tapaði reyndar leiknum, 3-2.

Um síðustu helgi var Ármann Smári aftur í byrjunarliðinu og skoraði þriðja markið í 3-0 sigri á Millwall. Þá lék hann allan leikinn og var það í fyrsta sinn sem hann fékk að gera það hjá félaginu.

„Þetta hefur vissulega tekið sinn tíma," segir Ármann Smári í samtali við Fréttablaðið. „En ég átti heldur ekki von á því að ég myndi labba beint í liðið þegar ég kom. Ég vissi að ég þurfti að bíða eftir mínu tækifæri og þá var bara spurning um að nýta það."

Hann segist auðvitað hæstánægður með gang mála nú. „Jú, vissulega, en þetta eru bara tveir leikir. Ég þarf að einbeita mér að því að halda ótrauður áfram og berjast með liðinu."

SKORAÐI Í EINA BYRJUNARLIÐSLEIKNUM Ármann Smári Björnsson er hér í leik með íslenska landsliðinu gegn Norður-Írum árið 2007. Hann skoraði fyrra mark Íslands í 2-1 sigri. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hartlepool er hafnarbær í norðausturhluta Englands, rétt norðan við Middlesbrough. Aðrir fótboltabæir, Newcastle og Sunderland, eru ekki langt undan.

„Okkur hefur gengið misjafnlega í þessari deild," segir Ármann Smári. „Við erum í ellefta sæti eins og stendur en það er mjög þéttur pakki um miðja deild. Það var markmið okkar að vera í hópi efstu tíu liða deildarinnar og vantar ekki mikið upp á að það takist."

Hann sagðist ekki hafa vitað mikið um knattspyrnuna í þessari deild áður en hann kom út. „Þetta er mikill krafta- og háloftabolti. Það hentar mér reyndar ágætlega," sagði hann í léttum dúr. „En þetta snýst að mestu leyti um að koma boltanum sem fljótast frá okkar marki og nota svo kantana á hinum vallarhelmingnum og beita þar fyrirgjöfum."

Ármann Smári á að baki sex A-landsleiki en rétt eins og hjá Hartlepool hefur hann nýtt tækifæri sín vel þar. Hann á að baki einn leik í byrjunarliði og þá skoraði hann fyrra markið í 2-1 sigri á Norður-Írum í undankeppni EM 2008. Hann hefur þó aðeins einu sinni komið við sögu í landsleik á undanförnum tveimur árum.

„Ég hef auðvitað mjög gaman af því að spila fyrir hönd minnar þjóðar og vonandi fæ ég tækifæri til þess aftur. Ég verð bara að halda áfram og standa mig – þá hlýtur að verða tekið eftir því. Tækifærið kemur bara þegar það kemur." eirikur@frettabladid.is

Jón Arnór Stefánsson má spila með spænska liðinu CB Granada í dag:

Tveimur mánuðum á undan áætlun – þökk sé dugnaðinum

KÖRFUBOLTI Jón Arnór Stefánsson er kominn með leyfi frá læknum CB Granada um að fá að spila á ný með liðinu í spænsku úrvalsdeildinni en hann meiddist illa á baki í æfingaleik á móti rússneska liðinu Khimki 1. október.

Meiðsli Jóns Arnórs voru það alvarleg að búist var við að hann yrði frá í fjóra mánuði en Jón Arnór ætlaði sér alltaf að koma til baka fyrir jól. Jón Arnór lagði mikið á sig til að komast aftur af stað og er hrósað fyrir dugnað á heimasíðu félagsins en þar er sagt að vinnusemi Jóns sé aðalástæðan fyrir því að hann er kominn af stað eftir rétt rúma tvo mánuði.

Jón Arnór var á sjúkrahúsi til 6. október og fór strax að vinna í að byggja sig upp á nýjan leik þegar hann kom heim. Hann hóf síðan æfingar 16. nóvember og fór síðan að æfa að hluta með liðinu 1. desember.

TIL BAKA FYRIR JÓL Jón Arnór Stefánsson er orðinn góður af meiðslunum langt á undan áætlun. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Jón Arnór hefur síðan tekið þátt í æfingunum að fullu í þessari viku.

CB Granada mætir Estudiantes á útivelli á morgun og verður Jón Arnór væntanlega í leikmannahópi liðsins. Estudiantes og CB Granada eru með jafnmörg stig en Granada hefur dregist niður í fallbaráttuna á þessu tímabili og situr sem stendur í síðasta örugga sæti deildarinnar. - óój

THE NORTH FACE

Nú erum við komin í jólaskapið

Allar vörur frá stærsta útivistarmerki heims

The North Face

á 30% afslætti til jóla

The North Face er með allt í útivistina:

Hlífðarfatnaður ı Flíspeysur ı Dúnúlpur
Skíðafatnaður ı Bakpokar ı Svefnpokar
Gönguskór og margt fleira

ÍSLENSKA/SIA.IS/UTI 48438 12/09

HOLTAGÖRÐUM ○ GLÆSIBÆ ○ KRINGLUNNI ○ SMÁRALIND ○ www.utilif.is

ÚTILÍF

Nær United toppsætinu?

Manchester United getur náð toppsæti ensku úrvalsdeildarinnar í dag fari svo að liðið leggi Villa og Chelsea misstígi sig. Bæði lið eru reyndar líkleg til þess að vinna leiki sína enda hafa þau ekki tapað gegn andstæðingunum í fjölda ára.

FÓTBOLTI Aðeins munar tveimur stigum á toppliðunum í ensku úrvalsdeildinni fyrir helgina. Chelsea tapaði um síðustu helgi og Man. Utd tókst því að minnka muninn með sigri.

Bæði lið eiga heimaleik um helgina. Chelsea tekur á móti Everton en Aston Villa sækir United heim. Chelsea verður án Michaels Essien sem meiddist í Meistaradeildarleiknum gegn Apoel Nicosia. Petr Cech og Frank Lampard verða aftur á móti með en þeir voru ekki í liði Chelsea í vikunni.

Everton fær John Heitinga aftur í sitt lið en hann var í leikbanni í síðustu viku. Tim Cahill er aftur á móti kominn í leikbann eftir að hafa fengið fimm gul spjöld í vetur. Svo verður Everton einnig án Josephs Yobo sem er meiddur og spilar ekki fyrr en eftir áramót.

Stuðningsmenn Chelsea geta leyft sér að vera bjartsýnir fyrir leikinn enda hefur Everton ekki unnið Chelsea í níu ár. Liðin hafa leikið 23 leiki á þessum níu árum. David Moyes hefur stýrt Everton í 21 leik af þessum 23. Hann er kannski aðeins bjartsýnni núna enda hefur Chelsea verið að gefa eftir upp á síðkastið. Chelsea hefur ekki unnið þrjá síðustu leiki sína.

